

9

Kaflar 16-19

16: Samráð í sjóflutningum

17: Samráð í landflutningum

18: Samráð um leigu og lán á gámum

19: Samráð í skipaafgreiðslu

BROT SAMSKIPA GEGN BANNI VIÐ ÓLÖGMÆTU SAMRÁÐI





16. SAMRÁÐ Í SJÓFLUTNINGUM	1734
16.1. Samráð í sjóflutningum var liður í „Nýtt upphaf“ verkefninu	1735
16.2. Samskipti lykilstarfsmanna vegna samstarfs í sjóflutningum	1736
16.3. Norður-Ameríku flutningar	1737
16.3.1. Samstarf fyrir árið 2008.....	1737
16.3.2. Liður í „Nýtt upphaf“ verkefninu	1739
16.3.3. Samstarf aukið í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið	1742
16.3.4. Undanþága veitt á grundvelli rangra og villandi upplýsinga.....	1745
16.4. Evrópuflutningar.....	1747
16.4.1. Samstarf fyrir árið 2008.....	1747
16.4.2. Liður í „Nýtt upphaf“ verkefninu	1747
16.5. Annað samstarf í sjóflutningum sem leiddi af „Nýtt upphaf“ verkefninu	1752
16.6. Samráð í sjóflutningum aukið enn frekar með samstarfi Eimskips og Jóna.....	1753
16.6.1. Aukið samstarf hefst í nóvember 2009.....	1753
16.6.2. Kvörtun Jóna 17. september 2018.....	1758
16.6.3. Niðurstaða	1762
16.7. Endurnýjun samninga um sjóflutninga á árinu 2010 – Norður-Ameríka og Evrópa	1764
16.7.1. Almenn um samskipti vegna samstarfs í sjóflutningum árið 2010.....	1764
16.7.2. Lykilstjórnendur vinna að áframhaldandi samstarfi fyrirtækjanna í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið	1766
16.7.3. Fundur (E)forstj og (S)frkvstj-N-Am og atvik í kjölfarið	1776
16.7.4. Samráðið aukið með nýjum samningum um sjóflutninga	1779
16.7.5. Samkeppnisyfirlid áfram afvegaleidd	1784
16.7.6. Áhersla á áframhaldandi verðhækkunarir	1785
16.8. Áframhaldandi samféllt samráð í sjóflutningum árið 2011.....	1787
16.9. Áframhaldandi samféllt samráð í sjóflutningum árið 2012.....	1794
16.10. Áframhaldandi samféllt samráð í sjóflutningum árið 2013	1802
16.11. Áframhaldandi samráð í Norður-Ameríku flutningum fram til 2018.....	1804
16.12. Niðurstaða.....	1805
17. SAMRÁÐ Í LANDFLUTNINGUM.....	1810
17.1. Einn liður í „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips	1810
17.2. Yfirburðastaða Samskipa og Eimskips á landflutningamarkaði	1812
17.3. Samstarf Samskipa og Eimskips við minni flutningafyrirtæki.....	1813
17.4. Samráð á flutningaleiðum og í afgreiðslum víðsvegar um landið	1815
17.4.1. Upprifjun	1815



17.4.2.	Yfirlit yfir samráðið.....	1816
17.4.3.	Nánar um samstarf á einstökum leiðum og afgreiðslum	1819
17.4.4.	Niðurstaða	1822
17.5.	Nánar um framkvæmd samráðs í landflutningum	1823
17.5.1.	Árin 2008 og 2009	1827
17.5.2.	Árin 2010 og 2011	1836
17.5.3.	Árin 2012 og 2013	1840
17.5.4.	Niðurstaða	1846
17.6.	Samráð í landflutningum á fiski	1847
17.6.1.	Mikilvægi fiskflutninga	1847
17.6.2.	Verðstríð og samkeppni í fiskflutningum áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst	1850
17.6.3.	Aukið samstarf í fiskflutningum og verðhækkanir	1851
17.6.4.	Miðlun á viðkvæmum upplýsingum.....	1854
17.6.5.	Áhrif Bratthóls á markaðinn fyrir fiskflutning.....	1858
17.6.6.	Um fiskdreifingu	1864
17.7.	Niðurstaða	1867
18.	SAMRÁÐ UM LEIGU OG LÁN Á GÁMUM	1869
18.1.	Yfirlit yfir samráð um leigu og lán á gámum	1869
18.2.	Aukið gámasamstarf undirbúið í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið.....	1871
18.3.	Nýr gámasamningur Eimskips og Samskipa.....	1873
18.4.	Ákvæði um gámasamstarf tekið upp í nýjum samningi um sjóflutninga til og frá Norður-Ameríku	1875
18.5.	Skilgreint „verklag“ um gámasamvinnu í útflutningi á áli til Evrópu	1877
18.6.	„Together we make things happen“	1878
18.7.	Óánægja undirmanna hjá Eimskip með stuðninginn við Samskip.....	1880
18.8.	Samningsdrög ganga á milli fyrirtækjanna á tímabilinu	1882
18.9.	Um framkvæmdina - samskiptagögn	1887
18.10.	Niðurstaða.....	1897
19.	SAMRÁÐ Í SKIPAAFGREIÐSLU	1899
19.1.	Atvik fram til júní 2008	1899
19.2.	„Nýtt upphaf“ verkefnið hefst.....	1901
19.3.	Sameiginleg skipaafgreiðsla áfram til skoðunar á árinu 2009	1903
19.4.	El Bravo – Engin vandamál hjá Eimskip	1907



19.5. Samningur um skipaafgreiðslu endurnýjaður í júní 2010.....	1910
19.6. Samráðið í framkvæmd á árunum 2011 - 2013	1911
19.7. Samantekt	1914



16. SAMRÁÐ Í SJÓFLUTNINGUM

8955. Eftir fund Samskipa og Eimskips 6. júní 2008 hófu fyrirtækin að skoða og meta hagkvæmni þess að „auka samstarf“ sín á milli í öllum grundvallarþáttum flutningaþjónustu hér á landi („Nýtt upphaf“ verkefnið), sbr. kafla 7 - 10. Áður en fyrirtækin lögðu af stað í þessa vegferð höfðu þau um árabil haft með sér ólöglegt samráð sem tók til samstarfs og samnýtingar á siglingakerfum vegna sjóflutninga til og frá Íslandi, sbr. kafla 5.1 og 5.8. Einn þáttur í „Nýtt upphaf“ verkefninu tók til þess að auka þetta samstarf. Náðu fyrirtækin mikilvægum áfanga í því sambandi er þau breyttu siglingakerfum og takmörkuðu flutningsgetu í þeim á síðari hluta ársins 2008. Samhliða því juku fyrirtækin samstarf sitt í sjóflutningum með samnýtingu siglingakerfa.
8956. Á rannsóknartímabilinu áttu Samskip og Eimskip í víðtæku samstarfi í sjóflutningum til og frá Íslandi og milli hafna hér á landi. Með því takmörkuðu fyrirtækin samkeppni og fór það gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Nánar tiltekið var um að ræða eftirfarandi samstarf:
- Sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku.
 - Sjóflutninga milli Íslands og annarra hafna vegna flutninga Jóna, helst tengt Bretlandi og Noregi.
 - Sjóflutninga milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar.
 - Sjóflutninga milli Íslands og Færeyja.
 - Sjóflutninga á milli Íslands og Evrópu, á grundvelli svonefnds „neyðarsamkomulags“.
8957. Á rannsóknartímabilinu voru Samskip og Eimskip samanlagt með 100% markaðshlutdeild í sjóflutningum milli Íslands og Norður-Ameríku og að minnsta kosti 95% markaðshlutdeild í sjóflutningum milli Íslands og annarra Evrópulanda.
8958. Líkt og fram kemur í kafla 11.5 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Af því leiðir að öll samskipti fyrirtækjanna á rannsóknartímabilinu, þar sem unnið var eða rætt um einstaka þætti verkefninu, fóru gegn 10. gr. laganna.
8959. Á öllu rannsóknartímabilinu áttu Samskip og Eimskip í reglubundnum og tíðum samskiptum vegna samstarfs fyrirtækjanna í sjóflutningum. Samskiptin tóku hvort tveggja til daglegrar framkvæmdar á samstarfinu sem og samskipta æðstu stjórnenda fyrirtækjanna. Þá notuðu fyrirtækin þennan vettvang til að eiga umræður um hvers konar atriði sem gátu viðhaldið eða styrkt samráðið.
8960. Samhliða fyrrgreindu samstarfi í sjóflutningum áttu Samskip og Eimskip einnig í víðtæku ólögmetu samstarfi um þjónustuþætti sem voru órjúfanlegir hluti af sjóflutningsþjónustu. Þannig áttu fyrirtækin í samstarfi í skipaafgreiðslu í næststærstu flutningahöfn landsins, Mjóeyrarhöfn, um leigu og lán á tómum gámum og um landflutninga, t.a.m. vegna for- og áframflutninga tengdum sjóflutningum. Þessir þættir samráðsins kröfðust tíðra samskipta á milli lykilstjórnenda og starfsmanna fyrirtækjanna. Er þetta rökstutt nánar í köflum 17 - 19.
8961. Samskipti Eimskips og Samskipa drógu úr óvissu og sjálfstæði þeirra sem keppinauta, m.a. varðandi verðlagningu þeirra til viðskiptavina. Þau styrktu framkvæmd samráðsins og það ólögmeta ástand sem er nefnt „friðurinn“ í samtímagögnum. Í þessum samskiptum fólust skýr skilaboð um að fyrirtækin ætluðu sér að vinna saman en ekki keppa hvort við annað. Umfjöllun í þessum kafla er því nátengd umfjöllun í kafla 14 þar sem fjallað er um þá þætti samráðs Samskipa og Eimskips sem tók til ólögmetrar markaðsskiptingar og verðsamráðs. Ber að virða þessi atvik saman. Til frekari glöggvunar er í þessum kafla vísað til umfjöllunar í köflunum hér á eftir þar sem við á.



8962. Í sátt Eimskips 16. júní 2021 viðurkennir fyrirtækið að hafa haft ólöglegt samráð við Samskip í kjölfar fundar fyrirtækjanna 6. júní 2008, meðal annars um sjóflutninga tengda Íslandi þegar ekki var í gildi undanþága frá 10. gr. samkeppnislaga. Þá viðurkennir Eimskip að hafa haft ólöglegt samráð við Samskip áður en fundur fyrirtækjanna 6. júní 2008 átti sér stað.
8963. Í málinu liggja fyrir óyggjandi sönnunargögn sem staðfesta samstarf Samskipa og Eimskip í sjóflutningum út rannsóknartímabilið. Af hálfu Samskipa er tilvist samstarfsins þess vegna ekki mótmælt heldur byggt á því að samstarfið sem slíkt hafi verið löglegt.⁴⁵⁹⁴ Ekki er unnt að fallast á þessar athugasemdir og sjónarmið Samskipa, sbr. kafla 27.
8964. Í eftirfarandi kafla verður vikið að þessum þætti í samfelldu samráði Samskipa og Eimskips.

16.1. Samráð í sjóflutningum var liður í „Nýtt upphaf“ verkefninu

8965. Eins og rakið er í köflum 7.3 – 7.5 í ákvörðun þessari var meginmarkmið þeirra aðgerða sem gripið var til eftir fund Samskipa og Eimskips 6. júní 2008, sbr. „Nýtt upphaf“ glærुकynningu Eimskips 8. og 9. júní 2008, að meta „hagkvæmni“ tiltekinna verkefna með því að „auka samstarf“ milli fyrirtækjanna.
8966. Líkt og ítarlega er rakið í kafla 8.2 og áfram og kafla 11.6 og áfram hrintu fyrirtækin samráðinu í framkvæmd strax í kjölfar fundarins, m.a. þeim verkþáttum sem tóku til takmörkunar á framboði, þ.e. flutningsgetu í sjóflutningum, og aukins samráðs í sjóflutningum til og frá Íslandi. Á glærum (E)forstj 9. júní 2008 um „Nýtt upphaf“ verkefnið segir þetta um samráð Eimskips við Samskip í sjóflutningum tengdum Íslandi:

2. Slotsamningar í siglingakerfinu

- Markmið
 - Meta hagkvæmni þess að skipast á slottum í núverandi siglingakerfum tengdum Íslandi
- Verkefnið
 - Gera greiningu á skipanýtingum brotið niður á hafnir í inn- og útflutningi
 - Stilla upp þeim möguleikum þar sem ávinningur væri að skiptast á slottum
 - Meta hagræði félaganna að gangast í slíkt samstarf

EIMSKIP

⁴⁵⁹⁴ Afhent gögn frá Samskipum. Afhent 22.11.2016. Viðauki 5. Afhent gögn frá Eimskip. Afhent 01.12.2016, sbr. bréf Samkeppniseftirlitsins með athugasemdum 08.03.2017. Afhent gögn Eimskips. Afhent 28.04.2017, mappa 2. Varðandi afhentar tölulegar upplýsingar um gagnkvæma flutninga fyrirtækjanna milli Evrópu og Íslands þá staðreynd þau gagnkvæm viðskipti milli fyrirtækjanna í þessum siglingum, sbr. bréf frá Samkeppniseftirlitinu til Samskipa frá 30.09.2016, d-liður 2. tölul. Afhent gögn frá Samskipum 22.11.2016, viðauki 5, excel-skjalið: „Flutningar Samskipa fyrir Eimskip og Eimskip fyrir Samskip“. Afhent gögn frá Eimskip 01.12.2016, fylgiskjal 1, „Viðskipti við Samskip“. Eimskip synjaði þá afhendingu upplýsinga um keypt viðskipti af Samskip þar sem ekki hefði verið haldið skipulega utan um þær upplýsingar. Ítrekun og leiðbeining Samkeppniseftirlitsins var send Eimskip með bréfi, dags. 08.03.2017, bls. 2-3. Með bréfi Eimskips frá 28.04.2017 voru afhentar tölulegar upplýsingar um keypt viðskipti Eimskips af Samskipum, sbr. afhent gögn frá Eimskip 28.04.2017. Mappa 2. „DIJ gögn SE 27.4.2017.xlsx“.



2. Slotsamningar í siglingakerfinu

- US/Kanada
 - Frá US unnið að nýjum samningi og þarf að taka gildi frá 1. september
 - Samskip tekur saman magn til/frá US og Kanada til að setja í kerfið
- Evrópurútur
 - Endurskoða siglingakerfi félaganna með það að leiðarljósi að lágmarka kostnað
 - Skipting á erlendum höfnum
 - Fækkun / smækkun skipa
 - Noregur
 - Dæmi um höfn sem hægt væri að gera samning um
 - Vestmannaeyjar
 - Ímyndalega erfitt
 - Almenn framleiðslugeta eftir höfnum
 - Útflutningur
 - Innflutningur



8967. Samráðið tók þannig til upplýsingaskipta og aukins samstarfs vegna viðkomuhafna hér á landi, Evrópuflutninga og Norður-Ameríku flutninga, sbr. m.a. kafla 11.5, en á þessum tíma áttu fyrirtækin sem áður segir þegar í samráði í sjóflutningum. Samkvæmt glærunum féll undir verkefnið upplýsingaskipti og samvinna fyrirtækjanna um að skoða mun viðameira samráð en fólst í samningnum um Norður-Ameríku flutninga og hinu leynilega „neyðarsamkomulagi“ frá árinu 2001. Verður nú vikið nánar að þessu.

16.2. Samskipti lykilstarfsmanna vegna samstarfs í sjóflutningum

8968. Í köflum 7.7., 8.15.5, 9.1.1, 11.6.3 og 13 (sbr. t.d. kafla 13.4.1) er fjallað almennt um þýðingu reglubundinna og tíðra samskipta yfirmanna sjóflutninga Eimskips og Samskipa á rannsóknartímabilinu. Vísast til þeirra umfjöllunar.

8969. Á rannsóknartímabilinu áttu Samskip og Eimskip í umfangsmiklum og tíðum samskiptum vegna samstarfs þeirra í sjóflutningum. Fyrir utan samskipti starfsmanna fyrirtækjanna vegna daglegrar framkvæmdar samráðsins liggja fyrir gögn sem sýna að æðstu stjórnendur fyrirtækjanna áttu tíð samskipti vegna þessa eftir að samráð þeirra jókst eftir mitt ár 2008. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að í samskiptum fyrirtækjanna í tengslum við Norður-Ameríku samstarfið hafi einnig verið fjallað um aðra þætti í hinum samfellda samráði. Hafi samstarf þetta og samskipti verið nýtt sem vettvangur fyrir umræður um hvers konar atriði sem gátu viðhaldið eða styrkt samráð fyrirtækjanna. Þau hafi jafnframt dregið úr óvissu og samkeppni á markaðnum og skapað traust í hinu samfellda samráði.

8970. Í þessu sambandi hefur þýðingu hvaða lykilstjórnendur sátu fundi fyrirtækjanna sem haldnir voru í tengslum við framkvæmd á samstarfi þeirra í sjóflutningum. Voru þetta næstráðendur fyrirtækjanna (framkvæmdastjórar, þ.e. (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-EimÍsl og síðar (E)frkvstj-sala/þj) sem báru ábyrgð á verðlagningu og öðrum lykilatriðum í inn- og útflutningi gagnvart forstjórum fyrirtækjanna. Einnig sátu yfirmenn innflutningsdeilda fyrirtækjanna fundina, (E)forstö-flutmið og (S)forstö-innfl1, sem tóku einnig ríkan þátt í verðlagsákvörðunum á rannsóknartímabilinu, og eftir atvikum yfirmenn útflutningsdeilda þeirra. Þegar samráð varðandi breytingar á siglingakerfum á árinu 2008 stóð yfir sat framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Eimskips ((E)frkvstj-flutkerf) einnig þessa fundi.



8971. Á rannsóknartímabilinu var þannig um að ræða ítrekaða fundi, símtöl og tölvupósta milli lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips. Var um að ræða stjórnendur sem komu að hvers konar málefnum sem tengdust samkeppni í sjóflutningum.
8972. Samskip hafa ekki afhent gögn sem sýna dagskrár þessara funda og/eða greina frá því hvað rætt var á þeim. Hafa fyrirtækin þannig ekki lagt fram samtímagögn sem sýna að fulltrúar fyrirtækjanna hafi haldið sig við yfirlýst efni þessara funda og aðeins rætt um Norður-Ameríku samstarfið.
8973. Samtímagögn sýna að samráðið raskaði æskilegri óvissu milli fyrirtækjanna og sjálfstæði þeirra. Samtímagögn sýna að þegar framangreind samskipti áttu sér stað hafi áður nefndir stjórnendur, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-flutmið, átt samhliða þátt í því að grípa til margvíslegra og umfangsmikilla aðgerða til að hækka verð gagnvart viðskiptavinum. Í þessum aðgerðum Samskipa og Eimskips endurspegladist vissa þeirra um að helsti keppinauturinn myndi ekki bregðast við verðhækkun með samkeppnisaðgerðum.
8974. Hér ber að hafa í huga að á sama tíma var fyrir hendi ólögmaet markaðsskipting milli Samskipa og Eimskips, auk m.a. samráðs í landflutningum, um leigu og lán á gámum og um skipaafgreiðslu. Voru fundir stjórnenda Samskipa og Eimskips og önnur samskipti þeirra vettvangur fyrir umræður um hvers konar atriði sem gátu viðhaldið eða styrkt samráð fyrirtækjanna. Dró þetta úr óvissu og samkeppni á markaðnum. Í stað baráttu um mikilvæga viðskiptavinum ríkti „friður“, þ.e. ástand sem skaðaði kjöraðstæður fyrir fyrirtækin til að halda uppi eða hækka verð, með vissu um að helsti keppinauturinn myndi ekki reyna að ná til sín óánægðum mikilvægum viðskiptavinum.
8975. Ítreka ber að virða ber umfjöllun í þessum kafla í samhengi við önnur atvik málsins sem áttu sér stað á sama tíma og lýst er í ákvörðun þessari.
8976. Töldu Samskip þannig að samkeppni frá Eimskip myndi ekki koma í veg fyrir að fyrirtækið gæti hækkað verð til mikilvægra viðskiptavina sinna. Samtímagögn sýna að þetta voru ekki orðin tóm heldur tókst Samskipum að hrinda þessu í framkvæmd.

16.3. Norður-Ameríku flutningar

16.3.1. Samstarf fyrir árið 2008

8977. Í upphafi ber að rifja upp að unnt var að flytja farm milli Íslands og Norður-Ameríku með a.m.k. tvennum hætti. Annars vegar með beinum siglingum til og frá Íslandi og hins vegar með siglingum með viðkomu á meginlandi Evrópu, t.d. í Rotterdam, svonefndir „Trans-Atlantic“ flutningar eða TA flutningar. Samskip buðu á þessum tíma upp á slíka TA flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Var það gert með samstarfi við skipafélög sem sigldu milli Norður-Ameríku og Rotterdam og þaðan með skipum Samskipa milli Íslands og Rotterdam. Gátu Samskip þannig keppt við Eimskip í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku án þess að nýta sér skip Eimskips sem sigldi beint siglingaleiðina milli Íslands og Norður-Ameríku. Víða í gögnum málsins kemur fram að TA flutningar milli Íslands og Norður-Ameríku í gegnum Evrópu voru raunhæfur kostur sem sérstaklega Samskip og að nokkru leyti Eimskip nýttu sér á öllu rannsóknartímabilinu.
8978. Samstarf Samskipa við Eimskip í áætlunarsiglingum til og frá Norður-Ameríku fól nánar tiltekið í sér að Eimskip tók að sér flutninga fyrir Samskip milli Íslands og Norður-Ameríku með svokölluðu „slot“-samkomulagi. Í samkomulaginu fólst að Samskip myndu ekki hefja flutninga með eigin skipum á viðkomandi flutningaleið en flytja þess í stað ákveðið hlutfall flutninga sinna með keppinauti sínum.



8979. Í hnotskurn fólst í samstarfi Samskipa og Eimskips vegna Norður-Ameríkuflutninga að fyrirtækin sammæltust um að hætta að keppa á umræddri siglingaleið í einum af meginþáttunum sem flutningastarfsemi þeirra samanstendur af, þ.e. í siglingum og rekstri skipa. Með samstarfinu takmörkuðu fyrirtækin það flutningamagn sem samkeppni gat ríkt um í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku og skiptu markaðnum þannig á milli farmflytjenda hlutfallslega eftir magni.
8980. Í köflum 4.6.6, 5.1.1, 5.4, 5.8 og 7.5.5.2 er fjallað um umrætt samstarf fyrirtækjanna í sjóflutningum fyrir árið 2008. Þar eru m.a. reifuð gögn sem varpa ljósi á umhverfi og samskipti fyrirtækjanna í aðdraganda rannsóknartímabils málsins og sýna að atvik þessa máls áttu, a.m.k. að hluta til, rót sína að rekja til samstarfs eða samskipta fyrirtækjanna sem voru til staðar fyrir árið 2008.
8981. Upphafið að afskiptum samkeppnisyrvalda hér á landi af samstarfi Eimskips og Samskipa um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku má rekja aftur til ársins 1997, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 26/1997. Í þeirri ákvörðun tóku samkeppnisyrvald að eigin frumkvæði til skoðunar samstarfssamning fyrirtækjanna frá 22. janúar 1997, en hann gilti til þriggja ára. Eimskip og Samskip höfðu áður, hvort í sínu lagi, stundað reglubundnar áætlunarsiglingar milli Íslands, Bandaríkjanna og Kanada, en samstarf fyrirtækjanna fólst í því að Samskip fluttu gáma sína með skipum Eimskips en Samskip lögðu af eigin beinar siglingar á þessari siglingaleið.
8982. Andstætt því sem Eimskip og Samskip héldu fram taldi samkeppnisráð að samstarfið fæli í sér brot á 10. gr. samkeppnislaga þar sem í því fólst skipting markaðar samkvæmt b. lið 10. gr. samkeppnislaga og því um að ræða samstarf sem fór í eðli sínu gegn samkeppnislögum.
8983. Samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga var aðilum ekki heimilt að framkvæma samstarf sem fór gegn 10. gr. samkeppnislaga án formlegrar undanþágu frá Samkeppniseftirlitinu. Á grundvelli afhentra upplýsinga frá fyrirtækjunum féllst samkeppnisráð aftur á móti á að forsendur væru til að veita samningi fyrirtækjanna um þetta samstarf tímabundna undanþágu með tilgreindum skilyrðum.
8984. Eimskip áfrýjaði þessari ákvörðun samkeppnisráðs, nr. 26/1997, til áfrýjunarnefndar samkeppnismála þar sem fyrirtækið taldi samstarfið ekki fara gegn 10. gr. samkeppnislaga. Áfrýjunarnefndin tók þó skýra afstöðu gegn þessari kröfu. Með úrskurði í máli nr. 13/1997 staðfesti áfrýjunarnefndin ákvörðun samkeppnisráðs. Í úrskurðinum segir m.a. þetta:
- „Ótvírætt er að fákeppni ríkir um vöruflutninga sjóleiðis til og frá Íslandi á þeim siglingaleiðum sem um ræðir í máli þessu og að áfrýjandi hafi yfirburðastöðu á því sviði. Við þær aðstæður er hvers kyns samráð milli hlutaðeigandi flutningsaðila um náð samstarf við framkvæmd mikilvægra þátta í flutningastarfseminni, eins og við á í þessu máli, mjög varasamt í ljósi þeirrar meginreglu samkeppnislaga að efla beri virka samkeppni í viðskiptum.“*
8985. Samkvæmt því staðfesti áfrýjunarnefnd samkeppnismála ákvörðun samkeppnisráðs um að samstarf Samskipa við Eimskip í flutningum til og frá Norður-Ameríku bryti gegn 10. gr. samkeppnislaga. Síðan þá hefur engin breyting orðið á afstöðu samkeppnisyrvalda til þess að samstarf Eimskips og Samskipa um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku feli í sér brot gegn 10. gr. samkeppnislaga. Var slík niðurstaða jafnframt staðfest í ákvörðun samkeppnisráðs, sbr. ákvörðun nr. 11/2003, og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, sbr. ákvörðun nr. 46/2009, og nánar hér á eftir.
8986. Samkvæmt framansögðu liggur eftirfarandi fyrir um þetta samstarf fyrirtækjanna fyrir árið 2008:
- 2. júlí 1997 - Ákvörðun nr. 26/1997. Samkomulag Samskipa og Eimskips um samstarf í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku talið fara gegn 10. gr. samkeppnislaga en forsendur taldar til þess að veita því undanþágu skv. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga til 1. ágúst 2000.



- 23. júlí 2002 – Samskip og Eimskip undirrituðu samkomulag um samstarf í flutningum til og frá Norður-Ameríku.⁴⁵⁹⁵ Þann 25. september sama ár sendu fyrirtækin undanþágubeiðni til Samkeppniseftirlitsins.
- 27. mars 2003 – Ákvörðun nr. 11/2003. Samkomulag Samskipa og Eimskips vegna samstarfs í Norður-Ameríku flutningum talið fara gegn 10. gr. samkeppnislaga en forsendur taldar til þess að veita því undanþágu skv. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga til 31. ágúst 2004.
- 1. september 2004 – Samskip og Eimskip undirrituðu áframhaldandi samkomulag um samstarf vegna flutninga til og frá Norður Ameríku.⁴⁵⁹⁶ Þann 6. september sama ár sendu fyrirtækin undanþágubeiðni til Samkeppniseftirlitsins. Engin undanþága var veitt. Fyrirtækin héldu samstarfinu áfram þrátt fyrir það.
- Í nóvember 2006 – Samskip og Eimskip gerðu samning vegna samstarfsins sem taka átti gildi 1. janúar 2007. Sá samningur var ekki undirritaður af báðum aðilum.⁴⁵⁹⁷ Ellefta sama mánaðar sóttu fyrirtækin um undanþágu til Samkeppniseftirlitsins fyrir samstarfinu. Fyrirtækin héldu áfram samstarfinu þrátt fyrir að engin undanþága hafi verið veitt.

8987. Samskipum var því ljóst eða mátti vera ljóst að samstarfið við Eimskip vegna sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku færi gegn bannreglu 10. gr. samkeppnislaga.

8988. Samstarf Samskipa og Eimskips um Norður-Ameríku flutninga var því ólögmætt þegar undanþága fyrir því samkvæmt ákvörðun nr. 11/2003 féll úr gildi.

16.3.2. Liður í „Nýtt upphaf“ verkefninu

8989. Þegar Samskip ákváðu að ráðast í „Nýtt upphaf“ verkefnið höfðu fyrirtækin um áráð, þ.e. frá 1. september 2004, haft með sér ólögmætt samstarf um Norður-Ameríku flutninga.

8990. Í köflum 7.2.1.1, 7.5.5.2. og 7.5.5.3. er lýst atvikum sem áttu sér stað þegar (E)forstj tók við sem forstjóri Eimskips í maí 2008. Þar kemur fram að innan Eimskips hafi komið fram hörð gagnrýni á Norður-Ameríku samstarfið við Samskip. Aftur á móti hafi (E)forstj verið mjög áhugasamur um þetta samstarf. Strax eftir að (E)forstj tók við starfi forstjóra Eimskips hafi hann látið segja upp samningnum við Samskip og lagt ríka áherslu á að koma á samskiptum við Samskip. Skyldu samskipti við Samskip vera „öll á rekstrarhliðinni“ en sú deild bar ábyrgð á siglingakerfi fyrirtækisins.

8991. Á sama tíma, nánar tiltekið 2. júní 2008, sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv. Í honum velti hann m.a. upp stöðunni varðandi Norður-Ameríku samning Samskipa og Eimskips:

„-ameríka, segja upp núverandi samning, en svo gott sem ekkert magn er að fara þangað, endurmeta aðra samninga.“

8992. Samkvæmt framburði (S)forstj hjá lögreglu felst í framangreindum tölvupósti að Samskip hafi 2. júní 2008 verið að skoða að auka samkeppni við Eimskip með auknum TA flutningum í gegnum Evrópu. sbr.

⁴⁵⁹⁵ Afhent tölvuskjal frá Samskipum 10.04.2015, (fskj. 10, Samningar USA).

⁴⁵⁹⁶ Afhent tölvuskjal frá Samskipum 10.04.2015, (fskj. 10, Samningar USA).

⁴⁵⁹⁷ Samskip afhenti við rannsókn málsins samning við Eimskip vegna samstarfs í Norður-Ameríku siglingum, sbr. afhent tölvuskjal frá Samskipum 10.04.2015, (fskj. 10, Samningar USA). Það skjal er afhent óundirritað með gildistíma frá 01.10.2006 til 31.10.2008. Eimskip á hinn bóginn afhenti Samkeppniseftirlitinu þann 10.01.2018 annað eintak af Norður-Ameríku samningi sem er undirritað af hálfu þess [...] en ekki af hálfu Samskipa. Afhent skjal frá Eimskip 10.01.2018, liður 2.2 b). Við rannsókn málsins afhentu fyrirtækin þannig sitthvort eintakið af því sem virðast vera samningsdrög frá árinu 2006. Óljóst er eftir hvaða samningi Samskip og Eimskip unnu eftir, þ.e. samningnum frá árinu 2004 eða óundirrituðum drögum frá árinu 2006. Kemur það ekki að sök í máli þessu, enda tilvist samstarfsins á þessum tíma óumdeilt í málinu. Sjá nánari umfjöllun í kafla 7.5.5.2 í ákvörðun þessari.



kafla 7.2.1.1. Af framangreindu leiðir jafnframt að Norður-Ameríku samningurinn hafði á þessum tíma litla þýðingu fyrir Samskip.

8993. Eins og rakið er í kafla 7.2.2 hittust (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)stjform og (E)forstj á fundi nokkrum dögum síðar, þ.e. 6. júní 2008, þar sem ákveðið var að hefja hið ólögmdæta „Nýtt upphaf“ verkefni sem hafði það að markmiði að raska samkeppni, sbr. umfjöllun í kafla 11.
8994. Þann 8. og 9. júní 2008 vistaðu (E)frkvstj-alþjssv og (E)forstj hjá sér glærukynningu varðandi „Verkefnið Nýtt upphaf“, sbr. kafla 7.3. Samkvæmt þeirri glærukynningu áttu Samskip að draga úr samkeppni við Eimskip með TA flutningum og setja þess í stað flutningsmagn „í kerfið“, þ.e. siglingakerfið sem fælist í beinum siglingum Eimskips milli Íslands og Norður-Ameríku og samstarfi um það við Samskip.
8995. Líkt og fram kemur í kafla 7.5.5, sbr. einnig hér að framan, kom eftirfarandi m.a. fram í glærukynningunni um Norður-Ameríku samstarf fyrirtækjanna:
- „US/Kanada
- Frá US unnið að nýjum samningi og þarf að taka gildi frá 1. september
 - Samskip tekur saman magn til/frá US og Kanada til að setja í kerfið“
8996. Með þessu var samstarf Samskipa og Eimskips í flutningum til og frá Norður-Ameríku orðið hluti af því umfangsmikla ólögmdæta samráði sem fólst í „Nýtt upphaf“ verkefninu. Með „Nýtt upphaf“ verkefninu lögðust því af öll áform um að fyrirtækin hættu hinu ólögmdæta samstarfi. Markmið fyrirtækjanna var áframhaldandi og aukin samvinna í sjóflutningum og var þegar í stað gripið til slíkra aðgerða.
8997. Sem áður segir sýna samtímagögn að umfangsmikil samskipti og upplýsingaskipti áttu sér stað í tengslum við samstarf fyrirtækjanna í sjóflutningum á seinni hluta árs 2008. Í kafla 7.7 er sett fram yfirlit yfir samskipti Samskipa og Eimskips eftir 6. júní 2008 og út það ár en líkt og ítarlega hefur verið fjallað um var með „Nýtt upphaf“ verkefninu ákveðið að setja á fót vinnuhóp sem hafði það hlutverk að „taka [þau] verkefni áfram“, þ. á m. um margskonar aukið samstarf fyrirtækjanna í sjó- og landflutningum. Í vinnuhópnum sátu æstu stjórnendur Samskipa og Eimskips.
8998. Var um að ræða ítrekaða fundi og önnur samtöl milli lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips sem komu að hvers konar málefnum sem tengdust skiparekstri og siglingaáætlunum, samkeppni fyrirtækjanna í sjóflutningum og landflutningum og annarra sem fóru með málefni innan fyrirtækjanna sem heyrðu undir efnisþætti samráðsins. Á sama tíma unnu sömu stjórnendur að verðhækkunum fyrirtækjanna. Um þessi atvik er nánar fjallað í köflum 8 – 11, sbr. sérstaklega kafla 11.21.
8999. Í því samhengi er vert að minna á að öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga því, líkt og rökstutt er í kafla 11, hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga.
9000. Í samræmi við það markmið að auka samstarf fyrirtækjanna setti (E)forstj fram þá hugmynd að Samskip yrðu beðin um að hætta að keppa í flutningum til og frá Norður-Ameríku, þ.e. að Samskip myndu hætta eða draga úr TA flutningum í gegnum Evrópu, og að verð yrði hækkað í beinum flutningum Eimskips, sbr. umfjöllun um tölvupóst (E)forstj 27. júní 2008 í kafla 8.4.
9001. Í minnisblöðum (S)frkvstj-millilandasv 7. og 9. júlí 2008 er fjallað um tillögur um aukið samstarf Samskipa og Eimskips vegna siglingakerfa og sjóflutnings sem fólu í sér víðtækt aukið samráð fyrirtækjanna, t.a.m. með því að samræma að verulegu leyti siglingakerfi þeirra og skipta flutningamörkuðum. Var m.a. að finna tillögur varðandi Norður-Ameríku flutninga sem fólust í því að



Eimskip myndi fækka um eitt skip í siglingum á þeirri leið, líkt og raunin varð. Til að tryggja sem besta nýtingu var jafnframt lagt til að innflutningi frá Norður-Ameríku væri stýrt úr eða í TA kerfið eftir atvikum, þ.e. magn TA flutninga átti að ráðast af nýtingu í skipi Eimskips.

9002. Í kjölfarið hófst samskipta- og fundahrina þar sem fyrirtækin ræddu ítrekað um Norður-Ameríkusamstarfið og aðra þætti í hinu samfellda samráði. Í kafla 8.17 eru rakin samtímagögn sem sýna að á fundi Samskipa og Eimskips 6. október 2008 var rætt um verðlagningu á TA flutningum Samskipa, sem að meira eða minna leyti voru í samkeppni við beinar siglingar Eimskips. Líkt og komið hefur fram voru Samskip og Eimskip með 100% markaðshlutdeild í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Af þessu leiðir að öll samskipti milli keppinauta sem taka til atriða sem tengjast samkeppni milli þeirra eru afar varhugaverð í lagalegu tilliti. Eru þau sérstaklega varhugaverð ef viðkomandi fyrirtæki starfa á fákeppnismarkaði. Var þessi umræða og upplýsingamiðlun liður í ólögsmætu samráði fyrirtækjanna á þessum tíma.
9003. Stuttu eftir umræddan fund, eða þann 15. október 2008, sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (S)forstö-innfl1, afrit til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv, þar sem m.a. kom fram að: „[...] *allt frá því í vor höfum við stefnt allri frakt á Eimskip þar sem hagur heildarinnar ræður för [...]*”, sbr. umfjöllun í kafla 8.19.3 í ákvörðun þessari. Þetta sýnir að yfirmaður Samskipa í Norður-Ameríku lýsti því yfir við m.a. (S)forstj að öllum flutningum Samskipa frá Norður-Ameríku hafi verið beint til Eimskips. Þannig var dregið úr þeirri samkeppni sem Samskip gátu veitt Eimskip með TA flutningum og samstarf fyrirtækjanna aukið, í samræmi við „Nýtt upphaf” verkefnið. Þetta var gert þrátt fyrir lítinn ábata Samskipa í Bandaríkjunum en „hagur heildarinnar” réð för. Í kjölfarið tilkynnti (S)frkvstj-N-Am „að um 78-80% af fraktini [svo] er að koma með beinaskipinu [svo] í dag [...]”, sbr. áðurnefndan kafla 8.19.3.
9004. Samkvæmt þessu hafði (S)forstj fallið frá þeirri hugmynd, sem hann hafði rætt við (S)frkvstj-millilandasv 2. júní 2008, að auka samkeppni við Eimskip með því að segja upp Norður-Ameríku samningnum og einbeita sér að TA flutningum. Ástæða þessa er sú sama og leiddi til þess að Samskip hættu við „herferðina” gegn Eimskip sem var rædd allt fram að fundinum 6. júní 2008.
9005. Samtímagögn sýna að Samskip töldu sig geta veitt Eimskip samkeppni með TA flutningum og gripið til þeirra ef það hentaði hagsmunum fyrirtækisins. Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-N-Am 17. nóvember 2008 varpar ljósi á það. (S)frkvstj-N-Am hafði spurt (S)forstö-innfl1 hvað væri að fréttu af viðræðum við Eimskip vegna nýs samnings um Norður-Ameríku flutninga. (S)forstö-innfl1 greindi frá því að „þeir [þ.e. Eimskip] væru alveg brjáláðir” yfir erindi sem Samskip hafði sent Samkeppniseftirlitinu í maí 2008. Einnig sagði (S)forstö-innfl1: „Nú er bara málið að fara á fullu í TAS flutninga.”⁴⁵⁹⁸ Þessi óánægja Eimskips hafði hins vegar ekki áhrif á framgang samráðsins. Lokið var við nýjan samning milli Eimskips og Samskipa um Norður-Ameríku flutninga 7. janúar 2009 og hélt annað samráð Samskipa og Eimskips áfram.
9006. Sú staðreynd að umfang flutninga Samskipa með Eimskip til og frá Norður-Ameríku var í magni talið í sögulegu lágmarki eftir mitt ár 2008 er sérlega athyglisverð í ljósi þess hversu mikla áherslu bæði fyrirtækin lögðu á að endurnýja samninginn og eiga um það marga fundi, sem og að ræða verðhækkanir og önnur samskipti vegna framkvæmdar á samráðinu bæði á árinu 2008 og síðar á rannsóknartímabilinu.
9007. Einnig ber að hafa í huga að á þeim tíma sem unnið var að endurnýjun og breytingum á flutningasamningi fyrirtækjanna á rannsóknartímabilinu (t.d. árin 2008, 2010 og 2011) var báðum fyrirtækjunum ljóst að verulega hafði dregið úr vægi flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Auk þess

⁴⁵⁹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.689533.



bentu sumir stjórnenda Eimskips á að alltof lág framlegð væri af samningnum við Samskip um Norður-Ameríku flutninga og að samningurinn væri fyrirtækinu mjög óhagstæður.

9008. Í skýrslutöku hjá lögreglu, sbr. kafla 7.2.1.1, kvaðst (E)frkvstj-alþjv ekki geta útskýrt hvers vegna Eimskip hefði í maí 2008 sagt upp samningi við Samskip um flutninga til og frá Norður-Ameríku samhliða því að „*hefja sem fyrst*“ viðræður um nýjan samning. Aðspurður um hvort það hafi verið talið mikilvægt fyrir Eimskip að halda þessu samstarfi áfram kvað (E)frkvstj-alþjv samstarfið ekki hafa verið mikilvægt.⁴⁵⁹⁹
9009. Frá viðskiptalegu sjónarmiði virtist áhugi beggja fyrirtækjanna á þessum flutningum vera lítill. Engu að síður var talin þörf á tíðum samskiptum og fundarhöldum vegna endurnýjana og breytinga á honum sem og framkvæmd á samningnum. Í þessu sambandi skal rifjað upp að í samtímagögnum voru fundir sagðir verið langir, sbr. t.d. kafla 14.33.6.2.
9010. Engu breytti þótt undirmenn (E)forstj gagnrýndu þessa samvinnu Eimskips við Samskip. (E)deildstj-útf1, deildarstjóri útflutnings hjá Eimskip, gagnrýndi á þessum tíma samninginn við yfirmenn sína, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv.⁴⁶⁰⁰ Gagnrýndi (E)deildstj-útf1 bæði lága framlegð Eimskips af samningnum og að Samskip gætu sótt á viðskiptavini Eimskips á þessari siglingaleið („*gætu farið í alla okkar kúnnu [...]*“). Þrátt fyrir aðvörunarorð (E)deildstj-útf1 hélt Eimskip samstarfinu áfram og forðaðist að keppa um mikilvæga viðskiptavini Samskips, m.a. á þessari siglingaleið í samræmi við þá markaðsskiptingu sem fyrirtækin höfðu komið á sín á milli. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Norður-Ameríku samstarfið hafi verið hluti af „*Nýtt upphaf*“ verkefninu og að Eimskip hafi talið heildarhagsmunum sínum betur borgið með samstarfinu þrátt fyrir þá ágalla sem (E)deildstj-útf1 benti á.
9011. Í þessu sambandi skal þess getið að (S)forstj varð heldur ekki við ósk undirmanns um að tiltekinni samvinnu við Eimskip yrði hætt eða dregið úr henni, sbr. tölvupósta (S)forstö-innf1 til (S)forstj haustið 2011 vegna samvinnu Jóna og Eimskips, sem fjallað er um í kafla 16.1 hér á eftir. Að mati Samkeppniseftirlitsins voru það, líkt og hjá (E)forstj, heildarhagsmunirnir af samráðinu sem réðu ákvörðun (S)forstj.
9012. Er framangreint m.a. til stuðnings því að samskiptin og samvinnan sem leiddi af Norður-Ameríku samstarfinu hafi einkum verið mikilvæg fyrir framgang samráðsins og velgengni „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins.
9013. Þegar draga fór úr þunga samráðs Samskipa og Eimskips á árinu 2013 var verkefnið „*Samningur við Samskip*“ ekki meðal verkefna sem nutu forgangs hjá Eimskip.⁴⁶⁰¹ Renna samtímagögn frá árinu 2013 stöðum undir dvínandi áhuga lykilstjórnenda fyrirtækjanna á samskiptum vegna samstarfs í Norður-Ameríku flutningum.

16.3.3. Samstarf aukið í samræmi við „*Nýtt upphaf*“ verkefnið

9014. Nýr samningur um samstarf fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum var undirritaður 7. janúar 2009. Samningurinn var undirritaður af (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-EimÍsl og gildi til 31. desember

⁴⁵⁹⁹ Í skýrslutökunni var [...] spurður um þýðingu umrædds samstarfs Eimskips við Samskip og fór hann að hlæja þegar það var borið saman við meginþætti í starfsemi félagsins eða eins og [...] nefndi „*veltu félagsins, sem var þarna 15.000 manns með, með einhverja tvær billjónar evra í veltu skilurðu í því samhengi.*“ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 71.

⁴⁶⁰⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.450519. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.244662. Meðfylgjandi fyrrgreindum tölvupóstum [...] var m.a. umræddur tölvupóstur hans frá 24.05.2008 „*Ameríkuleið*“ eða „*USA Reports.pdf*“. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.234294.

⁴⁶⁰¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.330820.



2010.⁴⁶⁰² Í samninginn voru tekin upp ný ákvæði um samstarf fyrirtækjanna varðandi gáma. Í samningnum fólst því ekki aðeins endurnýjun og þar með áframhaldandi ólögmaett samráð í sjóflutningum til og frá Norður-Ameríku heldur aukið gámasamstarf. Samningurinn var því í samræmi við það markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins að auka samstarf Samskipa og Eimskips. Um þetta er ítarlega fjallað í kafla 10.6.2. og kafla 18 en rétt er að útskýra þetta í stuttu máli.

9015. Á seinni hluta ársins 2008 áttu Samskip og Eimskip ítrekuð samskipti m.a. þar sem aukið gámasamstarf vegna Norður-Ameríku samstarfsins var rætt og undirbúið.⁴⁶⁰³ Samtímagögn sýna að „Gámamál í USA“ voru rædd á fundi fyrirtækjanna 6. október 2008 og að í desember 2008 hafi verið rætt um að gámasamstarf fyrirtækjanna tæki hvort tveggja til þess þegar Samskip notaði tóma gáma frá Eimskip og öfugt (frá öllum viðkomuhöfnum í USA og CA) og að aukið gámasamstarf tæki ekki eingöngu til kæli- og frystigáma eins og áður hafði verið ákvæðið milli stjórnendanna heldur einnig þurrháma. Ítarlega er fjallað um þessi samskipti og samningaviðræður Samskipa og Eimskips í kafla 10.6.2.
9016. Í hnotskurn fól þetta aukna samstarf í sér að Eimskip myndi útvega Samskipum tóma gáma fyrir flutningana ef Eimskip hafði slíka gáma til reiðu. Var þetta fyrsti skriflegi samningur fyrirtækjanna um gámamál vegna sjóflutninga milli Norður-Ameríku og Íslands og eitt dæmi af mörgum um afsprengi samráðs fyrirtækjanna sem hófst í kjölfar fundar þeirra 6. júní 2008.
9017. Þannig segir í 6. gr. samningsins að Eimskip (Carrier) skyldi útvega gáma í Reykjavík og viðkomuhöfnum í Bandaríkjunum og Nova Scotia í Kanada undir flutning fyrir Samskip (Shipper) á grundvelli samningsins, ef gámar væru lausir hjá Eimskip á þeim tíma. Í öðrum tilvikum ættu Samskip að nota sína eigin gáma. Ýmis frekari ákvæði voru í samningnum um gámasamstarf. Verðlagsákvæði 5. gr. samningsins voru fjölþættari en áður og var sjófrakt hærri ef Eimskip útvegaði Samskipum gáma.
9018. Sýna gögn málsins að allt að helmingur af gámum sem Samskip notuðu fyrir innflutning frá Norður-Ameríku voru gámar frá Eimskip en afgangurinn eigin gámar Samskipa eða gámar sem Samskip útveguðu frá þriðja aðila.
9019. Þegar samtímagögn eru virt í heild sinni er ljóst að gámasamstarf Samskipa og Eimskips á grundvelli Norður-Ameríku samningsins var hluti af stærra samkomulagi um að fyrirtækin útveguðu hvort öðru gáma óháð flutningaleiðum eða staðsetningu gáma hverju sinni. Var um að ræða víðtækt gámasamstarf að þessu leyti sem var hluti „Nýtt upphaf“ verkefnisins.
9020. Rétt er að árétta að á fundi Samskipa og Eimskips 7. janúar 2009 var ekki aðeins undirritaður samningur um áframhaldandi ólögmaett samstarf í Norður-Ameríku flutningum og aukið gámasamstarf heldur var einnig rætt um aðra þætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Þessu til stuðnings vísast til þess að 6. janúar 2009, daginn áður en nýr Norður-Ameríku samningur var undirritaður, vísaði (E)frkvstj-skiparekst, í tölvupósti til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl, til þess að tveir síðarnefndu væru að „vinna samning(a) við Samskip,“, sbr. kafla 11.14.1. og 11.19. Þá vísast t.d. til þess að í dagbók (S)forstö-innfl1 þann 4. desember 2008 var bókaður fundur „Eimskip“ kl. 9:00. Í dagbók (E)frkvstj-flutnkerf var sama dag bókaður fundur með heitinu „Fundur með S-line“. Var fundarefnið eftirfarandi: „Fara yfir samninga“.⁴⁶⁰⁴ (E)frkvstj-flutnkerf vísaði þannig til samninga fyrirtækjanna í fleirtölu og er það í samræmi við gögn málsins um samskipti og samninga um aukið samstarf fyrirtækjanna á þessum tíma, sbr. t.d. verkefni á verkefnalista sem (S)forstj sendi sér 2. nóvember 2008: „Eimskip-nýir samningar“. Er þetta því í samræmi við önnur samtímagögn og að umræðuefni fyrirtækjanna á þessum fundum hafi tekið til fleiri verkþátta „Nýtt upphaf“ verkefnisins en samstarfs í Norður-Ameríku flutningum. Þá er í

⁴⁶⁰² Samninginn er m.a. að finna í afrituðu tölvuskjali frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.477533.

⁴⁶⁰³ Sbr. t.d. tölvupóstur [...] til [...], dags. 05.10.2008, þar sem fundur fyrirtækjanna daginn eftir var undirbúinn. Þar átti m.a. að ræða „Gámamál í USA“, sbr. einnig tölvupóst [...] til [...] og [...] (afrit til [...]), dags. 10. og 11. desember 2008.

⁴⁶⁰⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.696670.



kafla 11.19.2. gerð grein fyrir því að samhliða endurnýjun á Norður-Ameríku samningnum átti að skoða samstarf fyrirtækjanna í vöruhúsaþjónustu í Norður-Ameríku (og vöruhúsaafslátt).

9021. Í kafla 11.19.2. er jafnframt rakið að Samskip og Eimskip hafi eftir undirritun samningsins haldið samstarfi eða fyrirkomulagi fyrir „*utan samning*“, þ.e. a.m.k. eftirfarandi samstarfi eða fyrirkomulagi:⁴⁶⁰⁵
- Staðsetning Eimskips á tónum kæli- og frystigámum fyrir Samskip frá Boston til Richmond án endurgjalds. Af upplýsingum frá Samskipum má ráða að í þessu fólst að (S)forstö-innfl1 vildi tryggja að milli fyrirtækjanna væri áframhaldandi sameiginlegur skilningur á því að Eimskip myndi án endurgjalds flytja gáma Samskipa milli hafna í Bandaríkjunum sem tengdust flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku.⁴⁶⁰⁶
 - Tekið út úr samningi og haft sér samkomulag milli aðila um greiðslufyrirkomulag, þ.e. að Samskip hf. önnuðust greiðslur til Eimskips fyrir Samskip Inc. samkvæmt Norður-Ameríkusamningnum.
9022. Það samstarf sem fyrirtækin héldu fyrir „*utan samning*“ var ekki tilkynnt til samkeppnisyfirvalda þegar þau sóttu um undanþágu fyrir samningnum 26. janúar 2009.
9023. Hér má nefna að í Norður-Ameríku samningi fyrirtækjanna frá desember 2010 var sama háttalagið hjá stjórnendum fyrirtækjanna. Fyrirtækin gerðu þá „*hliðarsamning*“ við Norður-Ameríku samning þeirra sem hvorki var afhentur FMC né Samkeppniseftirlitinu, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.
9024. Líkt og rakið er í ákvörðun þessari fólst í þessu samstarfi Samskipa og Eimskips um Norður-Ameríkuflutninga reglubundin og umfangsmikil samskipti allt rannsóknartímabilið. Áréttá ber að samvinna í Evrópu- og Norður-Ameríku flutningum og samvinna tengd gámum féll beint undir „*Nýtt upphaf*“ verkefnið og er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að endurnýjun fyrirtækjanna á Norður-Ameríkusamningnum í janúar 2009 og samskipti tengd því á seinni hluta árs 2008 og byrjun árs 2009 hafi verið liður í framkvæmd á því verkefni. Þau samskipti eru nánar rakin í köflum 11.18 og 11.19. og vísast til þeirrar umfjöllunar. Þar er varpað ljósi á það að þessa fundi sátu lykilstjórnendur hjá fyrirtækjunum sem m.a. komu að samkeppnislegri stefnumörkun þeirra og tóku ákvarðanir um verðlagningu á viðkomandi þjónustu. Af því er dregin sú ályktun að á þessum fundum hafi Samskip og Eimskip haft tækifæri til að ræða hvers konar málefni sem tengdust flutningastarfsemi og hinu samfellda samráði fyrirtækjanna.
9025. Samskipti Samskipa og Eimskips drógu úr óvissu og sjálfstæði þeirra sem keppinauta m.a. varðandi verðlagningu til viðskiptavina. Styrktu þau framkvæmd samráðsins og til varð á markaðnum það ólögmeata ástand sem nefnt var í samtímagögnum „*friðurinn*“. Í því fólst markaðsskipting um mikilvæga viðskiptavinum sem gaf fyrirtækjunum tækifæri á að verjast verðlækkunum og skapaði jafnframt möguleika á verðhækkunum.
9026. Við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga veittu hvorki Samskip né Eimskip upplýsingar um fundinn 7. janúar 2009.⁴⁶⁰⁷ Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins fannst hvorki fundargerð né minnisþingtar sem teknir voru saman á fundinum.
9027. Á meðal gagna málsins eru jafnframt samtímagögn sem sýna reglubundna framkvæmd á samráði Samskipa við Eimskip í sjóflutningunum á árinu 2009. Nefna má hér dæmi um slík samskipti á árinu 2009.

⁴⁶⁰⁵ Tölvupóstasamskipti [...] og [...], dags. 21. og 28.10.2008 og 05.-06.11.2008; [...] og [...], dags. 8.-10.12.2008 og tölvupóstur [...] til [...], afrit til [...], [...] og [...], dags. 30.12.2008, kl. 13:52.

⁴⁶⁰⁶ Mgr. 1102 í athugasemdum Samskipa við AI og mgr. 15 – 19. í bréfi Samskipa, dags. 24.02.2023.

⁴⁶⁰⁷ Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.



- (S)frkvstj-millilandasv sendi tölvupóst 19. mars 2009 til m.a. (S)forstj, (S)forstö-útfli og (S)forstö-innfl1. Síðar sama dag framsendi hann tölvupóst sinn til (E)frkvstj-EimÍsl.⁴⁶⁰⁸ Í honum gerði hann athugasemdir við þjónustu Eimskips í Norður-Ameríku siglingum.
- Á verkefnalista (E)forstj 24. apríl 2009 var verkefnið „Re visit the Samskip Contract“ á lista undir liðnum „Operation“ og átti að koma til vinnslu í maí 2009. Af þessu samtímagagni leiðir að forstjóri Eimskips ætlaði að endurskoða „samninginn“ við Samskip. Á þessum tíma var í gildi m.a. nýr samningur við Samskip um Norður-Ameríku siglingar og „neyðarsamkomulagið“, auk samstarfssamningar um leigu og lán á gámum og vegna samstarfs í landflutningum.
- (E)forstö-innfl1 sendi tölvupóst til (S)forstö-innfl1 6. maí 2009 sem hófst með orðunum „Sæll félagi“. Í honum óskaði hann eftir því að Samskip myndu fella niður tiltekin gjöld á Eimskip vegna flutninga fyrir Aðföng. Benti hann m.a. á þetta:
„Það er ekki nýtt af nálinni að gámar séu fluttir með öðrum okkar en varan hýst af hinum en ég hef aldrei orðið var við að losun eða önnur slík umsýsla væri greidd af okkur eða ykkur sem flutningsaðila
Heyri frá þér.“
(S)forstö-innfl1 svaraði daginn eftir og kvaðst vera í fríi og myndi skoða þetta í næstu viku. Það gerði hann og sendi (E)forstö-innfl1 tölvupóst 15. maí 2009 og í honum segir:
*„Við munum bakfæra þetta á ykkur. Þið eigið ekki að greiða þetta.“*⁴⁶⁰⁹
- (S)frkvstj-N-Am sendi tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-Jóna 23. september 2009. Greindi hann frá því að hann hefði verið að „hlera Eimskip“ og upplýsti um fyrirhugaðar breytingar á áætlun Eimskips.⁴⁶¹⁰
- Þann 20. október 2009 voru (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl1 í tölvupóstsamskiptum vegna flutninga frá Halifax í Kanada (26 gámar). Af samskiptunum má ráða að gámar Samskipa hafi ekki verið bókaðir með skipi Eimskips. Það (S)forstö-innfl1 (E)forstö-innfl1 um að hafa samband við sína samstarfsmenn í Kanada „og togaðu í einhverja spotta“. (E)forstö-innfl1 svaraði daginn eftir: „Ég gaf í gær fyrirskipun til Kanada með copy til [(E)frkvstj-N-Am] um að samþykkja þessa bókun og staðfesta við ykkur. Ég fylgi því eftir er nær dregur.“ (S)forstö-innfl1 svaraði: „Takk kærlega fyrir þetta“.⁴⁶¹¹
- Þann 28. október 2009 sendi (E)forstö-innfl1 aftur tölvupóst til (S)forstö-innfl1 varðandi samstarf fyrirtækjanna í siglingum.⁴⁶¹²

16.3.4. Undanþága veitt á grundvelli rangra og villandi upplýsinga

9028. Þann 26. janúar 2009 sendu Samskip og Eimskip erindi til Samkeppniseftirlitsins og óskuðu eftir undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga vegna þeirrar samvinnu sem fólst í samningnum 7. janúar 2009, sbr. þágildandi 15. gr. laganna. Var því haldið fram að þessi samvinna myndi hafa jákvæð áhrif á samkeppni og gera Samskipum betur kleift að keppa við Eimskip. Var staðhæft að markmið „umbjóðenda okkar með samningnum er að samkeppni ríki á viðkomandi markaði reglubundinna beinna sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku, til hagsbóta fyrir neytendur.“

⁴⁶⁰⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.580818.

⁴⁶⁰⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.742492. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.535209. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.744728.

⁴⁶¹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.437095.

⁴⁶¹¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.600098.

⁴⁶¹² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.779843.



9029. Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2009, dags. 22. desember 2009, var samningi Samskipa og Eimskips 7. janúar 2009 veitt undanþága frá samráðsbanni 10. gr. samkeppnislaga með gildistíma til 31. desember 2010. Fram að þeim tíma var hins vegar engin undanþága í gildi.
9030. Sú undanþága sem veitt var með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2009 var aftur á móti veitt á grundvelli ófullnægjandi, rangra eða villandi upplýsinga frá Samskipum og Eimskip, sbr. nánari umfjöllun í kafla 34.
9031. Í undanþágubeiðni Samskipa og Eimskips voru ekki veittar neinar upplýsingar um samstarf, samvinnu eða gagnkvæm viðskipti fyrirtækjanna sem hafði þá þegar átt sér stað og var enn í framkvæmd er undanþágubeiðnin var send Samkeppniseftirlitinu 26. janúar 2009, sbr. umfjöllun í köflum 5 – 11 og kafla 13. Þá var heldur ekki upplýst að samningur fyrirtækjanna væri einn liður af mörgum í umfangsmiklu samráði þeirra sem hófst um mitt ár 2008, með „Nýtt upphaf“ verkefninu. Auk þess var ranglega gefið til kynna að samkeppni ríkti á milli fyrirtækjanna og að markmið samstarfsins væri að auka samkeppni og bæta hag neytenda. Enn fremur var haldið frá samkeppnisyfirvöldum mikilvægum upplýsingum til að leggja mat á þau nánú tengsl og samskipti sem höfðu myndast á milli tiltekinna starfsmanna og stjórnenda fyrirtækjanna.
9032. Til viðbótar ber að horfa til þess að í undanþágubeiðninni upplýstu fyrirtækin með röngum og villandi hætti að samningurinn væri efnislega sambærilegur samningnum sem fjallað var um í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2003. Segir svo að samningsaðilar „*munu sjálfir sinna áfram öllum öðrum þáttum flutninga en þeim sem samningurinn tekur til*“. Átti þessi lýsing í undanþágubeiðninni ekki við rök að styðjast, enda var samstarf fyrirtækjanna langt umfram það gildissvið sem samningurinn afmarkaði og sem var grundvöllur undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga. Þannig áttu fyrirtækin til að mynda samstarf um aðra órjúfanlega þætti flutninga. Í því sambandi vísast meðal annars til samkomulags um leigu og lán á gámum, sbr. umfjöllun í köflum 8.17.1, 8.17.16, 10.6.2 og 17, landflutninga (for- og áframflutninga), sbr. umfjöllun í kafla 18, og skipaafgreiðslu, sbr. kafla 19.
9033. Í undanþágubeiðninni upplýstu fyrirtækin heldur ekki um samstarf og samskipti sem haldið var „*utan samnings*“ vegna Norður-Ameríku samstarfsins, þrátt fyrir að þau atriði hefðu bein tengsl við samstarfið og samninginn, sbr. umfjöllun í köflum 10.2, 10.5.1, 10.6.2 og 11.19.2.
9034. Í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnis Eimskips og Samskipa var samstarf í Norður-Ameríku flutningum aukið sem fólst í því að fyrirtækin tóku upp í samninginn 7. janúar 2009 samstarf um notkun á gámum á þessari flutningaleið, sbr. nánar hér á eftir. Fyrirtækin gáfu því rangar upplýsingar í undanþágubeiðninni þegar þau staðhæfðu að samningur fyrirtækjanna væri efnislega sambærilegur fyrri samningi þeirra sem fjallaði hafði verið um í ákvörðun nr. 11/2003.
9035. Þar að auki var það eitt af skilyrðum samkeppnisyfirvalda fyrir veitingu framangreindra undanþága (þ. á m. ákvörðun nr. 46/2009) að Samskip og Eimskip tilkynntu samkeppnisyfirvöldum „*um allar breytingar á verði og viðskiptaskilmálum í flutningum til og frá Norður-Ameríku svo og aðrar breytingar á samkomulagi félaganna eða nýja samninga sem kunna að verða gerðir þeirra á milli*.“ Engar tilkynningar bárust um t.d. „*neyðarsamkomulagið*“ eða viðbót við það eða um aukið samstarf Eimskips við Jóna, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.
9036. Samtímagögn sýna að Samskip virtu ekki umrætt skilyrði. Með hliðsjón af umfjöllun um víðtækt samráð Samskipa og Eimskips, þ. á m. nýja samninga, sbr. m.a. kafla 17 og 18 í ákvörðun, er ljóst að að fyrirtækin áttu í samstarfi og gerðu samninga sem var hvorki upplýst um í undanþágubeiðnum þeirra til samkeppnisyfirvalda né tilkynnt um á meðan undanþágur voru í gildi líkt og skilyrði var gert um í forsendum þeirra.



9037. Var þetta til þess fallið að afvegaleiða samkeppnisyrirvöld. Sé tekið mið af þeim gögnum sem hefur verið aflað við rannsókn Samkeppniseftirlitsins er ljóst að samkeppnisyrirvöld höfðu ekki forsendur til að leggja rétt mat á aðstæður á markaði og stöðu skipafélagana og samkeppni þeirra á milli þegar undanþága var veitt vegna samstarfs fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum.

16.4. Evrópuflutningar

16.4.1. Samstarf fyrir árið 2008

9038. Í kafla 5.4 hefur verið fjallað um samstarf Eimskips og Samskipa í Evrópuflutningum, svokallað „Neyðarsamkomulag“ en þann 30. nóvember 2001 undirrituðu fyrirtækin samkomulag sem þau nefndu „Trúnaðarmál Neyðarsamkomulag“. Tók samkomulagið til flutninga milli Íslands og Evrópu og milli hafna í Evrópu.

9039. Samkvæmt orðalagi samkomulagsins tók það nánar tiltekið til samstarfs um „*gámaflutninga með skipum félaganna*“ sem „*skapast vegna bilana skips, strands og annarra svipaðra óviðráðanlegra orsaka svo og flutningum á tómum einingum.*“ Flutningsgjöldin sem tiltekin voru í samningnum tóku til flutninga „*innan Evrópu og til og frá Íslandi.*“ Var samningurinn ótímabundinn en unnt að segja honum upp með fjórtán daga fyrirvara.

9040. Samkvæmt orðalagi „*neyðarsamkomulagsins*“ tók það til tvenns konar tilvika. Annars vegar þegar strand eða aðrar óviðráðanlegar orsakir kæmu í veg fyrir flutning á fullum gámum og hins vegar gilti samkomulagið almennt um flutninga á tómum gámum. Gildissvið samningsins var á hinn bóginn mun rýmra. Tók samkomulagið ekki aðeins til flutninga vegna óviðráðanlegra orsaka heldur einnig til venjulegra flutninga, þ.e. til almennra sjóflutninga félaganna milli Íslands og annarra Evrópuríkja. Var flutningsgjald ákveðið fyrir þá flutninga: „*2x fyrir venjulegan flutninga*“, þ.e. *tvöfalt „neyðarverð“* og var það handskrifað á samkomulagið. Í þessu sambandi ber að rifja upp að samkomulagið var af framkvæmdastjóra hjá Eimskip nefnt „*samstarfssamningur vegna Evrópu*“.

9041. Við upphaf hins ólögmeta „*Nýtt upphaf*“ verkefnis Samskipa og Eimskips í júní 2008 hafði þannig verið í gildi frá árinu 2001 ólögmetur leynilegur samningur milli fyrirtækjanna um Evrópuflutninga. Upplýstu fyrirtækin aldrei samkeppnisyrirvöld um samkomulagið og engin undanþága samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga var í gildi vegna þessa.

9042. Líkt og rakið hefur verið var á sama tímabili í gildi samkomulag á milli Samskipa og Eimskips um flutninga á sjóleiðinni milli Íslands og Norður-Ameríku. Samkeppnisyrirvöld veittu því samstarfi undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga og gilti hún til 31. ágúst 2004, sbr. framanritað. Á þessum tíma var því til staðar samstarf milli Samskipa og Eimskip bæði í flutningum milli Íslands og og frá Norður-Ameríku, til og frá öðrum Evrópuríkjum og innan hafna í Evrópu.

16.4.2. Liður í „*Nýtt upphaf*“ verkefninu

9043. Eins og áður hefur komið fram hófu Samskip og Eimskip aukið samráð eftir fund þeirra 6. júní 2008 og ákváðu að hefja hið ólögmeta „*Nýtt upphaf*“ verkefni. Einn þáttur í samráði fyrirtækjanna tók til takmörkunar á flutningsgetu og aukins samstarfs í sjóflutningum, þ. á m. milli Íslands og Evrópu.

9044. Líkt og fram kemur í kafla 7.5.5, sbr. einnig hér að framan, var í glærुकyningunni vegna „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins fjallað um siglingakerfi og samstarf í Evrópuflutningum. Þessu tengt áttu Samskip og Eimskip samskipti um að gera sín á milli víðtækan „*almennan slot sharing samning*“. Í þessu sambandi unnu fyrirtækin m.a. að því sem þau nefndu *útvíkkað* neyðarsamkomulag.



9045. Rétt er að rifja upp og vísa til umfjöllunar í kafla 8.19 þar sem fjallað er um atvik í október 2008, m.a. þegar (S)forstj lagði fyrir (S)forstö-innfl1 að ræða við Eimskip um „*almenn slotverð*“ og (S)frkvstj-millilandasv lagði til við (E)frkvstj-flutnkerf að Samskip og Eimskip myndu gera víðtækan samstarfssamning í siglingum til og frá Íslandi („*almennur slot sharing samningur*“) og (E)frkvstj-flutnkerf svaraði með því að lýsa yfir að Eimskip væri tilbúið „*að skoða allt*“.
9046. Vísast hér einnig til umfjöllunar í kafla 9.12.2 um „*útvíkkað neyðarsamkomulag*“ en í því fólst aukið samstarf í sjóflutningum, líkt og heiti þess gefur til kynna. Í drögum að hinu útvíkkaða neyðarsamkomulagi, sem (S)frkvstj-millilandasv sendi (E)frkvstj-flutnkerf 20. október 2008, sagði m.a. að markmið þess væri að „*nýta flutningakerfi hvors annars í meira mæli en áður*.“ Samningurinn átti þannig ekki einvörðungu að taka til flutninga sem myndu skapast vegna bilana skipa, strands eða annarra óviðráðanlegra orsaka, heldur einnig til almennra flutninga fyrirtækjanna án skilyrða.
9047. Þann 17. desember 2008 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)forstö-innfl. Í honum kom fram að (S)forstö-innfl1 væri „*með gamlan flutningsreikning sem er ógreiddur vegna ágreinings*.“ Sagði að þessi ágreiningur tæki til uppskipunar (uppskipunargjald). (S)forstö-innfl1 bætti svo við: „*Ég hef látið gefa 50% afslátt af henni. Þið fáið sendan nýjan reikning*“.⁴⁶¹³
9048. (E)forstö-innfl svaraði samdægurs og í tölvupósti hans sagði: „*Þessi flutningur er fyrir mína tíð hér en spurning hvort þú manst eftir þessu héðan? En er ekki eðlilegast að notast við neyðarsamkomulagið frá 2001 x 2 og gate/gate eins og venjan hefur verið? Við höfum mér vitanlega ekki innheimt svona upphæðir hjá ykkur fyrir það sem við höfum flutt fyrir ykkur*“.⁴⁶¹⁴
9049. Síðar sama dag svaraði (S)forstö-innfl1 tölvupósti (E)forstö-innfl: „*Auðvitað er það eðlilegt. Skoðaði ekki fraktina. Kíkti bara að commentið frá RTJ. Laga fraktina líka*“.⁴⁶¹⁵
9050. Líkt og áður segir vísar „*Neyðarsamkomulagið x 2*“ til samvinnu fyrirtækjanna um „*venjulega*“ flutninga til og frá Evrópu. Höfðu þau náð saman um verð að því leyti. Umrætt verð var handskrifað á eintakið af samkomulaginu frá 2001, sbr. það sem áður hefur komið fram.
9051. Áréttá ber að samvinna í Evrópu- og Norður-Ameríku flutningum og samvinna tengd gámum féll beint undir „*Nýtt upphaf*“ verkefnið og er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að öll samskipti því tengd hafi verið liður í framkvæmd á því verkefni. Þessi samskipti Eimskips og Samskipa drógu jafnframt úr óvissu og sjálfstæði þeirra sem keppinauta m.a. varðandi verðlagningu til viðskiptavina. Styrktu þau framkvæmd samráðsins og til varð á markaðnum það ólögmetta ástand sem nefnt var í samtímagögnum „*friðurinn*“.
9052. Samstarf Samskipa og Eimskip vegna Evrópuflutninga var í gildi allt rannsóknartímabil málsins. Fyrirtækin undirrituðu nýtt „*neyðarsamkomulag*“ 9. desember 2010 um leið og þau undirrituðu nýjan samning um samstarf vegna flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Var gildissvið hins nýja evrópusamnings orðað með rýmri hætti en í upphaflegri útgáfu eldra „*neyðarsamkomulagsins*“. Tók samkomulagið nú til flutninga vegna „*verulegrar röskunar á áætlun*“ en var ekki lengur samkvæmt orðalagi sínu bundið við flutninga vegna „*óviðráðanlegra orsaka*.“ Náði gildissvið samningsins til venjulegra flutninga óháð neyð. Vísast um þetta til umfjöllunar hér á eftir og kafla 5.4.
9053. Samráði Samskipa og Eimskips tengdu Evrópuflutningum var eðli málsins samkvæmt haldið leyndu fyrir samkeppnisyfirvöldum. Fóru Samskip og Eimskip ekki að fyrirmælum í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2003 um að tilkynna samkeppnisyfirvöldum um „*alla samninga*“ sem fyrirtækin gerðu sín á milli og

⁴⁶¹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.702598.

⁴⁶¹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.702806.

⁴⁶¹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.702810.



um breytingar á þeim. Sama er að segja um samskonar fyrirmæli sem fram komu í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2009. Það var ekki fyrr en Samkeppniseftirlitið bar undir fyrirtækin samtímagögn þeirra með birtingu AI að fyrirtækin greindu frá því að á rannsóknartímabilinu hafi verið í gildi samningur sem tók til venjulegra flutninga. Í sátt Eimskips og Samkeppniseftirlitsins 16. júní 2021 viðurkennir Eimskip „að hafa brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga með því að hafa ekki veitt nauðsynlegar eða réttar upplýsingar eða afhent gögn í þágu rannsóknar Samkeppniseftirlitsins.“ Nánar er fjallað um ranga upplýsingagjöf Samskipa um „neyðarsamkomulagið“ í kafla 25.1.2 og kafla 23 í ákvörðun þessari um brot gegn 19. gr. samkeppnislaga.

9054. Í athugasemdum Samskipa við AI er staðfest að samningur við Eimskip hafi verið „í gangi frá árinu 2001“ og það svo endurnýjað árið 2010. Fyrirtækið mótmælir því á hinn bóginn að þessi samningar við Eimskip hafi brotið gegn samkeppnislögum. Ekki er fallist á þessar athugasemdir Samskipa, sbr. umfjöllun í kafla 25.1.

9055. Samstarf Samskipa og Eimskips í Evrópuflutningum var áfram í gildi á árinu 2009 og sýna samtímagögn framkvæmd á grundvelli „neyðarsamkomulagsins“. Þau gögn staðfesta enn frekar að umrætt samkomulag tók einnig til „venjulegra flutninga“.

9056. **(S)viðskstj**, viðskiptastjóri hjá innflutningsdeild Samskipa, sendi 27. maí 2009 tölvupóst til starfsmanns TVG, dótturfélags Eimskips. Í honum sagði:

„[...] í framhaldi af samtali okkar fyrr í dag þá óska ég eftir að þú sýnir okkur skilning og gefir okkur ásættanlegt verð í þessa sendingu - t.d. e-h nálægt „one off“ tilboðum hjá ykkur, ég fer ekki fram á meira. Það er alveg ljóst að það gerist bæði hjá ykkur, okkur og Eimskip að það detta inn sendingar - ég veit ekki betur en að það hafi verið fullur skilningur hjá okkur og Eimskip að stilla verðlagningunni í hóf.

Í gildi er samningur milli Samskip og Eimskip um Ameríkuflutninga svo og "neyðarsamningur" sem þú vafalaust getur fengið staðfest hjá „collegum“ þínum í Eimskip, þó svo að þetta geti ekki flokkast undir neyðartilvik þá veit ég að á e-h tímapunkti þarft þú/þið að leita á sama hátt til okkar í svipuðum tilfellum - ég trúir því ekki að þú viljir að við notum flöt verðskráverð í málum sem mögulega koma inná okkar borð í framtíðinni, gagnvart ykkur !!

*með von um að þú staðfestir leiðréttingu á þessum reikningi.*⁴⁶¹⁶

9057. **(S)viðskstj** sendi annan tölvupóst til þessa starfsmanns TVG þann 11. júní 2009 vegna þessa sama máls og í honum segir: „[...] var Stjórnin búinn að fá erindið inná borð hjá sér og úrskurða ? Vinsamlegast gefðu mér svar a.s.a.p. hvort þið hafið komist að niðurstöðu!“⁴⁶¹⁷

9058. **(S)forstö-innfl1** var sent afrit af þessum tölvupóstum undirmanns hans til dótturfélags Eimskips.

9059. Þann 7. ágúst 2009 fékk **(E)frkvstj-sala/þj**, sem þá hafði nýlega tekið við stöðu framkvæmdastjóra sölu- og þjónustu hjá Eimskip, sent eintak af Norður-Ameríku samningnum frá janúar 2009. Spurði **(E)frkvstj-sala/þj** samstarfsmann sinn í kjölfarið hvort til væri eintak af samningi við Samskip vegna flutninga til og frá Evrópu: „[...] eigum við líka á file samstarfssamning við þá vegna Evrópu?“⁴⁶¹⁸

⁴⁶¹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.747691.

⁴⁶¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.750596.

⁴⁶¹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.261680.



9060. Hann fékk eftirfarandi svar frá samstarfsmanni sínum: „Ég á ekki formlegan samning vegna Evrópu- hef ekki séð hann ennþá. En hingað til höfum við verið að vinna á svokölluðu Neyðarsamkomulagi og það er hér í viðhengi. Verðin sem eru handskrifuð [til hægri] eru í gildi.“⁴⁶¹⁹
9061. Meðfylgjandi var umrætt neyðarsamkomulag með hinu handskrifaða verði fyrir m.a. hina „venjulegu“ flutninga.⁴⁶²⁰

TRÚNADARMÁL
Neyðarsamkomulag um gámaflutninga.

Eimskip og Samskip gera með sér eftirfarandi samkomulag um gámaflutninga með skipum félaganna.

Samningurinn tekur til flutninga sem skapast vegna bilana skips, strands og annarra svipaðra óviðráðanlegra orsaka svo og flutninga á tónum einingum. Samkomulagið gildir svo framfarlega sem að viðkomandi félag geti komið flutningunum við.

Flutningsgjöld verði eftirfarandi:

Innan Evrópu og til og frá Íslandi: *frá venjulegum flutningum*

	20°DC	40°DC	20°RF	40°RF
Fullir gámar	510 1020	766 1532	613 1226	868 1736
Tómir gámar	307 614	434 868	307 614	434 868

Upphæðir í EUR

Innifalið í ofangreindum flutningsgjöldum er flutningur úr staðu í losunarhöfn í staðu í losunarhöfn þess skipafélags sem annast flutninginn. Móttaka af bíl og afhending á bíl er einnig innifalin í flutningsgjaldi (Gate / Gate flutningur).

Útskipun og uppskipun á Íslandi og THC erlendis er innifalið í flutningsgjaldi.

Innifalið í flutningsgjaldi er einnig 3ja daga geymsla á gærnavelli á báðum endum.

Vörugjöld greiðast sérstaklega af þjónustukaupanda á flutningum milli Íslands og annarra landa svo og milli hafna í Evrópu.

Samkomulag þetta gildir þar til að annar hvor aðili samkomulagsins segir því upp með 14 daga fyrirvara.

Reykjavík, 30.11.2001.

F.h. *[Handwritten Signature]* Félags Íslands hf. P.h. Samskipa hf.

9062. (E)frkvstj-sala/pj fjallaði aftur um „neyðarsamkomulagið“ síðar í ágúst 2009. (E)frkvstj-skiparekst sendi tölvupóst til (E)forstj og (E)frkvstj-sala/pj 19. ágúst 2009 með heitinu „Samskip – Contracts“. Í tölvupósti sínum fjallaði (E)frkvstj-skiparekst um „neyðarsamkomulagið“ og möguleika á „slott“ samstarfi við Samskip „utan neyðar.“ Bent (E)frkvstj-skiparekst á að hvað Evrópu varðaði væri í gildi

⁴⁶¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.261750.

⁴⁶²⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.261750.



„neyðarsamningur“, en enginn samningur ef annar hvor aðilinn þyrfti að „slotta“ með hinum frá einstökum höfnum, einhverra hluta vegna, utan neyðar.

9063. Í svari (E)frkvstj-sala/þj lagði hann til að Eimskip hefði frumkvæðið að því að hafa samband við Samskip með það fyrir augum að endurnýja flutningasamkomulag þeirra vegna Evrópuflutninga („neyðarsamkomulagið“). Í tölvupóstinum sagði m.a.: „Það væri gott og tímabært að endurnýja neyðarsamninginn og athuga vel með að bæta inn möguleikum á raunhæfum verðum þegar ekki er um hrein neyðartilfelli að ræða. Getur gagnast okkur og sparað töluvert t.d. hefðum við getað nýtt okkur þá inn til VES og fengið skip án krana mun ódýrara en Celia ef raunhæfari verð hefðu staðið til boða. Svo er spurning hver reynsla okkar er af USA samningnum hann er eins og (E)frkvstj-skiparekst segir up for review núna í December. Hvernig tökum við þetta áfram?“⁴⁶²¹ Þá sagði einnig: „Eðlilegast að við [...] nálgumst þá [Samskip] bara spurning hvort það eigi að vera ég [(E)frkvstj-sala/þj] og þú [(E)forstö-innfl] ég og (E)forstj eða allir (sem er líklega of mikið“). Lagði (E)frkvstj-sala/þj þannig til að Eimskip myndi hafa samband við (S)frkvstj-millilandasv eða (S)forstö-innfl1 hjá Samskipum samhliða því að Norður-Ameríku samningur fyrirtækjanna yrði endurskoðaður seinna á árinu 2009.
9064. Í þessu samhengi ber að líta til þess að (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna, framkvæmdastjóri Jóna, skipulögðu að hittast 16. nóvember 2009.⁴⁶²² Við rannsókn málsins hefur ekki fundist fundargerð eða punktar frá fundinum. Umrædd afhent gögn sýna að þeir hafi ráðgert að ræða samstarf Eimskips og dótturfélags Samskipa, Jóna, sem tengdist sjóflutningum til og frá Bretlandi (Immingham).⁴⁶²³ Er þetta til vitnis um áframhaldandi samvinnu í siglingum.
9065. Þennan sama dag og (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna ætluðu að hittast, 16. nóvember 2009, sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)forstö-innfl með heitinu „Gámaleigureikningur“. Í honum sagði:
9066. „Getur þú aðstoðað mig með þennan reikning. TVG er að senda okkur gámleigureikning þar sem þeir rukka \$41 per dag og 0 frídaga. Eins og þú veist þá er þetta bara móðgun og ég nenni ekki að fara að rífast við [(E)frkvstj-TVG] eða [(S)frkvstj-Jóna] varðandi þetta. Það koma alltaf bara einhverjir stælar frá þeim. Það verður að vera einhver lína á milli fyrirtækjanna, þ.e. Eimskip/TVG og Samskip/Jónar, varðandi gámaleigufríðindi. Spurningin er bara hvers konar samkomulagið við eigum að vinna eftir. Við erum að vinna eftir ákveðinni línu í USA samningnum. Á það að gilda fyrir aðra gáma líka? Hver er þín skoðun á þessu? Heyri í þér“.
9067. (E)forstö-innfl svaraði þessum tölvupósti sama dag:
- „Þetta er svolítið illviðráðanlegt þar sem um er að ræða gáma sem eru ekki á okkar vegum þ.e. þetta kemur CFR til Íslands frá Rtm en áður með Deep Sea Línu. Eins og þú væntanlega þekkir fellur þetta undir svo kallaða Express gáma hjá okkur og erum við að rukka okkar viðskiptavinum um það sama og þú ert rukkaður af TVG fyrir slíka gáma. Mér sýnist þú fá rúma viku í frídaga.
- Það er allt annað mál með gáma í okkar eigu eða í langtímaleigu. Þar er sjálfsagt að skoða gagnkvæmt samkomulag um fríðindi og verð.
- En ég skal leggjast undir feld og skoða hvort eitthvað er hægt að gera.“⁴⁶²⁴
9068. Daginn eftir sendi (S)forstö-innfl1 á ný tölvupóst til (E)forstö-innfl vegna þessa:

⁴⁶²¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.267267.

⁴⁶²² Afhent tölvupóstsamskipti frá Eimskip 10.01.2018. [...].

⁴⁶²³ Afhent tölvupóstsamskipti frá Eimskip 10.01.2018. [...]. Með þessum samskiptum [...] afhenti Eimskip óundirritaðan skriflegan samning. „Samningur 4618.pdf“

⁴⁶²⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.785266.



„Við vitum að bæði við og þið eruð að borga ca 5-10 USD fyrir þessa gáma á dag. Það er síðan verið að rukka okkur um 42 USD. Erú þið ekki til í að semja um einhver fríðindi á þessum gámum?“⁴⁶²⁵

9069. Dæmi um framkvæmd á þessu samkomulagi á árinu 2010 er að finna í samskiptum (S)forstö-útfli við undirmenn í mars 2010. Þannig sendi (S)viðskstj4 þann 11. mars 2010 tölvupóst til (S)forstö-útfli og spurði hvort hann væri með „verð frá Eimskip“ á útflutningi frá Reyðarfirði til Immingham í Bretlandi. Hann þyrfti að senda gám með Eimskip. (S)forstö-útfli svaraði og sagði að í gildi væri samkomulag við Eimskip en hann þekkti ekki verðið.⁴⁶²⁶ (S)kostneftirl sendi síðan tölvupóst og gerði grein fyrir því verði sem gildi milli Samskipa og Eimskips. Var það áður nefnt handskrifað verð sem gildi fyrir „venjulegan flutning“.⁴⁶²⁷
9070. Framangreint sýnir að af samvinnu fyrirtækjanna í sjóflutningum leiddu margvísleg ólögmæt upplýsingaskipti milli þessara keppinauta. Vísað var til þessa samstarfs í umræðu um verð og rætt um nauðsyn á „ákveðinni línu“ milli fyrirtækjanna. Var þetta til þess fallið að hafa skaðleg áhrif á samkeppni og var hluti af samfelldu samráði fyrirtækjanna.

16.5. Annað samstarf í sjóflutningum sem leiddi af „Nýtt upphaf“ verkefninu

9071. Breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu Samskipa og Eimskips á seinni hluta 2008 sköpuðu tiltekin viðfangsefni. Samtímagögn sýna að nauðsynlegt var fyrir Samskip og Eimskip að leysa saman þessi viðfangsefni til að tryggja að hið ólögmæta samráð fyrirtækjanna myndi skila sem mestum ábata fyrir þau.
9072. Eitt dæmi um slíkt viðfangsefni var að takmörkun Samskipa á flutningsgetu og breyting á siglingaáætlun fól í sér að Samskip fluttu ekki lengur tóma gáma sjóleiðina frá Reykjavík (og Grundartanga) til Reyðarfjarðar. Þetta var þýðingarmikið viðfangsefni þar sem fyrirkomulag Samskipa vegna flutningaþjónustu fyrir Alcoa hafði fram að þessu m.a. byggt að hluta á því nota tæmda innflutningsgáma, sem langflestir komu til Suðvesturlands, til að flytja út ál Alcoa frá Reyðarfirði til aðallega Rotterdam.
9073. Í kafla 9.12.1 er því lýst að leyst var úr þessu með samstarfi Samskipa og Eimskips sem tók m.a. til flutninga Eimskips á tónum gámum Samskipa frá Reykjavík til Grundartanga og gámastýringar. Sökum m.a. þessa gekk upp hið ólögmæta samráð fyrirtækjanna sem tók til breytingar á siglingakerfum, takmörkunar á flutningsgetu og flutninga fyrir Alcoa. Er lýsandi fyrir samráðið að stjórnandi hjá Eimskip vísaði til Samskipa sem „félaganna“ og að Eimskip myndu annast þessa flutninga fyrir „félaganna“ frá Reykjavík til Reyðarfjarðar þegar „á þarf að halda“, sbr. tölvupóstur sem (E)frkvstj-skiparekst sendi m.a. (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-innanl 20. nóvember 2008. Í þessu fólst að Eimskip myndi vera til staðar fyrir Samskip til að tryggja að þessi þáttur hins ólögmæta samráðs gengi upp.
9074. Í kafla 9.12.1 eru samtímagögn rakin sem sýna að í september 2008 náðu Samskip og Eimskip saman um gagnkvæma flutninga milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar. Gögn frá nóvember 2008 staðfesta jafnframt að Eimskip ætlaði að virða það samkomulagi vegna þessara flutninga á gámum fyrir Samskip og önnur samtímagögn sýna að fram á árið 2013 var það stöðugt viðfangsefni fyrirtækjanna að stýra nýtingu gáma í Mjóeyrarhöfn og var algengt að skortur væri á tónum gámum á Reyðarfirði. Með vísan til þessa er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip og Eimskip hafi gert með sér samning um samstarf í flutningum á tónum eða fullum gámum frá Reykjavík til Mjóeyrarhafnar á Reyðarfirði og var

⁴⁶²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.786326.

⁴⁶²⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.958958.

⁴⁶²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.959001.



sá samningur í samræmi við markmið „Nýtt upphafs“ verkefnisins og hluti af ólögumætu samráði fyrirtækjanna um breytingu á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu.

9075. Annað viðfangsefni sem leiddi af takmörkun Eimskips á flutningsgetu og breyting á siglingaáætlun var að fyrirtækið hafði skert flutningsþjónustu milli Íslands og Færeyja og áfram til Bretlands og meginlands Evrópu. Þessu tengt vísast t.d. til umfjöllunar um vilja Samskipa og Eimskips til að auka samstarf sitt með drögum að „útvíkkuðu neyðarsamkomulagi“ í október 2008 og í samskiptum fyrirtækjanna við undirbúning þess, sbr. m.a. kafla 9.4 og 9.12.2.1. Þá vísast til þess að í tölvupóstum (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-millilandasv frá 16. október 2008, sbr. kafla 9.12.2, fjallaði hann, samhliða tillögu sinni um „útvíkkað neyðarsamkomulag“, um að breyta þyrfti verklagi innan Samskipa ef fyrirtækið ætlaði að fara „flytja meira“ með Eimskip, m.a. frá Reykjavík til Færeyja. Einnig lýsti hann viðræðum við (E)forstö-innfl um flutninga fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja. Í kafla 9.12.2.2 eru rakin samtímagögn sem sýna að á komst samstarf milli Samskipa og Eimskips um flutninga milli Reykjavíkur og Færeyja og sýna gögnin framkvæmd þess. Vísast hér t.d. til tölvupósts frá 27. október 2008 sem bar heitið „Flutningar til Færeyja“, sbr. nánari umfjöllun í kafla 9.12.2.2.

16.6. Samráð í sjóflutningum aukið enn frekar með samstarfi Eimskips og Jóna

9076. Samfelld ólögumætt samráð Samskipa og Eimskips var við lýði á árinu 2009 og tók það m.a. til áframhaldandi samstarfs í sjóflutningum.

9077. Fyrirtækin áttu í samstarfi vegna sjóflutninga til og frá Norður-Ameríku, til og frá Evrópu, milli Íslands og Færeyja og innan hafna á Íslandi (Reykjavík-Reyðarfjörður). Seint á árinu 2009 juku fyrirtækin við samráð sitt í sjóflutningum með samningi milli Eimskips og Jóna, dótturfélags Samskipa. Var það í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnis Samskipa og Eimskips. Verður nú vikið að þessu.

16.6.1. Aukið samstarf hefst í nóvember 2009

9078. Líkt og fyrr segir var samráð Samskipa við Eimskip í sjóflutningum aukið á árinu 2009 með samningi milli Eimskips og Jóna (Samskipa).

9079. Flutningsmiðlunin Jónar var alfarið í eigu Samskipa hf. Eru þessi félög hluti af sömu efnahagslegu einingu og því eitt og sama fyrirtækið í skilningi samkeppnislaga, sbr. kafla 1.1. Bæði Samskip og Jónar hafa upplýst Samkeppniseftirlitið um að Jónar starfi „í raun sem söludeild móðurfélagsins“. Hefur og komið fram hjá bæði Jónum og Samskipum að Jónar séu keppinautur Eimskips.⁴⁶²⁸

9080. Fjöldi samtímagagna staðfesta að samkomulag hafi komist á milli Eimskips og Jóna í nóvember 2009 um flutning Eimskips á gámum Jóna til og frá Íslandi. Með því samkomulagi var þannig aukið við það samráð Samskipa og Eimskips sem þegar var fyrir hendi í sjóflutningum á þessum tíma og lýst hefur verið hér að framan.

9081. Við munnlega upplýsingagjöf 17. september 2013 var (E)forstj inntur eftir því hvort starfsmenn Eimskips og Samskipa hefðu átt í samskiptum á síðastliðnum árum. (E)forstj svaraði:

„Nei, ekki, ekki svo ég viti annað en út af til dæmis Ameríkusamningnum og út af samningum frá Bretlandi. Það eru samningar sem að maður veit til að hafi verið sendir hingað⁴⁶²⁹ vegna þess að við höfum verið að reyna að fá ykkur til að setja grænt ljós að við megum gera samning við þá, vegna þess að við vitum stundum ekki hvoru megin við vegginn við eigum að vera, því að ef við gerum ekki samning

⁴⁶²⁸ Bréf frá Samskipum til Samkeppniseftirlitsins, dags. 10.04.2015, bls. 9-10. Bréf Jóna Transport til Samkeppniseftirlitsins, dags. 19.02.2009, bls. 2-4. Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 24.11.2017, bls. 8 (fyrir árin 2007-2013).

⁴⁶²⁹ [...] vísar hér til Samkeppniseftirlitsins.



þá gætum við líka verið kærðir fyrir að halda þeim fyrir utan, þannig að það er svolítið óþægilegt stundum að vera að skrifa undir samninga og ég held þeir hafi verið að biðja okkur að skrifa undir samning núna bara í gær eða fyrradag.“

9082. Sagði (E)forstj að annars vegar (E)frkvstj-sala/þj og hins vegar (S)forstö-útl og (S)forstj hefðu átt í samskiptum vegna framangreinds.⁴⁶³⁰
9083. (S)frkvstj-Jóna var framkvæmdastjóri Jóna. Við munnlega upplýsingagjöf 17. september 2013 var (S)frkvstj-Jóna inntur eftir því hvort starfsmenn Samskipa og Eimskips hefðu átt í samskiptum á síðastliðnum árum. (S)frkvstj-Jóna svaraði því til að það hefðu „örugglega“ verið samskipti út af Ameríkuflutningum og staðfesti síðan að Jónar hefðu keypt þjónustu af Eimskip vegna flutninga við kvikmyndaverkefni til og frá Bretlandi og Bandaríkjunum og vegna almennra flutninga frá Bretlandi.⁴⁶³¹
9084. Lýsti (S)frkvstj-Jóna því að hann hefði átt í samskiptum við m.a. (E)frkvstj-sala/þj vegna umræddra viðskipta Jóna við Eimskip. Einnig hefði hann átt bæði vinnutengd og persónuleg samskipti við (E)frkvstj-flutnkerf. Enn fremur hefði hann átt í samskiptum við (E)deildstj-TVG hjá TVG.
9085. Samkvæmt framansögðu greindi (E)forstj frá því að samskipti hefðu verið milli Eimskips og Samskipa út af „samningum frá Bretlandi.“ (S)frkvstj-Jóna greindi frá því að Jónar hefðu átt í samskiptum við Eimskip vegna m.a. „Ameríkuflutninga“ og „almennra flutninga frá Bretlandi“.
9086. Gögn málsins gefa til kynna að undirbúningur vegna flutninga frá m.a. Bretlandi hafi hafist eigi síðar en í nóvember 2009. Eins og fyrr greinir voru samskipti milli (S)frkvstj-Jóna og (E)frkvstj-sala/þj á þessum tíma. Þetta sést m.a. af tölvupósti sem (E)frkvstj-sala/þj sendi til (E)frkvstj-lögfr (afrit til (E)forstj) 12. nóvember 2009:
- „[...] Jónar voru í sambandi við mig og báðu um að fá að taka með okkur 1 gám í viku fram til jóla frá Immingham, ég bað um að fá senda fyrirspurn frá þeim á e-mail til að skoða en útilokaði ekkert í þessu. Vildi bera undir þig hvernig við ættum að standa að þessu ef af yrði, sbr. USA samning.“⁴⁶³²*
9087. (E)frkvstj-lögfr var yfirmaður lögfræðimála hjá Eimskip. Er ljóst að (E)frkvstj-sala/þj vildi fá leiðbeiningar um hvernig ætti að „standa að“ þessu samstarfi við helsta keppinaut fyrirtækisins. Tilvísun til „USA samnings“ gefur til kynna að (E)frkvstj-sala/þj hafi viljað vita hvort sækja ætti um undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga við samráði. Samskip og Eimskip höfðu í lok janúar 2009 sótt um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga, sbr. 15. gr. laganna, vegna samkomulags um samvinnu í siglingum til og frá Norður-Ameríku. Samkeppniseftirlitinu barst aldrei undanþágubeiðni frá fyrirtækjunum vegna annars samstarfs þeirra í sjóflutningum.
9088. (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna skipulögðu að hittast 16. nóvember 2009. Við rannsókn málsins hefur ekki fundist fundargerð eða punktar frá fundinum en afhent gögn sýna að þeir hafi a.m.k. ráðgert að ræða samstarf Eimskips og Jóna sem tengdist sjóflutningum til og frá Bretlandi (Immingham).⁴⁶³³ Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að í kjölfar þeirra samskipta (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna hafi komist á samningur um að Eimskip myndi flytja gáma fyrir Jóna. Vísast nánar til tölvupóstsamskipta milli (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna á tímabilinu 12.–16. nóvember 2009.⁴⁶³⁴

⁴⁶³⁰ Endurrit af upplýsingagjöf [...] hjá Samkeppniseftirlitinu þann 17.09.2013.

⁴⁶³¹ Endurrit af upplýsingagjöf [...] hjá Samkeppniseftirlitinu þann 17.09.2013.

⁴⁶³² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.318865.

⁴⁶³³ Afhent tölvupóstsamskipti frá Eimskip 10.01.2018. [...] Eimskip afhenti einnig óundirritaðan skriflegan samning. „Samningur 4618.pdf“

⁴⁶³⁴ Afhentur tölvupóstur frá Eimskip. Afhent 10.01.2018, liður 2-2.a). „FW 20/40 Feta gámur vikulega frá Immingham fram að jólum.msg“. Sjá einnig afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.319407.



9089. Sama dag, 16. nóvember kl. 14:55, lágu fyrir drög að skriflegum samningi milli Eimskips og Jóna. Voru drögin send til [\(E\)frkvstj-sala/bj](#) frá [\(E\)viðskstj](#). Heiti samningsdraganna er „*Samningur um flutningaþjónustu Innflutningur*“. Drögin eru ódagsett en skv. grein 2.2. tók Eimskip að sér sjóflutning fyrir Jóna „*frá föstum viðkomuhöfnum félagsins í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada til Reykjavíkur*“.⁴⁶³⁵
9090. Síðar þennan sama dag, nokkrum mínútum fyrir áætlaðan fundartíma [\(E\)frkvstj-sala/bj](#) og [\(S\)frkvstj-Jóna](#), vistaði [\(E\)frkvstj-sala/bj](#) hjá sér ný drög að öðrum samningi með sama heiti og áður nefnd drög en gildissvið þessa nýja eintaks var þrengra. Þannig tóku þau til sjóflutninga Eimskips fyrir Jóna frá Immingham til Reykjavíkur, sbr. grein 2.2. í samningnum.⁴⁶³⁶
9091. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins afhenti Eimskip samning milli fyrirtækisins og Jóna og ber hann sama heiti og áður nefnd drög: „*Samningur um flutningaþjónustu Innflutningur*“. Í því eintaki frá Eimskip annaðist fyrirtækið fyrir Jóna „*sjóflutning frá föstum viðkomuhöfnum félagsins í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada til Reykjavíkur*“, sbr. grein 2.2. í samningnum. Samkvæmt þessum samningi átti Eimskip einnig að sjá um landflutninga fyrir Jóna, sbr. greinar 2.4. og 2.8 en það var ekki svo í þeim drögum sem [\(E\)frkvstj-sala/bj](#) vistaði síðar sama dag, 16. nóvember 2009. Samningurinn sem Eimskip afhenti er ódagsettur en samkvæmt skýringum Eimskips komst þetta samstarf á í kjölfar samskipta [\(E\)frkvstj-sala/bj](#) og [\(S\)frkvstj-Jóna](#) í nóvember 2009.⁴⁶³⁷ Er það í samræmi við framangreind samtímagögn.
9092. Önnur samtímagögn staðfesta einnig þetta samkomulag Eimskips og Jóna. Líta ber hér til þess sem kemur fram í tölvupósti [\(E\)forstö-innfl](#) 18. nóvember 2009. Fyrir liggur að starfsmaður Eimskips í Bretlandi varð undrandi þegar hann komst að því að Eimskip væri að hefja þetta samstarf við keppinaut sinn. Kom þetta fram í tölvupósti hans: „*What is our position on containers of groupage from Jonar? We know that they are attacking our cargo and have this week lost a major customer to them (Next). Surely we should not be allowing them to take cargo away [from] us and then use our schedule.*“ [\(E\)forstö-innfl](#) svaraði og útskýrði að búið væri að undirrita samning við Jóna.⁴⁶³⁸
9093. Hér ber og að líta til þess að 2. desember 2009 sendi annar starfsmaður Eimskips í Bretlandi tölvupóst til [\(E\)forstö-innfl](#) og greindi frá því að Samskip hefðu haft samband og óskað eftir flutningi á gámi til Íslands. Spurði hann hvort það væri heimilt að verða við þessu. [\(E\)forstö-innfl](#) heimilaði þennan flutning og tók fram að hugsanlega væri þetta vegna Jóna.⁴⁶³⁹
9094. Þann 12. janúar 2010 sendi [\(E\)frkvstj-sala/bj](#) tölvupóst til [\(E\)forstö-innfl](#) og svaraði honum vegna fyrirsagnar frá skrifstofu Eimskips í Englandi um það hvort samþykka ætti bókun á flutningi fyrir Jóna frá Immingham og sagði: „*Jú, ég hef ekkert heyrt frá þeim eftir samkomulagið en hleypum þessu í gegn, betra að fá með okkur á þessum verðum en ekki. Ég heyri í (S)frkvstj-Jóna*“.⁴⁶⁴⁰ [\(E\)forstö-innfl](#) kom þessu svari samdægurs til viðkomandi starfsmanns og sagði: „*Please accept this booking. Do you know why this is beeing booked with us by Jonar as seems to be two FCL containers. I will check if they want to extend the agreement.*“⁴⁶⁴¹

⁴⁶³⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.320985.

⁴⁶³⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.184920.

⁴⁶³⁷ Eimskip afhenti upplýsingar þann 19.02.2016 vegna gagnabeiðni Samkeppniseftirlitsins frá 23.01.2015. Á minnislykli 2 afhenti Eimskip excel-skjal með heitinu „*Samningar-ARD*“. Þar var tiltekinn samningur við Jóna Transport nr. 4618. Samkeppniseftirlitið áréttaði upplýsingaskyldu Eimskips þann 15.12.2017. Afhent skjöl frá Eimskip, dags. 10.01.2018, liður 2-2.a), „*Samningur 4618*“ og „*FW 2040 Feta gámur vikulega frá Immingham fram að jólum.msg*“. Sjá skýringar í bréfi Eimskips frá sama degi, 10.01.2018, bls. 2.

⁴⁶³⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.323623.

⁴⁶³⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.626803.

⁴⁶⁴⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.364721.

⁴⁶⁴¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.644166.



9095. Þann 14. janúar 2010 sendi (S)frkvstj-Jóna tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj þar sem fram kemur að Jónar hafi bókað tvo gáma með Eimskip frá Immingham og segir að meira geti komið í framtíðinni og biður um betra verð en fyrir liggi.
9096. Í framhaldi af þessum samskiptum svaraði (S)frkvstj-Jóna (E)frkvstj-sala/þj 18. janúar 2010 og sagði: „Gætir þú vinsamlega staðfest við þitt fólk í Immingham að samkomulag okkar rúlli áfram.“ Svaraði (E)frkvstj-sala/þj samdægurs: „done“.⁴⁶⁴²
9097. Við rannsókn málsins afhenti Eimskip 191 tilboð til Jóna á tímabilinu 2010 til 2013. Engin tilboð voru gerð á árinu 2009 þrátt fyrir að fyrirliggjandi sé að samstarf hafi verið hafið á þeim tíma. Gefur það til kynna að þessi gagnaafhending sé ekki tæmandi. Í þessum tilboðum sem afhent voru má sjá flutningatilboð Eimskips til Jóna milli Íslands og Færeyja, Bretlands, Bandaríkjanna, Noregs, Þýskalands, Hollands og Kanada, en einnig milli Íslands og S-Afríku, Kína og Brasilíu.⁴⁶⁴³
9098. Varðandi umfang flutninga Eimskips fyrir Jóna má vísa til þess að 24. október 2011 svaraði (S)frkvstj-Jóna tölvupósti frá (E)frkvstj-sala/þj og vildi halda óbreyttum kjörum hjá Eimskip „þar sem að við [Jónar] höfum aukið viðskipti okkar við Eimskip verulega á þessu ári. Magnaukningin er margföld frá fyrra ári“.⁴⁶⁴⁴ Þann 1. ágúst 2012 svaraði (S)frkvstj-Jóna tölvupósti (E)frkvstj-sala/þj og sagði að það væri gott áframhaldandi samstarf um flutninga frá Bandaríkjunum til Íslands. Sagði hann af þessu tilefni m.a.: „Við erum að beina öllu á ykkur frá USA [...] Töluvert af gámum“.⁴⁶⁴⁵ Þann 22. september 2012 sagði (S)frkvstj-Jóna við (E)viðsktstj í tölvupósti m.a. eftirfarandi um umfangsmikil viðskipti Jóna og Eimskips: „[...] Jónar hafa beint viðskiptum til Eimskips fyrir tugi millona krona a s.l 2 árum...“⁴⁶⁴⁶
9099. Af framangreindu er ljóst að þessir flutningar Eimskips fyrir Jóna voru verulegir og höfðu tilteknir stjórnendur hjá Samskipum áhyggjur af þeim. Í apríl 2011 sendi (S)starfsm (starfsmaður í flutningsstjórnunardeild) tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og var óánægður með að gámar Samskipa væru notaðir án endurgjalds í flutningum Jóna með Eimskip, sbr. eftirfarandi ummæli: „Þetta pirrar mig smá. Jónar eru að nota okkar gáma og senda með Eimskip. Þeir eru ekkert rukkað fyrir notkunina, frekar en á öðrum gámum“. Einnig sendi (S)starfsm tölvupóst til (S)forstö-innfl1 6. september 2011. Í honum var (S)forstö-innfl1 upplýstur um að Jónar væru „ekkert að minnka notkunina á dry gámum með Eimskip.“ (S)forstö-innfl1 brást við þessu með því að fá tölur um flutningsmagn Jóna með Eimskip.⁴⁶⁴⁷ Strax í kjölfarið sama dag sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-Jóna þar sem (S)forstö-innfl1 gerði athugasemdir við umfang flutninga Jóna með Eimskip frá Immingham til Íslands. Sagði (S)forstö-innfl1 m.a.: „Það lítur út fyrir að þetta sé komið í eitthvað rugl. Kíktu endilega á þetta og verðum svo í sambandi. Það er hagur heildarinnar að flytja sem mest í okkar fastkostnaðarkerfi, en ekki með samkeppnis aðila okkar“⁴⁶⁴⁸
9100. Mánuði síðar, þ.e. 5. október 2011, sendi (S)forstö-innfl1 á nýjan leik tölvupóst til (S)frkvstj-Jóna. Þar sagðist (S)forstö-innfl1 vilja ræða „stöðuna á markaðnum [...] sérstaklega innflutning [Jóna] frá Immingham. Mér sýnist ansi mikill hluti hans kominn yfir á Eimskip“.
9101. (S)forstö-innfl1 áframsendi samskiptin við (S)frkvstj-Jóna til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstj þann 10. september 2011.⁴⁶⁴⁹ Þar kvartaði hann yfir því við yfirmenn sína að Jónar væru í auknum mæli að flytja með Eimskip frá Immingham. Sagði (S)forstö-innfl1 að það hafi í upphafi verið rætt um að Jónar

⁴⁶⁴² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.425371.

⁴⁶⁴³ Afhent skjöl frá Eimskip. Afhent 19.02.2016, minnslykill 3, „Tilboð“.

⁴⁶⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.347953.

⁴⁶⁴⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.285292.

⁴⁶⁴⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.269140.

⁴⁶⁴⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.898318.

⁴⁶⁴⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.898773.

⁴⁶⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.899246.



myndu flytja lyf fyrir Actavis með Eimskip vegna eðlis þeirrar vöru, „en nú er svo komið að þeir [Jónar] eru að flytja töluvert stóran hluta af IMM með Eimskip [...] augljóslega mun meira en lyf fyrir Actavis“. Kallaði (S)forstö-innfl1 í tölvupóstinum eftir skýrari stefnu yfirstjórnar Samskipa í málinu og sagði skoðun sína vera þá að það ætti „alveg að loka á þetta“, þ.e. banna ætti Jónum að flytja með Eimskip.

9102. (S)forstö-innfl1 var yfir innflutningsdeild Samskipa og var því falið að gæta hagsmuna hennar. Ekki er að finna í málinu gögn sem gefa til kynna að (S)forstj eða (S)frkvstj-millilandasv hafi farið að þessum tilmælum (S)forstö-innfl1. Þvert á móti sýna afhent gögn Eimskips að þrátt fyrir þessar efasemdir (S)forstö-innfl1 um umfang samstarfs vegna Immingham flutninga hafi Eimskip haldið áfram vöruflutningum fyrir Jóna og umfangið áfram verið verulegt út rannsóknartímabilið, en samkvæmt upplýsingum Samskipa fluttu Eimskip 54,2% af öllum flutningum Jóna frá Immingham á árinu 2012 og 40,5% á árinu 2013.⁴⁶⁵⁰
9103. Vísað er til tölvupósts (S)forstj til (S)forstö-flutnstj (afrit til (S)forstö-útfl, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-skiparek) 25. október 2011. Þar fjallar hann um „kerfispælingar - Alcoa“. Ljóst er að flutningar Eimskips fyrir Jóna voru hluti að þessum kerfispælingum forstjóra Samskipa rétt eins og flutningar fyrirtækisins fyrir Alcoa. Af tölvupóstinum má greinilega ráða að (S)forstj hafi haft fulla vitneskju um flutninga Eimskips fyrir Samskip milli Íslands og Bretlands, en vísað er í honum til: „Uk magn sem fer með EI í dag“. ⁴⁶⁵¹ Til viðbótar þá greindi (S)forstö-innfl1 forstjóra Samskipa frá miklum flutningum Eimskips fyrir Jóna í tölvupóstinum 10. september 2011, sbr. umfjöllun hér að framan.
9104. Við munnlega upplýsingagjöf (S)forstj hjá Samkeppniseftirlitinu var hann inntur eftir samvinnu eða samstarfi Samskipa og Eimskips. (S)forstj upplýsti ekki um flutninga Eimskips fyrir Jóna, hvorki vegna Bretlands eða annarra viðkomu- eða áfangastaða í heiminum.⁴⁶⁵²
9105. Þegar áðurnefndur tölvupóstur (S)forstj 25. október 2011 varðandi „kerfispælingar - Alcoa“ er skoðaður sést að í umfjöllun hans er vísað til fyrri umræðu stjórnenda Samskipa um skipakerfið (vegna sjóflutninga til og frá Íslandi). Í tölvupóstinum má sjá að (S)forstj setti fram forsendur í þessu sambandi sem gegndu lykilhlutverki í samráði skipafyrirtækjanna, er hófst af fullum þunga sumarið 2008 og stóð þarna enn yfir. Má í því sambandi vísa til þátta eins og flutninga fyrir Alcoa, samstarfs í gámanotkun, flutninga á tónum gámum, innflutnings á grænmeti og „Uk magn sem fer með EI í dag“. Að mati Samkeppniseftirlitsins rennir tölvupósturinn frekari stoðum undir það mat eftirlitsins að flutningar Eimskips fyrir Jóna (Samskip) hafi verið einn þáttur í framkvæmd samráðs fyrirtækjanna, sbr. nánari umfjöllun hér síðar.
9106. Eins og lýst er í kafla 14.45 kom upp ákveðinn „taugatitringur“ í samráði Eimskips og Samskipa á síðari hluta ársins 2012. Það hafði hins vegar ekki áhrif á áframhaldandi samvinnu og samskipti Jóna og Eimskips. Þetta sést á tölvupósti sem (S)frkvstj-Jóna sendi til starfsmanns Jóna í Hollandi í lok september 2012, en þar tók hann m.a. þetta fram:

„Eimskip is giving Samskip a hard time in the competition now after Samskip took BUR (fruits and veggies) and BYKO big volume customers.

We [Jónar] on the other hand are on good talking terms with them through the movie projects and I feel that we can almost ask them to start with 1 * 40 weekly ex Rotterdam.“⁴⁶⁵³

⁴⁶⁵⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...].

⁴⁶⁵¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1088097.

⁴⁶⁵² Endurrit af upplýsingagjöf [...] hjá Samkeppniseftirlitinu þann 10.09.2013.

⁴⁶⁵³ Afritaður tölvupóstur Samskipa. Frá [...]. „RE: Strategy“, dags. 28.09.2012, kl. 11:53. Doc. ID. 0.7.34.266649.



9107. Taldi (S)frkvstj-Jóna þannig að í ljósi góðra samskipta væri jafnvel unnt að auka flutningana með Eimskip.
9108. Í 7. gr. áðurnefnds afhents samnings Eimskips og Jóna segir að hann gildi til 31. desember 2009 og framlengdist ekki að gildistímanum loknum. Í svörum Eimskips til Samkeppniseftirlitsins segir hins vegar þetta um gildistímann: „Þess skal sérstaklega getið að þrátt fyrir gildistíma samningsins, sbr. 7. gr., hafa viðskipti átt sér stað áfram á grundvelli hans.“⁴⁶⁵⁴
9109. Ljóst er að samstarf í flutningum milli Eimskips og Jóna átti sér áfram stað a.m.k. til september 2013, sbr. umfjöllun hér að framan og hugsanlega allt til september 2018, sbr. umfjöllun hér á eftir. Upplýsingar sem Samkeppniseftirlitinu bárust frá Jónum 17. september 2018 skipta hér einnig máli og verður nú vikið að þeim.

16.6.2. Kvörtun Jóna 17. september 2018

9110. Þann 17. september 2018 sendu Jónar kvörtun til Samkeppniseftirlitsins þar sem kvartað var yfir ætlaðri misnotkun Eimskips á markaðsráðandi stöðu.⁴⁶⁵⁵
9111. Í kvörtun Jóna er því haldið fram að Eimskip hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því að hafna því að veita Jónum flutningsþjónustu sem væri fyrirtækinu nauðsynleg til að geta starfað með eðlilegum hætti á markaði fyrir flutningsmiðlun. Máli sínu til stuðnings afhentu Jónar tölvupóstsamskipti milli fyrirtækisins og Eimskips dagana 17.–20. ágúst 2018. Þar kemur fram að synjun Eimskips byggji á því að fyrirtækinu hafi borist andmælaskjal frá Samkeppniseftirlitinu og lögmenn þess hafi gefið þau fyrirmæli að svara ekki beiðnum um viðskipti og sinna ekki flutningum fyrir Samskip og félag í eigu Samskipa.
9112. Í kvörtun Jóna segir að félagið hafi nýtt sér „flutningakerfi Eimskips í flutningsmiðlun frá upphafi reksturs fyrirtækisins“.⁴⁶⁵⁶ Fram kemur í kvörtuninni að samstarfið við Eimskip hafi m.a. tekið til útflutnings til Noregs, Ameríkuflutninga og flutninga milli Bretlands og Íslands. Einnig er samstarfi við Eimskip lýst með eftirfarandi hætti í kvörtun Jóna:
- „Enginn formlegur samningur hefur verið á milli Eimskips og Jóna Transport um flutningaþjónustu en Jónar hafa alla tíð getað notað flutningakerfi Eimskips fyrir sína viðskiptavinum, þegar það hentar þörfum viðskiptavinnanna. Það er forsenda þess að Jónar Transport geti starfað við flutningsmiðlun að fyrirtækið geti boðið upp á hagkvæmustu flutningsleiðina með tilliti til flutningskostnaðar, flutningstíma og tímasetninga flutninga hverju sinni.“*
9113. Samkvæmt framansögðu er staðhæft að Jónar hafi átt í samstarfi við Eimskip í sjóflutningum „alla tíð“ þrátt fyrir að enginn formlegur samningur hefði verið fyrir hendi.
9114. Þá er í kvörtun Jóna fjallað sérstaklega um samstarf Eimskips og Jóna vegna reglubundinna flutninga til Noregs. Upplýst er að flutningakerfi Eimskips hafi að þessu leyti reynst „góður kostur“ fyrir Jóna „í gegnum árin“.

⁴⁶⁵⁴ Afhent gögn frá Eimskips, dags. 10.01.2018, liður 2-2.a). „Samningur 4618“. Sjá um skýringar Eimskips í bréfi, dags. 10.01.2018, bls. 2.

⁴⁶⁵⁵ Bréf Jóna til Samkeppniseftirlitsins, dags. 17.09.2018.

⁴⁶⁵⁶ Samkvæmt heimasiðu Jóna var félagið stofnað 1979 og Samskip eignast það árið 2000.



9115. Sem lið í rannsókn á samráði Samskipa og Eimskips óskaði Samkeppniseftirlitið eftir skýringum Samskipa á þessum upplýsingum í kvörtun Jóna. Var það gert með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 10. október 2018.⁴⁶⁵⁷ Í því bréfi sagði m.a. þetta:

„[...]“.

Í 10. tl. í bréfi Samkeppniseftirlitsins til yðar, dags. 29. janúar 2015, var m.a. óskað eftir afriti af öllum samningum sem Jónar hafa gert við fyrirtæki sem annast sjóflutninga frá árinu 2006 til 29. janúar 2015. Hið sama gilti um t.d. breytingar á gildandi samningum á þessum tímabili. Jafnframt var óskað eftir afriti af öllum samningsdrögum, tillögum og öðrum gögnum sem tengdust mögulegu samstarfi Jóna við m.a. sjóflutningafyrirtæki. Var þessi beiðni um upplýsingar sett fram með stoð í 19. gr. samkeppnislaga.

Með bréfi yðar frá 10. apríl 2015 fylgdu með gögn vegna samskipta Jóna og Eimskips. Í bréfinu voru gefnar þessar skýringar á þeim gögnum:

- e) Flutningasamkomulag á milli Jóna Transport og Eimskips vegna flutninga frá Immingham til Íslands
- i. Tölvupóstur dagsettur 15.1.2010. Unnið hefur verið samkvæmt þessu samkomulagi frá dagsetningu póstsins.
 - ii. Einnig hafa Jónar fengið nokkur tilboð frá Eimskip á tímabilinu. Þau tilboð eru einnig meðfylgjandi í viðaukanum.

Voru þannig afhent tölvupóstsamskipti frá janúar 2010 milli áðurnefnds [(S)frkvstj-Jóna] og [(E)frkvstj-sala/þj] framkvæmdastjóra sölu- og viðskiptaþjónustu Eimskips. Varða samskiptin flutninga Eimskips fyrir Jóna milli Íslands og Bretlands (IMM) og sagt að í þeim felist samkomulag sem hafi verið í gildi frá janúar 2010.

Þá afhenti Samskip einnig níttján tilboð Eimskips til Jóna frá árunum 2012 og 2013. Er um að ræða tilboð Eimskips vegna sjóflutninga ýmist milli Íslands og Bretlands (IMM) eða Íslands og Bandaríkjanna (ORF/PWM). Ekki voru afhent frekari gögn eða veittar aðrar skýringar.

2.

Í bréfi Samkeppniseftirlitsins til yðar, dags. í dag, vegna kvörtunar Jóna er fjallað um lýsingu Jóna á samstarfi við Eimskip. Kemur þar fram að sú lýsing sé ekki í samræmi við upplýsingar sem Samkeppniseftirlitinu hafi áður verið gefnar. Er vísað til þessa bréfs hér.⁴⁶⁵⁸

3.

Að mati Samkeppniseftirlitsins virðist upplýsingagjöf í bréfi yðar frá 10. apríl 2015, um samningssamband Eimskips og Jóna, ekki vera í samræmi við það sem fram kemur í bréfi yðar frá 17. september sl. Ekki verður annað ráðið af eldra bréfinu en að samningssamband Eimskips og Jóna hafi hafist í janúar 2010. Samkvæmt yngra bréfinu virðist samningssambandið hafa staðið mun lengur yfir.

Ekki er í eldra bréfi yðar vikið að flutningum Eimskip til Noregs fyrir Jóna en í yngra bréfinu segir að flutningakerfi Eimskips hafi að þessu leyti reynst „góður kostur“ fyrir Jóna „í gegnum árin“.

⁴⁶⁵⁷ Bréf Samkeppniseftirlitsins til Samskipa, dags. 10.10.2018.

⁴⁶⁵⁸ Í því bréfi var jafnframt tilkynnt að kvörtun vegna Eimskips yrði ekki tekin til meðferðar.



Þá liggur fyrir að Eimskip afhenti Samkeppniseftirlitinu samning sem fyrirtækið er sagt hafa gert við Jóna í nóvember 2009 og að sá samningur hafi verið í gildi til a.m.k. janúar 2015. Þessi samningur fylgdi ekki með eldra bréfi yðar og í yngra bréfi yðar er sagt að „engin formlegur samningur“ hafi verið á milli Jóna og Eimskips. Þá er vakin athygli á því að í þessum samningi segir að með honum falli úr gildi „allir eldri samningar“ milli Eimskips og Jóna.

Framangreint gefur til kynna að upplýsingagjöfin frá apríl 2015 hafi ekki verið fullnægjandi."

9116. Í bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 10. október 2018, var óskað eftir upplýsingum frá Samskipum þá staðhæfingu Jóna að félagið hefði „alla tíð getað notað flutningakerfi Eimskips“ og að Jónar hefðu í „gegnum árin“ nýtt sér flutninga Eimskips til Noregs.⁴⁶⁵⁹
9117. Í svari Samskipa/Jóna, dags. 20. nóvember 2018, er lýst atvikum og viðskiptum við Eimskip sem hafi átt sér stað áður en Samskip keyptu Jóna á árinu 2000.⁴⁶⁶⁰ Síðan segir að strax í kjölfar kaupanna hafi Eimskip rift samningnum við Jóna. Fram til nóvember 2009 hafi aðeins verið um einstaka „ad hoc“ viðskipti að ræða á milli Jóna og Eimskips.
9118. Samkvæmt Jónum urðu aftur á móti talsverðar breytingar á samstarfi við Eimskip í nóvember 2009. Er þessu lýst svo í bréfi Jóna til Samkeppniseftirlitsins frá 20. nóvember 2018:

„Í kjölfarið efnahagshrunsins haustið 2008 var siglingakerfi Samskipa breytt vegna mikils samdráttar í innflutningi. Breytingarnar fólu í sér að horfið var frá fjögurra skipa kerfi og í stað þess var notast við þrjú skip. Með því dattu beinar siglingar til og frá Bretlandi úr leiðarkerfi Samskipa. Umbjóðandi minn reyndi til þrautar að nýta siglingakerfi Samskipa og uppfylla kröfur viðskiptavina sinna, sem kröfðust stysta mögulega flutningstíma sem hægt var frá Bretlandi til Íslands. Flutti hann bæði vörur fyrir ýmsa viðskiptavinum, sem var safnað saman í gáma og fyrir Actavis hf., sem var stærsti einstaki viðskiptavinur Jóna og gerði ríkar kröfur um að sendingar þess með lyfjaumbúðir til og frá Bretlandi tækju eins skamman siglingatíma og hægt væri. Með nýju siglingakerfi Samskipa tók flutningstíminn til og frá Immingham hins vegar 10 daga, með viðkomu í ýmsum höfnum í Evrópu. Það fyrirkomulag hentaði viðskiptavinum hans afar illa, sérstaklega Actavis hf., enda skipti hver flutningsdagur miklu máli.

Til þess að halda viðskiptum við Actavis hf. neyddust Jónar til þess að leita eftir flutningi með skipum Eimskips, enda sigldi Eimskip beint á milli Immingham og Reykjavíkur á aðeins fimm dögum. Svo sem sjá má af tölvupóstsamskiptum [(S)frkvstj-Jóna], framkvæmdastjóra Jóna og [(E)frkvstj-sala/þj] framkvæmdastjóra sölu- og viðskiptasviðs hjá Eimskip, dagana 16.-19. nóvember 2009, var rætt um að Eimskip myndu flytja 20/40 ft safngáma fyrir Jóna frá Bretlandi (Immingham) til Reykjavíkur og verðlagningu vegna þess. Verðin giltu til ársloka 2009.

Snemma árs 2010 náðist síðan samkomulag milli Jóna og Eimskips um að Jónar gætu áfram nýtt sér þessar siglingar Eimskips. Verðin sem Eimskip bauð upphaflega og voru gjaldfærð fyrir hverja sendingu hækkuðu í samræmi við almennar verðskrárbreytingar á hverju ári og þannig héldu flutningarnir áfram.

Tilvísun til þess að „Jónar hafa alla tíð getað notað flutningakerfi Eimskips“ ber að skilja með hliðsjón af framangreindu. Umbjóðandi minn hafi frá árslokum 2009 óskað eftir viðskiptum við Eimskip þar sem siglingakerfi Samskipa uppfyllti ekki þarfir viðskiptavina hans."

9119. Sem fyrr segir er í bréfi Jóna, dags. 17. september 2018, einnig fjallað um samstarf Eimskips og Jóna vegna reglubundinna flutninga til Noregs. Segir að flutningakerfi Eimskips hafi að þessu leyti reynt

⁴⁶⁵⁹ Eins og um aðrar upplýsingabeiðnir til Samskipa var þessari gagnabeiðni beint til Samskipa hf., Landflutninga ehf., Jóna Transport hf. og tengdra félaga.

⁴⁶⁶⁰ Bréf Jóna til Samkeppniseftirlitsins, dags. 20.11.2018.



„góður kostur“ fyrir Jóna „í gegnum árin“. Í bréfi Samskipa, dags. 20. nóvember 2018, er þetta útskýrt svo:

„Hvað varðar fullyrðingu þess efnis að umbjóðandi minn hafi „í gegnum árin“ nýtt sér flutninga Eimskips til Noregs, er til þess að líta að Samskip sigla ekki á þá áfangastaði innan Noregs sem viðskiptavinir umbjóðanda míns hafa óskað eftir. Frá því að viðskipti Vaka komu til umbjóðanda míns hefur því verið óskað eftir tilboðum í flutninga þangað. Er það gert til þess að lágmarka flutningstíma og kostnað, þar sem aðrar lausnir, t.a.m. með siglingum Samskipa hafa hingað til ekki fallið að þeirra þörfum.“

Framkvæmdin í þessum ad hoc viðskiptum hefur verið sú að þegar viðskiptavinir umbjóðanda míns óska eftir flutningum til/frá þeirra áfangastaða sem Samskip sigla ekki til eða flutningstíminn er ekki ásættanlegur að mati viðskiptavina, er leitað annarra leiða til að uppfylla þarfir viðskiptavinarins. Vegna sterkrar stöðu Eimskips á sjóflutningamarkaði er í raun fáum öðrum aðilum til að dreifa. Sá starfsmaður umbjóðanda míns, sem miðlar sendingu í hvert sinn, óskar eftir tilboði Eimskips í flutning. Þegar tilboð berst bókar starfsmaður umbjóðanda míns sendinguna á næsta mögulega skip. Eimskip staðfestir síðan bókunina og sendir afrit af farmbréfi og reikning sem á við tilboðið.“

9120. Í samhengi við framanritaða umfjöllun um Noregsflutninga er rétt að rifja upp að einn þáttur samráðs Samskipa og Eimskips, sbr. glærुकynningu (E)forstj um „Verkefnið Nýtt upphaf“ frá 9. júní 2008, var samstarf í sjóflutningum. Í því sambandi átti m.a. að skoða „skiptingu á erlendum höfnum“ í „Evrópurútum“ Eimskips og var í því sambandi m.a. tekið þetta fram:

„- Noregur

- Dæmi um höfn sem hægt væri að gera samning um“

9121. Þá skulu einnig höfð í huga atvik í tengslum við breytt fyrirkomulag Samskipa í Noregi/Svíþjóð í apríl 2009, og á sama tíma undirbúningur og ummæli stjórnenda Eimskips um að halda Fredrikstad sem viðkomuhöfn Eimskips í Noregi.⁴⁶⁶¹ Í framhaldinu, í júlí 2009, sendi þjónustustjóri sjóflutningsdeildar Jóna, (S)starfsm, fyrirspurn til starfsmanns Samskipa í Noregi (afrit til (S)frkvstj-Jóna) um hvort það væri eitthvað vandamál að afhenda „Jonar cargo to Eimskip in Fredrikstad“.⁴⁶⁶² Umræddur þjónustustjóri Jóna, (S)starfsm, var seinna titlaður einn af tengiliðum Jóna á tilboðum Eimskips til fyrirtækisins sem afhent voru Samkeppniseftirlitinu, sbr. fyrri umfjöllun um þau gögn. Samkvæmt framangreindum gögnum var það Eimskip í Fredrikstad í Noregi sem gerði Jónum tilboð í sjóflutningana.

9122. Í bréfi Samskipa, dags. 20. nóvember 2018, eru eftirfarandi skýringar gefnar á því af hverju fyrirtækið hafði við rannsókn málsins ekki afhent umræddan samning Jóna við Eimskip:

„Í upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins kemur fram að Eimskip hafi vegna rannsóknar á meintu samráði félaganna afhent samning milli fyrirtækisins og umbjóðanda míns. Samkvæmt skýringum Eimskips hafi samningurinn komist á í nóvember 2009. Í afhentum gögnum og skýringum Jóna frá 10. apríl 2015 hafi samningurinn hins vegar ekki verið afhentur eða upplýst um tilvist hans. Skýringa sé óskað.“

Ástæða þessa er einfaldlega sú að umbjóðandi minn hefur aldrei undirritað skriflegan samning við Eimskip um flutninga til Bretlands, Bandaríkjanna, Noregs eða annarra landa. Sá samningur sem Eimskip afhenti Samkeppniseftirlitinu hefur aldrei komið fyrir sjónir umbjóðanda míns áður, hvorki

⁴⁶⁶¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.128248.

⁴⁶⁶² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. Frá [...] til [...], afrit til [...] og [...]. „Jonar cargo to Iceland“, dags. 01.07.2009, kl. 11:41. Doc. ID. 0.7.34.444915. Starfsmaður Samskipa í Noregi svaraði samdægurs þar sem fram kom m.a. að hann teldi ekki góðan kost að senda Jónar flutninga til Eimskips í Noregi. Það átti eftir að breytast eins og fjallað er um með samningi Eimskips og Jóna stuttu síðar árið 2009, og þá með aðkomu [...] og [...].



framkvæmdastjórans [(S)frkvstj-Jóna] né annarra starfsmanna. Umbjóðandi minn bendir á að samningurinn er ódagsettur og óundirritaður. Telur hann augljóst að um einhliða innanhússgjörning Eimskips sé að ræða, þar sem samkomulag við Jóna hafi verið fest niður á staðlað samningsform, til hægðarauka fyrir starfsmenn Eimskips.

Vegna fyrirspurna Samkeppniseftirlitsins um samninginn sjálfan og einstaka ákvæði hans telur umbjóðandi minn réttast að óskað yrði skýringa frá Eimskipi. Öðruvísi sé ekki hægt að varpa ljósi á forsendur þess að samkomulagið hafi verið sett í form skriflegs samnings. Þá getur Eimskip eitt upplýst um orðalag einstakra ákvæða hans. Einnig væri réttast að Eimskip veitti Samkeppniseftirlitinu nákvæmar upplýsingar um vinnuferla við gerð verðtilboða og samningsgerðar.⁴⁶⁶³

9123. Í sama bréfi Samskipa, dags. 20. nóvember 2018, eru eftirfarandi skýringar veittar á því misræmi í upplýsingagjöf sem að framan hefur verið lýst:

„Samkeppniseftirlitið bendir á að í samningum komi fram að Eimskip skuldbindi sig til að selja umbjóðanda mínum sjóflutninga milli Reykjavíkur, Evrópu, Bandaríkjanna og Kanada, sbr. grein 2.2. í samningnum. Þetta sé víðtækara en upplýsingagjöf Samskipa, þar sem einvörðungu hafi verið upplýst um samstarf við flutninga milli Íslands og Bretlands/Bandaríkjanna. Skýringa sé óskað.

Líkt og áður greinir telur umbjóðandi minn að um einhliða vinnuskjal Eimskips sé að ræða. Textinn virðist vera staðlaður og vísar til allra meginmarkaða og landa, er áætlunarskip Eimskips sigla til. Því beri ekki að draga of víðtækar ályktanir af því hvaða lönd séu tilgreind. Umbjóðandi minn bendir sérstaklega á að í raun eru engar skuldbindingar til staðar samkvæmt samningnum, þar sem í 1. gr. hans er gert ráð fyrir að „flutningsmagn verði u.þ.b. 20 Teus á ári“. Augljóst er að það magn er einungis sett inn til málamynda, enda samsvarar það því að fluttur sé minna en einn 40 feta gámur á mánuði.

9124. Samkeppniseftirlitið hefur vísað til skýrslutöku af [(S)frkvstj-Jóna], framkvæmdastjóra umbjóðanda míns, og talið orka tvímælis að hann hafi ekki minnst á samkomulag um flutninga til Noregs. Því er til að svara að [(S)frkvstj-Jóna] átti aldrei í samskiptum við starfsmenn Eimskips vegna þeirra flutninga. Hann er eðli málsins samkvæmt ekki inni í öllum sendingum sem fara í gegnum Jóna og hafði ekki vitneskju um flutningana til Noregs á þessum tíma. Þau samskipti sem hann átti við áðurnefndan [(E)frkvstj-sala/þj], lutu að flutningum frá Bretlandi, líkt og fram kemur í tölvupóstum þeirra frá 15. janúar 2010 og Samkeppniseftirlitið hefur undir höndum. Þá leiddu einstakir flutningar sem umbjóðandi minn fékk vegna kvikmyndaverkefna hér á landi, til þess að nauðsynlegt reyndist að óska eftir tilboðum Eimskips í flutninga til og frá Bandaríkjunum.⁴⁶⁶⁴

9125. Í samningum, sem Eimskip segir að gilt hafi milli fyrirtækisins og Jóna, segir að við undirritun hans falli „allir eldri samningar úr gildi“. Í bréfi Samskipa, dags. 20. nóvember 2018, er áréttað að Jónar hafi aldrei séð þetta samningsform og að „engir skriflegir eða munnlegir samningar eru eða hafa verið í gildi á milli félaganna, annar en sá frá 15. janúar 2010.“

16.6.3. Niðurstaða

9126. Fyrir liggur samkvæmt framansögðu að Eimskip og Jónar (Samskip) hafi aukið samstarf sitt verulega á árinu 2009 en um einstök tilfallandi viðskipti var að ræða áður samkvæmt upplýsingum frá Jónum.
9127. Upplýsingagjöf Eimskips og Samskipa um upphaf samstarfsins ber ekki saman og hefur upplýsingagjöf Samskipa tekið breytingum undir rannsókn málsins. Eimskip segir samstarfið hafa hafist í nóvember 2009 en í bréfi Samskipa, dags. 29. janúar 2015, kemur fram að það hafi hafist um miðjan janúar 2010.

⁴⁶⁶³ Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 20.11.2018.

⁴⁶⁶⁴ Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 20.11.2018.



Í bréfi Samskipa, dags. 20. nóvember 2018, kemur hins vegar fram að samstarfið hafi byrjað um miðjan nóvember 2009 en nýtt munnlegt samkomulag hafi verið gert í byrjun árs 2010. Hvað sem þessu ósamræmi um upphaf samstarfsins líður sýna samtímagögn að a.m.k. undirbúningur þessa aukna samstarfs fyrirtækjanna hafi byrjað ekki seinna en í nóvember 2009.

9128. Eimskip afhenti Samkeppniseftirlitinu óundirritað eintak af skriflegum samningi við Jóna og byggði á því að hann hafi samkvæmt orðalagi sínu átt að gilda til 31. desember 2009. Upplýsti fyrirtækið að þrátt fyrir það hafi „viðskipti átt sér stað áfram á grundvelli hans“. Samskip kveða samstarf fyrirtækjanna hafi byggt á munnlegu samkomulagi. Ekki skiptir máli út frá 10. gr. samkeppnislaga hvort samkomulagið var skriflegt eða munnlegt. Ljóst er að a.m.k. munnlegt samkomulag um samstarf hafi verið komið á eða það undirbúið í nóvember 2009, sbr. framangreindan tölvupóst (E)forstö-innfl frá 18. nóvember 2009.
9129. Hvað varðar gildistíma samstarfsins þá ber Samskipum og Eimskip saman um það að þetta flutningasamstarf milli Jóna og Eimskips hafi verið við lýði út rannsóknartímabilið. Samkvæmt kvörtun Jóna, dags. 17. september 2018, var samvinnan fyrir hendi fram á árið 2018, en Jónar hafi átt í samstarfi við Eimskip í sjóflutningum „alla tíð“ (félagið var stofnað árið 1979 og Samskip eignuðust það árið 2000).
9130. Umfang samstarfsins virðist af gögnum hafa verið afar víðtækt en undir það féll samstarf um sjóflutninga milli Íslands og fjölda erlendra áfangastaða, sér í lagi á Bretlandi, Noregi og Norður-Ameríku.
9131. Upplýsingar sem Samskip veittu í bréfi, dags. 20. nóvember 2018, þar sem staðhæft er að (S)frkvstj-Jóna hafi „aldrei“ átt í samskiptum við starfsmenn Eimskips vegna Noregsflutninga, stangast á við samtímagögn. Vísast hér hins vegar til tölvupósts (S)frkvstj-Jóna til (E)frkvstj-sala/þj 2. nóvember 2010 með heitinu „FW Eimskip“. Þar áframsendi hann innanhússpóst hjá Jónum vegna flutnings Eimskips fyrir Jóna frá Reykjavík til Hamborgar. Með þessari áframsendingu sagði (S)frkvstj-Jóna við (E)frkvstj-sala/þj eftirfarandi: „í framhaldi af samtali okkar, að þá vildi ég heyra í ykkur varðandi Iceco sem og tilfallandi útflutning fyrir Jóna Transport til Noregs og USA“.
9132. Fyrir í kafla þessum hefur því verið lýst að samvinna Samskipa og Eimskips í sjóflutningum hafi af samkeppnisyfirvöldum verið talin fara gegn 10. gr. samkeppnislaga. Samskip og Jónar eru eitt og sama fyrirtækið í skilningi laganna. Um þetta er ekki ágreiningur enda hafa Samskip lýst Jónum sem „söludeild“ Samskipa sem eigi í samkeppni við Eimskip. Það samstarf sem hér um ræðir var á milli tveggja keppinauta á sviði sjóflutninga til og frá Íslandi þar sem þeir sammæltust um sameinast um tiltekna þætti í starfsemi sinni. Öll samvinna af þessum toga var til þess fallin að draga úr samkeppni milli fyrirtækjanna þar sem hún skapaði hættu að þau færu að taka tillit til hvors annars og dragi úr virkri samkeppni á markaðnum. Hér skiptir máli að fyrirtækin voru með nærri 100% markaðshlutdeild og algjörri yfirburðarstöðu á flutningamarkaðnum. Að framangreindu virtu og gögnum málsins fólst því í umræddu samstarfi Eimskips og Jóna ólöglegt samráð samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Varði samstarfið a.m.k. út rannsóknartímabil málsins.
9133. Fyrirtækin óskuðu ekki eftir undanþágu frá banni 10. gr. laganna vegna þessa samstarfs, sbr. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga. Það er því ekki rétt sem fram kom hjá (E)forstj við munnlega upplýsingagjöf Eimskips 17. september 2013 að „samningar“ vegna flutninga frá Bretlandi hafi verið „sendir“ til Samkeppniseftirlitsins, sbr. einnig staðhæfingar í bréfi Samskipa, dags. 20. nóvember 2018, að um munnlega samninga hafi verið að ræða milli Jóna og Eimskips.
9134. Ekki er unnt að fallast á það að auknir flutningar Eimskips fyrir Jóna hafi verið ótengdir öðru samráði Samskipa við Eimskip. Telur Samkeppniseftirlitið að samstarfið hafi verið hluti af „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna. Líta ber til þess að í bréfi Samskipa, dags. 20. nóvember 2018, kemur fram að samstarfið við Eimskip hafi komið til vegna breytinga á siglingakerfi Samskipa haustið 2008. Þeirri niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins hefur áður verið lýst í ákvörðun þessari að Samskip og Eimskip hafi haft með sér



samráð varðandi breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningaframboði á árinu 2008. Aukin samvinna Eimskips og Jóna vegna sjóflutninga frá Íslandi tengdist þessu en fyrir liggur að í nóvember 2009 jókst umfang samráðs Samskipa og Eimskips í sjóflutningum þegar Jónar og Eimskip hófu umrætt samstarf.⁴⁶⁶⁵ Hér að framan var lýst áhyggjum (S)forstö-innfl1 í september 2011 af auknum flutningum Eimskips fyrir Jóna og beiðni hans til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv um að sú samvinna við Eimskip yrði takmörkuð. (S)forstj varð ekki við því. Í tölvupósti (S)forstj 25. október 2011 var þessi samvinna við Eimskip hluti af „kerfispælingum“ hans, þ.e. umfjöllun hans um siglingakerfi Samskipa.

9135. Að mati Samkeppniseftirlitsins endurspeglar þetta samstarf og samskipti um flutninga Eimskips fyrir dótturfélag Samskipa samráð fyrirtækjanna sem hófst eftir fund þeirra 6. júní 2008, og miðaði samvinnan að því að láta áætlun fyrirtækjanna um að draga úr flutningsgetu ganga upp í því skyni að geta haldið uppi verði eða hækkað það.

9136. Í þessu samhengi ber einnig að árétta að aukin samnýting Samskipa og Eimskips á flutningakerfum og samvinna í sjóflutningum vegna takmörkunar á flutningsgetu tók ekki aðeins til þessa samstarfs. Má þar vísa til þess að fyrirtækin áttu í samstarfi í sjóflutningi milli Íslands og Færeyjar, þau komu á samstarfi í sjóflutningi milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar, jafnframt því sem fyrirtækin höfðu með sér samráð á grundvelli „neyðarsamkomulagsins“ frá árinu 2001 og lögðu drög að útvíkkun þess samkomulags. Vísast m.a. til kafla 16 í heild sinni og kafla 18 um samráð vegna leigu og lána á gámum.

16.7. Endurnýjun samninga um sjóflutninga á árinu 2010 – Norður-Ameríka og Evrópa

16.7.1. Almenn um samskipti vegna samstarfs í sjóflutningum árið 2010

9137. Eins og fjallað hefur verið um kallaði samráð Samskipa og Eimskips á tíð og regluleg samskipti fyrirtækjanna á rannsóknartímabilinu. Þetta tók m.a. til þátta sem vörðuðu samstarf fyrirtækjanna í sjóflutningum. Þar gat verið um að ræða bæði 1) dagleg samskipti við framkvæmd flutninganna eða uppgjör þeirra, sem og 2) samskipti sem vörðuðu samninginn eða samstarfið sem slíkt. Lykilstjórnendur fyrirtækjanna, sér í lagi (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfll, (S)frkvstj-N-Am, (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstj og (E)forstö-innfl, sem jafnframt báru ábyrgð á samkeppnislegum þáttum eins og verðlagningu og þjónustu og sem höfðu mikil áhrif á hvort og hvernig Samskip og Eimskip kepptu í sjóflutningum, gátu átt aðkomu að hvort tveggja. Í dæmaskyni um það fyrrnefnda árið 2010 má vísa til eftirfarandi gagna:

- Samskipti stjórnenda Samskipa og Eimskips í mars og apríl árið 2010 vegna uppgjör á eftirágreiddum afslætti í tengslum við samstarf fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum. Er þetta dæmi um framkvæmd á samstarfinu þar sem m.a. (E)forstö-innfl, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfll áttu aðkomu.⁴⁶⁶⁶
- Í samskiptum (S)forstö-útfll við undirmenn í mars 2010 var fjallað um þætti sem endurspeglar framkvæmd á Evrópusamráðinu við Eimskip og aðkomu stjórnenda að henni. Þannig sendi (S)viðskstj5 11. mars 2010 tölvupóst til (S)forstö-útfll og spurði hvort hann væri með „verð frá Eimskip“ á útflutningi frá Reyðarfirði til Immingham í Bretlandi. Hann þyrfti að senda gám með Eimskip. (S)forstö-útfll svaraði og sagði að í gildi væri samkomulag við Eimskip en hann þekkti ekki

⁴⁶⁶⁵ Afhent gögn frá Eimskip 10.01.2018, liður 2-2 c). Þar má sjá að Jónar Transport keypti flutninga hjá Eimskip fyrir andvirði 23.949 evrur árið 2007, 29.055 evrur árið 2008 og 23.226 evrur árið 2009. Árið 2010 námu á hinn bóginn flutningstekjur Eimskips vegna Jóna 221.508 evrum, 341.959 evrum árið 2011, 452.561 evrum árið 2012 og 437.431 evrum árið 2013.

⁴⁶⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.955074.



verðið.⁴⁶⁶⁷ (S)kostneftirl sendi síðan tölvupóst og gerði grein fyrir því verði sem gildi milli Eimskips og Samskipa. Var það framangreint handskrifað verð fyrir „venjulegan flutning“.⁴⁶⁶⁸

- Í júlí 2010 áttu sér stað samskipti Samskipa og Eimskips vegna þátta sem vörðuðu framkvæmd á gámasamstarfi fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum. Höfðu (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-sala/pj og (E)forstö-innfl m.a. aðkomu að þessu.⁴⁶⁶⁹
- Í ágúst 2010 má sjá samskipti milli (E)forstö-flutnstý og (E)forstö-innfl þar sem fram kemur að Samskip séu að bóka mikla flutninga með Eimskip frá Halifax ((E)forstö-flutnstý man ekki eftir öðru eins magni og kveður það umfram það sem Eimskip sé skuldbundið að gera samkvæmt samningi félaganna). Kom eftirfarandi fram hjá (E)forstö-flutnstý: „Skipið er klárlega yfirbókað, höfum við áhuga á að hafna vöru frá Samskipum og hvernig myndum við snúa okkur í því?“. (E)forstö-innfl svaraði: „Að sjálfsögðu ekkert mál að tala við Samskip og spyrja hvort þeir þurfi alla gámana í þessari ferð og vísa til samnings um hámark. Best er að tala við [(S)forstö-innfl1] 458 8180 eða gsm 858 8180. Ég get gert það en þá er spurningin hvað þurfum við að skilja mikið eftir fyrir þá og er einhver önnur vara sem liggur ekki á?“.⁴⁶⁷⁰

9138. Áður en vikið er að samskiptum lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips árið 2010 um áframhaldandi samstarf í sjóflutningum og endurnýjun samninga ber að rifja upp eftirfarandi um þætti sem tóku til Evrópuflutninga og Norður-Ameríku flutninga:

- Eimskip og Samskip undirrituðu 30. nóvember 2001 ólögmett samkomulag sem þau nefndu „Trúnaðarmál Neyðarsamkomulag“, sbr. kafla 5.4 í ákvörðun þessari. Var samkomulagið ótímabundið og átti samkvæmt orðalagi sínu að taka til „gámaflutninga með skipum félaganna“ sem „skapast vegna bilana skips, strands og annarra svipaðra óviðráðanlegra orsaka svo og flutningum á tómum einingum.“ Samtímagögn sýna hins vegar að þetta leynilega samkomulag var framkvæmt með mun rýmri hætti. Tók samkomulagið ekki aðeins til flutninga vegna óviðráðanlegra orsaka heldur til venjulegra flutninga, þ.e. til almennra sjóflutninga félaganna milli Íslands og annarra Evrópuríkja. Var handskrifað á samkomulagið það verð sem gildi fyrir „venjulegan flutning“ og var samkomulagið nefnt af framkvæmdastjóra hjá Eimskip „samstarfssamningur vegna Evrópu“ sbr. tölvupóstsamskipti (E)frkvstj-sala/pj við samstarfsmann í ágúst 2009, sbr. umfjöllun hér að framan.
- Eins og fram kemur í kafla 8.19.7 voru umræður milli Eimskips og Samskipa á seinni hluta ársins 2008 um „uppfært“/“útvíkkað“ neyðarsamkomulag liður í hinu umfangsmikla samráði.
- Líkt og rakið er hér að framan var ólögmett samráð Samskipa fyrir hendi í Norður-Ameríku flutningum árið 2008, sbr. einnig kafla 5.8. Þann 7. janúar 2009 undirrituðu Samskip og Eimskip samning um áframhaldandi samvinnu og aukið samstarf í flutningum til og frá Norður-Ameríku. Gildi sá samningur til 31. desember 2010. Þrátt fyrir að engin undanþága væri í gildi framkvæmdu fyrirtækin samstarfið, en í desember 2009 var veitt undanþága en hún féll úr gildi 31. desember 2010.
- Í umræddum samningi Samskipa og Eimskips 7. janúar 2009 kom fram að fyrirtækin hefðu samþykkt að þau myndu skoða í desember 2009 hvort samningurinn þyrfti endurskoðun eða breytingar.⁴⁶⁷¹

⁴⁶⁶⁷ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc ID. 0.7.33.958958.

⁴⁶⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.959001.

⁴⁶⁶⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. „3 RF45 CAHAL fyrir Samskip“, dags. 06.-07.07.2010. Doc. ID. 0.7.33.711931 / 0.7.33.712166 / 0.7.33.712382. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

⁴⁶⁷⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.719045.

⁴⁶⁷¹ 7. gr. samningsins.



9139. Sumarið 2009, fljótlega eftir að (E)frkvstj-sala/bj hóf störf hjá Eimskip, hafði hann í tölvupósti til (E)forstj og (E)frkvstj-skiparekst fjallað um endurnýjun á neyðarsamkomulagi við Eimskip frá árinu 2001, sbr. umfjöllun hér að framan um tölvupóst (E)frkvstj-sala/bj 19. ágúst 2009. Í samskiptunum má sjá að (E)frkvstj-sala/bj vildi taka „þetta áfram“ samhliða því að fyrirtækin myndu skoða Norður-Ameríku samning þeirra í desember 2009. Þá má sjá í samskiptum þessara stjórnenda Eimskips vísað til þess að (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 væru fulltrúar Samskipa í samskiptum fyrirtækjanna. Stuttu síðar var samstarf Samskipa og Eimskips aukið í sjóflutningi með samningi Eimskips og Jóna, sbr. hér að framan. Samskipti og samhliða endurskoðun á Norður-Ameríku samningnum og neyðarsamkomulaginu áttu sér á hinn bóginn stað síðar, eða árið 2010.
9140. Þannig áttu lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips í tíðum samskiptum um samhliða endurnýjun og aukið samstarf í Norður-Ameríku flutningum og Evrópuflutningum árið 2010. Fólst í þessu fjöldi funda og margvísleg önnur samskipti. Þannig sýna samtímagögn í málinu að ítrekaðir fundir og önnur samskipti hafi verið á milli lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips í október til desember 2010. Skrifað var undir nýjan Norður-Ameríku samning 9. desember 2010. Í honum fólst áframhaldandi samstarf í umræddum flutningum og aukið gámasstarf, í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins.
9141. Hér á eftir, sbr. einnig í kafla 14.33 í ákvörðun þessari, verður greint frá atvikum í tengslum við fundi og önnur samskipti Samskipa og Eimskips vegna endurnýjunar á samningum fyrirtækjanna um flutninga til og frá Norður-Ameríku og í Evrópuflutningum árið 2010.
9142. Umrædd samskipti Samskipa og Eimskips höfðu það að markmiði að viðhalda og auka samstarf fyrirtækjanna í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Af þessu leiðir að öll samskipti Samskipa og Eimskips þar sem unnið var að eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga.
9143. Eins og fram kemur í kafla 14.33 sýna samtímagögn að þegar þessi samskipti áttu sér stað, í lok árs 2010 lögðu bæði Samskip og Eimskip mikla áherslu á að hækka verði og náðu fram verðhækkunum gagnvart mikilvægum viðskiptavinum. Þessi ítrekuðu samskipti lykilstjórnenda fyrirtækjanna voru til þess fallin að viðhalda samfelldu samráði, sem dró úr æskilegri óvissu á milli fyrirtækjanna um mikilvæg samkeppnismálefni, líkt og verðlagningu, og gerði Samskipum kleift að hækka einnig verð til viðskiptavina. Er það í samræmi við viðurkenningu Eimskips á ólögumætu samráði við Samskip, sbr. 1. gr. í sátt Eimskips frá 16. júní 2021.
9144. Hér á eftir verður einnig rakið að með endurnýjuðum Norður-Ameríku samningi Samskipa og Eimskips í desember 2010 var komist að samkomulagi um aukið gámasstarf fyrirtækjanna, í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins.
9145. Verða nú rakin atvik sem varða endurnýjun á annars vegar Norður-Ameríku samningi Samskipa og Eimskips og hins vegar samningi þeirra um Evrópuflutninga, sk. „neyðarsamkomulagi“ á síðasta ársfjórungi ársins 2010. Hvað umfjöllun um áherslur og framkvæmd fyrirtækjanna beggja á hækkun verðs og tengd atvik í aðdraganda og í kjölfar þess að umræddir samningar voru undirritaðir vísast til kafla 14.33.

16.7.2. Lykilstjórnendur vinna að áframhaldandi samstarfi fyrirtækjanna í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið

9146. Samtímagögn sýna að Eimskip lagði áherslu á að samningur um Norður-Ameríku flutninga yrði endurnýjaður. Um það vitnar tölvupóstur (E)forstö-innfl til (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv (afrit til (E)frkvstj-sala/bj) 5. október 2010. Þar segir: „Það styttist í að samningur okkar um N-



Ameríkuflutninga renni út en það er nú í árslok. Er ekki rétt að við förum á næstunni yfir hvað tekur við? Fyrir okkar hönd yrðu það ég og [(E)frkvstj-sala/pj] sem kæmu að þessu. Hvernig líst ykkur á að við tveir kæmum til ykkar n.k. mánudag 11. okt ?”⁴⁶⁷²

9147. (S)frkvstj-millilandasv svaraði samdægurs og lagði til fund kl. 14. Boðaði (S)frkvstj-millilandasv síðan (S)forstö-innfl1 á fundinn.⁴⁶⁷³ (E)forstö-innfl kannaði hjá (E)frkvstj-sala/pj hvort hann mætti staðfesta fund með Samskipum 11. október kl. 14. (E)frkvstj-sala/pj svaraði: „Yes, hvernig fannst þér fundurinn í gær annars?”⁴⁶⁷⁴ (E)forstö-innfl svaraði síðan (S)frkvstj-millilandasv (afrit sent til (S)forstö-innfl1): „Sæll. Sjáumst kl 14:00 á mánudaginn hjá ykkur”.⁴⁶⁷⁵

9148. Tveimur dögum síðar, 7. október 2010, hittust (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-innanl á fundi hjá SVÞ. Daginn eftir upplýsti (E)forstö-innfl að hann hefði hitt Samskip í þeirri viku, sbr. yfirlit í kafla 13. Þá hittust þeir (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-sala/pj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 á fundi þann 11. október 2010, eins og til stóð. Var hann bókaður frá kl. 14-15 þann dag. Samtímagögnin sýna að á þessum fundi átti a.m.k. að ræða endurnýjun á Norður-Ameríkusamningnum, sbr. tölvupóst (E)forstö-innfl til (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv 5. október 2010 og tölvupóst (S)forstö-innfl1 til undirmanns 11. október 2010. Einnig áttu fyrirtækin samskipti á fundunum eða í tengslum við þá um aukið gámasamstarf. Endurspeglast það í eftirfarandi tölvupósti sem (E)forstö-innfl sendi 11. október 2010 til (E)frkvstj-skiparekst og (E)forstö-flutnstý (afrit til (E)frkvstj-sala/pj) um gámanotkun Samskipa frá Norður-Ameríku. Tölvupóstinn sendi hann strax eftir fundinn með (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1, þ.e. kl. 15:53 11. október 2010, og bar hann heitið „Gámanotkun Samskipa frá NA”. Var hann til (E)frkvstj-skiparekst og (E)forstö-flutnstý, afrit til (E)frkvstj-sala/pj. (E)frkvstj-skiparekst og (E)forstö-flutnstý voru stjórnendur sem báru m.a. ábyrgð á gámastýringu Eimskips. Í tölvupóstinum kom fram að unnið væri að endurnýjun á Norður-Ameríku samningnum við Samskip. Bað (E)forstö-innfl þá (E)frkvstj-skiparekst og (E)forstö-flutnstý að taka saman hversu mikið Samskip hefðu verið að nota gáma Eimskips í innflutningi frá Bandaríkjunum. Einnig bað (E)forstö-innfl þá um að leggja mat á tiltekin atriði varðandi mögulegt aukið gámasamstarf við Samskip, m.a. hver ábati Samskipa væri af slíku auknu samstarfi við Eimskip. Í tölvupóstinum sagði nánar tiltekið:

„Samningur okkar við Samskip rennur út um áramót og við erum að skoða endurnýjun.

Getið þið tekið saman hvort og hversu mikið þeir hafa verið að nota okkar gáma frá NA.

Áætlað hag þeirra/kostnað við að nota okkar gáma vs að leigja inn eða taka cabotage gáma og þá einnig í Halifax.

Í dag greiða þeir usd 200 aukalega per þurrgám ef við sköffum gámana. Viljum við auka eða minnka þetta gjald?

Þeir eru nýlega (síðustu 2 ferðir) farnir að bóka hjá okkur 40 ft HC út úr Halifax (væntanlega pappír). 11 í fyrri ferð og 14 í síðustu.

Viljum við bjóða þeim að nota okkar gáma (staðsetja frá RIC) og á hvaða verði þ.e. hvaða þóknun þyrftum við að fá eða hvað er það að kosta þá í dag að taka inn gáma þarna. Eru okkar tómgámar HC í nægu magni? Hafa ber í huga að staðsetja þyrfti gáma þar sem fær þá í næstu ferð á eftir og einnig

⁴⁶⁷² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.830991.

⁴⁶⁷³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.831008. Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.831007.

⁴⁶⁷⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.567903.

⁴⁶⁷⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.567920.



að viðskiptavinur þeirra hér heima þyrfti væntanlega að hafa þá amk fram að næstu ferð þ.e. síðasta gámnum yrði ekki skilað fyrr en næsta sending kæmi.

Er frekara samstarf í gámum fýsilegt t.d. gæti verið fýsilegt fyrir okkur að bjóða þeim að nota gáma frá okkur í TA flutninga þeirra (t.d. N&O (Veit ekki hvort það er raunhæft þ.e. að taka tómgámana í RIC)).⁴⁶⁷⁶

9149. Eftir fund (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-sala/þj, (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv 11. október 2010, sem bókaður var til kl. 15, ákváðu stjórnendurnir að hittast að nýju þann 20. október 2010. Að morgni 19. október 2010 ítrekaði (E)forstö-innfl erindið í tölvupósti til (E)frkvstj-skiparekst og (E)forstö-flutnstý (afrit til (E)frkvstj-sala/þj) og tengdi það við fund Samskipa og Eimskips daginn eftir. Þar sagði: „Við eigum fund með S á morgun og þurfum því svar í dag varðandi neðangreint erindi [varðandi aukið gámasamstarf við Samskip]“.⁴⁶⁷⁷
9150. Fyrir fund fyrirtækjanna 20. október 2010 vann (S)forstö-innfl1 sömuleiðis að þáttum sem varðaði aukið gámasamráð fyrirtækjanna vegna Norður-Ameríku. Að morgni 20. október 2010 sendi (S)forstö-innfl1 þannig tölvupóst til (S)starfsm, sem starfaði í flutningsstýringu Samskipa. Heiti póstsins var „Capotage“⁴⁶⁷⁸ vs. Eimskips gámar í USA“. Þar minnti (S)forstö-innfl1 (S)starfsm á eftirfarandi verkefni: „Varst þú búinn að skoða eitthvað hversu mikið við erum að nota Eimskips gáma vs. Capotage í USA“. (S)starfsm svaraði kl. 11:17 þennan dag: „Æ – sorry steingleymdi því – hvenær er fundurinn? – fer strax í þetta!“⁴⁶⁷⁹ Eins og fram kemur hér á eftir bað (E)forstö-innfl (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 kl. 13:40 á fyrirhuguðum fundardegi, 20. október 2009, um frestun á fundinum. Næsti fundur fór því fram 2. nóvember 2010.
9151. Af þessum samtímagögnum er ljóst að við upphaf samningaviðræðna fyrirtækjanna voru allir möguleikar opnir varðandi samstarf fyrirtækjanna í Norður Ameríku flutningum og um aukna gámanotkun því tengdu.
9152. Hér ber að áréttta að Samskip og Eimskip voru saman með 100% markaðshlutdeild í sjóflutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Samskip buðu upp á þá flutninga annars vegar með TA flutningum og hinsvegar í samstarfi við Eimskip. Gögn málsins sýna að á rannsóknartímabilinu var meirihluti flutninga Samskipa vegna Norður-Ameríku TA flutningar. Restin fór með skipi Eimskips, sbr. töflu í kafla 16.9 hér á eftir. Horft á Norður-Ameríku flutninga einangrað er augljóst að það var afar skaðlegt fyrir samkeppni ef samstarf Samskipa og Eimskips myndi aukast með þeim hætti að það tæki einnig til gámanotkunar vegna TA flutninga Samskipa.
9153. Framangreind samtímagögn frá Samskipum og Eimskip sýna hins vegar að slíkt aukið samstarf var til skoðunar. Var þannig til athugunar að auka samstarf fyrirtækjanna með því að láta umrætt gámasamstarf taka einnig til TA flutninga Samskipa milli Íslands og Norður-Ameríku. Nefndi (E)forstö-innfl í dæmaskyni TA flutninga Samskipa fyrir Nathan & Olsen en sá viðskiptavinur var einn sá mikilvægasti í þessum flutningum Samskipa. Má segja að í samskiptum fyrirtækjanna á þessum tíma hafi í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið allir möguleikar verið opnir varðandi aukið samstarf fyrirtækjanna um gámanotkun.
9154. Dagana 20.-22. október 2010 áttu sér stað tölvupóstsamskipti innan Eimskips um fyrirhugaða endurskoðun á samningi um Norður-Ameríku sem hófust á því að (E)forstö-innfl beindi fyrirspurn til (E)frkvstj-N-Am og (E)forstö-N-Am og óskaði eftir ábendingum frá þeim um mögulegar breytingar á

⁴⁶⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.570443.

⁴⁶⁷⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.574392.

⁴⁶⁷⁸ „Cabotage“ er gestaflutningaleyfi fyrir farmflytjanda til að starfrækja tímabundið flutningsþjónustu innanlands gegn gjaldi í viðkomandi landi eða svæði. Í tölvupósti [...] er þá væntanlega verið að vísa til greiningar á notkun Samskipa á eigin gámum sem eru fluttir milli hafna í Norður-Ameríku vs. notkun Samskipa á Eimskips gámum.

⁴⁶⁷⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.833428.



gildandi samningi. Vísaði hann m.a. til þess að hafa átt fund með Samskipum „last week“ eða í síðustu viku og að stefnt væri að öðrum fundi eftir viku.⁴⁶⁸⁰

9155. (E)frkvstj-sala/þj taldi rétt að upplýsa (E)forstj um samningaviðræður við Samskip og framsendi honum sama dag, þ.e. 21. október, framangreinda tölvupósta: „Blessaður, sjá neðangreint til uppl. En við eigum fund með Samskip út af samningnum í næstu viku, heyrumst fyrir þann fund.“ (E)forstj svarar: „Já förum alveg endilega yfir þessa stöðu.“ (E)frkvstj-sala/þj bætir við: „Þóttist vita að þú hefur skoðanir á þessu enda málið þér náskýlt eftir öll árin í US.“ Er þetta í samræmi við það sem áður hefur verið rakið um áherslu Eimskips og sérstaklega (E)forstj á að viðhalda samstarfi Eimskips við Samskip í Norður-Ameríku siglingum, sbr. einnig umfjöllun í kafla 7.3.1 um vinnuhóp „Nýtt upphaf“ verkefnisins en (E)forstj sat í þeim hópi.
9156. Líkt og fyrr segir hafði fundur á milli fyrirtækjanna verið boðaður 20. október 2010. Þeim fundi var hins vegar frestað á fundardeginum og var nýr fundur ákveðinn 2. nóvember 2010.⁴⁶⁸¹ Boðað var til þess fundar í fundarboði frá (E)forstö-innfl 25. október 2010. Síðar þennan sama dag, 25. október 2010, var haldinn fundur hjá stjórn Samskipa hf. Mættir á stjórnarfundinn voru (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-fjárm, (S)stjform-S, (S)stjórnarm-fjármstj og (S)stjórnarm-S og SH.
9157. Eftir fundinn með Eimskip 11. október 2010 taldi (S)frkvstj-millilandasv afar miklar líkur á áframhaldandi samstarfi fyrirtækjanna í sjóflutningum og treyst hann sér til að gera ráð fyrir að flutningar á skipi Eimskips yrðu óbreyttir og arðbærir. Þetta má ráða af fundargerð vegna framangreinds fundar stjórnar Samskipa hf. 25. október 2010. Í fundargerðinni kemur m.a. þetta fram
- „(S)frkvstj-millilandasv kynnti siglingakerfi Samskipa og samkeppnisaðila er sinna þjónustu til Íslands og Færeyja. Helstu niðurstöður um umræður um kerfi eru :
- gert er ráð fyrir að mánaðarleg rúta EI til USA sé arðbær og verði með óbreyttu mynstri til komandi ára“.⁴⁶⁸²
9158. Í fundargerðinni kemur einnig fram að stjórnarmenn hafi á sama fundi rætt um að „rólegt“ væri yfir markaðnum en jafnframt tekið fram að samningar við mikilvæga viðskiptavinum Samskipa (t.d. Garra, Húsasmiðjuna og Samkaup) væru að losna. Eins og umfjöllun í kafla 14.33 ber með sér hófu Samskip í kjölfarið vinnu við að hækka verð gagnvart þessum mikilvægum viðskiptavinum í flutningum frá Norður-Ameríku. Á þessum tíma tók (S)forstö-innfl1 í samræmi við þetta til athugunar verðlagningu hjá viðskiptavinum Samskipa. M.a. má ráða af tölvupósti sem hann sendi (S)frkvstj-N-Am (yfirmanni Samskipa í Norður-Ameríku) og viðkomandi viðskiptastjórum í innflutningsdeild 28. október 2010, sbr. kafla 14.33.4.7., að hann hafi talið tök á því að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum sínum í þessum flutningum.
9159. Nýr fundur Eimskips og Samskipa var þá ákveðinn nokkrum dögum síðar, þann 2. nóvember 2010. Bæði (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 sátu þann fund.
9160. Fyrr þennan dag hafði (E)forstö-innfl sent tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj vegna fundarins með Samskipum. Í tölvupóstinum tilgreindi (E)forstö-innfl áherslur Eimskips fyrir fundinn. Þar sagði að

⁴⁶⁸⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.578142 / 0.7.33.578188 / 0.7.33.578287 / 0.7.33.578298 / 0.7.33.578627 / 0.7.33.578740 og 0.7.33.578765.

⁴⁶⁸¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.833609. Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.90462.

⁴⁶⁸² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.808577.



samningstexti ætti að verða að mestu óbreyttur frá fyrri samningi og miða ætti við 4,6% hækkun á verði. Eimskip myndi útvega Samskipum gáma þegar það væri unnt.⁴⁶⁸³

9161. Þann 4. nóvember 2010, aðeins tveimur dögum eftir umræddan fund fyrirtækjanna boðaði (E)forstö-innfl nýjan fund og var hann haldinn sex dögum síðar, þann 8. nóvember 2010 kl. 11.⁴⁶⁸⁴ (S)frkvstj-millilandasv samþykkti fundarboðið sama dag.⁴⁶⁸⁵
9162. Sama dag og fyrrgreindur fundur var haldinn, þ.e. 8. nóvember 2010, vistaði (E)frkvstj-sala/þj á heimasvæði sínu skjal þar sem finna má lista yfir verkefni hans þennan mánuðinn. Þar stendur m.a.: „USA Samskip samningur“, „Hækkanir (ISL – ERL)“.
9163. Þann 8. nóvember 2010 funduðu (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl. Daginn eftir fundinn sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv (afrit til (E)forstö-innfl) þar sem hann setti fram tillögu um 4,6% hækkun á sjófrakt í undirbúningi að nýjum samningi um Norður-Ameríku flutninga. Endurspeglaði sú tillaga umræður sem höfðu átt sér stað á fundi fyrirtækjanna 8. nóvember 2010 („langi fundurinn“ eins og (E)frkvstj-sala/þj nefndi hann sbr. umfjöllun hér á eftir).
9164. Líkt og áður hefur komið fram funduðu (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl þann 8. nóvember 2010 og var það „langur fundur“, sbr. eftirfarandi tölvupóst (E)frkvstj-sala/þj til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 (afrit til (E)forstö-innfl) 9. nóvember 2010 um viðræður fyrirtækjanna um nýjan Norður-Ameríku samning þar sem segir m.a:

„Sælir strákar og takk fyrir fundinn langa í gær, Við erum vissulega nær takmarkinu en fyrir fundinn og vonandi er eftirfarandi lausn til þess fallin að loka málinu:

Höldum okkur við að einfalda þetta og taka eitt gjald í stað tveggja mismunandi. Útgangspunkturinn er því 1.980 mv. 40'HC.

	USD
Grunngjald	1.980
4,60%	91,08
Nýtt verð eftir hækkun	2.071
ISPS	42,00
Samtals	2.113
THC með 75% afslætti	154
Heildarverð	2.267
Breyting frá fyrri samning	
Eimskips gámar	2.080
	8,99%

Samskonar útreikningur gildir fyrir aðrar gámastærðir.

1. Jafnframt sættumst við á að afsláttarmagn miðist við 300 teus í stað 400 annars óbreytt

⁴⁶⁸³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.91166.

⁴⁶⁸⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.244023.

⁴⁶⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.91435.



2. Gámafríðagar fara úr 40 í 30 enda hagstætt verð eftir það og þar fyrir utan ættu 30 dagar að vera yfirdrifið nóg í lang flestum tilfellum

3. Magnákvæði verða óbreytt

4. Gildistími 12 mánuðir með 12 mánaða framlengingar option

Hvernig eruð þið á fimmtudaginn kl. 11.00 til að leggja lokahönd á þetta?⁴⁶⁸⁶

9165. Líkt og sjá má fylgdu nánari tillögur Eimskips um skilmála sem og tillaga um nýjan fund til að leggja lokahönd á nýjan samning fyrirtækjanna.⁴⁶⁸⁷

9166. Í framangreindri tillögu Eimskips fólst 4,6% hækkun á flutningsgjaldi (í töflunni nefnt grunn gjald) jafnframt því sem tekin yrðu upp ný gjöld, þ.e. sn. ISPS-gjald⁴⁶⁸⁸ og THC-gjald⁴⁶⁸⁹ (með 75% afslætti). Í heild næmi hækkun í tilviki 40`HC gáma 8,99%.

9167. Til undirbúnings svari við tölvupósti (E)frkvstj-sala/þj það (S)forstö-innfl1 (S)starfsm að taka saman upplýsingar um gámanotkun í innflutningi frá Norður-Ameríku, sbr. tölvupóst sem (S)forstö-innfl1 sendi (S)frkvstj-millilandasv 9. nóvember 2010.⁴⁶⁹⁰ Síðar sama dag sendi (S)starfsm excel skjalið „VT – innflutningur USA“.⁴⁶⁹¹ Þar kemur fram:

Count of Container number	Lease details		
Status date	EIMSKIP	OWN	Grand Total
jan		9	9
feb	1	9	10
mar	2	3	5
apr	2	6	8
maí	5	12	17
jún	6	6	12
júl	4	9	13
ágú	20	4	24
sep	17	3	20
okt	28	9	37
nóv	2	10	12
des		11	11
Grand Total	87	91	178

9168. Endurspeglast í þessu gagni sú gámasamvinna Samskipa og Eimskips sem komst á eftir að samráð fyrirtækjanna var aukið seinni hluta árs 2008, sbr. kafla 8.17.1, 8.17.6, 10.6.2, 11.19.2 og 18.

⁴⁶⁸⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.91854.

⁴⁶⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.91725.

⁴⁶⁸⁸ ISPS er sérstakt öryggisgjald í höfnum á gáma eða flutninga. Á vefnum www.logisticsglossary.com er ISPS lýst með þessum hætti: „After 11 September 2001, on the initiative of the United States, a worldwide safety programme was set up to combat terrorist activities within/through ports. To this end, various port authorities made additional investments to implement further safety measures. In order to recover these investments, an ISPS (International Ship & Portfacility Security) allowance applies to each container/shipment.“

⁴⁶⁸⁹ THC (Terminal Handling Charges) eru gjöld í höfnum fyrir uppskipun og útskipun.

⁴⁶⁹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.836600.

⁴⁶⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.836637.



9169. Sama dag, þ.e. 9. nóvember 2010, var (S)forstö-innfl1 á ný greint frá framgangi þess verkefnis sem fólst í því að hækka verð til viðskiptavina í Norður-Ameríku flutningum, sbr. nánari umfjöllun í kafla 14.33. Var honum og m.a. undirmanni (S)frkvstj-N-Am ((S)starfsm) sendur þessi tölvupóstur:

„Var að setja inn nýjan samning fyrir Garra. Ný verð gilda í Ameríku BAF innifalið NYC 2.800/3.600 RIC 2.500/3.100 Getið þið leiðrétt sendingarnar í þessari viku.“⁴⁶⁹²

9170. (S)starfsm svaraði sama dag: *„Ég skal fæla þessum verðum hjá FMC. Verða virk þann 9, desember. Það tekur 1, mánuð að fá hækkunir í gegn hjá FMC. Ég vil benda á að leiðréttingar á sjófrakt eftirá frá USA eru ólöglegar.“⁴⁶⁹³*

9171. Af samtímagögnum er ljóst að vilji var hjá báðum fyrirtækjum til áframhaldandi samvinnu um þessa flutninga og t.a.m. hvergi að finna að Eimskip hafi óttast samkeppni frá Samskipum t.a.m. með TA flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Engin slík áform voru heldur að finna í gögnum Samskipa, enda hefði það getað sett samfellt samráð fyrirtækjanna í uppnám á þessum tíma. Þvert á móti var unnið að því að auka samvinnuna.

9172. (S)forstö-innfl1 svaraði (E)frkvstj-sala/þj að morgni næsta dags, 10. nóvember 2010. Með vísan til góðs fundar féllst (S)forstö-innfl1 m.a. á tillögu (E)frkvstj-sala/þj um 4,6% hækkun, sbr. eftirfarandi:

„Takk sömuleiðis fyrir góðan fund.“

Við erum tilbúnir í að klára þetta á svipaðri nálgun og þú notar við verðútreikningana, þ.e. 4,6%, ISPS og THC með 75% afslætti. Við þurfum hins vegar aðeins að skoða grunnjaldið á mismunandi hátt eftir því um hvaða gámategund er að ræða.

Við tókum saman skiptinguna á milli okkar og ykkar gáma síðustu 12 mánuði. Við tókum reyndar þessa 34 gáma sem hafa komið með pappírnum frá Halifax út úr þeirri skoðun því sá business er ekki lýsandi fyrir okkar flutninga og mun aðeins verða til staðar í fáa mánuði. Þessi skipting gefur vægið í töflunni hér að neðan. Við notuðum síðan þetta vægi til að finna það meðalverð sem við höfum í raun verið að greiða í þessum samningi. Það verð er síðan notað sem grunnverð við útreikningana.

⁴⁶⁹² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.836622.

⁴⁶⁹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.836629.



Innflutningur								
		Freight	Vægi gáma	4,60%	ISPS	THC	Total	Hækkun
Shippers own	20'DC	1.370	100%					
Carrier own	20'DC	1.570	0%					
Vegið verð		1.370		1.433	21	77	1.531	6,8%
Shippers own	40'DC	1.820	63%					
Carrier own	40'DC	2.020	37%					
Vegið verð		1.894		1.981	42	154	2.177	9,9%
Shippers own	40'HC	1.880	63%					
Carrier own	40'HC	2.080	37%					
Vegið verð		1.954		2.044	42	154	2.240	9,6%
Shippers own	20'RF	1.440	0%					
Carrier own	20'RF	1.640	0%					
Vegið verð		1.540		1.611	21	77	1.709	6,1%
Shippers own	40'RF	2.090	73%					
Carrier own	40'RF	2.290	27%					
Vegið verð		2.144		2.243	42	154	2.439	8,7%
Útflutningur								
		Freight	Vægi gáma	4,60%	ISPS	THC	Total	Hækkun
Shippers own	20'RF	1.440	100%					
Carrier own	20'RF	1.640	0%					
Vegið verð		1.440		1.506	21	77	1.604	6,5%
Shippers own	40'RF	2.400	100%					
Carrier own	40'RF	2.600	0%					
Vegið verð		2.400		2.510	42	154	2.706	7,8%

Verðin í Total dálknum er því þau verð sem við erum tilbúnir að loka þessu á.

Við sættumst á að miða afsláttarmagn við 300 TEU.

Við erum ekki tilbúnir að fallast á fækkun gámafrídaga.

Við þurfum að sjá volume commitment í 35 TEU per ferð eins og rætt var um.

Við leggjum til að samningurinn verði til 2ja ára, með möguleika á 12 mánaða framlengingu.



Getið þið stillt upp nýjum samningsdrögum sem við gætum lesið fyrir fund á morgun. Það þarf að bæta inn í samninginn setningu sem tekur á skuldbindingu af ykkar hálfu varðandi gáma. Það er líklega best að setja það inn í Term 6. Okkar tillaga er að fyrsta málsgrein í Term 6 a) breytist í eftirfarandi:

a) Containers. Carrier will provide containers in Reykjavik and port of call in U.S. and Nova Scotia, Canada for transportation under this Contract. Carrier shall release to the shipper the number of containers needed if available at given time, but shall always supply the number needed to fulfill the minimum volume obligation as per term 4 in this contract.

Við erum því miður uppteknir kl 11 á morgun, en lausir á milli 1 og 3. Getið þið komið hingað til okkar á morgun kl 13:00?⁴⁶⁹⁴

9173. Ljóst er að fulltrúar fyrirtækjanna ætluðu sér að hittast strax aftur þann 11. nóvember 2010, en (S)frkvstj-millilandasv bætti við eftirfarandi í svari til Eimskips: „Sælir piltar, eftir allt þá hentar okkur betur að hittast kl. 11:00 eins og þið stunguð upp á – Höldum okkur við þann tíma og afsakið þetta hringl.“⁴⁶⁹⁵ (E)frkvstj-sala/þj svaraði daginn eftir: „Sælir, sjáumst kl. 11.00“.
9174. Frekari staðfestingu á fundi fyrirtækjanna þann 11. nóvember 2010 er einnig að finna í tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv til (S)forstj þann 10. nóvember um „fundur á morgun“.⁴⁶⁹⁶
9175. (E)frkvstj-sala/þj áframsendi framangreint svar (S)forstö-innfl1 samstundis til (E)forstj.⁴⁶⁹⁷ Síðar sama dag svaraði (E)forstj tölvupósti (E)frkvstj-sala/þj með þremur spurningum „varðandi það sem talað hafði verið áður um“. (E)frkvstj-sala/þj svaraði þeim spurningum skömmu síðar sama dag.⁴⁶⁹⁸ Spurningar (E)forstj eru í bláum lit, en svör (E)frkvstj-sala/þj í rauðum:

Mér datt þetta í hug varðandi það sem talað hafði verið áður um:

1. Að skipta niður á milli Halifax og Richmond/Norfolk þannig að ef magn þeirra í öðru hvoru svæðinu dettur niður þá sé ekki um að ræða að færa megi á milli. Væri erfitt ef öll teus færu frá Norfolk. Slott per höfn. – Búnir að eyða töluverðum tíma í þetta með þeim og hafa þeir alltaf blásið þetta út af borðinu segja ekki eiga að skipta okkur máli hvar þetta sé að koma í skipið magnið í HAL er takmarkað í ekki til lengri tíma (pappírinn).
2. Það var líka talað um að gera samning um Carriers own equipment only sem er algengt í svona viðskiptum og við fáum t.d ekki samninga annars staðar nema nota gáma flutningsaðila. Vatnið streymir út en engin frakt til baka þannig að á sama tíma og þeir leigja gáma frá 3 aðila þá komum við ekki gámum okkar heim. Gagnkvæmur skilningur á því að nota okkar gáma í þetta eingöngu meðan framboð er fyrir hendi, það er líka hugmyndin á bak við að einfalda verðskrána
3. Á Reykjafossi er erfitt að taka of mikið af HC gámum því þá dettur niður eitt lag – við ættum að stjórna því þar sem þetta eru okkar gámar sem við þurfum að koma heim eftir sem áður.

Ræðum síðar,

9176. Svör (E)frkvstj-sala/þj gefa meðal annars til kynna að Samskip og Eimskip hafi á fundum sínum rætt atriði sem tengdust innflutningi Samskipa á pappír frá Norður-Ameríku. Slíkur innflutningur var umtalsverður og sýnir þetta umræðu fyrirtækjanna um mikilvægt samkeppnismálefni. Vísast einnig til þess þegar Samskip, í kjölfar fundar með Eimskip tæpum mánuði fyrr, hækkuðu verð gagnvart

⁴⁶⁹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.91831.

⁴⁶⁹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.91854.

⁴⁶⁹⁶ Þar sagði [...]: „ég þarf að troða inn fundi með Eimskip á morgun og mun leggja til við þá að hittast kl. 13:00 þ.e. þegar þið farið yfir Scandinavia kynninguna.“⁴⁶⁹⁶ Ákveðið var að [...] kæmist á fundinn með Eimskip en myndi einnig mæta að hluta á nefndan innanhússfund Samskipa. Væntanlega var [...] þar að vísa til þess að sama dag var stjórnarfundur eða annar innanhússfundur hjá Samskipum. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.804692.

⁴⁶⁹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.692025.

⁴⁶⁹⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.692239 og 0.7.33.692245.



mikilvægum viðskiptavini í innflutningi á pappír til Íslands frá Bandaríkjunum, sbr. umfjöllun í kafla 14.33.4.2 og 14.33.4.9.

9177. Viðbrögð (E)forstj og (E)frkvstj-sala/bj sýna einnig áhuga Eimskips á auknu samstarfi við Samskip um gámanotkun og gefa til kynna samráð fyrirtækjanna um það efni, sbr. tilvísun (E)frkvstj-sala/bj til „gagnkvæms skilnings“ Eimskips og Samskipa.
9178. (E)forstj svaraði (E)frkvstj-sala/bj daginn eftir (11. nóvember 2010): „O.k en #1 stendur aðeins í mér, það er langt í að við náum 2 skipum á Norfolk svo að ef svo færi að þeir hættu að nota Halifax fyrir pappír þar sem hann er t.d er keyptur í Evrópu þá geta þeir tvöfaldað magnið frá Richmond/Norfolk og við lendum í vandræðum með okkar eigin cargo. Í dag eru þeir aðeins að flytja 20 teus að meðaltali á mánuði frá Ric.“⁴⁶⁹⁹
9179. Þann 11. nóvember 2010 funduðu (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-sala/bj og (E)forstö-innfl á ný. Gefa gögn málsins til kynna að ákveðin niðurstaða um verðhækkun á flutningunum og aukna gámasamvinnu hafi náðst á þeim fundi. Má það ráða af eftirfarandi tölvupósti sem (E)frkvstj-sala/bj sendi (E)forstj 15. nóvember 2010 undir fyrirsögninni „Samningur USA“ en þar upplýsir hann um stöðu Norður-Ameríku samningsins við Samskip: „Sæll, bara til uppl. þá kláruðum við þetta með 4,6% + ISPS, 25% af THC. Magn óbreytt 30 teus, okkar gámar notaðir þegar þeir eru til.“⁴⁷⁰⁰
9180. Þann 19. nóvember 2010 sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til (S)frkvstj-N-Am og (S)starfsm (afrit til (S)forstö-innfl1) og greindi frá því að hann teldi að hækka yrði verð á Norður-Ameríku flutningum hjá Kaupási/Samkaupum og Ísam. Kvaðst hann m.a. miða við „nýjan samning við EÍ“, þ.e. þá verðhækkun sem Samskip og Eimskip höfðu náð saman um í nýjum Norður-Ameríku samningi.⁴⁷⁰¹ Í þessu fólst þannig m.a. 4,6% hækkun og ný gjöld en samkvæmt samningnum frá 2009 greiddu Samskip hvorki staðsetningargjald né THC gjald til Eimskips. Í þessu fólst einnig aukin ólögmet gámasamvinna því ákveðið var („gagnkvæmur skilningur“) að Samskip myndu alfarið nota gáma Eimskips þegar þeir væru til staðar. Hér ber og að hafa í huga að nokkrum dögum síðar hittust (E)forstj og yfirmaður Samskipa í Bandaríkjunum, (S)frkvstj-N-Am, á fundi. Þar var m.a. rætt um framangreinda flutninga milli Íslands og Bandaríkjanna. Nánar er vikið að þessu í kafla 14.33.
9181. (S)forstö-innfl1 ýtti á eftir því 16. nóvember 2010 að frágangi samningsins yrði lokið, sbr. tölvupóst hans til (E)frkvstj-sala/bj (afrit til (E)forstö-innfl og (S)frkvstj-millilandasv) þar sem segir: „Sælir. Ætlum við að reyna að klára samninginn í vikunni? Ég fer í tveggja vikna frí á hádegi á föstudag. Það væri best að klára þetta fyrir þann tíma ef hægt er.“ (E)forstö-innfl svarar: „Sæll. Drögin eru í yfirlestri hjá Sly í USA vegna FMC reglna en ég notaði sama form og síðast þrátt fyrir að við séum búin að breyta. Vonandi get ég sent þetta til ykkar á morgun.“⁴⁷⁰²
9182. (S)forstö-innfl1 ýtti aftur á eftir málinu tveimur dögum síðar, sbr. tölvupóst hans til (E)forstö-innfl þann 18. nóvember 2010, þar sem segir m.a.: „Er eitthvað að fréttu af þessu. Málið er að ég er að fara í 2 vikna frí á hádegi á morgun og hefði viljað lesa þetta yfir áður en ég fer.“ (S)forstö-innfl1 spurði einnig um gáma í Halifax. (E)forstö-innfl svarar: „Sæll. Er enn ekki kominn með svar að vestan. Meðfylgjandi er draftið eins og það er til yfirlestrar. Skoðaðu þetta og láttu mig vita ef einhverjar athugasemdir. Hef þann fyrirvara að formið kunni að breytast. [...]“.⁴⁷⁰³

⁴⁶⁹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.692294.

⁴⁷⁰⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.694375.

⁴⁷⁰¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.838531.

⁴⁷⁰² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.837873.

⁴⁷⁰³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.838291.



9183. Sama dag svaraði (S)forstö-innfl1 tölvupósti (E)forstö-innfl og segir m.a.: „Þetta lítur fínt út. Gerði smávægilegar breytingar. Við höldum að þið ætluðuð bara að vera með eina tölu sem innihéldi freight, THC og ISPS, en sé að þið hafið brotið hana upp. Það er í fínu lagi, en ég setti þær tölur inn í textan[n]. Einnig þarf eftirágreiddi afslátturinn að vera tekinn af heildartölunni. Hér er skjalið með okkar breytingum: [...]. Við erum klárir að skrifa undir þetta. Ég verð í vinnunni fram að hádegi á morgun, en er síðan farinn í frí fram til 6 des. Eigum við að koma til ykkar og skrifa undir þetta á morgun kl 11:00?“. ⁴⁷⁰⁴
9184. Dagana 16.-18. nóvember 2010 voru áframhaldandi samskipti milli keppinautanna um drög að samningi vegna Norður Ameríku flutninga og var þar rætt um verð og ýmis önnur efnisatriði samningsins. Þar kemur fram hjá (E)frkvstj-sala/þj að það verði reynt að klára samninginn „með [(S)frkvstj-millilandasv] í næstu viku“. ⁴⁷⁰⁵

16.7.3. Fundur (E)forstj og (S)frkvstj-N-Am og atvik í kjölfarið

9185. Fyrir liggur að (E)frkvstj-sala/þj vistaði eintak af drögum að samningi við Samskip 21. nóvember 2010 og sendi það eintak til (E)forstj og óskaði honum einnig góðrar ferðar en (E)forstj var á leiðinni til Bandaríkjanna a.m.k. til að eiga fund með stjórnendum Samskipa eins og vikið verður að. ⁴⁷⁰⁶
9186. Þann 23. nóvember 2010 sendi (E)forstj tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj og sagði að hinkra ætti aðeins með samninginn við Samskip („Bíðum aðeins með S samninginn ef við getum [...]“). Daginn eftir sendi (S)forstö-útlfl tölvupóst til (E)forstj varðandi skipulagningu á fundi (E)forstj með (S)frkvstj-N-Am í Bandaríkjunum. „Heyrði í [(S)frkvstj-N-Am] og hann getur hitt á ykkur í dag ef það hentar. Ertu til í að hringja í hann þegar þú getur í [...] til að mæla ykkur mót.“
9187. Samkvæmt þessu var (S)forstö-útlfl að skipuleggja að forstjóri Eimskips og yfirmaður Samskipa í Bandaríkjunum myndu hittast. Sá fundur fór fram umræddan dag, þ.e. 24. nóvember 2010. Það má sjá af tölvupósti sem (E)forstj sendi (E)frkvstj-sala/þj 25. nóvember 2010 með heitinu: „Fundur með [(S)frkvstj-N-Am] S line í gær.“ Í honum greinir (E)forstj frá fundinum:
- „Hann er að kvarta yfir því að við værum ekki að standa okkur í því að útvega gáma í Halifax en á endanum hefði hann hringt í [(E)forstö-innfl] sem hefði reddað málunum. [...] Ástandið er þannig í Halifax að það eru engir gámar til leigu og því stóla þeir á okkur. Hin leiðin þeirra væri að fara út úr Montreal en þessi pappír er að koma frá Halifax svo það yrði dýrara þar sem verðin eru 1500-2000 á box út úr Montreal með tilheyrandi kostnaði við tengingu í Bremerhaven. Skoðum þetta mál.
- Einnig þarf að skoða að við séum ekki að flytja þeirra gáma milli Boston og Norfolk og öfugt þar sem það er ólöglegt og við gætum fengið sektir vegna John Acts.“ ⁴⁷⁰⁷
9188. Eimskip og Samskip hafa keppt í flutningum á pappír frá Halifax til Íslands. ⁴⁷⁰⁸ Sem fyrr sagði höfðu Samskip hækkað verð á flutningi á pappír frá Norður-Ameríku og ræddu (E)forstj og (S)frkvstj-N-Am m.a. um þann flutning. Ljóst er að í þessum samskiptum hafa viðkvæmar samkeppnisupplýsingar farið

⁴⁷⁰⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.92651.

⁴⁷⁰⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip/Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.838402.

⁴⁷⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.700073.

⁴⁷⁰⁷ Væntanlega er hér verið að vísa til „The Jones Act“ (alríkislög nr. 46 USC s. 883) sem banna erlendum flutningafyrirtækjum svonefnda „coastwise“ flutninga.

⁴⁷⁰⁸ Sjá t.d. afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.275387. Þar sem [...], [...]og [...] fara yfir mögulega viðskiptavinum í Halifax og tekið er fram að Samskip hafi boðið lág verð á flutningum á pappír til Íslands í gegnum Evrópu. Einnig afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.88780. Þar sem [...] er að reyna að fá betri verð hjá Eimskip og vill flytja flutningana með pappírinn frá Samskipum.



frá Samskipum til Eimskip. Var þetta hluti af ólögætu samráði fyrirtækjanna. Nánar er fjallað um atvik sem tengist beint þessum innflutningi í kafla 14.33.

9189. Daginn eftir, þ.e. 24. nóvember 2010, vistaði (E)forstö-innfl hjá sér skjal með heitinu „Neyðarsamkomulag Eimskip Samskip nov 2010.“ Titill skjalsins er merktur „TRÚNAÐARMÁL Neyðarsamkomulag um gámaflutninga“.⁴⁷⁰⁹ Um var að ræða drög að nýju „neyðarsamkomulagi“ við Samskip. (E)forstö-innfl sendi þau ásamt drögum að nýju Norður-Ameríku samkomulagi við Samskip til (E)frkvstj-sala/þj sama dag. Eins og áður sagði var haldinn fundur (S)frkvstj-N-Am og (E)forstj þennan dag.
9190. Í tölvupóstinum segir (E)forstö-innfl m.a.: „Einnig er meðfylgjandi uppkast að nýju neyðarsamkomulagi en þarna er textinn að mestu eins og í hinu eldra nema hvað ég setti inn að baf og önnur aukagjöld væru innifalin.“⁴⁷¹⁰ Þennan sama dag fengu (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst frá (E)forstö-útfli með heitinu „Tölfræði S-line“ þar sem má finna viðhengi með ítarlegum upplýsingum um inn- og útflutning Samskipa á árunum 2008-2010.⁴⁷¹¹
9191. Af þessu er ljóst að hér voru lögð drög að nýjum samningi um Evrópuflutninga sem fyrirtækin undirrituðu síðan 9. desember 2010 um leið og þau undirrituðu nýtt samkomulag um samstarf í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku.
9192. Þessi atburðarás ber með sér að í tíðum samskiptum sínum vegna endurnýjunar á Norður-Ameríku samningi hafi fyrirtækin að þessu sinni, rétt eins og árið 2008, einnig rætt um önnur hagsmunamál og tóku m.a. á ný til umfjöllunar hið leynilega „neyðarsamkomulag“. Er það í samræmi við markmið og efni „Nýtt upphaf“ verkefnisins.
9193. Ekki er ljóst hvenær endurnýjun þessa samkomulags bar fyrst á góma í samskiptum fyrirtækjanna en með hliðsjón af framangreindu er líklegt að það hafi verið rætt milli fyrirtækjanna áður en til þess kom að (E)forstö-innfl hóf að semja drög að uppfærðum samningi. Vísast í því skyni til tölvupóstar (E)frkvstj-sala/þj til (E)forstj og (E)frkvstj-skiparekst 19. ágúst 2009. Í tölvupóstinum sagði (E)frkvstj-sala/þj m.a.: „Það væri gott og tímabært að endurnýja neyðarsamninginn og athuga vel með að bæta inn möguleikum á raunhæfum verðum þegar ekki er um hrein neyðartilfelli að ræða. [...]“. Þá lagði (E)frkvstj-sala/þj jafnframt til að Eimskip myndi hafa samband við (S)frkvstj-millilandasv eða (S)forstö-innfl1 hjá Samskipum samhliða því að Norður-Ameríku samningur fyrirtækjanna yrði endurskoðaður seinna á árinu 2009.
9194. Þegar haft er í huga að (E)forstö-innfl sendi (E)frkvstj-sala/þj drög að „neyðarsamkomulaginu“ 24. nóvember 2010 og litið er til efnis tölvupóstar (S)forstö-innfl1 7. desember 2010, sbr. síðar, þar sem vísað er í „samtaf“ (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-millilandasv, verður að leggja til grundvallar að (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/þj hafi átt fund dagana eftir, líklega 25. nóvember 2010, og að þar hafi (E)frkvstj-sala/þj afhent (S)frkvstj-millilandasv þessi drög að nýju „neyðarsamkomulagi“, sbr. einnig kafla 14.33.10.
9195. Hvað sem því líður skal minnt á að „neyðarsamkomulagið“ var upphaflega gert í nóvember 2001. Haustið 2008 ræddu fyrirtækin um að endurnýja samkomulagið og skiptust á tillögum um að útvíkka það þannig að það næði ekki einungis til eiginlegra neyðartilvika heldur gilti um gagnkvæma flutninga fyrirtækjanna og virtust þau sammála um það efni, án þess að samningsdrögin hafi verið undirrituð. Hafði samkomulagið frá 2001 verið framkvæmt þannig að það tók til „venjulegra flutninga“, sbr. tölvupóst

⁴⁷⁰⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.66892.

⁴⁷¹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.93043.

⁴⁷¹¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.282114.



milli (E)forstö-flutnstý og (E)forstö-útfli 21. mars 2007 og eintakið með handskrifuðu verðunum sem (E)frkvstj-sala/pj fékk sent 7. ágúst 2009, sbr. kafla 5.4.1.

9196. Þann 25. nóvember 2010 upplýsti (S)frkvstj-millilandasv (S)frkvstj-N-Am um framgang samningaviðræðna við Eimskip, en í tölvupósti hans segir m.a.: „Sæll [(S)frkvstj-N-Am] sendi þér hér það sem fór síðast frá okkur til Eimskips vegna samningsins. Þau atriði sem enn eru til umræðu eru eftirfarandi: [...]“.⁴⁷¹²
9197. Á sama tíma veltu stjórnendur Samskipa áfram fyrir sér einstökum atriðum í Norður-Ameríku samstarfi sínu við Eimskip, t.a.m. samningsatriðum sem vörðuðu gámasamvinnu og verðlagningu henni tengdri í nýjum samningi, sbr. tölvupóst (S)frkvstj-millilandasv til (S)forstö-innfl1 25. nóvember 2010. Var þar m.a. rætt um verðlagningu vegna aukins gámasamstarfs, sem leiddi af sér svokallað „hliðarskjal“, sbr. nánar hér á eftir.⁴⁷¹³
9198. (S)frkvstj-N-Am, sem ásamt (S)forstö-útfli hafði átt fund með (E)forstj stuttu áður, sendi tölvupóst til (S)viðskstj2, (S)viðskstj1 og (S)starfsm (afrit sent til (S)forstö-innfl1) þann 30. nóvember 2010 og vildi fara yfir verðlagningu á Norður-Ameríku þjónustu Samskipa og að niðurstaða yrði að liggja fyrir í byrjun janúar (2011).⁴⁷¹⁴
9199. (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/pj ræddu saman í síma 7. desember 2010. Þann dag bókaði (S)forstö-innfl1 fund með Eimskip, sbr. nánar hér á eftir. Rétt er að geta þess að daginn áður hafði (S)forstö-innfl1 talið ástæðu til að „taka stöðuna“ á því hvernig gengið hefði að hækka verð til viðskiptavina Samskipa í Norður-Ameríku flutningum, sbr. umfjöllun í kafla 14.33.12.
9200. Eftir samtal (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/pj 7. desember 2010 var bókaður fundur kl. 14:30-15:00 í dagbók (S)forstö-innfl1 með heitinu „USA samningur og neyðarsamkomulag við Eimskip“. Sama dag sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)forstö-innfl en þar sagði m.a.: „Við höfum farið í gegnum samninginn eftir samtal [(E)frkvstj-sala/pj] og [(S)frkvstj-millilandasv]. Ég gerði ekki track changes, en almennt séð eru breytingarnar frá ykkar síðasta drafti þessar:“.
9201. (E)forstö-innfl svaraði síðar sama dag: „Sé ekki annað í fljótu bragði en að þetta sé komið. Það þarf að skoða hliðarskjalið betur vegna FMC reglna. Veit ekki annað en fimmtudagurinn e.háð sé laus hjá okkur. Hvernig líst ykkur á kl. 15:00?“⁴⁷¹⁵
9202. Klukkan 16:30 sama dag sendi (S)forstö-innfl1 annan aðskilinn tölvupóst til (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/pj (afrit til (S)frkvstj-millilandasv) með heitinu „Neyðarsamkomulag“. Í honum var fjallað um uppfærslu á hinu leynilega neyðarsamkomulagi fyrirtækjanna en þar sagði:
- „Við fórum yfir tillöguna af neyðarsamkomulaginu sem [(E)frkvstj-sala/pj] lét [(S)frkvstj-millilandasv] fá um daginn. Við erum sáttir við þetta svona, en viljum breyta fyrstu setningunni í annarri málsgrein:
- Hún yrði svona: "Samningurinn tekur til flutninga sem skapast vegna verulegrar röskunar á áætlun, s.s. vegna bilana skips, veðurs, strands og annara svipaðra óviðráðanlegra orsaka svo og flutninga á tómunum einingum."
- Reynum að klára þetta á sama tíma og USA samninginn.“⁴⁷¹⁶

⁴⁷¹² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.839115.

⁴⁷¹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.839127.

⁴⁷¹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.839460.

⁴⁷¹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.94282.

⁴⁷¹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.840428.



9203. (E)forstö-innfl svaraði samdægurs þessum tölvupósti (S)forstö-innfl1 og kvaðst ekki sjá „*annað en að við getum klárað þetta svona á fimmtudaginn* [9. desember 2010].“⁴⁷¹⁷

16.7.4. Samráðið aukið með nýjum samningum um sjóflutninga

9204. Sérstaka athygli vekur að Samskip og Eimskip komust að samkomulagi um „*hliðarskjal*“ við Norður-Ameríku samninginn sem fyrirtækin voru sammála um að „*fæla*“ ekki. Þann 8. desember 2010 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)forstö-innfl o.fl. um Norður-Ameríku samninginn, en þar segir: „*Sælir. Sjáumst á morgun kl 15.00. Spurning hvort það þurfi nokkuð að fæla þetta hliðarskjal. Við stilltum því upp sem samkomulagi á milli Eimskip Íslandi og Samskip hf., en ekki Samskip Inc.*“. (S)frkvstj-millilandasv bætir við: „*Sælir, já það var einmitt hugmyndin með þessum hliðarsamningi að losna við að fæla hann. Við mætum til ykkar á morgun kl. 15.00.*“⁴⁷¹⁸

9205. Ekki verður annað ráðið af þessum samskiptum en að leynd hafi átt að ríkja um „*hliðarskjalið*“ enda átti hvorki að skrá það hjá Federal Maritime Commission (FMC)⁴⁷¹⁹ né var það afhent Samkeppniseftirlitinu.⁴⁷²⁰

9206. Hliðarskjalið, sem er undirritað 9. desember 2010 af (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-millilandasv, var svohljóðandi:

⁴⁷¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.840472.

⁴⁷¹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.94293.

⁴⁷¹⁹ Federal Maritime Commission (FMC) er bandarísk alríkisstofnun sem annast framkvæmd á sértækum samkeppnisreglum sem gilda í sjóflutningum. Eimskip og Samskipum bar samkvæmt bandarískum lögum að tilkynna samninga félaganna um samstarf í siglingum til og frá Bandaríkjunum til FMC.

⁴⁷²⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip/Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.94282 / 0.7.34.94296 / 0.7.34.94286. Sjá einnig afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.840428 / 0.7.33.840472.



Agreement related to the Contract of Carriage (No. SCS 705)

With reference to Term 6 a) in the Contract of Carriage (No. SCS 705) dated December 9, 2010 between Eimskip Ísland ehf. (Carrier) and Samskip Incorporated (Shipper) the undersigned agree to the following:

Occasionally the Carrier can be faced with a general shortage of containers in the ports of loading in U.S. and Nova Scotia, Canada. In case the Carrier can not supply the number of dry containers needed to fulfil the minimum volume obligation in such events, the undersigned parties agree that the Carrier shall compensate Samskip hf with USD 200 per container. Shipper will supply Carrier with information of such shortage at the end of each voyage and Carrier will issue a credit note to Samskip hf for the whole amount.

Reykjavik, December 9, 2010

On behalf of Eimskip Ísland ehf.

On behalf of Samskip hf

9207. Framangreint „*hliðarskjal*“ á rót sína að rekja til hins aukna gámasamstarfs sem fólst í endurnýjuðum samningi Samskipa og Eimskips í desember 2010 og „*gagnkvæmur skilningur*“ var um á milli fyrirtækjanna. Í hinum endurnýjaða samningi fólst að Samskip skyldu nota gáma Eimskips í meira mæli og þess vegna var ákveðið að setja eitt verð í endurnýjaðan samning, í stað tveggja mismunandi verða líkt og var í eldri samningi fyrirtækjanna, dags. 7. janúar 2009, þ.e. eitt verð fyrir flutning með gámum Eimskips og annað verð flutning með eigin gámum Samskipa. Þar sem „*gagnkvæmur skilningur*“ var á meðal fyrirtækjanna um að leitast yrði við að Samskip myndu alfarið nota gáma Eimskips var talið unnt að hafa eitt verð í samningnum. Aftur á móti var ákveðið að útbúa framangreint „*hliðarskjal*“, sem átti ekki að afhenda yfirvöldum, ef upp kæmi tilvik þar sem Eimskip gæti ekki útvegað Samskipum gám/gáma (e. „*Occasionally [svo] the Carrier can be faced with a general shortage of containers in the ports of loading in U.S. and Nova Scotia, Canada. In case the Carrier can not supply the number of dry containers needed to fulfil the minimum volume obligation in such events, the undersigned parties agree that the Carrier shall compensate Samskip hf with USD 200 per container.*“).
9208. Þetta var ekki í fyrsta skipti sem Samskip og Eimskip ákváðu að fara „í *kringum*“ bandarísk lög við gerð slíkra samninga en í janúar 2009 var ákveðið að halda tilteknum atriðum „*utan samnings*“ í sama tilgangi, sbr. kafla 10.6.2. Það var síðan aftur gert með framangreindu „*hliðarskjali*“. Var þetta í anda samráðs fyrirtækjanna.
9209. Þann 9. desember 2010 sendi (E)forstö-innfl síðan tölvupóst til (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-millilandasv þar sem sagði: „*Meðfylgjandi eru skjölin þrjú sem við ætlum að skrifa undir.*“)



Sendið mér athugasemdir ef einhverjar." Skjölin þrjú voru síðan tilgreind: „USA samningur“, „Agreement for Term 6a4721“ („hliðarskjalið“) og „Neyðarsamkomulag“. Umrædd skjöl fylgdu í viðhengi.⁴⁷²²

9210. Síðar sama dag hittust (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 á fundi til að undirrita nýjan samning um Norður-Ameríku flutninga, en fundurinn var bókaður í eina klukkustund.⁴⁷²³ Athygli vekur að fundurinn stóð yfir í klukkustund en samtímagögn bera með sér að samningsdrögin hafi verið endanlega ákveðin.
9211. Í Norður-Ameríkusamningi fyrirtækjanna, dags. 9. desember 2010, fólst áframhaldandi samstarf í umræddum sjóflutningum og aukið gámastarf. Var hvort tveggja í samræmi við markmið „Nýtt upphað“ verkefnisins.
9212. Einnig var samráði fyrirtækjanna um Evrópuflutninga áframhaldið. Þannig var undirritað uppfært leynilegt „neyðarsamkomulag“ um Evrópuflutninga.⁴⁷²⁴ Fyrri samkomulagið tók gildi 1. janúar 2011 og gildi samkvæmt orðalagi sínu til 31. desember 2012 (en var í raun í framkvæmd út árið 2013). Seinna samkomulagið tók gildi strax og var ótímabundið. Var það í framkvæmd út rannsóknartímabilið.
9213. Auk breytinga á verðlagi var gildissvið samningsins orðað með rýmri hætti en í upphaflegri útgáfu eldra „neyðarsamkomulagsins“. Tók samkomulagið nú til flutninga vegna „verulegrar röskunar á áætlun“ en var ekki lengur samkvæmt orðalagi sínu bundið við flutninga vegna „óviðráðanlegra orsaka.“ Áfram tók samkomulagið samkvæmt orðalagi þess til samvinnu á flutningum á tómum gámum.
9214. Nánar tiltekið er samkomulagið frá desember 2010 svohljóðandi:

⁴⁷²¹ Þ.e. hið svonefnda „hliðarskjal“ með samningi Eimskipa og Samskipa um tiltekna grein í USA samningi sem FMC eða aðrir verða ekki upplýst um.

⁴⁷²² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.94439.

⁴⁷²³ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.840646.

⁴⁷²⁴ Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.69472.



TRÚNAÐARMÁL

Neyðarsamkomulag um gámaflutninga

Eimskip og Samskip gera með sér eftirfarandi samkomulag um gámaflutninga með skipum félaganna.

Samningurinn tekur til flutninga sem skapast vegna verulegrar röskunar á áætlun, s.s. vegna bilana skips, veðurs, strands og annara svipaðra óviðráðanlegra orsaka svo og flutninga á tómunum einingum. Samkomulagið gildir svo framarlega sem viðkomandi félag geti komið flutningunum við.

Flutningsgjöld verði eftirfarandi:

Innan Evrópu og til og frá Íslandi:

	20 ft DC/HC	40 ft DC/HC	20 ft RF/FR	40 ft RF/FR
Fullir gámar	750	1.000	850	1.150
Tómir gámar	375	500	375	500

Upphæðir í EUR

Innifalið í ofangreindum flutningsgjöldum er flutningur úr stæðu í lestunarhöfn í stæðu í losunarhöfn þess skipafélags sem annast flutninginn. Móttaka af bíl og afhending á bíl er einnig innifalin í flutningsgjaldi (Gate/Gate flutningur).

Útskipun og uppskipun á Íslandi og THC erlendis er innifalið í flutningsgjaldi.

Olúgjald (BAF) er innifalið í flutningsgjaldi og önnur aukagjöld skipafélaganna eftir því sem við á.

Innifalið í flutningsgjaldi er einnig 3ja daga geymsla á gá mavelli á báðum endum.

Vörugjöld greiðast sérstaklega af þjónustukaupanda á flutningum milli Íslands og annara landa svo og milli hafna í evrópu.

Samkomulag þetta ógildir fyrra samkomulag frá 30.11.2001 og gildir þar til annar hvor aðili samkomulagsins segir því upp með 14 daga fyrirvara.

Reykjavík 9. desember 2010

F.h. Eimskip Ísland ehf

F.h. Samskip hf

9215. Einhver óvissa virðist hafa verið innan Samskipa um verðlagsákvæði í hinu nýja „neyðarsamkomulagi“, þ.e. hvort áfram ættu að gilda handrituðu 2x verðin á eldra samkomulaginu frá árinu 2001. Þannig sendi viðskiptastjóri hjá Samskipum fyrirspurn 10. desember 2010 á yfirmann sinn (S)forstö-útfl og spurði:



„Gildir enn að verðin x2 þegar við kaupum frakt af hvort öðru og allt innifalið“. (S)forstö-útfli svaraði samdægurs: „Spurðu, [(S)forstö-innfl1], hann gerdi thetta.“⁴⁷²⁵

9216. Sama dag upplýsti (S)frkvstj-millilandasv (S)forstj um nýja „neyðarsamkomulagið“ með því að senda honum afrit af því.⁴⁷²⁶
9217. Á fundi innflutningsdeildar Eimskips 13. desember 2010 nefndi (E)forstö-innfl hið nýja „neyðarsamkomulag“, en í fundargerð segir svo: „(E)forstö-innfl - Skrifaði undir samning við Samskip - nýtt neyðarsamningsverð. [...] Gjaldskrárhækkun rædd - erlendis sem heima.“⁴⁷²⁷ Þá má nefna að eins og áður hefur komið fram hélt (E)frkvstj-sala/þj verkefnalista. Á verkefnalistanum frá febrúar 2010 var á listanum verkefnið: „USA Samskip samningur“.⁴⁷²⁸ Á verkefnalista frá 14. desember 2010 var búið að strika yfir það verkefni (lokið). Er það í samræmi við framangreind atvik um samkomulag fyrirtækjanna í desember 2010.
9218. Endurnýjun á umræddum samningum Samskipa og Eimskips fól í sér hækkun á verði. Samningur Samskipa og Eimskips vegna samstarfs í Norður-Ameríkuflutningum 9. desember 2010 fól í sér 4,6% hækkun á verði og upptöku á nýju gjaldi, ISPS gjaldi. Í endurnýjuðum samningi Samskipa og Eimskips í desember 2010 fólst einnig aukin ólögmat gámasamvinna því ákveðið var („gagnkvæmur skilningur“) að Samskip myndu alfarið nota gáma Eimskips í meira mæli, þegar þeir væru til staðar. Leiddi þetta af sér gerð „hliðarskjals“ sem ekki var „fælað“ og Samkeppniseftirlitið ekki tilkynnt um. Nýtt „neyðarsamkomulag“ fól einnig í sér verðhækkun. Um þetta er ítarlega fjallað í kafla 5.4.1.
9219. Líkt og rakið hefur verið áttu sér stað ýmis samskipti á milli fyrirtækjanna í desember 2010 vegna samráðs þeirra í bæði Evrópu- og Norður-Ameríku flutningum. Í kafla 14.33.16. er lýst samskiptum (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl vegna pappírflutninga frá Norður-Ameríku til Íslands dagana 22. og 29. desember 2010. Vísast nánar til þeirrar umfjöllunar.
9220. Þá vísast til umfjöllunar í kafla 14.33.11 um samskipti viðskiptastjóra hjá Samskipum, (S)viðskstj1, og yfirmanns Eimskips í Bandaríkjunum, (E)forstö-N-Am, sem tengdust starfsemi fyrirtækjanna. Tildrög þessara samskipta voru að starfsmaður Marels (viðskiptavinar Eimskips) hafði samband við m.a. (E)forstö-N-Am og óskaði eftir því að hann myndi sjá um sendingu til Bandaríkjanna. Í samtali þessu var vísað til „ráðabruggs“ samkeppnisyfirvalda og til þess að Eimskip „maki krókinn“ með háum flutningsgjöldum. Hér ber að rifja upp samskipti (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-útfli, (S)forstö-útfli og (S)viðskstj3 í nóvember 2009 þar sem m.a. var spurt hvar í „Öskjuhlíðinni“ fundur fyrirtækjanna ætti að fara fram, sbr. kafla 13.4.1. Í samskiptum (S)forstö-innfl1, (S)stjórnarm-S og SH, (E)viðskstj2 og (E)sölustj-innanl2 í nóvember 2011 var vísað til þess að það væri „greinilega gott samkomulag á markaðnum í dag“, sbr. kafla 13.10. og 14.8.2. Sýnir þetta tengsl og samskipti milli mikilvægra starfsmanna Eimskips og Samskipa. Eru þessi gögn einnig ein vísbending af mörgum um að bann samkeppnislaga við samráði keppnauta hafi ekki verið tekið alvarlega hjá Eimskip og Samskipum. Að mati Samkeppniseftirlitsins er framangreint ein birtingarmynd af samráði Samskipa við Eimskip.
9221. Þá er rétt að geta þess að strax í desember 2010 reyndi á nýja „neyðarsamkomulagið“. Sýna gögnin að Samskip hafi farið fram á það við Eimskip að flytja gáma fyrir viðskiptavini Samskipa (m.a. Nathan & Olsen) frá Bretlandi til Íslands. Starfsmaður Samskipa í Bretlandi sneri sér þann 29. desember 2010 til

⁴⁷²⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1021331 / 0.7.33.1021339.

⁴⁷²⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.817028.

⁴⁷²⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fundargerð innflutningsdeildar Eimskips 13. desember 2010. Fannst á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips. Síðast vistað 17.12.2010.

⁴⁷²⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Verkefni [...] mars 2010.docx [...] Doc. ID. 0.7.33.186396.



(S)viðskstj1 og benti á að ekki væri komið endanlegt svar frá Eimskip.⁴⁷²⁹ (S)viðskstj1 svaraði og sagði að (S)forstö-innfl1 ætli að ræða við (E)forstö-innfl um þessa flutninga frá Bretlandi til Íslands.⁴⁷³⁰

9222. Vegna þessa áttu eftirfarandi samskipti sér stað 29. desember 2010:

- 29.12 (S)frkvstj-Imming2 greinir frá því í tölvupósti til (S)viðskstj1 að hún hafi verið í sambandi við Eimskip um að Eimskip flytti fyrir Samskip gáma frá Bretlandi til Íslands (fyrir Nathan & Olsen og Ekruna). Hún væri hins vegar ekki búin að fá endanlegt svar.⁴⁷³¹ (S)viðskstj1 svaraði (S)frkvstj-Imming2 og sagði að (S)forstö-innfl1 ætlaði að ræða við (E)forstö-innfl um þessa flutninga.⁴⁷³²
- 29.12: (S)forstö-innfl1 sendi tölvupóst til (E)forstö-innfl með heitinu „Flutningar á neyðarsamkomulagi frá IMM“. Þar óskaði hann eftir því að (E)forstö-innfl beitti sér fyrir því að umræddir gámar yrðu fluttir af Eimskip. Var vísað til þess að skip Samskipa hefði lent í seinkunum.⁴⁷³³
- 29.12: (E)forstö-innfl svaraði (S)forstö-innfl1 og greindi frá því að Jónar ættu bókaða gáma með Eimskip og hann vissi einnig af því að (S)frkvstj-Imming2 hefði verið að óska eftir flutningum fyrir Samskip. Skip Eimskips væri yfirbókað en hann ætlaði að skilja eftir gáma til þess að koma gámum Samskipa að. Spurði hann (S)forstö-innfl1 að því hvort Samskip gætu fallist á að Eimskip tæki gámana á „„commercial“ verði, þ.e. verðinu sem Jónar greiða í ljósi aðstæðna.“⁴⁷³⁴
- 29.12: (S)forstö-innfl1 svarar (E)forstö-innfl og kvaðst ekki hafa vitað um þessa gáma frá Jónum. Spurði hann (E)forstö-innfl: „Fer þetta ekki bara á nýja samkomulaginu? þetta er akkúrat það sem samkomulagið snýst um, er það ekki?“⁴⁷³⁵
- 29.12: (S)forstö-innfl1 sendi í kjölfarið tölvupóst til (S)viðskstj1 og (S)frkvstj-Imming2 og greindi frá því að hann hefði talað við (E)forstö-innfl og Eimskip myndi flytja þessa gáma.⁴⁷³⁶
- 29.12: (E)forstö-innfl svaraði tölvupósti (S)forstö-innfl1 og sagði: „Nei samkomulagið snýst alls ekki um að við skiljum okkar eigin gáma eftir og tökum ykkar með í staðinn. Það er það sem við þurfum að gera með auknum tilkostnaði og hugsanlegum þjónustubresti við okkar eigin viðskiptavin.“⁴⁷³⁷

16.7.5. Samkeppnisyfirvöld áfram afvegaleidd

9223. Þann 23. desember 2010 sendu Eimskip og Samskip Samkeppniseftirlitinu beiðni um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga, sbr. þágildandi 15. gr. laganna, vegna samnings þeirra um samstarf í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku sem undirritað var þann 9. desember 2010.⁴⁷³⁸ Í undanþágubeiðninni eru fyrri samningar skipafélaganna um samstarf á umræddri siglingaleið raktir en hvorki var fjallað um hið nýja „neyðarsamkomulag“ né „hliðarskjal“ sbr. framanritað, og þá var heldur ekkert minnst á nokkurt það samstarf sem fólst að öðru leyti í samfelldu samráði fyrirtækjanna sem hófst í kjölfar fundar þeirra 6. júní 2008. Ljóst er því að fyrirtækin veittu rangar, villandi og ófullnægjandi upplýsingar í undanþágubeiðninni og afvegaleiddu samkeppnisyfirvöld, sbr. kafla 23 og 34.

⁴⁷²⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.843975.

⁴⁷³⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.843975.

⁴⁷³¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.843975.

⁴⁷³² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.843975.

⁴⁷³³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.843986.

⁴⁷³⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.844000.

⁴⁷³⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.844017.

⁴⁷³⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.844028.

⁴⁷³⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.844034.

⁴⁷³⁸ Bréf frá Eimskip og Samskipum til Samkeppniseftirlitsins, dags. 23.12.2010.



9224. Eins og áður segir var engin undanþága veitt vegna samnings Samskipa og Eimskips frá 9. desember 2010.
9225. Þá ber að halda til haga að Eimskip og Samskip byggðu undanþágubeiðnina á því að forsendur væru hinar sömu og við veitingu fyrri undanþágu, sbr. ákvörðun nr. 46/2009. Líkt og rakið hefur verið er ljóst að við veitingu þeirrar undanþágu var Samkeppniseftirlitið ekki upplýst um samstarf Samskipa og Eimskips í Evrópuflutningum, þ.e. á grunni „neyðarsamkomulagsins“ eða annað samstarf þeirra á grunni „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Sú undanþága var því veitt á grundvelli rangra forsendna þar sem viðeigandi upplýsingar lágu ekki fyrir í málinu.
9226. Nánar er fjallað um framangreint í kafla 34.

16.7.6. Áhersla á áframhaldandi verðhækkanir

9227. Samfelld samráð Samskipa og Eimskips hélt áfram á árinu 2010. Framangreind atvik frá síðasta ársfjórðungi ársins, vegna áframhaldandi og aukins samráðs í sjóflutningum til og frá Íslandi, eru meðal þess sem horft er til í því sambandi.
9228. Í kafla 14.33 er því líst að þegar samskipti Samskipa og Eimskips áttu sér stað á síðasta ársfjórðungi ársins 2010 unnu fyrirtækin áfram að því, án nokkurs ótta um samkeppnisleg viðbrögð hvors annars, að hækka verð eða halda þeim uppi gagnvart viðskiptavinum sínum. Vísast um þetta til kafla 14.33. í ákvörðun þessari. Samhengisins vegna er þó rétt að setja hér fram nokkur dæmi um aðgerðir fyrirtækjanna sem á þessum tíma miðuðu að því að hækka verð eða halda þeim uppi, ekki er um tæmandi talningu að ræða:
- frkvstj-FlyP var einn mikilvægasti viðskiptavinur Samskipa í innflutningi frá Norður-Ameríku. Lýst var í kafla 14.33.2. að þann 5. október 2010 upplýsti frkvstj-FlyP Samskip um að kaupendur á dagblaðapappír hér á landi legðu mikla áherslu á að verð á flutningi til landsins yrði lækkað. Eimskip og Samskip hittust á fundi 11. október 2010. Telur Samkeppniseftirlitið að miklu skipti að daginn eftir þennan fund með Eimskip, þar sem ætlað samráð í Norður-Ameríku siglingum var m.a. rætt, ákvað Samskip umsvifalaust að hækka verð gagnvart frkvstj-FlyP og fella á sama tíma niður allar mútugreiðslur til hans. frkvstj-FlyP var ósáttur og leitaði tilboða hjá Eimskip.
 - Eftir fundinn 11. október 2010 með Samskipum ákvað Eimskip að hækka verð á CMA um 4,6% og leggja áfram á staðsetningargjald.
 - Eimskip og Samskip ætluðu að hittast 20. október 2010 en þeim fundi var frestað rétt áður en hann átti að hefjast. Þann 19. október 2010 vildi (S)forstö-innfl1 fá samdægurs upplýsingar um hvort fyrrgreindur frkvstj-FlyP hafi fengið tilboð frá Eimskip. Skýring á þeirri beiðni var fundur Samskipa með Eimskip daginn eftir.
 - Eftir fundinn 11. október 2010 með Eimskip var því lýst yfir innan Samskipa að áfram væri „rólegt“ á markaðnum og gefið til kynna að miklar líkur væru á áframhaldandi samstarfi við Eimskip í Norður-Ameríku flutningum. Kom þetta jafnframt fram á stjórnarfundum Samskipa 25. október 2010.
 - Hér ber að horfa til áherslu (S)forstö-innfl1 28. október 2010 á að hækka verð hjá öðrum viðskiptavinum en frkvstj-FlyP í flutningum frá Norður-Ameríku.
 - Eimskip og Samskip hittust aftur á fundi 2. nóvember 2010. Á þeim fundi ræddu fyrirtækin m.a. um staðsetningargjald og áform Eimskips um að hækka verð um 4,6%, í endurnýjuðum samningi um Norður-Ameríku flutninga.



- Daginn eftir fundinn með Eimskip var á ný fjallað um hækkun á verði gagnvart viðskiptavinum Samskipa í Norður-Ameríku flutningum.
- Þann 5. nóvember 2010 sagði Eimskip „*alla*“ elta fyrirtækið í 4,6% hækkun.
- Eimskip og Samskip hittust aftur á fundi 8. nóvember 2010 og daginn eftir var á ný fjallað um hækkun á verði gagnvart viðskiptavinum Samskipa í Norður-Ameríku flutningum. Á sama tíma vann Eimskip að verðhækkunum.
- Þann 9. og 10. nóvember 2010 áttu Eimskip og Samskip í tölvupóstsamskiptum þar sem rætt var um hærra verð (4,6% hækkun og ný gjöld) í fyrirhugðum samningi þeirra um Norður-Ameríku flutninga. Ræddi Samskip um flutninga fyrir áðurnefndan viðskiptavin, frkvstj-FlyP, í þessu samhengi.
- Eimskip og Samskip hittust aftur á fundi 11. nóvember 2010. Samið var um hærra verð á flutningum Eimskips fyrir Samskip og um ný gjöld. Nýtt gjald Samskipa var síðar réttlætt gagnvart viðskiptavinum Samskipa með vísan til þess að Eimskip hafi einhliða „*hafð að rukka*“ Samskip um það þegar staðreyndin var sú að fyrirtækin höfðu ólöglegt samráð um að leggja það á.
- Þann 19. nóvember 2010 var innan Samskipa unnið að undirbúningi að verðhækkun hjá mikilvægum Norður-Ameríku viðskiptavinum og var í því sambandi vísað til nýs samnings við Eimskip (sem var undirritaður 9. desember 2010). Verðhækkanir voru undirbúnar á svipuðum tíma hjá Eimskip.
- Þann 24. nóvember 2010 ræddu Eimskip og Samskip m.a. um flutninga fyrir fyrrgreindan viðskiptavin, frkvstj-FlyP.
- Þann 12. janúar 2011 kvörtuðu Samskip undan lágu tilboðsverði Eimskips í flutninga fyrir fyrrnefndan viðskiptavin, frkvstj-FlyP, frá Norður-Ameríku og lagði til að fyrirtækin myndu hittast á ný til að ræða þetta samkeppnismálefni. Hittust fyrirtækin m.a. í mars 2011 og ræddu samstarf sitt.
- Eimskip og Samskip hækkuðu bæði verð í upphafi árs 2011. Samskip hækkuðu verð á viðskiptavini í Norður-Ameríku flutningum og lögðu á gjöldin sem ákveðin höfðu verið á fundunum með Eimskip. Einnig gerðu Samskip breytingu á fyrirkomulagi staðsetningargjalds.

9229. Samningur Samskipa og Eimskips vegna samstarfs í Norður-Ameríkuflutningum 9. desember 2010 fól í sér 4,6% hækkun á verði, upptöku á nýju gjaldi, ISPS gjaldi, og auknið gámasamstarf. Í kafla 14.33.17 er því líst að Samskip og Eimskip hafi hækkað verð í upphafi árs 2011. Var annars vegar um að ræða hækkanir á gjaldskrá og hins vegar hækkanir gagnvart einstaka mikilvægum viðskiptavinum.

9230. Í kjölfar endurnýjunar á Norður-Ameríku samningsins við Eimskip settu Samskip t.a.m. á ISPS-gjald gagnvart viðskiptavinum sínum vegna flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku og felldu staðsetningargjald inn í sjófrakt. Rifja ber upp að Eimskip hóf innheimtu á ISPS-gjaldi í erlendum höfnum 1. mars 2010. Átti sér stað ólöglegt samráð við Samskip í tengslum við það, sbr. kafla 14.16.7. Á árinu 2011 héldu Samskip jafnframt áfram að innheimta fullt THC-gjald af viðskiptavinum þrátt fyrir að Samskip greiddu Eimskip aðeins 25% af gjaldinu frá 2011 en fram að þeim tíma höfðu Samskip innheimt fullt THC gjald af sínum viðskiptavinum þrátt fyrir að greiða ekki slíkt gjald til Eimskipa. Áfram var fullt BAF-gjald innheimt af viðskiptavinum en Samskip greiddu Eimskip hins vegar aðeins 80% af BAF-gjaldi fyrirtækisins. Allt var þetta gert bæði vegna flutninga með skipi Eimskips og vegna TA flutninga.

9231. Sýnir þetta að í aðgerðum Samskipa í upphafi árs 2011 fólst að aukinni gjaldtöku Eimskips var velt yfir á viðskiptavini Samskipa. Staðsetningargjald var fært í sjófrakt og ISPS-gjald tekið upp í gjaldskrá. Var þetta gert óháð því hvort flutt var fyrir viðkomandi með TA flutningum eða með skipi Eimskips. Tók þessi nýja gjaldskrá gildi 15. mars 2011.



9232. Líkt og ítarlega er rakið í kafla 14.33.18 voru samskipti Eimskips og Samskipa á árinu 2010 til þess fallin að gera fyrirtækjunum kleift að viðhalda hinu samfellda ólögmæta samráði fyrirtækjanna sem dró úr æskilegri óvissu milli þeirra. Var þetta til þess fallið að auðvelda undirbúning og framkvæmd verðhækkana.

9233. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að framangreind atvik á árinu 2010 endurspegli samfellt ólögmætt samráð Samskipa og Eimskips.

16.8. Áframhaldandi samfellt samráð í sjóflutningum árið 2011

9234. Samfellt samráð Samskipa og Eimskips í sjóflutningum hélt áfram á árinu 2011. Samvinna fyrirtækjanna tók meðal annars til samstarfs þeirra í sjóflutningum milli Íslands og Norður-Ameríku annars vegar og Íslands og annarra Evrópulanda, þar á meðal vegna flutninga Eimskips fyrir Samskip (Jóna), hins vegar.

9235. Eins og árin á undan var eðli og umfang samráðs fyrirtækjanna í sjóflutningum þannig að það kallaði á tíð og reglubundin samskipti fyrirtækjanna við framkvæmd samstarfsins. Tók þetta einnig til samskipta lykilstjórnenda fyrirtækjanna sem báru ábyrgð á mikilvægum samkeppnisþáttum, eins og verðlagningu og þjónustu, hjá fyrirtækjunum.

9236. Hafa ber í huga að á árinu 2011 voru aðrir þættir í samráði Samskipa og Eimskips fyrir hendi, m.a. ólögmætt gámasamstarf og samráð í landflutningum, sbr. kaflar 17 og 18. Af þessu leiddu einnig talsverð samskipti milli fyrirtækjanna.

9237. Samstarf Samskipa og Eimskips í Norður-Ameríku flutningum og Evrópuflutningum var hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga.

9238. Á árinu 2011 var einnig fyrir hendi markaðsskipting, sbr. umfjöllun í kafla 14. Fólst hún m.a í því að Samskip og Eimskip forðuðust að keppa um mikilvæga viðskiptavinum hvors annars. Á grundvelli þessa og annarra þátta samráðsins var dregið úr óvissu fyrirtækjanna og höfðu þau því ekki sömu áhyggjur af samkeppni sín á milli og ella. Með vissu um að helsti keppinauturinn myndi ekki reyna að ná til sín óánægðum mikilvægum viðskiptavinum voru skapaðar kjöraðstæður fyrir verðhækkanir. Átti þetta hvort tveggja við um almennar verðhækkanir og verðlagningu gagnvart einstökum mikilvægum viðskiptavinum.

9239. Þá ber að horfa til þess að með reglubundnum samskiptum Samskipa og Eimskips dró eðli málsins samkvæmt verulega úr óvissu á markaði og sjálfstæði Eimskips og Samskipa sem keppinauta. Voru samskiptin til þess fallin að viðhalda hinni ólögmætu markaðsskiptingu og auðvelda undirbúning og framkvæmd verðhækkana auk framkvæmdar samráðsins í heild sinni. Samtímagögn sýna að því ástandi sem leiddi af samráði fyrirtækjanna var í samtímagögnum þeirra lýst sem „friðnum“ (eða sem „ró“ á markaði).

9240. Í byrjun mars 2011 komu upp atvik tengd gámasamstarfi Samskipa og Eimskips vegna flutninga til og frá Norður-Ameríku og leiddi það til þess að stjórnendur fyrirtækjanna hittust á fundi 9. mars 2011. Rétt er að rekja það stuttlega hér en nánar er fjallað um þessi atvik í kafla 18.

9241. Samskiptin áttu sér stað milli stjórnenda Samskipa og Eimskip 1.–4. mars 2011 og vörðuðu, líkt og fyrr segir, samstarf fyrirtækjanna vegna notkunar á gámum. Var þetta vegna kvörtunar Samskipa um skort á tómum gámum í Norfolk.



9242. Þann 1. mars 2011 sendi (S)forstö-innfl1 eftirfarandi tölvupóst til (E)forstö-innfl: „Ég var að heyra það frá skrifstofu okkar í Norfolk að við myndum ekki fá neina gáma fyrir næsta skip sem verður þar eftir mánuð. Þetta hlýtur að vera eitthvað rugl. Getur þú heyrt í þínu fólki í Norfolk varðandi þetta. Þið hljótið að vera með einhverja tóma gáma í USA.“
9243. (E)forstö-innfl svaraði samdægurs: „*Fer í málið og læt þig vita.*“⁴⁷³⁹
9244. Þann 3. mars 2011 sendi (S)forstö-innfl1 aftur tölvupóst til (E)forstö-innfl (afrit til (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/þj): „Getur þú vinsamlega tékkað á þessu sem fyrst og staðfest við mig að þið munuð skaffa okkur gáma fyrir þessa 32 TEU sem samningurinn kveður á um. Ég þarf að láta skrifstofu okkar í Norfolk vita niðurstöðuna sem fyrst.“
9245. (E)forstö-innfl svaraði næsta dag: „*Ég staðfesti að við munum gera það sem við getum til að skaffa þessa gáma sem samningurinn kveður á um. [(E)frkvstj-N-Am] í Norfolk fær þau fyrir mæli nú á eftir. Ég á ekki von á öðru en það gangi eftir en staðan er þannig að þeir eru ekki tilbúnir allir til afhendingar í dag. Það eru ákveðnir hnökror er tengjast færslu á höfn og síðan á eftir að sjá hversu hratt innflutningsgámar verða losaðir í ORF. Ég læt þig vita ef einhvað nýtt kemur upp og þú sömuleiðis.*“
9246. (S)forstö-innfl1 svaraði sama dag: „*Sæll. Takk fyrir þetta. Vonum að þetta gangi allt upp. Verðum I sambandi ef það koma upp einhverjir hnökror a thessu.*“⁴⁷⁴⁰
9247. Um líkt leyti áttu sér einnig stað frekari samskipti milli stjórnenda Samskipa og Eimskips vegna samráðsins í Norður-Ameríku flutningum, að þessu sinni vegna kvörtunar Samskipa varðandi útflutning með skipi Eimskips frá Reykjavík til Norður-Ameríku. Virðist sem Eimskip hafi að mati Samskipa ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum.
9248. (S)forstö-útlfl sendi tölvupóst til (E)forstö-sölud (afrit til (E)frkvstj-sala/þj) 3. mars 2011: „*Við erum að fá einhver misvísandi skilaboð þessa dagana um að vara okkar (31 teu´s) sem bókuð er í Reykjafoss frá REY í næstu viku komist ekki með. Viltu vinsamlega upplýsa þitt góða starfsfólk um það að ykkar góð[i] kúnni Samskip sé með samning upp á að lágmarki 32 teu´s per ferð.*“ (E)forstö-sölud svaraði daginn eftir og kvaðst ætla skoða málið og hafa samband við (S)forstö-útlfl.⁴⁷⁴¹
9249. (S)forstö-útlfl sendi á ný 7. mars 2011 orðsendingu til (E)forstö-sölud (afrit til (E)frkvstj-sala/þj): „*Ertu til í að upplýsa [(E)starfsm] hjá þér um þau ákvæði sem eru í okkar samningi varðandi lágmarks gámafjöldu sem við eigum rétt á per ferð frá Reykjavík. Þetta er eitthvað að vefjast fyrir honum og hann segist ekki þekkja þennan samning og þessa skuldbindingu sem við erum að vitna í.*“⁴⁷⁴²
9250. (E)frkvstj-sala/þj fékk sem áður segir afrit af þessum tölvupóstum (S)forstö-útlfl til Eimskips. Brást hann við með því að senda tölvupóst til (S)forstö-útlfl (afrit til (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstö-innfl og (E)forstö-sölud) og vildi að fyrirtækin myndu ræða framangreint auk gámamála í flutningum til og frá Norður-Ameríku:

„*Sæll, var að reyna að ná í [(S)frkvstj-millilandasv] og svo þig til að fara yfir þetta og gámamál á hinum endanum líka. Þið sláið bara á þráðinn þegar þið megið vera að en helst hefði ég viljað setjast aðeins niður með ykkur til að fara yfir.*“⁴⁷⁴³

⁴⁷³⁹ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip [...] Doc. ID. 0.7.34.101767.

⁴⁷⁴⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.102193.

⁴⁷⁴¹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1038376.

⁴⁷⁴² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1038827.

⁴⁷⁴³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.520111.



9251. (S)frkvstj-millilandasv svaraði 8. mars 2011 og stakk upp á fundi daginn eftir.⁴⁷⁴⁴ (E)frkvstj-sala/bj samþykkti það og var fundurinn haldinn kl. 10:30 9. mars 2011.⁴⁷⁴⁵ Auk (E)frkvstj-sala/bj og (S)frkvstj-millilandasv sátu (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útf1 fundinn.
9252. Að tillögu (E)frkvstj-sala/bj var haldinn fundur þar sem ræða átti a.m.k. atriði sem tengdust þessari ólögmetu samvinnu fyrirtækjanna. Átti í einu lagi að ræða a.m.k. útflutning Eimskip fyrir Samskip og um gámsamstarf í innflutningi. Ber að virða þetta í samhengi við annað ólögmett samstarf fyrirtækjanna um leigu og lán á gámum sem lýst er í kafla 18.
9253. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Samstarf Samskipa og Eimskips í Norður-Ameríku flutningum var hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga, þ.m.t. framangreindur fundur.
9254. Hvað varðar samráð Samskipa og Eimskips og samskipti lykilstjórnenda skal því haldið til haga að golfhópurinn sem (E)forstj og (S)forstj voru félagar í spilaði saman golf 31. ágúst 2011, sbr. yfirlit í kafla 13. (S)forstj og (E)forstj fóru síðan báðir með umræddum golfhópi í skemmtiferð til Danmerkur og stóð þessi ferð yfir frá 2.–5. september 2011. Taldi hópurinn átta manns og var dagskráin þétt. Samkvæmt henni áttu áttamenningarnir að spila golf, snæða saman í hádeginu og á kvöldin og fara saman í skoðunarferðir.
9255. Nokkrum dögum síðar fjallaði (E)forstj um málefni tengd Samskipum og samstarfi fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum. Átti þetta sér stað á fundi hans með (E)frkvstj-skiparekst 9. september 2011. Strax eftir fundinn sendi (E)forstj Excel-skjal til (E)frkvstj-skiparekst og (E)frkvstj-fjárm um helstu verkefni rekstrarsviðsins („Operation-Fundur.xlsx“). Þar kemur m.a. fram eftirfarandi:⁴⁷⁴⁶

Samskip á USA	
Er möguleiki á að þeir noti okkur meira en DSL frá USA	
Noti okkar gáma ef þarf	

9256. Hér skal rifjað upp að einn þáttur í samráði Samskipa og Eimskips varðaði það að Samskip myndu hætta eða draga úr TA flutningum frá Norður-Ameríku til Íslands, sbr. tölvupóst (E)forstj 27. júní 2008 og umfjöllun í kafla 8.4, og um samvinnu tengdum gámum, sbr. m.a. kafla 18 hér á eftir. Framangreind verkefni á lista (E)forstj sýna að mati Samkeppniseftirlitsins áframhaldandi framkvæmd samráðins og að fyrirtækin ætluðu áfram að vinna saman frekar en keppa við hvort annað. Samskipti milli æðstu stjórnenda fyrirtækjanna á síðasta ársfjórðungi 2011 styðja framangreint, sbr. nánar í kafla 14.39.
9257. Af verkefnalista (E)forstj er jafnframt ljóst að hann vildi láta skoða hvort Samskip myndu vilja nota Eimskip meira en DSL [Deep Sea Lines] frá Bandaríkjunum. Með öðrum orðum þá vildi (E)forstj láta skoða hvort möguleiki væri á að Samskip myndu vilja flytja meira með skipi Eimskips í Norður-Ameríku flutningum í stað þess að flytja með erlendu skipafélagi frá Norður-Ameríku til Rotterdam og þaðan með skipum Samskipa til Íslands. Gengi þetta eftir væru Samskip í raun að draga úr samkeppni milli fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum. Eimskip hefði með þessu t.a.m. fengið betri nýtingu í sín skip án þess að þurfa að sækja á viðskiptavini Samskipa. Sýnir þetta vilja (E)forstj til að auka enn frekar samstarf fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum enda var það meginmarkmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins og þeirra aðgerða sem gripið var til í kjölfar fundar fyrirtækjanna 6. júní 2008.

⁴⁷⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1039012.

⁴⁷⁴⁵ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.860301. Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.979955.

⁴⁷⁴⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.817579.



9258. Í kafla 14.39. er samskiptum stjórnenda Samskipa og Eimskips í desember 2011 lýst en á sama tíma áttu sér stað, innan hvors fyrirtækis um sig, umræður og undirbúningur að verðhækkunum á nýju ári, þ.e. í janúar 2012. Þar á meðal er því lýst hvernig áætlanir og ákvarðanir Samskipa um verðhækkanir breyttust eftir samskipti við Eimskip. Ástæða er til að rekja hluta þessara gagna einnig hér að því leyti sem þau snúa að framkvæmd á samstarfi fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum. Að öðru leyti vísast til ítarlegrar umfjöllunar í fyrrnefndum kafla.
9259. Samtímagögn sýna að (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-sölud, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfli hittust á fundi 29. desember 2011 og að (E)frkvstj-sala/þj hafi rætt í síma við annaðhvort (S)forstö-innfl1 eða (S)forstö-útfli.⁴⁷⁴⁷ Er þessum atvikum lýst nánar í kafla 14.39. en rétt er að víkja hér einnig stuttlega að þessu. Þann 29. desember 2011 áttu sér stað eftirfarandi tölvupóstsamskipti:
- Kl. 12:19 sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (E)frkvstj-innanl, (E)forstö-sölud-flþj, (E)lögfr og (E)forstö-vörubrún og afrit til (E)frkvstj-lögfr, þar sem sagði: „[(S)forstö-innfl1] hjá Samskip getur hitt okkur í lok dags í dag, ca. kl.1600 kemst þú þá [(E)frkvstj-innanl]?”
 - Kl. 12:20 áframsendi (E)frkvstj-sala/þj þennan tölvupóst aðeins til (E)forstö-flutmið og (E)forstö-sölud með þessum skilaboðum:
„FYI, látum vita af hækkun í leiðinni, hvað er hún mikil?”
 - Kl. 12:40 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj með fyrirsögninni „Fundur: „Sælir. Ég er laus seinni partinn í dag og líka eftir kl. 11:00 á morgun til að hitta ykkur. Hvaða tími hentar ykkur?”.
9260. Samkvæmt framansögðu er ljóst að (S)forstö-innfl1 og (E)frkvstj-sala/þj höfðu áður átt samskipti um það sem þeir hugðust ræða á fundinum þennan dag.
- Kl. 12:51 svaraði (E)frkvstj-sala/þj tölvupósti (S)forstö-innfl1:
„Blessaður, kl. 15:00 hjá mér?
A) Uppgjör á vörugjöldum
B) Endurskoðunarákvæði í USA samningi“
 - Kl. 12:58 framsendi (E)frkvstj-sala/þj svarið til (S)forstö-innfl1 til (E)frkvstj-innanl, SHH, NHT, (E)forstö-sölud og (E)forstö-flutmið með þessari skýringu:
„[(S)forstö-innfl1] kemur sem sagt kl. 15.00 byrjum á vörugjöldunum ((E)frkvstj-innanl og SHH) á ekki von á að það taki langan tíma, þá skiptum við (E)forstö-flutmið og eða (E)forstö-sölud inná til að fara yfir lið B).“
9261. Ljóst er að auk (S)forstö-innfl1 sat (S)forstö-útfli fundinn með Eimskip 29. desember 2011.
9262. Sem fyrr sagði kom þetta fram í tölvupósti (E)frkvstj-sala/þj rétt fyrir fundinn með Samskipum: „FYI, látum vita af hækkun í leiðinni, hvað er hún mikil?”. Átti samkvæmt þessu að ræða við Samskip um fyrirhugaða almenna verðhækkun Eimskips.

⁴⁷⁴⁷ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskip. „Fundur með Eimskip“. [...] Doc. ID. 0.7.33.934310. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.123343.



9263. Einnig er ljóst að á fundinum sömdu Samskip og Eimskip um verðhækkun á grundvelli samkomulags fyrirtækjanna um flutninga til og frá Norður-Ameríku. Ljóst er að þessi hækkun var tengd við fyrirhugaða almenna verðhækkun Eimskips sem nánar er fjallað um kafla 14.39. Þetta sést af tölvupóstum sem (E)frkvstj-sala/þj sendi til (E)forstj, (E)forstö-flutmið, (E)forstö-sölud og (E)frkvstj-N-Am strax að afloknum fundinum:

„In accordance with the contract filed last December (SCS 705) there is a window for negotiable adjustment in rates (Term 6J page 6) and we have come to agreement with Samskip that the rates in Term 5 on page 3 both REY/USA and USA/REY will be adjusted upwards with 4,0% as of first vessel in January.

Further ISPS and THC in ports of call in U.S. and Nova Scotia will increase in line with the general increase of 2,5% at the same time.

Pls. file new contract (or adjustment to this one) accordingly.

I also want to emphasize what we discussed on the phone that we do only supply containers to them when available and that is accepted by both parties."⁴⁷⁴⁸

9264. Þessi tölvupóstur (E)frkvstj-sala/þj sýnir að á fundinum ræddu Samskip og Eimskip einnig um ólögmeta gámasamvinnu fyrirtækjanna og komust að sameiginlegri niðurstöðu.

9265. Þessari umsömdu hækkun á Norður-Ameríkusamningnum var síðan fylgt eftir, sbr. tölvupóst (E)forstö-sölud 30. desember 2011 til m.a. (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-flutmið og (E)frkvstj-N-Am, en þar segir: „Just added, through Sharepoint, the new appendix for Samskip between IS and USA/CA. Valid from today both for East- and Westbound directions."⁴⁷⁴⁹ Nýi viðaukinn um 4% hækkun á sjóflutningsgjaldi og 2,5% á þjónustugjöldum erlendis var í fylgiskjali.

9266. Rétt er að ítreka að rétt fyrir fundinn með Samskipum 29. desember 2011 sagði (E)frkvstj-sala/þj við (E)forstö-flutmið og (E)forstö-sölud: „FYI, látum vita af hækkun í leiðinni, hvað er hún mikil?“. Sem fyrr sagði hafði (E)frkvstj-sala/þj o.fl. innan Eimskips rætt um verðhækkanir dagana fyrir jól. Ljóst er að 28. desember 2011 hafði (E)frkvstj-sala/þj ákveðið að verð skyldi hækkað. Upplýsti hann í tölvupósti til samstarfsmanna 28. desember 2011 að gjaldskrá Eimskips myndi hækka 1. janúar 2012: „Eins og flest ykkar vita nú þegar hækkum við gjaldskrár okkar þann 1. janúar næstkomandi – meðfylgjandi er bréf sem við sendum út á viðskiptavini okkar í dag og ætti að berast þeim á morgun og föstudag.“ Einnig voru í póstinum glærur um forsendur þessarar hækkunar. Tók (E)frkvstj-sala/þj fram að skjöl meðfylgjandi tölvupóstinum væru „innan hússöggn og ekki ætluð til dreifingar út fyrir okkar hóp.“⁴⁷⁵⁰ Í umræddu bréfi kom eftirfarandi fram:

„1. janúar 2012 munu gjaldskrár Eimskips taka eftirfarandi breytingum, sjóflutningsgjaldskrár hækka um 2,6% og þjónustugjöld á Íslandi um 4,9%“.

9267. Þann 2. janúar 2012 fengu Jónar vitneskju um þá hækkun sem fram kom í framangreindu bréfi Eimskips. Þann dag sendi (S)starfsm-Jóna, deildarstjóri hjá Jónum, tölvupóst til m.a. (S)forstö-innfl1 og sagði:

„Eimskip hefur tilkynnt eftirfarandi hækkun frá 01.01.2012.

Sjóflutningsgjaldskrár hækka um +2,6% og þjónustugjöld á Íslandi hækka um +4,9%“

⁴⁷⁴⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.123343.

⁴⁷⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.123370.

⁴⁷⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.826972.



9268. Meðfylgjandi tölvupóstinum var skannað eintak af umræddu bréfi Eimskips til viðskiptavina.⁴⁷⁵¹ Í bréfinu kom fram að (E)frkvstj-sala/bj veitti nánari upplýsingar um þessa verðhækkun en sem fyrr segir sat hann framangreindan fund með (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útf1.
9269. Hér hefur mikla þýðingu hverju (S)forstö-innfl1 svaraði. Í svari (S)forstö-innfl1 til GS sagði einfaldlega: „Sælir
Síðan hækkaði gjaldskráin erlendis um 2,5%⁴⁷⁵²
9270. Í bréfi Eimskips til viðskiptavina var hvergi minnst á þessa 2,5% hækkun sem (S)forstö-innfl1 tiltók. Eimskip hefur upplýst Samkeppniseftirlitið um að gjaldskráin erlendis hafi hækkað um 2,5% á þessum tíma.⁴⁷⁵³
9271. Skömmu síðar sama dag sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-N-Am (afrit (S)forstö-útf1):
„Við [(S)forstö-útf1] hittum Eimskips menn fyrir helgi og ræddum verðhækkunar sem USA samningurinn okkar tekur um áramót. Niðurstaðan varð sú að ISPS og THC í USA/CA hækkar um 2,5% og sjóflutningsverðin hækka um 4%.⁴⁷⁵⁴
9272. (S)frkvstj-N-Am svaraði samdægurs og sagði m.a. „*Þurfum við þá ekki að hækka okkar Tariff?*“.⁴⁷⁵⁵ (S)forstö-innfl1 svaraði með skýrum hætti daginn eftir:
„Við munum hækka okkar tariff á næstu dögum.⁴⁷⁵⁶
9273. Eins og fram kemur í kafla 14.39.2. hafði (S)forstö-innfl1 upplýst (S)forstj 17. október 2011 að þjónustugjöld Samskipa erlendis myndu hækka um 4% 1. febrúar 2012 en þjónustugjöld á Íslandi og sjófrakt myndu ekki hækka fyrr en 1. ágúst 2012 og þá um 4%. Nánar er þar rakið að samtímagögn sýna að eftir samskiptin við Eimskip höfðu áform Samskipa um verðbreytingar breyst frá því sem rætt hafði verið um.
9274. Fyrrgreind breyting á áformum Samskipa, eftir samskiptin við Eimskip, sést einnig af tölvupósti sem (S)forstö-innfl1 sendi þann 11. janúar 2012 til (S)frkvstj-N-Am: „*Við ætlum að senda út tilkynningu um hækkun á gjaldskrá erlendis á morgun. Hún mun hljóma svona:*
Frá og með mánudeginum 16. janúar nk. munu þjónustugjaldskrár Samskipa á Íslandi og erlendis hækka um 4% að jafnaði og gjaldskrá sjóflutnings hækka um 3%. Ofangreindar hækkunar eru til þess að mæta kostnaðarhækkunum í rekstri.
Það er rými til að bæta við gjöldum eða hækka einhver ákveðin gjöld meira en 4%. Hefur þú eitthvað spáð í þetta?⁴⁷⁵⁷
9275. Daginn eftir sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (S)forstö-innfl1: „*Ég hækkaði einnig flutningsgjöldin á pers eff.⁴⁷⁵⁸ þar sem þjónustugj. eru innifalin og gjöldin eftirfarandi á direct service⁴⁷⁵⁹ only, \$3828/20ft \$4536/40ft.*

⁴⁷⁵¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.935032.

⁴⁷⁵² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.935038.

⁴⁷⁵³ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 13.10.2017, liður 6.

⁴⁷⁵⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.935099.

⁴⁷⁵⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.935107.

⁴⁷⁵⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.935210.

⁴⁷⁵⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.938094.

⁴⁷⁵⁸ „Personal effects“, búslóð eða aðrar persónulegar eigur einstaklinga.

⁴⁷⁵⁹ Direct service: Hér er átt við flutninga með skipum Eimskips beint milli Íslands og Norður-Ameríku.



Á ég ekki einnig að hækka sambærilega á bílana?

Einnig hækkaði ég ISPS 4%.⁴⁷⁶⁰

9276. Þann 16. janúar 2012 hækkuðu Samskip þjónustugjöld bæði á Íslandi og erlendis um 4% og sjófrakt fyrir flutninga til og frá Evrópu um 3%.⁴⁷⁶¹
9277. Er ljóst að þessi ákvörðun um verðhækkun sem Samskip tóku í kjölfar fundar með Eimskip fól í sér breytingu á fyrri ákvörðun Samskipa, sbr. tölvupóst (S)forstö-innfl1 frá 17. október 2011. Var hækkunin víðtækari en áður hafði verið ákveðið en Samskip höfðu ekki gert ráð fyrir hækkun á þjónustugjöldum á Íslandi og sjófrakt fyrr en í ágúst 2012.
9278. Þann 26. janúar 2012 sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (S)forstö-innfl1. Gefur tölvupósturinn til kynna að (S)frkvstj-N-Am hafi viljað ganga úr skugga um hvort það hafi ekki verið búið að ákveða að hækka sjófrakt gagnvart viðskiptavinum Samskipa í flutningum með skipum Eimskips milli Íslands og Norður-Ameríku en framangreind 3% hækkun á sjófrakt tók aðeins til Evrópuflutninga.⁴⁷⁶² Í tölvupóstinum segir:
- „Sælir, hvernig var þetta, eigumn [svo] við ekki að hækka flutningsgjöldin með beina um 4%?“*
9279. (S)forstö-innfl1 svaraði daginn eftir:
- „Já hækkum beina um 4%
það þarf líka að hækka alla þá viðskiptavini sem eru með filaða samninga á USA um 4%.
Getur þú sent mér yfirlit yfir þá og ég get þá sagt til um það ef einhverjir eigi ekki að hækka.“⁴⁷⁶³*
9280. Samkvæmt þessu hækkuðu Samskip verð fyrir þá flutninga sem fóru með Norður-Ameríku skipi Eimskips um 4% og sjófrakt í flutningum til og frá Evrópu hækkaði um 3%.
9281. Þess má geta að Samskip höfðu ekki orðið fyrir neinni kostnaðarhækkun á þessari leið en það er sú skýring sem Samskip hafa gefið fyrir breyttri stefnu.
9282. Hafa Samskip ekki útskýrt af hverju fundurinn með Eimskip varðandi Norður-Ameríku samninginn hafi leitt til þess að Samskip ákváðu einnig að að hækka verð fyrir Evrópuflutninga en fyrirtækið hafði eins og áður sagði ekki gert ráð fyrir slíkri hækkun fyrir fundinn með Eimskip.
9283. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Samstarf Samskipa og Eimskips í Norður-Ameríku flutningum var hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga, þ.m.t. framangreindur fundur Samskipa og Eimskips 29. desember 2011.
9284. Samfelld samráð Samskipa og Eimskip gerði fyrirtækjunum kleift að viðhalda og hækka verð án ótta um samkeppnisleg viðbrögð hvors annars. Þetta á einnig við árið 2011. Þegar atvik í árslok 2011 eru virt í samhengi við atvik í janúar 2012 er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að fundur fyrirtækjanna 29. desember 2011 hafi a.m.k. falið í sér hvatningu eða á annan hátt auðveldað Samskipum að hækka

⁴⁷⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.938660.

⁴⁷⁶¹ Afhent gagn frá Samskipum. Afhent þann 10.04.2015, fskj. 4 „Breytingar á gjaldskrár Samskipa vegna reglubundinna áætlunarsiglinga til og frá Íslandi“.

⁴⁷⁶² Nefnt „beina“. Vísar til beinna flutninga milli Ísland og Norður-Ameríku. „Óbeinir“ flutningar eru TA flutningar og umskipað í Rotterdam.

⁴⁷⁶³ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.943083.



einnig verð og þar með gert Eimskip auðveldara fyrir að ná sinni verðhækkun fram. (S)forstö-innfl1 gaf (S)frkvstj-N-Am það skýrlega til kynna þann 3. janúar 2012 að Samskip myndu hækka verð gagnvart eigin viðskiptavinum. Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-N-Am 11. janúar 2012 dregur þetta allt skýrt fram. Samkvæmt honum tilkynnti (S)forstö-innfl1 að það væri fyrir hendi sérstakt „rými“ til að hækka þjónustugjöld gagnvart Norður-Ameríku viðskiptavinum. Var það samráðið við Eimskip sem bjó til þetta „rými“. Endurspeglar þetta hið samfellda samráð sem var við lýði á þessum tíma og hvernig samskiptavettvangur samráðs í sjóflutningum gat verið notaður til að viðhalda eða styrkja samráð fyrirtækjanna.

16.9. Áframhaldandi samfelld samráð í sjóflutningum árið 2012

9285. Samfelld samráð Samskipa og Eimskips í sjóflutningum hélt áfram á árinu 2012. Samvinna fyrirtækjanna tók meðal annars til samstarfs þeirra í sjóflutningum milli Íslands og Norður-Ameríku annars vegar og Íslands og annarra Evrópulanda, þar á meðal vegna flutninga Eimskips fyrir Samskip (Jóna), hins vegar.
9286. Eins og árin á undan var eðli og umfang samráðs fyrirtækjanna í sjóflutningum þannig að það kallaði á tíð og reglubundin samskipti fyrirtækjanna við framkvæmd samstarfsins. Tók þetta einnig til samskipta lykilstjórnenda fyrirtækjanna sem báru ábyrgð á mikilvægum samkeppnisþáttum, eins og verðlagningu og þjónustu, hjá fyrirtækjunum.
9287. Hafa ber í huga að á árinu 2012 voru aðrir þættir í samráði Samskipa og Eimskips fyrir hendi, m.a. ólögmeitt gámasamstarf og samráð í landflutningum, sbr. kafla 17 og 18. Af þessu leiddu einnig talsverð samskipti milli fyrirtækjanna.
9288. Í janúar 2012 voru (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölud í samskiptum við (S)forstö-innfl1 vegna flutninga á tónum gámum til Íslands á grunvelli Norður-Ameríku samningsins. (S)forstö-innfl1 sendi 20. janúar 2012 tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj: „Ég var að velta einu fyrir mér varðandi USA samninginn. Skv. honum greiðum við 40% af frakt verðum fyrir tóma gáma. Nú þurfum við að koma nokkrum gámum af tónum körum til baka til Íslands. Munum við ekki fá tómgámaverð á gáma með tónum fiskikörum? Heyri frá þér.“ (E)frkvstj-sala/þj svarar að bragði um klukkustund síðar: „hvað eru þetta margir gámar? Tóm kör frá USA ekki eruð þið að flytja ferskan fisk þangað?“⁴⁷⁶⁴ Sendi (E)frkvstj-sala/þj afrit af þessum tölvupósti til (E)forstö-sölud.⁴⁷⁶⁵
9289. Ljóst er af svari (E)frkvstj-sala/þj að með tölvupósti (S)forstö-innfl1 voru Eimskip veittar óvæntar og mikilvægar upplýsingar. Hikaði (E)frkvstj-sala/þj ekki að spyrja keppinaut sinn nánar út í umrædda flutninga og gætti undrunar í spurningu (E)frkvstj-sala/þj um hugsanlegan útflutning Samskipa á ferskum fiski. Sá hann ástæðu til að senda yfirmanni útflutningsdeildar Eimskips ((E)forstö-sölud) afrit af þessum samskiptum. Viðbrögð (S)forstö-innfl1 gefa til kynna að hann hafi séð eftir því að hafa veitt Eimskip þessar upplýsingar. Framsendi hann tölvupóst (E)frkvstj-sala/þj til (S)frkvstj-N-Am og spurði: „Hvernig svorum við þessu?“
9290. (S)frkvstj-N-Am svaraði síðar sama dag: „Nei mikið rétt hjá [(E)frkvstj-sala/þj], það erum við ekki að gera. Verðum við ekki bara að segja honum að ef hann samþykki að taka þetta í okkar tómu Rf gámum þá megi hann vænta þess að fá einnig eitthvað af þessum körum í dc. gámum á fullu verði, en ef hann gengur ekki að þessu þá verði engvir [svo] flutningar, hvorki á 60% afslætti né fullu gjaldi. Köllum þetta frosinn beitufisk til að leiða hann frá JHS.“⁴⁷⁶⁶

⁴⁷⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.941250.

⁴⁷⁶⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.941331.

⁴⁷⁶⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.941403.



9291. (S)forstö-innfl1 svaraði (E)frkvstj-sala/þj 23. janúar 2012: „Mikið rétt, fiskurinn yrði ekki mjög ferskur. Þetta er einhver frosinn beitufiskur. Við þurfum síðan að koma körunum til Íslands. Það er óvíst með magnið, en gæti alveg farið í 2-3 gáma í ferð. Þetta er samt ekkert í hendi í dag“.⁴⁷⁶⁷
9292. (S)frkvstj-N-Am spurði (S)forstö-innfl1 síðar sama dag: „Hvað sagði [(E)frkvstj-sala/þj]?“⁴⁷⁶⁸
9293. Þann 26. janúar 2012 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj ásamt afriti til (E)forstö-sölud og spurði hvort hann hefði náð að skoða framangreinda beiðni um flutning á tómunum fiskikörum. (E)forstö-sölud svaraði um hæl og kvaðst ætla að hringja í (S)forstö-innfl1 síðar sama dag.⁴⁷⁶⁹ Gefa gögn málsins til kynna að (E)frkvstj-sala/þj hafi falið (E)forstö-sölud að ljúka þessu máli gagnvart Samskipum. Sést það einnig af tölvupóstum sem (E)forstö-sölud og (S)forstö-innfl1 sendu hvor öðrum 30. janúar 2012 og kváðust báðir hafa verið að reyna að hringja í hvorn annan.⁴⁷⁷⁰
9294. Í byrjun febrúar 2012 áttu sér síðan stað eftirfarandi samskipti milli (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-sölud varðandi framangreint:
- Tölvupóstur (E)forstö-sölud til (S)forstö-innfl1: „Já hef aðeins verið að klóra mér í kollinum yfir þessu. Kannski fyrsta lagi hver er að senda kör yfir vitandi það að þau þurfa að fara til baka? Er engin önnur leið en þessi? Þess vegna hef ég ekki komist að annarri niðurstöðu en að þetta séu fullir gámar þar sem ekki er hægt að nýta þá undir annað. Þar af leiðir fullt gjald.“
 - Svar (S)forstö-innfl1: „Takk fyrir svarið. Þið getið auðvitað ekki nýtt tómu gámana okkar undir neitt annað. Þú sérð örugglega í kerfinu hjá þér að í gegnum árin höfum við annað slagid verið að flytja tóma gáma til baka og þá á 40% verði. Það er alveg rétt hjá þér að það má alveg skilgreina þessa gáma sem fulla, en fyrst það er niðurstaðan þá verður ekkert af þessu. Dæmið gengur ekki upp ef það þarf að greiða fullt gjald fyrir körin. Ekkert mál, en það hefði verið fint fyrir báða að fá þennan business.“
 - Svar (E)forstö-sölud: „En hvað þarftu til að þetta gangi upp bara svo ég viti það? Og er enginn leið að færa þetta yfir hafið í öðrum „boxum“?“
 - Svar (S)forstö-innfl1: „Okkur er nokkuð sama hvaða boxum þetta fer í. Við erum oft að enda með of mikið af reefer gámum í USA/CA. Þælingin var að henda þessum körum í þá. Þetta var að ganga ca upp miðað við tómgámaverðin. Ef þið eruð með einhverja aðra gáma sem þið vilduð nota undir þetta þá gæti það líka verið í lagi. Láttu mig endilega vita ef þú ert með einhverja aðra lausn og hvað hún myndi þá kosta.“
 - Svar (E)forstö-sölud: „Til hamingju með nýja yfirmanninn, ágætur maður þar á ferð.⁴⁷⁷¹ Svo við klárum þetta mál getum við þá ekki lokað því þannig að þetta fari á 50% verði. Þú nærð ekki að bera 100% kostnað en 40% finnst mér lágt en tilbúinn að horfa í gegnum fingur mér með 50%. Segi því eins og Þórhallur miðill; ertu sáttur svona?“
 - Svar (S)forstö-innfl1: „Já vonandi er þetta fínn gaur. Þekki hann ekki neitt, en mér líst bara vel á hann. Erum við þá að segja að þessi kafli gildi, nema hvað við séum að tala um 50% í stað 40%.“

⁴⁷⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.941617.

⁴⁷⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.941723.

⁴⁷⁶⁹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.942746.

⁴⁷⁷⁰ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.944258.

⁴⁷⁷¹ [...] hafði hætt störfum hjá Samskipum og [...] hafið störf sem framkvæmdastjóri millilandasviðs.



k) Freight charges for empty containers moving on the routings set forth in Term 5 shall be equal to 40 % of the freight rates for loaded containers moving on those routings. Freight charges for empty containers moving between the U.S. port and the Nova Scotia Canadian port are 40% of the rates applicable for loaded containers from Reykjavik to U.S. and Nova Scotia Canada. Carrier shall use its best efforts to accept all empty containers necessary for Shipper's return cargo, booked and delivered by Shipper in accordance with the requirements in Term 4. In the event that Carrier is fully booked on any sailing, Carrier is not obligated to accept empty containers for shipment on that sailing.

No BAF will be charged for empty containers moving on the above routings but THC and ISPS will be charged as set forth in Term 5.

Þetta ætti að geta gengið svona. Ég keyri málið áfram og læt vita þegar af þessu verður. Þið þurfið þá örugglega að fæla þessi kara verð hjá FMC."

- Svar (E)forstö-sölud: „Ok flott klárum þetta á 50%, fer yfir það með mínum fulltrúa gagnvart FMC.“⁴⁷⁷²

9295. (S)forstö-innfl1 sendi síðan tölvupóst til (S)frkvstj-N-Am og upplýsti um niðurstöðuna: „Hér kemur þetta. Eimu fallast á 50% afslátt og ekkert BAF“⁴⁷⁷³
9296. Samkvæmt framansögðu náðu Samskip og Eimskip saman í febrúar 2012 um breytingu eða ákveðna túlkun á Norður-Ameríku samningnum. Þá er í samskiptunum ekki að finna hik á hlutaðeigandi stjórnendum en framangreind samtímagögn eru talin skýr vísbending um skeytingarleysi stjórnenda Samskipa og Eimskips varðandi þá staðreynd að engin undanþága samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga var í gildi fyrir samstarfinu. Þá sýna samskiptin skýrlega þau tengsl sem voru á milli ákveðinna lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips sökum reglulegra samskipta í langan tíma. Jafnframt staðfesta samskiptin að í samskiptum á milli fyrirtækjanna var rætt um samkeppnislega viðkvæm málefni.
9297. Samskip og Eimskip áttu áfram samskipti og unnu að frekari verðhækkunum vorið og sumarið 2012 og vísast um það efni til kafla 14.44.
9298. Frekari samskipti áttu sér stað milli stjórnenda Eimskips og Samskipa í ágúst og september 2012 og þá um frystigáma í USA. Tengist þetta samráði fyrirtækjanna í gámastýringu, sbr. umfjöllun í kafla 18. (S)forstö-innfl1 sendi t.d. 28. ágúst 2012 tölvupóst til (E)forstö-sölud þar sem sagði: „Sökum rólegs útflutnings á reefer vöru til USA erum við að lenda í ójafnvægi varðandi reefer gáma í USA. Við höfum hingað til verið með nóg af gámum í Boston og Norfolk til að anna innflutningnum, en það lítur út fyrir að okkar gámar dugi ekki fyrir þá vöru sem bókuð verður í næstu skip. Hvernig er gámastaðan hjá ykkur þarna úti? Verður eitthvað mál að fá 3-5 reefer gáma hjá ykkur per skip næstu 3-4 mánuðina?“
9299. (E)forstö-sölud svaraði nokkrum mínútum síðar: „Skoða og kem til baka ...“⁴⁷⁷⁴
9300. (S)forstö-innfl1 ítrekaði fyrirspurnina með tölvupósti til (E)forstö-sölud 30. ágúst 2012.⁴⁷⁷⁵ Daginn eftir beindi (S)forstö-innfl1 fyrirspurninni til (E)frkvstj-sala/þj: „Getur thu nokkud kikt a thetta fyrir mig thar

⁴⁷⁷² Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.947560.

⁴⁷⁷³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.947605.

⁴⁷⁷⁴ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1002471.

⁴⁷⁷⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003096.



sem [(E)forstö-sölud] er OOO⁴⁷⁷⁶.⁴⁷⁷⁷ (E)frkvstj-sala/bj svaraði samdægurs: „veit sem er að ástæða þess að [(E)forstö-sölud] náði ekki að svara þér er að við erum sjálfir nokkuð pressaðir með RF gáma um þessar mundir – við skoðum þetta og náum vonandi að svara þér af eða á, á mánudaginn.“⁴⁷⁷⁸

9301. (E)forstö-sölud svaraði 3. september 2012: „Afsakaðu að við höfum ekki svar[að] þér fyrr en nú. Gagnvart RF-gámum þá er staðan þannig núna að við erum í mikilli eftirspurn og höfum því ekki tök á því að verða við ósk þinni gagnvart slíkum einingum. Verðum að skoða þetta skip fyrir skip enda kveður samningurinn okkur á milli ekki á um að við eigum að útvega aðra en þurrgáma.“⁴⁷⁷⁹ (S)forstö-innfl1 svaraði: „Takk fyrir að skoda thetta. Lattu mig endilega vita ef thad opnast a thetta. vid munum taka thetta i gegnum Rotterdam thangad til.“⁴⁷⁸⁰ (E)forstö-sölud svaraði og kvaðst myndi láta Samskip vita.⁴⁷⁸¹
9302. (S)forstö-innfl1 sendi á ný fyrirspurn til (E)forstö-sölud 12. september 2012: „Eigið þið einn reefer gám fyrir okkur í Boston fyrir lestun 20. sept?“⁴⁷⁸² (E)forstö-sölud svaraði daginn eftir: „Kanna og kem til baka en hræðist neikvætt svar ... læt þig vita.“⁴⁷⁸³
9303. Þann 14. september 2012 sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (S)viðskstj1 (afrit til (S)forstö-innfl1) og tilkynnti um góðar fréttir. Hann hefði verið í sambandi við Eimskip sem myndi útvega Samskipum gám.⁴⁷⁸⁴
9304. (S)forstö-innfl1 sendi aftur fyrirspurn til (E)forstö-sölud 25. september 2012: „Nú kemur sama vælið í mér varðandi reefer gámana. Skrifstofa okkar í Norfolk var í sambandi við ykkar fólk varðandi það að fá einn gám í Boston fyrir næsta skip. Ykkar fólk segist eiga gáma en geti ekki látið okkur fá gám nema að það komi fyrir mæli frá Reykjavík. Hvað segir þú um þetta?“⁴⁷⁸⁵
9305. (E)frkvstj-sala/bj, (E)forstö-sölud og (S)forstö-innfl1 voru lykilstjórnendur hjá Eimskip og Samskipum. Ákváðu þeir verð á sjóflutningum sinna fyrirtækja og komu að hvers konar ákvörðunum sem tengdust aðgerðum fyrirtækjanna á markaði. Framangreind gögn sýna að þessir stjórnendur skiptust á upplýsingum um viðkvæm samkeppnisleg málefni eins og um eftirspurn eftir tiltekinni þjónustu og gámastöðu. Var þetta hluti af samráði fyrirtækjanna á þessum tíma.
9306. Haustið 2012 hófu Samskip undirbúning að verðhækkun ársins 2013. Þann 8. september 2012 spurði (S)rekststj-landfl2 þá (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfli hvort hækkunar Samskipa árið 2013 yrðu ekki í takti við hækkunar Samskipa árið 2012 en líkt og rakið er í kafla 14.54 var (S)forstö-innfl1 dagana 30. ágúst 2012 til 25. september 2012 í samskiptum við (E)forstö-sölud og (E)frkvstj-sala/bj en þar er fjallað nánar um verðhækkunar fyrirtækjanna veturinn 2012-2013.
9307. Þann 22. nóvember 2012 sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til (S)rekststj-landfl2 og (S)frkvstj-innanl, afrit til (S)forstö-innfl1, þar sem hann velti fyrir sér skipulagi á losun skipa Samskipa í sömu viku. Svo spurði hann:

„voru þið búnir að semja við ET / EÍ ?“

⁴⁷⁷⁶ Samkeppniseftirlitið gerir ráð fyrir að OOO merki „Out of Office“.

⁴⁷⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003342.

⁴⁷⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003370.

⁴⁷⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003554.

⁴⁷⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003573.

⁴⁷⁸¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003615.

⁴⁷⁸² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1007717.

⁴⁷⁸³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1008172.

⁴⁷⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1008614.

⁴⁷⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1011851



9308. (S)frkvstj-innanl svaraði að Eimskip ætlaði að „bjarga“ Samskipum með þetta (sbr: „Eiman ætlar að bjarga okkur með þetta“). Er þetta til vitnis um þá samvinnu sem átti sér stað í samræði Samskipa og Eimskips í sjóflutningum.
9309. (S)viðskstj1 svaraði (S)frkvstj-innanl um hæl: „þið eruð snillingar“.⁴⁷⁸⁶ Athuga ber að þennan sama dag voru einnig samskipti á milli (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl.⁴⁷⁸⁷
9310. Hinn ólögmati samningur Samskipa og Eimskips um Norður-Ameríku flutninga frá 9. desember 2010 átti sem áður segir að renna út í árslok 2012. Samtímagögn sýna aftur á móti að hann hafi endurtekið verið framlengdur í reglulegum samskiptum stjórnenda fyrirtækjanna út árið 2013. Verður nú fjallað um þetta.
9311. Þann 4. desember 2012 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj og í honum sagði: „Nú er USA samningurinn okkar að renna út um áramót. Er ekki rétt að hittast fljótlega og ræða þau mál? Heyri frá þér“⁴⁷⁸⁸ (E)frkvstj-sala/þj svaraði nokkrum dögum seinna og spurði hvenær fyrirtækin ættu að hittast.⁴⁷⁸⁹ Fundur var haldinn 18. desember 2012, sbr. nánari umfjöllun síðar.
9312. Dagana á eftir, þ.e. 5. og 6. desember 2012, ræddu m.a. (E)frkvstj-sala/þj, (E)frkvstj-innanl og (E)forstö-landfl1 um gjaldskrárhækkanir í landflutningum árið 2013⁴⁷⁹⁰ og (E)frkvstj-sala/þj sendi tölvupóst til (E)forstö-sölud, (E)forstö-flutmið, (E)verkefnastj, (E)forstö-vörubrún, (E)starfsm og (E)starfsm vegna ákvörðunar um „að hækka gjaldskrána nú um áramót um 2,9%“, n.t.t. sjófrakt, THC-gjald (gjald fyrir lestun/losun erlendis) og öll önnur gjöld „á Íslandi“.⁴⁷⁹¹ Þá upplýsti hann að Flytjandi myndi hækka gjaldskrá um sömu prósentu. Ekki var búið að taka ákvörðun um hækkun Eimskips á gjaldskrár erlendis. Í glærukynningu (S)frkvstj-millilandasv2, sem vistuð var 7. desember 2012, má sjá að Samskip höfðu einnig lagt á ráðin um gjaldskrárhækkanir í landflutningum á árinu 2013.
9313. Samtímagögn gefa til kynna að (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna hafi hist sama dag, þ.e. föstudaginn 7. desember 2012. Daginn eftir, 8. desember, hittust síðan aðrir lykilstjórnendur Eimskips og Samskipa, (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj, í árlegu matarboði (svokallað „Sinterklaas feast“). Daginn eftir matarboð (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv, eða kl. 22 að kvöldi sunnudagsins 9. desember 2012, sendi (S)forstj tölvupóst á sjálfan sig sem innihélt áherslur fyrir árið 2013 en ein af þessum áherslum var m.a. að: „[...] hækka verð“. Nokkrum klukkustundum síðar, eða um kl. 8 að mánudagsmorgni 10. desember 2012, sendi (E)frkvstj-alþjsv tölvupóst til (E)forstö-alþjsv og ... með heitinu: „Verðhækkunar“. Í kjölfar þessara samskipta stjórnenda Samskipa og Eimskips, þ.e. dagana 11.-17. desember 2012, var unnið ötullega innan beggja fyrirtækja að undirbúningi verðhækkana á árinu 2013. Ítarlega er fjallað um þau atvik í kafla 14.54. í ákvörðun þessari.
9314. Þann 11. desember 2012 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv2.⁴⁷⁹² Af þessum tölvupósti er ljóst að á þessum tíma unnu Samskip að skoðun á samstarfinu við Eimskip vegna flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Í honum var að finna yfirlit yfir Norður-Ameríku flutninga Samskipa, annars vegar með Eimskip og hins vegar flutninga þar sem Samskip fluttu vöruna frá Norður-Ameríku

⁴⁷⁸⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.920253.

⁴⁷⁸⁷ Sbr. kafla 13.

⁴⁷⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1038318.

⁴⁷⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1039940.

⁴⁷⁹⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.137611. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1018430.

⁴⁷⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.59132. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.146172.

⁴⁷⁹² Sem fyrr segir hætti [...] hjá Samskipum á árinu 2012 og [...] tók þá við sem framkvæmdastjóri millilandasviðs.



til Rotterdam með erlendum skipafélögum og svo áfram þaðan til Íslands með Samskipum (svokallaðir TA flutningar (stundum nefndir TAS)).⁴⁷⁹³ Í tölvupóstinum sagði:

„Hér er smá yfirlit yfir USA flutninga okkar. Hér sést hvernig flutningarnir skiptast á milli Eimskips og TAS.“

Eimskip	2008	2009	2010	2011	2012	Total
FCL TEU	399	119	286	213	183	1.200
%	33%	10%	24%	18%	15%	100%
% af heild US	31%	14%	24%	24%	19%	

RTM	2008	2009	2010	2011	2012	Total
FCL TEU	885	761	914	676	789	4.025
%	22%	19%	23%	17%	20%	100%
% af heild US	69%	86%	76%	76%	81%	

9315. Samskip og Eimskip hittust á fundi 18. desember 2012 kl. 14:00.⁴⁷⁹⁴ Af hálfu Eimskips sátu (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu fundinn en af hálfu Samskipa (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útl og (S)frkvstj-millilandasv2.⁴⁷⁹⁵
9316. Fyrr þennan dag áttu (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útl fund saman. Var hann kl. 10:00 og heiti hans „Undirbúningur fyrir fund með Eimskip“. ⁴⁷⁹⁶ Þetta voru stjórnendur sem höfðu ríka aðkomu að verðákvörðunum beggja fyrirtækjanna en líkt og að framan segir þá var dagana á undan unnið ótullega innan beggja fyrirtækja að undirbúningi verðhækkana á árinu 2013. Um þýðingu þessa vísast til kafla 14.54. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að samfellt samráð Samskipa og Eimskips og m.a. þau samskipti sem í því fólst hafi gert fyrirtækjunum kleift að hækka gjaldskrár sínar á Íslandi og erlendis í byrjun árs 2013. Í þessu sambandi hefur þýðingu að í samtímagögnum fyrirtækjanna sem snerta undirbúning og framkvæmd umræddra hækkana er ekki að greina neinn ótta á meðal stjórnenda fyrirtækjanna um hver verði viðbrögð helsta keppinutarins af því tilefni.
9317. Við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga veittu hvorki Samskip né Eimskip upplýsingar um þennan fund eða afhentu gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á honum.⁴⁷⁹⁷ Slík gögn bárust heldur ekki með athugasemdum fyrirtækjanna við AI eða AII. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.6.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispunktar sem teknir hafa verið saman á fundinum.
9318. Samtímagögn sýna að á fundi fyrirtækjanna 18. desember 2012 átti a.m.k. að ræða endurnýjun á Norður-Ameríkusamningnum, sbr. tölvupóst (S)forstö-innfl1 til (E)frkvstj-sala/þj 4. desember 2012. Eftirfarandi tölvupóstur (S)forstö-innfl1 frá 19. desember 2012 sýnir að Eimskip ræddi jafnframt á

⁴⁷⁹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1040609.

⁴⁷⁹⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1155637.

⁴⁷⁹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1042009. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1042014. Sjá einnig kafla 14.54.5.

⁴⁷⁹⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1155757.

⁴⁷⁹⁷ Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.



fundinum um mögulegar breytingar á siglingakerfi sínu. Gefur þetta skýrt til kynna að a.m.k. átti að ræða áframhaldandi ólögmaett samstarf fyrirtækjanna í sjóflutningum á umræddum fundi.

9319. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Samstarf Samskipa og Eimskips í Norður-Ameríku flutningum var hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga, þ.m.t. þessi fundur 18. desember 2012.

9320. Morguninn eftir fundinn með Eimskip, þ.e. 19. desember 2012, sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-N-Am og fjallaði um fundinn: „Við áttum fund með Eimskip varðandi USA samninginn í gær. Finn fundur, en þeir eru að fara fram á 6,4% hækkun á samningsverðum. Taflan hér að neðan sýnir núgildandi verð og tillögu Eimskips. [...] Eins og þú sérð þá eru þetta orðin ansi há verð. Við þurfum nú að skoða mjög alvarlega að taka eins mikið og mögulegt er í TAS.

Hvaða TAS verð erum við með í dag? Getur þú sent mér núgildandi verð fyrir helstu vöruflokka og consol gáma.

Heyrumst síðan betur varðandi þetta.

Annað, er eitthvað sérstakt í orðalagi núgildandi samnings sem þú vildir breyta?”

9321. (S)frkvstj-N-Am svaraði: „þeir ætla semsé að sigla á Norfolk næsta ár.

Ég er ekki á skrifstofunni í dag en við erum klárir í “Total TAS”

Ég hef ekki aðgang að S drifinu að heiman þar sem verðin eru en þau verða í lagi. Það eina sem við getum ekki sinnt via APL eru búslóðir og HAZ með consol.

Við fögnum breyttum áherslum í okkar flutningakerfi”

9322. (S)forstö-innfl1 svaraði: „þeir ræddu reyndar að þeir væru alvarlega að skoða það að hætta að sigla til Norfolk, en það væri engin ákvörðun komin. Mig grunar að þeir hætti á næsta ári. Þá er enn mikilvægara að vara búinn að ýta öllu yfir á TAS.

Sendu mér bara TAS verðin þegar þú kemur á skrifstofuna, ekkert stress.

Það er spurning hvort að við hættum ekki bara að taka LCL búslóðir frá USA. Hvað segir þú um það? Er mikið um þær?

Finum lausn á HAZ cargo. Annað hvort að hafna því eða bóka LCL með Eimskip...

Spáum í þetta.”⁴⁷⁹⁸

9323. Samkvæmt þessu áttu Samskip „fínan“ fund með Eimskip þar sem m.a. var rætt um hækkun á verði Eimskips til Samskipa í sjóflutningum til og frá Norður-Ameríku. Jafnframt er ljóst að á fundinum var rætt um mögulegar breytingar á siglingakerfi Eimskips.

9324. Hér er ástæða til að rifja upp gögn frá árinu 2008, þ.e. þegar „Nýtt upphaf“ verkefni Eimskips og Samskipa hófst, en þá sýna gögn málsins að (E)forstj hafi viljað auka Norður-Ameríku flutninga Samskipa með Eimskip og biðja keppinautinn um að draga úr samkeppni í Norður-Ameríku siglingum, þ.e. með TA flutningum. Var þetta einn þáttur í því að fyrirtækin myndu horfa til samvinnu í stað

⁴⁷⁹⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1043277.



samkeppni m.a. í sjóflutningum og aukinnar samnýtingu á flutningakerfi hvors annars í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið og í anda „útvíkkaðs“ neyðarsamkomulags sem gekk á milli fyrirtækjanna í tölvupósti í október 2008, sbr. kafla 7 og 8 í ákvörðun þessari.

9325. Hér má aukinheldur vísa til gagns (E)forstj frá september 2011 þar sem hann setti á verkefnalista að kannaður yrði sá möguleiki að Samskip myndu nota Eimskip meira en TA flutninga frá Norður-Ameríku og Samskip myndu nota gáma frá Eimskip eftir þörfum, sbr. kafla 16.8 hér á undan.
9326. Með hliðsjón af framangreindum atvikum vekur óhjálkæmlega athygli að í áðurnefndum tölvupósti (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-N-Am, 19. desember 2012, kunngerði (S)forstö-innfl1 að Samskip ættu að skoða „alvarlega“ hvort fyrirtækið ætti í framhaldinu að leggja meiri áherslu á að flytja vörur Trans-Atlantic (TA-flutningar) í gegnum Evrópu til Íslands í stað þess að nýta sér flutninga með Eimskip beint milli Íslands og Norður-Ameríku. Samtímagögn sýna að það dró úr flutningum Samskipa með Eimskip á árinu 2013, samhliða því að draga fór úr samráði fyrirtækjanna almennt í öðrum þáttum þess.⁴⁷⁹⁹
9327. Þrátt fyrir þessi ummæli (S)forstö-innfl1 um TA-flutninga Samskipa frá Norður-Ameríku og minnkandi magn á grundvelli samstarfsins, héldu samskipti og samstarf Eimskips og Samskipa áfram þ. á m. vegna samráðs um sjóflutninga. Samhliða var unnið að framkvæmd verðhækkana hjá báðum fyrirtækjunum. Um það er nánar fjallað í kafla 14.54.
9328. Í kafla 14.54 er fjallað um þessi atvik og komist að þeirri niðurstöðu að samskipti Eimskips og Samskipa á síðari hluta ársins 2012 hafi verið til þess fallin að viðhalda samfelldu samráði fyrirtækjanna sem hafi dregið úr æskilegri óvissu á milli og sjálfstæði þeirra sem keppinauta. Voru samskiptin til þess fallin að viðhalda markaðsskiptingu fyrirtækjanna og auðvelda undirbúning og framkvæmd verðhækkana, auk framkvæmdar á samráðinu í heild sinni.
9329. Þegar umrædd gögn eru skoðuð heildstætt með öðrum gögnum málsins, um undirbúning og framkvæmd verðhækkana frá sama tíma, er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að fyrir hendi séu ríkar vísbendingar um samráð sem fólst m.a. í því að hækka gjaldskrár Samskipa og Eimskips á Íslandi og erlendis í byrjun árs 2013. Horft er m.a. til þess að gögn Eimskips og Samskipa, við undirbúning og framkvæmd gjaldskrárhækkana í byrjun árs 2013 bera ekki með sér ótta um viðbrögð helsta keppinautarins.
9330. Í þessu sambandi skal þó einnig hafa í huga að á þessum tíma, í lok árs 2012, tók að gæta nokkurs óróa eða óstöðugleika í samráði Eimskips og Samskipa, í kjölfar taugatitringis milli fyrirtækjanna sem kom í kjölfar þess að Eimskip fékk viðskipti Bauhaus, sbr. nánar í kafla 14.45 og 21. Þá höfðu Samskip tekið ákvörðun um gera breytingar á siglingakerfi sínu í tengslum við það að fyrirtækið myndi missa flutningsviðskipti sín við Alcoa á árinu 2013. Höfðu Samskip þannig tekið ákvörðun um að hverfa frá samráði sínu við Eimskip um takmörkun flutningsgetu sem raungerðist svo í mars 2013. Kann þetta að skýra aukinn áhuga Samskipa á að draga úr samvinnu við Eimskip í sjóflutningum (og nota frekar TA flutninga í sjóflutningi milli Íslands og Norður-Ameríku).

⁴⁷⁹⁹ [...] sagði í tölvupósti frá júní 2013 að magn Samskipa með beinu skipi Eimskip sé ekkert orðið sem bendir að mati Samkeppniseftirlitsins til þess að Samskip hafi dregið úr flutningum með Eimskip. Doc. ID. 0.7.33.1096082.



16.10. Áframhaldandi samfelld samráð í sjóflutningum árið 2013

9331. Þrátt fyrir að dregið hafi úr samráði Samskipa og Eimskips í sjóflutningum á árinu 2013, samhliða því að draga fór úr öðrum þáttum í samráði fyrirtækjanna, héldu fyrirtækin engu að síður áfram samstarfi sínu í sjóflutningum, t.d. til og frá Norður-Ameríku, a.m.k. út árið 2013.⁴⁸⁰⁰
9332. Þann 28. desember 2012 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölud (afrit (S)frkvstj-millilandasv2 og (S)forstö-útfli) með heitinu „USA samningur“. Í honum sagði: „Við höfum ekkert heyrt frá ykkur eftir fundinn okkar um USA samninginn. Nú er samningurinn að renna út um áramótin og útséð er með að við gerum ekki nýjan samning á þessu ári. Er þá ekki nauðsynlegt að framlengja núgildandi samning um 1-2 mánuði til að allt sé nú löglegt gangvart FMC þegar næsta skip verður lestað í Norfolk, þ.e. ef verkfallið leysist. Heyrumst svo strax eftir áramót og höldum áfram með samninginn. Hafið það gott yfir áramótin.“⁴⁸⁰¹ (E)forstö-sölud svaraði tölvupósti (S)forstö-innfl1 síðar sama dag og sagði að Eimskip myndi framlengja samning fyrirtækjanna út janúar 2013.⁴⁸⁰² Samskipti áttu sér stað á ný á milli (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-sölud, (S)frkvstj-millilandasv2 og (S)forstö-útfli 31. janúar 2013 þar sem sammælt var um að framlengja samningnum út febrúar 2013.⁴⁸⁰³
9333. Samningur fyrirtækjanna var síðan endurtekið framlengdur. Engin undanþága var í gildi samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga.
9334. Í samráðinu fólst, sem fyrr, töluverð samskipti milli fyrirtækjanna. Fyrir liggur tölvupóstur 8. apríl 2013 sem (S)forstö-útfli sendi (E)frkvstj-sala/þj og var efni hans: „USA samningur“. Í honum kvaðst (S)forstö-útfli hafa tekið að sér að klára þetta mál við Eimskip og spurði hvort (E)frkvstj-sala/þj hafi tíma í vikunni til að hittast og fara yfir þetta. (E)frkvstj-sala/þj svaraði játandi og lagði til að þeir hittust seinni part vikunnar.⁴⁸⁰⁴
9335. Með bréfi Eimskips, dags. 26. apríl 2013, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um að verið væri að vinna að endurnýjun samningsins. Þar sem ekki hefði tekist að ljúka við gerð nýs samning hefðu fyrirtækin endurnýjað samninginn, dags. 9. desember 2010, í mánuð í senn. Gildistími samningsins væri til 30. apríl 2013. Óskaði Eimskip eftir leiðbeiningum frá Samkeppniseftirlitinu um það hvort þörf væri á undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga vegna þess samnings sem gildi til 30. apríl 2013. Þá var í lok bréfsins tekið fram að þegar nýr samningur yrði undirritaður myndi hann verða sendur Samkeppniseftirlitinu og óskað undanþágu samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga.⁴⁸⁰⁵ Eins og í fyrri erindum fyrirtækjanna veittu fyrirtækin engar upplýsingar um hið nána samstarf sitt, t.d. samkomulag fyrirtækjanna vegna Evrópuflutninga (svokallað „neyðarsamkomulag“) eða aðra þætti samráðsins sem höfðu verið til staðar fram að þessu.
9336. Fyrirliggjandi er að framkvæmd samráðs fyrirtækjanna í sjóflutningum hélt áfram og hvorki samningur né undanþágubeiðni var send Samkeppniseftirlitinu.
9337. Þann 15. maí 2013 áttu (E)frkvstj-sala/þj og (S)forstö-útfli í tölvupóstsamskiptum þar sem þeir ákváðu að hittast á fundi 17. maí 2013 til að ræða „USA samninginn“.⁴⁸⁰⁶ Í dagbók (S)forstö-útfli var bókaður fundur 17. maí 2013 kl. 14:00-15:00 undir heitinu „Eimskip USA fundur“.⁴⁸⁰⁷ Í dagbók (E)frkvstj-sala/þj

⁴⁸⁰⁰ Afhent gögn frá Samskipum. Afhent 22.11.2016. Viðauki 5. Afhent gögn frá Eimskip. Afhent 01.12.2016. „Viðskipti við Samskip“. Sbr. bréf Samkeppniseftirlitsins til Eimskips með athugasemdum, dags. 08.03.2017. Afhent gögn Eimskips. Afhent 28.04.2017, mappa 2.

⁴⁸⁰¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1044527.

⁴⁸⁰² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.639548.

⁴⁸⁰³ Afhent tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...].

⁴⁸⁰⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskip. [...].

⁴⁸⁰⁵ Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 26.04.2013.

⁴⁸⁰⁶ Afhent tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...].

⁴⁸⁰⁷ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1175205.



var einnig bókaður fundur 17. maí kl. 14:00-15:00 undir heitinu „Fundur með [(S)forstö-útl] v/USA“.⁴⁸⁰⁸ Þann 7. júní 2013 sendi (E)frkvstj-sala/þj samningsdrög af „USA contract“ til (S)forstö-útl „í framhaldi af fundi“ þeirra. (E)frkvstj-sala/þj kvaðst svo ætla að heyra í (S)forstö-útl þegar hann hefði skoðað þetta.⁴⁸⁰⁹

9338. Þann 20. júní 2013 svaraði (S)forstö-útl framangreindum tölvupósti (E)frkvstj-sala/þj og óskaði eftir fundi með honum „út af þessu máli“. Þar sagði að ýmislegt hefði breyst og „þarf að ræða nánar.“ (E)frkvstj-sala/þj samþykkti það og stakk upp á fundartíma.⁴⁸¹⁰ Fundur var skráður í dagbók (S)forstö-útl undir heitinu „Fundur með Eimskip um USA samning“ 26. júní 2013 kl. 11-12.⁴⁸¹¹ Í dagbók (E)frkvstj-sala/þj var sömuleiðis bókaður fundur undir heitinu „GK - v/USA“ 26. júní 2013 kl. 11-12.⁴⁸¹²
9339. Í kjölfarið áttu sömu menn í tölvupóstsamskiptum vegna nýrra draga af samningnum og ákvörðun á fundartíma til að skrifa undir umræddan samning.⁴⁸¹³ Af gögnum málsins má ráða að í framhaldinu hafi verið bókaður fundur hjá Eimskip 16. september 2013, kl. 15-15:30.⁴⁸¹⁴
9340. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 23. október 2013, var fyrrnefndu bréfi Eimskips, dags. 26. apríl 2013, svarað. Í bréfinu er vísað til þess að Samkeppniseftirlitið hafi í eldra máli talið flutningasamning Eimskips og Samskipa fara gegn 10. gr. samkeppnislaga. Einnig er vísað til undirliggjandi rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á háttsemi fyrirtækjanna á mörkuðum fyrir sjó- og landflutninga ásamt flutningsmiðlun og tilkynnt að á meðan ekki liggja fyrir hvort fyrirtækin hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga, líkt og grunur sé um, gæti Samkeppniseftirlitið ekki tekið afstöðu til þess, hvort þörf sé á undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga vegna umrædds samnings.⁴⁸¹⁵
9341. Tveimur mánuðum eftir bréf Samkeppniseftirlitsins var sent, þ.e. 13. desember 2013, sagði Eimskip upp Norður-Ameríku samningi sínum við Samskip. Sendu Samskip erindi vegna uppsagnar Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 19. desember 2013, þar sem fyrirtækið gerði kröfu um íhlutun Samkeppniseftirlitsins samkvæmt 2. og 3. mgr. 16. gr. samkeppnislaga.
9342. Af þessu tilefni sendi Samkeppniseftirlitið Eimskip bréf, dags. 20. desember 2013, en afrit af því var sent Samskipum. Í bréfinu er vísað til fyrrnefndra bréfaskipta, dags. 23. apríl, 23. október og 19. desember 2013, og bent á að liðnir væru tæpir sex mánuðir frá því að Eimskip hefði tilkynnt Samkeppniseftirlitinu um það að umræddur samningur hefði verið framlengdur til 30. apríl 2013. Voru því af hálfu Samkeppniseftirlitsins ekki taldar forsendur til að taka afstöðu til undanþágubeiðni um samstarf fyrirtækjanna samkvæmt samningi sem var, samkvæmt bréfi Eimskips, með gildistíma sem væri löngu runninn út. Aftur á móti var sérstaklega bent á að á þeim tíma sem hafi liðið frá síðustu bréfaskiptum hafi Samkeppniseftirlitinu ekki borist nýr samningur fyrirtækjanna eða önnur gögn vegna þessa samstarfs. Eins og áður segir hafði Eimskip þá boðað að unnið hefði verið að samningnum og hann yrði sendur eftirlitinu ásamt formlegri undanþágubeiðni. Í bréfi Samkeppniseftirlitsins kemur fram að liðnir séu um átta mánuðir síðan Eimskip hafi tilkynnt um framangreint. Samkeppniseftirlitinu hafi þrátt fyrir það ekki borist boðaður samningur fyrirtækjanna og formleg undanþágubeiðni. Forsenda þess að unnt sé að taka afstöðu til beiðni um undanþágu sé að viðkomandi gerningur og rökstutt erindi þar að lútandi séu send Samkeppniseftirlitinu. Er tekið fram að berist Samkeppniseftirlitinu fullbúin og nægjanlega rökstudd beiðni um undanþágu frá Samskipum og Eimskip fyrir samningi (með gildistíma frá 1. janúar

⁴⁸⁰⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.332816.

⁴⁸⁰⁹ Afhentur tölvupóstur frá Samskipum. [...].

⁴⁸¹⁰ Afhent tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...].

⁴⁸¹¹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1179531.

⁴⁸¹² Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.238439.

⁴⁸¹³ Afhent tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...].

⁴⁸¹⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.760353.

⁴⁸¹⁵ Bréf Samkeppniseftirlitsins til Eimskips, dags. 23.10.2013.



2014) eigi síðar en 23. desember sama ár, muni eftirlitið taka það til skoðunar hvort veita eigi tímabundna undanþágu fyrir samstarfinu fyrir áramót.⁴⁸¹⁶

9343. Í kjölfar bréfs Samkeppniseftirlitsins, þ.e. 23. desember 2013, sóttu Samskip og Eimskip um undanþágu samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga fyrir samstarfi um flutninga til og frá Norður-Ameríku.⁴⁸¹⁷ Á grundvelli þeirra upplýsinga sem þá lágu fyrir veitti Samkeppniseftirlitið undanþágu til þriggja mánaða í senn, síðast til 15. apríl 2015.⁴⁸¹⁸ Í bréfunum kemur fram að ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins feli ekki í sér efnislega afstöðu til þess hvort nauðsynleg skilyrði undanþágu séu fyrir hendi. Líkt og fram kemur í bréfinu eru ákvarðanirnar því með engum hætti bindandi eða hafa með öðrum hætti áhrif á endanlega afstöðu Samkeppniseftirlitsins til mögulegrar undanþágu samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga. Eins hafði ákvörðun um umrætt samstarf í Norður-Ameríku flutningum ekki áhrif á undirliggjandi rannsókn Samkeppniseftirlitsins á brotum Eimskips og Samskipa á samkeppnislögum eða mögulega niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins í þessu máli.

16.11. Áframhaldandi samráð í Norður-Ameríku flutningum fram til 2018

9344. Þrátt fyrir að engin undanþága hafi verið í gildi eftir 15. apríl 2015 varðandi samstarf Eimskips og Samskipa um sjóflutninga til og frá Norður-Ameríku er upplýst að fyrirtækin hafi samt sem áður fram haldið háttsemi sinni a.m.k. til júlí 2018. Vísast þar til þess að á grundvelli beiðni lögmanna Eimskips var haldinn fundur í húsakynnum Samkeppniseftirlitsins 11. júlí 2018. Á fundinum upplýstu lögmennirnir m.a. að Samskip og Eimskip ættu ennþá í samstarfi á flutningaleiðinni milli Íslands og Norður-Ameríku, án undanþáguheimildar. Kunngert var sömuleiðis að þetta samstarf væri af sama meiði og samstarf fyrirtækjanna á þessari leið í gegnum árin og sem fjallað væri um í andmælaskjali eftirlitsins (AI).

9345. Gefur framangreind upplýsingagjöf Eimskips 11. júlí 2018 vísbendingar um áframhaldandi framkvæmd samráðsins.

9346. Í kjölfar fyrrgreinds fundar Eimskips og Samkeppniseftirlitsins, sem Eimskip hafði óskað eftir, sá Samkeppniseftirlitið ástæðu til að senda bréf til fyrirtækisins. Var það sent tveimur dögum eftir fundinn, eða 13. júlí 2018.⁴⁸¹⁹ Í bréfi eftirlitsins er m.a. leiðbeint um eftirfarandi:

„Samkeppniseftirlitið telur ástæðu til að draga saman hér þær leiðbeiningar sem það veitti Eimskip á fundinum [11. júlí 2018]:

- *Rannsóknartímabil andmælaskjalsins nær til og með árinu 2013. Engin rannsókn hefur farið fram á núverandi samstarfi Eimskips við keppinauta og hefur Samkeppniseftirlitið því enga afstöðu tekið til lögmætis slíks samstarfs.*
- *Eimskip verður, eins og önnur fyrirtæki, að gæta þess í starfsemi sinni að bann samkeppnislaga við samráði sé ekki brotið í samskiptum og samstarfi við önnur fyrirtæki. Eimskip ber ábyrgð á því að stöðva þátttöku í ólögmætu samráði, sé það fyrir hendi.*
- *Athygli Eimskips hefur verið vakin á niðurfellingareglum, sbr. m.a. reglur eftirlitsins nr. 890/2005 um niðurfellingu sekta í samráðsmálum. Beiðni um slíka málsmeðferð kom ekki fram á fundinum.*
- *Ákvæði 11. gr. samkeppnislaga geta ekki heimilað ólögmætt samráð keppinauta.*

⁴⁸¹⁶ Bréf Samkeppniseftirlitsins til Eimskips, dags. 23.10.2013.

⁴⁸¹⁷ Bréf Eimskips og Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 23.12.2013.

⁴⁸¹⁸ Bréf Samkeppniseftirlitsins til Eimskips og Samskipa, dags. 30.12.2013, 26.03.2014 og 14.08.2014.

⁴⁸¹⁹ Bréf Samkeppniseftirlitsins til Eimskips, dags. 13.07.2018.



- *Eldri úrlausnir samkeppnisyfirvalda o.fl. veiti leiðsögn um lögmæti samstarfs t.d. skipafélaga. Eimskip hafi sérfræðinga í samkeppnisrétti í sinni þjónustu.*
- *Telji Eimskip að samstarf við önnur fyrirtæki sé ólögmætt en geti réttlætt undanþágu er félaginu ávallt heimilt að óska eftir slíkri undanþágu. Félaginu er hins vegar ekki heimilt að framkvæma slíkt samstarf nema að fenginni undanþágu Samkeppniseftirlitsins.*
- *Telji Eimskip að tiltekin umfjöllun í andmælaskjali hafi óheppileg áhrif á starfsemi félagsins í dag getur það flýtt fyrir niðurstöðu með því að skila hið fyrsta andmælum við þá umfjöllun.*

Hvorki á framangreindum fundi né í bréfi þessu er tekin afstaða til lögmætis þess samstarfs sem Eimskip hefur upplýst um. Kann slíkt samstarf að vera tekið til rannsóknar síðar."

9347. Framangreint er skýr vísbending um skeytingarleysi Samskipa og Eimskips gagnvart samkeppnislögum. Báðum fyrirtækjunum var ljóst eða þeim hlaut að vera ljóst að slík samvinna milli keppinauta felur í sér brot á samkeppnislögum og er eins og annað ólögmætt samráð ekki heimil nema að fenginni fyrirfram undanþágu samkeppnisyfirvalda, sbr. m.a. úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í málum nr. 13/1997 og 9/2003.

16.12. Niðurstaða

9348. Hér að framan hefur verið fjallað um samráð Samskipa og Eimskips sem tók til sjóflutninga til og frá Íslandi. Afskipti samkeppnisyfirvalda af samstarfi Samskipa og Eimskips í Norður-Ameríku flutningum á rót sína að rekja allt aftur til ársins 1997 og hafa samkeppnisyfirvöld ítrekað staðfest að í því felist ólögmætt samráð sem fer gegn 10. gr. samkeppnislaga þar sem í því felst skipting markaða á milli keppinauta.

9349. Um mitt ár 2008 varð samstarf Samskipa og Eimskips hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu og sýna samtímagögn að áformum um aukið samstarf í sjóflutningum var hrint í framkvæmd.

9350. Hið samfellda samráð Samskipa og Eimskips á rannsóknartímabilinu tók til umfangsmikils samstarfs í sjóflutningum til og frá Íslandi. Hér að framan hefur verið rakin samvinna fyrirtækjanna vegna:

- Sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku.
- Sjóflutninga milli Íslands og annarra hafna vegna flutninga Jóna, helst tengt Bretlandi og Noregi.
- Sjóflutninga milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar.
- Sjóflutninga milli Íslands og Færeyja.
- Sjóflutninga á milli Íslands og Evrópu, á grundvelli svonefnds „neyðarsamkomulags“.

9351. Hefur verið rökstudd sú niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að þetta samstarf fyrirtækjanna í sjóflutningum hafi falið í sér ólögmætt samráð og að sú samvinna sem fólst í því hafi verið hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu sem hófst í kjölfar fundar fyrirtækjanna 6. júní 2008. Samráð fyrirtækjanna í sjóflutningum var þegar fyrir hendi árið 2008 en jókst með „Nýtt upphaf“ verkefninu í samræmi við markmið þess. Samstarf Samskipa og Eimskips sem fólst í flutningum Eimskips fyrir Jóna var einnig hluti af þessu samráði og liður í því að auka samstarf fyrirtækjanna í sjóflutningum. Sama gildir um samkomulag fyrirtækjanna um gámanotkun sem fól í sér samstarf um leigu, lán og flutning á gámum en í kjölfar „Nýtt upphaf“ verkefnisins var þetta samstarf fyrirtækjanna aukið.



9352. Eins og rökstutt er í kafla 11 var samstarf Samskipa og Eimskips hvort tveggja í Norður-Ameríku flutningum og Evrópuflutningum hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Verkefnið hafði það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var að eða rætt um verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga, þ.m.t. samvinna og framangreindir fundir Samskipa og Eimskips vegna samstarfs í sjóflutningum milli Íslands og Norður-Ameríku annars vegar og annarra Evrópuríkja hins vegar. Sú samvinna og samstarf sem hefur verið fjallað um í kafla þessu var því liður í „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna og samfelldu samráði þeirra.
9353. Því skal haldið til haga að samvinna Samskipa og Eimskips í sjóflutningum til og frá Íslandi sem slík fór gegn 10. gr. samkeppnislaga, sbr. ákvarðanir samkeppnisyfirvalda sem raktar hafa verið hér að framan frá árunum 1997-2010, sbr. einnig ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 13/2019 þar sem bent var á að fyrir lægi að „samstarf skipafélaga um flutninga til og frá Íslandi fer gegn 10. gr. samkeppnislaga“, sbr. úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í málum nr. 13/1997 og 9/2003, sbr. einnig umfjöllun í köflum 4 og 5.4.4 í ákvörðun þessari. Hér skiptir máli að fyrirtækin voru með nærri 100% markaðshlutdeild og algjöra yfirburðarstöðu á flutningamarkaðnum. Öll samvinna keppnauta af þessum toga var til þess fallin að draga úr samkeppni milli fyrirtækjanna þar sem hún skapaði hættu að þau færu að taka tillit til hvors annars og dragi úr virkri samkeppni á markaðnum.
9354. Í þessu sambandi er vakin athygli á því að skipafélög sem voru samanlagt með meiri en 30% markaðshlutdeild gátu ekki notið þeirrar undanþágu frá banni við ólögsmætu samráði sem fólst í reglugerð framkvæmdastjórnar ESB nr. 906/2009, en henni er nánar lýst í kafla 4.6.7.2. Gátu Samskip og Eimskip því ekki notið slíkrar undanþágu, sbr. b. lið 1. mgr. og 4. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar.
9355. Til að samstarf Samskipa og Eimskips í sjóflutningum bryti ekki gegn 10. gr. samkeppnislaga varð því að liggja fyrir undanþága Samkeppniseftirlitsins samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga. Vísast um þetta til m.a. úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2019, *Samskip hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Engin undanþága var á hinn bóginn veitt fyrir samvinnu Samskipa og Eimskips vegna Norður-Ameríku flutninga eða Evrópuflutninga („neyðarsamkomulag“) um langt árabíl eða frá 1. september 2004 og til 22. desember 2009 og frá 31. desember 2010 til 30. desember 2013. Þrátt fyrir það héldu fyrirtækin samráði sínu áfram, gegn betri vitund.
9356. Í sátt Eimskips frá 16. júní 2021 viðurkennir fyrirtækið að hafa brotið alvarlega gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. samkeppnislaga með samfelldu samráði við Samskip árin 2008 til 2013 með aðgerðum sem gripið var til eftir fund fyrirtækjanna 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt upphaf“ glærुकyningu Eimskips frá 9. júní 2008. Í samráðinu við Samskip fólst m.a. samráð um sjóflutninga milli Íslands og annarra Evrópulanda og milli Íslands og Norður-Ameríku, sbr. tl. 1.5 og 1.6 í 1. gr. í sáttinni.
9357. Samskip hafa m.a. haldið því fram að samstarf fyrirtækisins við Eimskip í sjóflutningum til og frá Norður-Ameríku hafi verið lögmætt þar sem Samkeppniseftirlitið hafi að fullu verið upplýst um það og veitt undanþágu fyrir því samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga hluta tímabilsins.
9358. Á þetta er ekki unnt að fallast. Samráð Samskipa og Eimskips í sjóflutningum, frá árinu 1997 og fram til ársins 2010, og afskipti samkeppnisyfirvalda af því, má draga saman með eftirfarandi hætti:
- 2. júlí 1997 - Ákvörðun nr. 26/1997. Samkomulag Samskipa og Eimskips um samstarf í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku talið fara gegn 10. gr. samkeppnislaga en forsendur taldar til þess að veita því undanþágu samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga til 1. ágúst 2000.



- 23. júlí 2002 – Samskip og Eimskip undirrituðu samkomulag um samstarf í flutningum til og frá Norður-Ameríku.⁴⁸²⁰ 25. september sama ár sendu fyrirtækin undanþágubeiðni til Samkeppniseftirlitsins.
- 27. mars 2003 – Ákvörðun nr. 11/2003. Samkomulag Samskipa og Eimskips vegna samstarfs í Norður-Ameríku flutningum talið fara gegn 10. gr. samkeppnislaga en forsendur taldar til þess að veita því undanþágu samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga til 31. ágúst 2004.
- 1. september 2004 – Samskip og Eimskip undirrituðu áframhaldandi samkomulag um samstarf vegna flutninga til og frá Norður Ameríku.⁴⁸²¹ Þann 6. september sama ár sendu fyrirtækin undanþágubeiðni til Samkeppniseftirlitsins. Engin undanþága var veitt. Þrátt fyrir það héldu fyrirtækin samstarfinu áfram.
- Nóvember 2006 – Samskip og Eimskip gerðu samning vegna samstarfsins sem taka átti gildi 1. janúar 2007. Sá samningur var ekki undirritaður af báðum aðilum.⁴⁸²² 11. janúar 2007 sóttu fyrirtækin um undanþágu til Samkeppniseftirlitsins fyrir samstarfinu. Þrátt fyrir að engin undanþága væri veitt héldu fyrirtækin samstarfinu áfram.
- 7. janúar 2009 - Samskip og Eimskip undirrituðu samkomulag um samstarf í flutningum til og frá Norður-Ameríku.⁴⁸²³ 26. janúar sama ár barst Samkeppniseftirlitinu beiðni frá fyrirtækjunum um undanþágu. Fyrirtækin héldu áfram samstarfinu þrátt fyrir að undanþága væri ekki veitt fyrr en tæpum ellefu mánuðum síðar.
- 22. desember 2009 – Ákvörðun nr. 46/2009. Samkomulagið talið fara gegn 10. gr. samkeppnislaga en forsendur taldar til þess að veita því undanþágu samkvæmt 15. gr. þágildandi samkeppnislaga til 31. desember 2010.
- 9. desember 2010 – Samskip og Eimskip undirrituðu samkomulag um samstarf í flutningum til og frá Norður-Ameríku sem gildi til 31. desember 2012.⁴⁸²⁴ Beiðni um undanþágu barst Samkeppniseftirlitinu 23 sama mánaðar. Engin undanþága var veitt. Fyrirtækin héldu samstarfinu áfram þrátt fyrir það.
- 30. desember 2013 – Tímabundin undanþága samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga veitt fyrir samstarfinu til 1. apríl 2014 og hún framlengd á þriggja mánaða fresti til 1. apríl 2015.
- 1. apríl 2015 - Eimskip og Samskip upplýstu að fyrirtækin hefðu hætt samstarfi sínu í Norður-Ameríku flutningum.

9359. Af framangreindu liggur fyrir að engin undanþága samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga frá 10. gr. samkeppnislaga var í gildi gagnvart Samskipum og Eimskip frá 1. september 2004 til 22. desember 2009 og frá 31. desember 2010 til 30. desember 2013. Þrátt fyrir það héldu fyrirtækin áfram sama samstarfi í áætlunarsiglingum til og frá Norður-Ameríku frá 1. september 2004 til 22. desember 2009, þegar undanþága var veitt að nýju. Þetta gerðu fyrirtækin þrátt fyrir að samkeppnisyfirvöld hefðu ítrekað

⁴⁸²⁰ Afhent tölvuskjal frá Samskipum 10.04.2015, (fskj. 10, Samningar USA).

⁴⁸²¹ Afhent tölvuskjal frá Samskipum 10.04.2015, (fskj. 10, Samningar USA).

⁴⁸²² Samskip afhenti við rannsókn málsins samning við Eimskip vegna samstarfs í Norður-Ameríku siglingum, sbr. afhent tölvuskjal frá Samskipum 10.04.2015, (fskj. 10, Samningar USA). Það skjal er afhent óundirritað með gildistíma frá 01.10.2006 til 31.10.2008. Eimskip á hinn bóginn afhenti Samkeppniseftirlitinu þann 10.01.2018 annað eintak af Norður-Ameríku samningi sem er undirritað af hálfu þess ([...]) en ekki undirritað af hálfu Samskipa. Afhent skjal frá Eimskip 10.01.2018, liður 2.2 b). Við rannsókn málsins afhentu fyrirtækin þannig sitthvort eintakið af því sem virðast vera samningsdrög frá árinu 2006. Óljóst er eftir hvaða samningi Samskip og Eimskip unnu eftir, þ.e. samningnum frá árinu 2004 eða óundirrituðum drögum frá árinu 2006. Kemur það ekki að sök í máli þessu, enda tilvist samstarfsins á þessum tíma óumdeilt í málinu. Sjá nánari umfjöllun í kafla 7.5.5.2 í ákvörðun þessari.

⁴⁸²³ Afhent tölvuskjal frá Samskipum 10.04.2015, (fskj. 10, Samningar USA).

⁴⁸²⁴ Afhent tölvuskjal frá Samskipum 10.04.2015, (fskj. 10, Samningar USA).



staðfest að um ólögmeitt samstarf væri að ræða sem færi gegn 10. gr. samkeppnislaga. Þetta var einnig gert þrátt fyrir að það kæmi fram í samningunum að þeir kæmu ekki til framkvæmda (e. „*will not be performed*“) nema að fenginni undanþágu samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga.

9360. Þess utan er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að sú undanþága, sem var veitt með ákvörðun nr. 46/2009, hafi verið tekin á grundvelli ófullnægjandi, rangra eða villandi upplýsinga frá Samskipum og Eimskip, sbr. nánari umfjöllun í kafla 34. Í undanþágubeiðni fyrirtækjanna voru engar upplýsingar veittar um samstarf þeirra sem hafði þá þegar átt sér stað fram til janúar 2009 og var enn í framkvæmd þegar undanþágubeiðnin var send Samkeppniseftirlitinu, t.d. í siglingum til og frá Evrópu, sbr. „*neyðarsamkomulagið*“. Þá var ekki upplýst að samningurinn um Norður-Ameríku flutninga hafi aðeins verið einn liður af mörgum í umfangsmiklu samráði fyrirtækjanna sem hófst um mitt ár 2008.
9361. Samtímagögn sýna ítrekuð samskipti á milli æðstu stjórnenda Samskipa og Eimskips allt frá síðari hluta ársins 2008 og fram á árið 2013 en eins og fram hefur komið var samstarf fyrirtækjanna í sjóflutningum hluti af „*Nýtt upphaf*“ verkefninu. Öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga.
9362. Virða ber saman annars vegar gögn um samskipti fyrirtækjanna og hins vegar þær aðgerðir sem ræddar voru og framkvæmdar innan fyrirtækjanna á framangreindu tímabili. Þegar þessi samskipti áttu sér stað sýna samtímagögn að bæði Samskip og Eimskip lögðu mikla áherslu á að hækka verð og náðu fram verðhækkunum gagnvart mikilvægum viðskiptavinum. Á sama tíma var fyrir hendi ólögmeitt markaðsskipting sem lýsti sér meðal annars í því að Samskip og Eimskip forðuðust að keppa um mikilvæga viðskiptavinum hvors annars, sbr. umfjöllun í kafla 14. Á grundvelli þessa og samráðsins í heild sinni höfðu Samskip og Eimskip var dregið úr óvissu fyrirtækjanna um markaðsaðgerðir hvors annars. Með vissu um að helsti keppinauturinn myndi ekki reyna að ná til sín óánægðum mikilvægum viðskiptavinum voru skapaðar kjöraðstæður fyrir verðhækkningar. Gilti þetta bæði um verðhækkningar gagnvart einstökum mikilvægum viðskiptavinum og almennar verðhækkningar.
9363. Gögn málsins sýna að Samskip og Eimskip hafi gengið í takti er kom að verðhækkunum og að ákvarðanir um verðhækkningar hafi verið teknar án þess að fyrirtækin hafi óttast viðbrögð hvors annars. Hlutu fyrirtækin mikla gagnrýni viðskiptavina fyrir að hafa ekki hliðsjón af breyttu rekstrarumhverfi og aðstæðum viðskiptavanna. Þessi gagnrýni hafði engin áhrif á ákvarðanir fyrirtækjanna um verðhækkningar.
9364. Þá ber að hafa hugfast að á þessum árum voru aðrir þættir í samráði Samskipa og Eimskips fyrir hendi, m.a. ólögmeitt gámasamstarf (kafla 18), samráð í skipaafgreiðslu (sbr. kafla 19) og samráð í landflutningum (kafla 17). Af þessu leiddu einnig talsverð samskipti milli fyrirtækjanna.
9365. Algengt var að í t.d. fundarboðum Samskipa og Eimskips væri aðeins vísað til Norður-Ameríku samstarfsins. Hins vegar sýna samtímagögn að fjallað var um fleiri ótengd málefni sem tengdist flutningastarfsemi fyrirtækjanna á fundunum. Áréttað skal í þessu samhengi að „*neyðarsamkomulagið*“ tekur til flutninga milli Íslands og Evrópu. Það hefur því ekkert með beina flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku að gera.
9366. Fundir fyrirtækjanna voru tíðir og sumir „*langir*“. Fundina sátu lykilstjórnendur fyrirtækjanna sem m.a. komu að samkeppnislegri stefnumörkun þeirra og tóku ákvarðanir um verðlagningu. Höfðu Samskip og Eimskip tækifæri á þessum fundum til að ræða hvers konar málefni sem tengdust samfelldu samráði þeirra. Staðfesta gögn málsins að það var gert þótt fyrirtækin hafi leitast við að leyna því.
9367. Til viðbótar ber að líta til þess að í tengslum við og í framhaldi af nefndum fundum áttu sér stað margvísleg önnur samskipti milli stjórnenda fyrirtækjanna. Tíð og reglubundin samskipti um viðkvæm



viðskiptaleg málefni milli keppinauta á markaði eru andstæð markmiði samkeppnislaga en auðvelda á hinn bóginn framkvæmd á ólögætu samráði. Slík samskipti eru enn varhugaverðari þegar viðkomandi fyrirtæki hafa, eins og Samskip og Eimskip, sameiginlega mikla yfirburði á viðkomandi mörkuðum. Samskipti sem stjórnendur fyrirtækjanna hafa átt á og í tengslum við nefnda fundi, m.a. til undirbúnings samningum um flutninga til og frá Norður-Ameríku og til gerðar „neyðarsamkomulags“, eru augljóslega af þessum toga.

9368. Í bréfum Samskipa og Eimskips til Samkeppniseftirlitsins hefur verið staðhæft að markmiðið með samvinnu fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum væri „að samkeppni ríki á viðkomandi markaði reglubundinna beinna sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku, til hagsbóta fyrir neytendur.“⁴⁸²⁵ Að mati Samkeppniseftirlitsins eiga þau atvik sem rakin eru í kaflanum hér að framan, sem og í umfjöllun í kafla 14 um markaðsskiptingu og verðsamráð fyrirtækjanna í tengslum við samskipti þeirra á grundvelli Norður-Ameríku samstarfsins, ekkert skylt við samkeppni.

⁴⁸²⁵ Bréf frá Eimskip og Samskipum til Samkeppniseftirlitsins, dags. 26.01.2009 og 23.12.2010.

17. SAMRÁÐ Í LANDFLUTNINGUM

17.1. Einn liður í „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips

9369. Áður en fjallað verður um samráð Samskipa og Eimskips í landflutningum árin 2009 til 2013 er rétt að rifja upp að samráð í landflutningum var einn efnisþátta „Nýtt upphaf“ verkefnis Samskipa og Eimskips, sbr. nánar í kafla 7.4., 7.5.3. og 11.11. Líkt og þar greinir var markmið Samskipa og Eimskips með verkefninu að meta „hagkvæmni“ tiltekinna verkefna með því að „auka samstarf“ milli Samskipa og Eimskips, sbr. glæurnar sem (E)forstj vistaði 9. júní 2008. Á þessum tíma var þegar fyrir hendi ólöglegt samráð milli fyrirtækjanna sem hélt áfram og var aukið eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst og varð hluti af samfellda samráði fyrirtækjanna. Hluti af hinu viðvarandi samráði laut að samstarfi þeirra í landflutningum.

9370. Í „Nýtt upphaf“ glærum (E)forstj frá 9. júní 2008 sagði eftirfarandi um landflutninga:

5. Innanlandspjónusta

- Markmið
 - Meta hvort möguleiki er að samnýta betur innanlandsframleiðslukerfi með það að leiðarljósi að lækka kostnað á hverja framleidda einingu
- Verkefnið
 - Kostnaðargreina helstu rútur og meta hvar ójafnvægi er í hvoru kerfi fyrir sig
 - Sameiginlegar afgreiðslustöðvar
 - Stilla upp sameiginlegu kerfi og meta hagræði
 - Hluti/heild/afgreiðslur

9371. Í samræmi við önnur samtímagögn er í glærunni vísað til samstarfs milli Samskipa og Eimskips sem þegar var fyrir hendi. Þannig átti að meta möguleika á því að „samnýta betur“ landflutningakerfi fyrirtækjanna. Gert var ráð fyrir samvinnu og upplýsingaskiptum um viðkvæma samkeppnisþætti fyrirtækjanna. Samkvæmt framangreindri glæru átti vinnuhópurinn sem „Nýtt upphaf“ glæsur (E)forstj tiltaka að hafi verið stofnaður til þess að „kostnaðargreina“ helstu flutningaleiðir og meta „hvar ójafnvægi er í hvoru kerfi fyrir sig“. Einnig átti að kanna kosti þess að ganga enn lengra í samstarfi og athuga hvort stilla ætti upp sameiginlegu landflutningakerfi og afgreiðslustöðvum Samskipa og Eimskips. Var þessu verkefni, eins og öðrum sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið, hrint í framkvæmd og þar að auki af hálfu lykilstjórnenda fyrirtækjanna að undirlagi (S)forstj og (E)forstj, sbr. kafla 7.5.3.

9372. Til viðbótar áttu yfirmenn landflutninga hjá Samskipum og Eimskip ítrekað fundi og samskipti á árinu 2008 og er það mat Samkeppniseftirlitsins að efni fundanna hafi tengst vinnu við „Nýtt upphaf“ verkefnið



sem dagsett er í júní 2008. Þeir sem báru ábyrgð á málefnum sem féllu undir landflutningasamráðið á „Nýtt upphaf“ glærunum, (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl, hittust t.d. á kaffihúsinu Mokka 4. júlí 2008 en um frekari samskipti (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl er fjallað víða í ákvörðun málsins, sbr. t.d. kafla 8.7, 8.15.3 og 8.16.7. Rifja ber einnig upp að á þessum tíma hafði talsverður árangur náðst í „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips, m.a. þeim verkþætti sem tók til samnýtingar flutningakerfa í landflutningum, sbr. umfjöllun í kafla 8.16.11 um glærुकynningu (E)frkvstj-innanl frá 30. september 2008. Í kafla 7.7.2.1 er jafnframt varpað ljósi á ranga upplýsingagjöf (E)frkvstj-innanl fyrir hönd Eimskips þann 10. september 2013 en aðspurður upplýsti hann ekki um samskipti sín við (S)frkvstj-innanl.


9373. Í október 2008 unnu Samskip og Eimskip áfram að framgangi þessa þáttar „Nýtt upphaf“ verkefnisins um aukið samstarf í landflutningum. Má sjá þetta af tölvupósti lögmannstofunnar Logos til (E)frkvstj-innanl fimmtudaginn 2. október 2008 um „Nýtt mál“ og var í honum vísað til samtals Logos og (E)frkvstj-innanl deginum á undan.⁴⁸²⁶ Samkvæmt afhentu gagni frá Eimskip lagði Logos fram minnisblað til Eimskips ((E)frkvstj-innanl) og Samskipa ((S)frkvstj-innanl) þann 10. október 2008. Fram kemur í inngangi minnisblaðsins að það væri tekið „saman að beiðni ofangreindra félaga [Eimskips og Samskipa] vegna möguleika á samstarfi og/eða sameiningu á starfsemi félaganna á markaði fyrir innanlandsflutninga.“ Um þetta vísast nánar til kafla 8.17.15.
9374. Þann 16. október 2008 var, að beiðni Samskipa og Eimskips, haldinn fundur með Samkeppniseftirlitinu vegna mögulegs samstarfs fyrirtækjanna á landflutningamarkaði. (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl, æðstu stjórnendur landflutningadeilda fyrirtækjanna, sátu fundinn fyrir þeirra hönd en gögn málsins sýna að umræddir stjórnendur höfðu ríka aðkomu að framkvæmd samráðs fyrirtækjanna. Um aðdraganda og efni fundarins hefur verið fjallað í kafla 8.19.6 en á fundinum voru í stórum dráttum kynntar hugmyndir fyrirtækjanna að hugsanlegu samstarfi á landflutningamarkaði, annað hvort með stofnun sameiginlegs fyrirtækis eða með samnýtingu kerfa af einhverju tagi. Ljóst er að Samskipum og Eimskip var kunnugt um að samstarf þeirra í landflutningum væri háð veitingu undanþágu frá banni samkeppnislaga við ólögmetu samráði keppinauta. Óskuðu fyrirtækin hins vegar aldrei eftir slíkri undanþágu. Þá var á fundinum hvorki upplýst um „Nýtt upphaf“ verkefnið né annað samráð Samskipa og Eimskips.
9375. Samskipum var þannig ljóst að samráð fyrirtækjanna í landflutningum væri aðeins heimilt á grundvelli undanþágu skv. þágildandi 15. gr. samkeppnislega (eða í formi samþykks samruna). Þrátt fyrir það hélt samráð fyrirtækjanna áfram án þess að óskað væri eftir undanþágu eins og nánar verður gerð grein fyrir. Í því samhengi má rifja upp fyrirmæli (E)forstj til (E)frkvstj-innanl 10. október 2008 þess efnis að halda skyldi viðræðum við Samskip áfram og glærur frá (E)frkvstj-innanl frá 14. október 2008 þar sem sagði: „Samvinna með Samskip á ýmsum flutningaleiðum – tvíhliða samningar – mikil tækifæri framundan í þessu“, sbr. kafla 7.5.3 og kafla 8.17.15.
9376. Í mgr. 561-563 í athugasemdum Samskipa við AII segir að samstarf Samskipa og Eimskips á landflutningamarkaði tengist ekki „Nýtt upphaf“ verkefninu. Hins vegar hafi fyrirtækin átt í afmörkuðum viðskiptum sem hafi ekki farið gegn samkeppnislögum. Þá segja Samskip fundi (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl á síðari hluta ársins 2008 ekki hafa tengst „Nýtt upphaf“ verkefninu. Samkeppniseftirlitið telur þessar skýringar Samskipa ekki í samræmi við samtímagögn og er fjallað um það nánar í kafla 28.

⁴⁸²⁶ Afhentur tölvupóstur frá Eimskip. Fskj. 19 með athugasemdum Eimskips við AI.



17.2. Yfirburðastaða Samskipa og Eimskips á landflutningamarkaði


9377. Í kafla 3 er gerð grein fyrir markaðshlutdeild á landflutningamörkuðum á rannsóknartímabili málsins. Sýnir sú umfjöllun að Eimskip og Samskip höfðu saman algjöra yfirburði á þessu sviði. Sú umfjöllun og mat eftirlitsins er í samræmi við samtímagögn frá fyrirtækjunum sjálfum. Gagnlegt er til samanburðar að hafa hér hliðsjón af glærum (S)forstj frá febrúar 2010. Kemur þar fram mat Samskipa á stöðu fyrirtækisins og keppinauta í einstökum landshlutum (markaðshlutdeild Samskipa og Eimskips metin milli 75%-97% eftir einstökum landshlutum).⁴⁸²⁷ Í annarri glærुकynningu sem lögð var fyrir stjórnarfund Samskipa þann 3. janúar 2011 var eftirfarandi glæra sett fram sem sýndi mat Landflutninga á stöðu fyrirtækisins og keppinauta þess á markaðnum á þeim tíma. Var markaðshlutdeild Samskipa áætluð 38% og Eimskips 37%.⁴⁸²⁸



9378. Í glærुकynningu (S)frkvstj-innanl frá 6. nóvember 2011 var stöðunni á landflutningamarkaði lýst svo:

⁴⁸²⁷ Sbr. glæur 61-65. Sjá nánar um þessar glæur í kafla 14.17.

⁴⁸²⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.8471.



9379. Samkvæmt þessu mati framkvæmdastjóra landflutninga Samskipa voru Eimskip og Samskip langöflugustu fyrirtækin í landflutningum hér á landi.⁴⁸²⁹
9380. Af innanhúsgögnum Eimskips má jafnframt ráða að fyrirtækið hafi metið markaðshlutdeild Flytjanda vera á bilinu 40-45% á árunum 2009-2012.⁴⁸³⁰
9381. Framangreind gögn styðja niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins á stöðu Samskipa og Eimskips á landflutningamarkaði. Er ljóst að Eimskip og Samskip höfðu mikla yfirburði á markaðnum og að mikil fákeppni ríkti á honum, líkt og á öðrum sviðum vöruflutninga hér á landi. Við slíkar aðstæður er krafa samkeppnislaga um sjálfstæði keppnauta og bann við hvers konar samskiptum milli þeirra, sem hafa að markmiði að raska samkeppni eða eru til þess fallin, mjög rík. Varðandi þetta skal sömuleiðis hafa í huga yfirburðastöðu Samskipa og Eimskips gegnum flutninganetin sem þau stjórnuðu með minni landflutningafyrirtækjum. Í ofanálag má segja að bæði Samskip og Eimskip séu og hafi verið lóðrétt samþætt á öllum sviðum vöruflutninga hér á landi.

17.3. Samstarf Samskipa og Eimskips við minni flutningafyrirtæki

9382. Fyrir liggur að auk samstarfs sín á milli áttu Samskip og Eimskip, hvort fyrir sig, einnig í samvinnu við minni landflutningafyrirtæki (hér nefnd samstarfsfyrirtæki). Eftirfarandi má t.d. ráða af bréfum Samskipa og Eimskips til Samkeppniseftirlitsins frá árinu 2010 um skipulag landflutninga og samstarf Samskipa og Eimskips við þessi fyrirtæki.
9383. Segja má að flutningamiðstöðvar annars vegar Eimskips (Flytjanda) og Samskipa (Landflutninga) í Reykjavík hafi verið aðaldreifistöðvar fyrir landflutningakerfin á Íslandi. Almennt er fyrirkomulagið þannig að samstarfsfyrirtækin, sem flytja til og frá Reykjavík, eru með sitt rými eða bás á hvorri stöð.

⁴⁸²⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.928572.

⁴⁸³⁰ Afrituð tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.429841 Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.34932.



Eftir atvikum koma þau við á hvorri stöð og taka eða losa vörur á stöðvunum og halda svo áfram til þess áfangastaðar á landsbyggðinni sem þau sinna.

9384. Hlutverk samstarfsfyrirtækjanna var tvíþætt:

- Annars vegar að flytja fyrir Samskip og Eimskip (for- og áframflytja) vörur tengdar sjóflutningi til og frá Íslandi. Má þá segja að þessi samstarfsfyrirtæki séu eins konar verktakar sem sinna flutningum til og frá áfangastöðum á landsbyggðinni sem Eimskip og Samskip sinna ekki með eigin bílum (hér eftir nefndir *samstarfsflutningar*).
- Hins vegar eigin flutningar samstarfsfyrirtækjanna, gjarnan fyrir viðskiptavinum í heimabyggð. Kunná þetta að vera flutningar sem ekki tengjast sjóflutningum en geta þó gert það (hér eftir nefndir *eigin flutningar*).

9385. Í fyrirbyggjandi afhentum samningum Eimskips við samstarfsfyrirtækin segir að þau taki að sér að flytja vörur fyrir Eimskip á milli Reykjavíkur og heimasvæðis viðkomandi á þeim kjörum sem Eimskip semji um við viðskiptavinum sína. Hins vegar skuldbindur Eimskip sig til að vera í samráði við flutningsaðilana í tilboðsgerð. Flutningsaðili skal beina flutningum (væntanlega eigin flutningum) inn í flutningakerfi Eimskips eins og kostur er og koma fram f.h. Eimskips gagnvart viðskiptavinum á svæðinu.⁴⁸³¹

9386. Við sameinaða rannsókn á landflutningamarkaðnum, sbr. kafla 2.3, var óskað upplýsinga um verðlagningu á flutningum hjá samstarfsfyrirtækjunum. Í svari Eimskips sagði að sölustjórar fyrirtækisins sjái um að verðleggja flutning á öllum leiðum en í samstarfi við viðkomandi flutningsaðila. Þegar um stærri samninga væri að ræða þá ákveddu samstarfsaðilarnir alfarið það verð sem þeir vilji bjóða á sinni flutningsleið. Einnig sagði að sölustjórar Eimskips séu oftast þeir sem selji þjónustuna hvort sem Eimskip sé „*tekjuaðili*“ eða samstarfsfyrirtækin. Samstarfsfyrirtækin séu alltaf „*tekjuaðilar*“ á sinni leið en í staðinn fái Eimskip þóknun í formi stöðvargjalda.

9387. Samkvæmt þessum skýringum hefur fyrirkomulagið verið þannig að sölustjórar Eimskips, ýmist einir eða með samstarfsfyrirtækjunum, verðleggja innanlandsflutningana. Minni landflutningafyrirtækin í flutninganetinu hafa verið „*tekjuaðilar*“ og fengið tekjurnar óskiptar að öðru leyti en því að Eimskip hefur fengið þóknun í formi stöðvargjalda. Það má hugsa sér ímyndað dæmi:

- Viðskiptavinur vill semja við Eimskip um flutning erlendis frá til Reykjavíkur en þaðan áfram til annars vegar Akureyrar og hins vegar Hesteyrar. Eimskip býður verð á milli Reykjavíkur og Akureyrar og tekur sjálfstæða verðákvörðun fyrir þann legg enda sinnir fyrirtækið flutningum á leiðinni með eigin flutningabílum. Varðandi Reykjavík-Hesteyri þá sinnir Eimskip ekki flutningum þangað með eigin flutningabílum. Eimskip leitar því til samstarfsfyrirtækis, og fyrirtækin semja um verð fyrir viðskiptavininn eða samstarfsfyrirtækið ákveður verð sem Eimskip þarf að samþykkja. Samstarfsfyrirtækið fær því vitneskju um verð Eimskips til viðskiptavinarins.

9388. Fyrirkomulag af þessum toga er afar viðkvæmt í samkeppnislegu tilliti. Eimskip og samstarfsfyrirtækið eru keppinautar í flutningum innanlands og eiga því hvort fyrir sig að taka sjálfstæða verðákvörðun á því sölustigi sem þau starfa. Út frá samkeppnislegum sjónarmiðum ætti Eimskip að kaupa rými í flutningabíl samstarfsfyrirtækisins. Eimskip myndi því m.ö.o. starfa eins og flutningsmiðlun og myndi ákveða sjálft verð til sinna viðskiptavina og flutningafyrirtækið verði til Eimskips fyrir flutningarýmið.

⁴⁸³¹ Ljóst er að þetta fyrirkomulag hefur verið lengi í gildi. Sjá t.d. þjónustusamning milli Eimskips og Vörumiðlunar ehf. frá 5.10.2006, sbr. afhent skjal frá Eimskip þann 31.05.2010 (merkt fylgiskjal 43). Sjá einnig afhent skjal frá Eimskip. Afhent þann 23.03.2015, fskj. 6. Þjónustusamningur milli Eimskips og Ragnars og Ásgeirs ehf. frá 01.01.2014.



9389. Við rannsókn málsins lágu ekki fyrir jafn nákvæmar útskýringar á fyrirkomulagi verðlagningar til viðskiptavina Samskipa þegar flutningum var sinnt af samstarfsfyrirtækjum. Vísbendingar eru þó um að sama eða svipað fyrirkomulag hafi verið ríkjandi. Í mgr. 316-322 í athugasemdum Samskipa við AI segir að verðlagning á akstursleiðum hafi verið í höndum samstarfsaðila Samskipa en Samskip séð um innheimtu. Því sé ekki rétt að fyrirkomulag samstarfs Samskipa við minni fyrirtæki sé „afar viðkvæmt í samkeppnislegu tilliti“. Þá séu Samskip ekki í samkeppni við akstursaðila sem flytja á ákveðnum leiðum þar sem Samskip starfi ekki á sömu akstursleið.
9390. Við rannsókn málsins óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því að Samskip tilgreindu það samstarf sem fyrirtækið hefði átt í við önnur flutningafyrirtæki á Íslandi auk afrita af þeim samningum sem lægju því til grundvallar. Samskip veittu Samkeppniseftirlitinu upplýsingarnar 31. janúar 2020. Þar á meðal voru samningar við fyrirtækin Ragnar og Ásgeir annars vegar og Vörumiðlun hins vegar.
9391. Í þeim kemur fram að umrædd flutningsfyrirtæki, þ.e. Ragnar og Ásgeir annars vegar og Vörumiðlun hins vegar, ákveði gjöld fyrir þá flutningsþjónustu sem þau veita á þeirri flutningsleið sem samningur tekur til. Þá segir að Samskip annist tilboðsgerð fyrir hönd samstarfsfyrirtækjanna gagnvart viðskiptavinum á höfuðborgarsvæðinu og í tilvikum „stærri flutninga“. Einnig sé samið um að „ef fleiri en einn afgreiðslukaupi [innsk. flutningsfyrirtæki] flytja til sama svæðis skulu Landflutningar setja ákveðnar reglur um verkskiptingu á milli flutningsaðila og þjónustu.“ Loks segir m.a. að Samskip innheimti öll flutningsgjöld frá viðskiptavinum og að samstarfsfyrirtækin skuli veita Samskipum upplýsingar um viðskiptakjör þeirra.
9392. Í þessu fólst að umrædd samstarfsfyrirtæki Samskipa sáu um verðlagningu flutninga sinna nema þegar viðskiptavinurinn var stór eða frá höfuðborgarsvæðinu. Er því ekki rétt að samstarfsfyrirtæki Samskipa hafi alfarið séð sjálf um verðlagningu flutninga fyrir Samskip. Af svörum Samskipa er ljóst að samstarfsfyrirtækin voru skuldbundin til að veita Samskipum upplýsingar um viðskiptakjör viðskiptamanna. Af því leiðir að fyrirtækin hafa deilt sín á milli viðkvæmum upplýsingum í samkeppnislegu tilliti. Loks felst í framangreindu að flytji fleiri en eitt fyrirtæki á sömu flutningsleið skulu Samskip setja „ákveðnar reglur um verkskiptingu á milli flutningsaðila“. Ekki liggur fyrir hvað felst í þessu síðastnefnda en svo virðist sem Samskip hafi á þessum grundvelli talið sér heimilt að skipta viðskiptum á milli þeirra flutningsfyrirtækja sem störfuðu á viðkomandi leið.
9393. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að það fyrirkomulag sem lýst er hér að framan sé afar viðkvæmt í samkeppnislegu tilliti. Í ákvörðun þessari er aftur á móti ekki tekin afstaða til þess hvort upplýsingaskipti Samskipa við samstarfsfyrirtæki og samstarf um m.a. verðlagningu feli í sér brot á 10. gr. samkeppnislaga. Það kann aftur á móti að vera tekið til athugunar síðar, sbr. og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2018, *Samruni Vörumiðlunar ehf. og Fitja-Vörumiðlunar ehf.*, en flutningsfyrirtækjum ber sjálfum að leggja mat á hvort lögbundin skilyrði fyrir samstarfi þeirra séu uppfyllt, sbr. 10. og 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. einnig gr. 5.2 í kafla 35.5 um ákvörðunarorð.

17.4. Samráð á flutningaleiðum og í afgreiðslum víðsvegar um landið

17.4.1. Upprifjun

9394. Líkt og rakið er í kafla 5.11 hófst samstarf Samskipa við Eimskip í landflutningum a.m.k. ekki seinna en í ársbyrjun 2005 þegar Eimskip öðlaðist yfirráð í fyrirtækinu Norðurfrakt. Frá því tímamarki áttu Samskip í ólögsmætu samráði við Eimskip í gegnum Norðurfrakt um flutninga á milli Siglufjarðar og Reykjavíkur og Siglufjarðar og Akureyrar auk þess sem Eimskip rak vöruafgreiðslur í nafni Samskipa á Ólafsfirði og Siglufirði. Þegar Eimskip eignaðist Norðurfrakt að fullu í janúar 2007 áttu fyrirtækin í samstarfi um flutninga á milli Reykjavíkur og Akureyrar, Akureyrar og Siglufjarðar, Ólafsfjarðar og Dalvíkur,



Siglufjarðar og Reykjavíkur (fiskflutningar) auk reksturs Eimskips á vöruafgreiðslum fyrir Samskip á Ólafsfirði og Siglufirði. Í janúar 2008 tók Eimskip loks við öllum flutningum til Ólafsfjarðar fyrir Samskip. Þá sýna samtímagögn að fyrirtækin ákváðu sameiginlega það verð sem Eimskip innheimti fyrir flutningaþjónustu hjá viðskiptavinum Samskipa eða í viðskiptum sem félagið aflaði, sbr. eftirfarandi ummæli í samskiptum innan Eimskips: „Ég er búinn að láta Landflutninga [Samskip] hækka allan fisk frá Siglufirði um 10 %“, sbr. kafla 5.11.4.

9395. Af glærुकynningu Eimskips frá 23. febrúar 2006 sést að Eimskip hafði í huga að auka samstarf við Samskip til muna en í kynningunni er m.a. fjallað um umtalsvert samráð við Samskip. Sama ár áttu fyrirtækin í m.a. samningaviðræðum um aukið samstarf í landflutningum, sbr. umfjöllun í kafla 5.11.3. Þar er m.a. fjallað um að „tvíhliða samningur h[afi] legið hjá Samskip síðan í júní 2006“. Glærुकynning (S)frkvstj-innanl frá janúar 2007 og gögn Eimskips frá árinu 2006 staðfesta jafnframt að samskipti hafi átt sér stað milli fyrirtækja og sýna gögnin að Samskipum hafi verið gerð grein fyrir því að Eimskip vildi hækka verð á landflutningum. Í kafla 5.11 er jafnframt rakið hvernig samstarf Samskipa við Eimskip á landflutningamarkaði færðist í aukana á árunum 2007 og 2008, og aftur í kjölfar „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem hófst í júní 2008. Af þeim atvikum má ráða að áform fyrirtækjanna frá 2006 um að auka samstarf í landflutningum hafi orðið að veruleika.
9396. Samstarf Samskipa við Eimskip í landflutningum var aukið enn frekar á fyrri hluta ársins 2008. Til viðbótar við þær leiðir sem voru hluti af samstarfi fyrirtækjanna í gegnum Norðurfrakt hófu fyrirtækin samstarf í flutningum á milli Akureyrar og Egilsstaða í febrúar 2008 og Egilsstaða og Seyðisfjarðar, Húsavíkur og Vopnafjarðar og Húsavíkur og Þórshafnar í maí 2008. Því til viðbótar var annað samstarf rætt á milli fyrirtækjanna á fyrri hluta ársins 2008. „Nýtt upphaf“ verkefnið, sem hófst í júní 2008, hafði það að markmiði að kanna möguleika á auknu samstarfi Eimskips og Samskipa m.a. í landflutningum. Aukið samstarf varð síðan að veruleika m.a. í september 2008, sbr. umfjöllun í kafla 8.17.5. Á grundvelli samráðsins miðluðu fyrirtækin viðkvæmum viðskiptaupplýsingum sín á milli.

17.4.2. Yfirlit yfir samráðið

9397. Líkt og vikið er að í kafla 5.11 hóf Samkeppniseftirlitið á árinu 2010 rannsókn á háttsemi fyrirtækja sem starfa á landflutningamarkaði. Í þeirri rannsókn átti meðal annars að taka til skoðunar samstarf Samskipa og Eimskips við minni samstarfsfyrirtæki. Stóð sú rannsókn yfir þegar Samkeppniseftirlitið hóf á árinu 2013 rannsókn á starfsemi Eimskips og Samskipa á m.a. sjóflutningamarkaði.
9398. Við umrædda rannsókn á landflutningamarkaði aflaði Samkeppniseftirlitið gagna og upplýsinga frá Eimskip og Samskipum, sbr. bréf, dags. 29. mars 2010. Fyrirtækin settu fram sjónarmið sín með bréfum, dags. 19. og 28. maí 2010. Í bréfunum var upplýst að fyrirtækin ættu í samstarfi á fjölmörgum flutningaleiðum víðsvegar um landið auk þess sem þau ættu í samstarfi um tilteknar vöruafgreiðslur á landsbyggðinni.
9399. Á grundvelli gagna sem fundist hafa í málinu og upplýsinga frá Samskipum og Eimskip sem veittar voru í fyrrgreindum bréfum til Samkeppniseftirlitsins er ljóst að Samskip og Eimskip áttu í reglubundnu samstarfi á eftirfarandi flutningaleiðum og vöruafgreiðslum á rannsóknartímabilinu:
- Flutningaleiðin á milli Akureyrar og Siglufjarðar – Eimskip flytur fyrir Samskip.
 - Flutningaleiðin á milli Reykjavíkur og Akureyrar – Samskip flytja fyrir Eimskip.
 - Flutningaleiðin á milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur – Eimskip flytur fyrir Samskip.
 - Flutningaleiðin á milli Egilsstaða og Seyðisfjarðar – Samskip flytja fyrir Eimskip.
 - Flutningaleiðin á milli Reyðarfjarðar og Neskaupstaðar – Eimskip flytur fyrir Samskip.



- Flutningaleiðin á milli Húsavíkur og Vopnafjarðar – Eimskip flytur fyrir Samskip.
- Flutningaleiðin á milli Húsavíkur og Þórshafnar – Samskip flytja fyrir Eimskip.
- Flutningaleiðin á milli Akureyrar og Egilsstaða – Samskip flytja fyrir Eimskip og Eimskip flytur fyrir Samskip.
- Flutningaleiðin á milli Reyðarfjarðar og Stöðvarfjarðar/Breiðdalsvíkur – Eimskip flytur fyrir Samskip.⁴⁸³²
- Flutningaleiðin á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar – Samskip flytja fyrir Eimskip.⁴⁸³³
- Flutningaleiðin á milli Grímseyjar og Árskógssands – Samskip reka ferjuna Sæfara og flytja fyrir Eimskip.
- Flutningaleiðin á milli Landeyjarhafnar/Þorlákshafnar og Vestmannaeyja – Eimskip rekur Herjólfr og flytur fyrir Samskip.
- Samstarf um vöruafgreiðslur var eftirfarandi:
 - Ólafsfjörður: Norðurfrakt annast vöruafgreiðslu fyrir Landflutninga.
 - Siglufjörður: Til 1. júní 2008 annaðist Norðurfrakt vöruafgreiðslu en samdi þá við Fiskmarkaðinn um vöruafgreiðslu. Afgreiðir fyrir bæði Eimskip og Samskip.
 - Djúpivogur: Eimskip afgreiðir vörur fyrir Samskip. Aðeins þjónusta á staðnum.
 - Þórshöfn: Samskip afgreiðir vörur fyrir Eimskip.⁴⁸³⁴
- Þá hafa Eimskip og Samskip upplýst um eftirfarandi samstarf í fiskflutningum:
 - Eimskip flytur fisk fyrir Samskip á milli:
 - Húsavíkur og Reykjavíkur.
 - Siglufjarðar og Reykjavíkur.
 - Samskip flytja fisk fyrir Eimskip á milli:
 - Þórshafnar og Reykjavíkur.
 - Dalvíkur og Reykjavíkur.
- Eimskip og Samskip flytja fisk á milli Austfjarða og Reykjavíkur fyrir hvort annað.

9400. Samskip hafa við rannsókn málsins upplýst að framangreint samstarf fyrirtækisins við Eimskip hafi byggst á munnlegum samningum og að framkvæmd þess hafi verið eftir hentugleika hverju sinni.⁴⁸³⁵ Gögn sýna að a.m.k. árin 2006 og 2008 hugðust Eimskip og Samskip gera skriflegt samkomulag um samstarf sitt á landflutningamarkaði. Sjá nánari umfjöllun um þetta í kafla 5.11.3. og 5.11.4. Til viðbótar liggja fyrir í málinu óundirrituð eintök af tveimur skriflegum samningum milli Eimskips og Samskipa frá árinu 2008, um samstarf á einstaka landssvæðum, sbr. umfjöllun hér á eftir. Þá liggur einnig fyrir að

⁴⁸³² Samstarfið hófst árið 2010 og stóð a.m.k. út rannsóknartímabilið.

⁴⁸³³ Samstarfið hófst árið 2010 og stóð a.m.k. út rannsóknartímabilið.

⁴⁸³⁴ Í mgr. 568 í athugasemdum Samskipa við AII kemur fram að árið 2009 hafi verktaki sem sá um vöruafgreiðslu fyrir Samskip á Þórshöfn hætt rekstri og Samskip tekið yfir rekstur afgreiðslustöðvarinnar. Eimskip hafi á þeim tíma óskað eftir því að Samskip tækju að sér afgreiðsluþjónustu fyrir Eimskip. Sjá einnig bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 28.05.2010.

⁴⁸³⁵ Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 14.01.2016.



Eimskip og Samskip gerðu árið 2010 nýja tilraun til að gera skriflegt samkomulag um víðtæka „gagnkvæma landflutningaþjónustu“ fyrirtækjanna.⁴⁸³⁶

9401. Ekkert af framangreindum drögum hafa fundist eða verið afhent undirrituð eða fullunnin. Eimskip og Samskip sóttu aldrei um undanþágu til Samkeppniseftirlitsins vegna samstarfsins í landflutningum og var undanþága skv. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga því aldrei veitt vegna samstarfsins. Þrátt fyrir það sýna samtímagögn að samstarf það sem lýst er í samningsdrögum milli Eimskips og Samskipa var í raun og veru fyrir hendi á rannsóknartímabilinu.
9402. Þá hefur rannsókn Samkeppniseftirlitsins leitt í ljós að til viðbótar við framangreinda samninga Eimskips og Samskipa áttu fyrirtækin í samstarfi um gagnkvæma flutninga á mun fleiri flutningaleiðum víðsvegar um landið. Skjal sem var síðast vistað á heimasvæði Eimskips 5. október 2012 og nefnist „Eimskips samskip verð“ varpar nánara ljósi á það, þ.e. á hvaða áætlunarleiðum samstarf átti sér stað. Í umræddi skjali koma fram upplýsingar um verð sem Samskip og Eimskip höfðu samið um sín á milli vegna umrædds samstarfs á flutningsleiðum um landið allt. Af skjalinu leiðir að Samskip og Eimskip áttu a.m.k. í samstarfi á umræddum áætlunarleiðum á einhverjum tímamarki á rannsóknartímabilinu:

Eimskip flytur fyrir Samskip

- Húsavík – Reykjavík
- Neskaupstaður – Reykjavík
- Neskaupstaður – Reyðarfjörður
- Þórshöfn – Húsavík
- Reyðarfjörður – Breiðdalsvík
- Breiðdalsvík – Seyðisfjörður
- Höfn – Eskifjörður
- Breiðdalsvík – Reykjavík
- Siglufjörður – Reykjavík
- Akureyri – Reykjavík
- Dalvík – Reykjavík
- Húsavík – Reykjavík
- Þórshöfn – Reykjavík
- Bakkafjörður – Reykjavík
- Austfirðir – Reykjavík
- Djúpvogur – Reykjavík

⁴⁸³⁶ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016, minnislykill 4 vegna 11. tölul. „Samstarfsamningur Samskip“, síðast vistað 22.09.2010. Um mitt ár 2010, þ.e. þann 8. júní 2010, spurði [...], að því hvort hafin væri vinna við undanþágubeiðni til Samkeppniseftirlitsins vegna „landflutningamálsins“ og hvort ekki væri fint að setja það í gang, væri það þá þegar ekki farið af stað, sbr. afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.545472. Gögn Eimskips sýna einnig að drög að undanþágubeiðni til Samkeppniseftirlitsins var fyrirbyggjandi í október 2010. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.29406-000003. Afhentur tölvupóstur frá Eimskip. Afhent 19.02.2016. [...] Hluti samskiptanna voru afhent þar sem [...]: „Ok, Samskip er ekki búð að fá þetta. Eg fer yfir með [...] í næstu viku og við gefum comment“. Sjá aftur tölvupóst frá [...] með sama heiti, dags 27.10.2010, og áframsendingu [...] til [...]: „Sæll, hvenær hafi þið tíma til að kíkja á þetta? Veit að það eru allir á haus í áætlanagerð þessa dagana“. Afhentur tölvupóstur frá Eimskip. Afhent 19.02.2016. [...]



- Vestmannaeyjar – Reykjavík
- Húsavík – Akranes
- Siglufjörður – Dalvík
- Akureyri – Dalvík
- Akureyri – Húsavík
- Akureyri – Þórshöfn
- Húsavík – Raufarhöfn
- Húsavík – Þórshöfn

Samskip flytja fyrir Eimskip

- Egilsstaðir – Reykjavík
- Breiðdalsvík – Reykjavík
- Þórshöfn – Reykjavík
- Dalvík – Reykjavík
- Dalvík – Húsavík
- Stöðvarfjörður – Reykjavík
- Djúpvogur – Reykjavík
- Fáskrúðsfjörður – Reykjavík
- Egilsstaðir – Seyðisfjörður
- Þórshöfn – Bakkafjörður
- Þórshöfn - Akureyri

9403. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst af framangreindu Excel-skjali Eimskips að Eimskip og Samskip sömdu um kjör sín á milli um flutninga á viðkomandi leiðum. Það sýnir að samstarf Eimskips og Samskipa í landflutningum var ekki takmarkað við þær flutningaleiðir sem fyrirtækin áttu í reglubundnu samstarfi á og fyrirtækin höfðu upplýst Samkeppniseftirlitið um árið 2010. Hefur rannsókn Samkeppniseftirlitsins leitt í ljós að samstarfið var mun umfangsmeira og tók til mun fleiri leiða en upplýst var í fyrstu. Var samstarfið tilfallandi og óreglubundið og að því er virðist eftir hentugleika hverju sinni. Er slíkt samstarf fyrirtækja óheimilt, enda gerir bannið við samráði í 10. gr. samkeppnislaga ráð fyrir að keppinautar á markaði séu sjálfstæðir. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að samstarf af framangreindum toga er í eðli sínu til þess fallið að takmarka framboð auk þess sem það getur skapað vettvang fyrir frekari ólögmeata samninga og upplýsingaskipti. Skal þessu ólögmeata samstarfi fyrirtækjanna nú lýst nánar.

17.4.3. Nánar um samstarf á einstökum leiðum og afgreiðslum

9404. Líkt og fjallað er um í kafla 5.11 má rekja samstarf Eimskips og Samskipa í landflutningum a.m.k. til ársins 2005. Neðangreint yfirlit sýnir hvernig samstarf fyrirtækjanna var aukið á árunum 2005 til 2013.

Árið 2005⁴⁸³⁷

⁴⁸³⁷ Sjá kafla 5.11.2.



- Eimskip öðlaðist yfirráð í Norðurfrakt eftir kaup á 70% eignarhlut í fyrirtækinu. Samrunaaðilar sendu Samkeppniseftirlitinu ekki samrunatilkynningu vegna kaupanna þó þau hafi verið tilkynningarskyld samkvæmt þágildandi samkeppnislögum. Með kaupunum hófst samstarf Eimskips og Samskipa á eftirfarandi flutningaleiðum og afgangslum:
 - Reykjavík – Siglufjörður (Eimskip flutti fyrir Samskip)
 - Siglufjörður – Akureyri (Eimskip flutti fyrir Samskip)
 - Ólafsfjörður – Eimskip rak afgreiðslu í nafni Samskipa
 - Siglufjörður – Eimskip rak afgreiðslu í nafni Samskipa⁴⁸³⁸

Árið 2006⁴⁸³⁹

- Janúar: Dótturfélag Eimskips, Norðurfrakt, gerir flutningasamning við Samskip um flutningaþjónustu á milli Reykjavíkur og Siglufjarðar og Reykjavíkur og Hofsóss.
- Febrúar: Í glærुकynningu Eimskips kemur fram ríkur vilji til að eiga í ýmiskonar ólögætu samráði við Samskip í landflutningum.
- Maí: [\(E\)rekstj-aksturst](#) vistar hjá sér drög að samstarfssamningi við Samskip á sviði landflutninga.
- Júní: Eimskip leggja drög að samstarfssamningi Eimskips og Samskipa fyrir Samskip.
- Nóvember: [\(E\)frkvstj-innanl](#) vistar hjá sér drög að samstarfssamningi við Samskip.⁴⁸⁴⁰

Árið 2007⁴⁸⁴¹

- Janúar: Eimskip eignast Norðurfrakt að fullu. Samstarf Eimskips og Samskipa í gegnum Norðurfrakt verður eftirfarandi:
 - Reykjavík – Akureyri (Samskip fluttu fyrir Eimskip)
 - Akureyri – Siglufjörður (Eimskip flutti fyrir Samskip)
 - Ólafsfjörður – Dalvík (Eimskip flutti fyrir Samskip)
 - Siglufjörður – Reykjavík (fiskflutningar) (Eimskip flutti fyrir Samskip)
 - Ólafsfjörður – Eimskip rak afgreiðslu í nafni Samskipa
 - Siglufjörður – Eimskip rak afgreiðslu í nafni Samskipa⁴⁸⁴²

Árið 2008⁴⁸⁴³

- Janúar: Eimskip tók við öllum flutningum til Ólafsfjarðar fyrir Samskip.

⁴⁸³⁸ Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 19.05.2010. Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 28.05.2010.

⁴⁸³⁹ Sjá kafla 5.11.3.

⁴⁸⁴⁰ Sjá kafla 8.16.4.

⁴⁸⁴¹ Sjá kafla 5.11.4.

⁴⁸⁴² Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 28.05.2010.

⁴⁸⁴³ Sjá kafla 5.11.4.



- Febrúar: Eimskip og Samskip hófu samstarf á eftirfarandi flutningaleiðum og afgreiðslum:
 - Akureyri – Egilsstaðir (Samskip fluttu fyrir Eimskip)
 - Djúpvogur – Eimskip rak afgreiðslu í nafni Samskipa
- Maí: Eimskip og Samskip hófu samstarf á eftirfarandi flutningaleiðum:
 - Egilsstaðir – Seyðisfjörður (Samskip fluttu fyrir Eimskip)
 - Húsavík – Vopnafjörður (Eimskip flutti fyrir Samskip)
 - Húsavík – Þórshöfn (Samskip fluttu fyrir Eimskip)
- Júní: Eimskip lokaði vöruafgreiðslu á Siglufirði. Fiskmarkaður Siglufjarðar tók við rekstri afgreiðslunnar.⁴⁸⁴⁴
- September: Sendinefnd frá Samskipum kom á fund Eimskips á Reyðarfirði. Fyrirtækin komust í kjölfarið að samkomulagi um samstarf á eftirfarandi flutningaleiðum:
 - Egilsstaðir – Reyðarfjörður– Eskifjörður – Neskaupstaður (Eimskip flutti fyrir Samskip)
 - Egilsstaðir – Seyðisfjörður (Samskip fluttu fyrir Eimskip)⁴⁸⁴⁵
- Þá liggur fyrir að Eimskip fór að sinna vöruafgreiðslu og móttöku á Þórshöfn fyrir Samskip á árinu 2008.⁴⁸⁴⁶

Árið 2009⁴⁸⁴⁷

- Janúar: Samkomulag um samráð í gámaflutningum til og frá Vestfjörðum.
- Maí: Eimskip leggur til aukið samráð á Ísafirði.
- Nóvember: Aukið samstarf við keppinauta lagt til í rekstraráætlun Eimskips Innanlands fyrir árið 2010, þ. á. m. aukið samstarf í afgreiðslu og akstri á svæðin á Vestfjörðum og samnýtingu tækja og búnaðar með öðrum á svæðinu.
- Nóvember: Tillögur um aukið samstarf Eimskips og Samskipa á verkefnalista (E)forstö-landfl1 fyrir árið 2010, þ. á. m. að auka samstarf með öðrum á Vestfjörðum í afgreiðslu og akstri og um samnýtingu tækja og búnaðar með það að markmiði að lækka kostnað eða auka tekjur.

Árið 2010

- Janúar: Samskip hófu að afgreiða vörur fyrir Eimskip á Þórshöfn.
- Október: Aukið samstarf Samskipa við Eimskip vegna vöruafgreiðslu á Fáskrúðsfirði.
- Október: (S)rekststj-landfl2 fjallaði um samstarf Eimskips og Samskipa á eftirfarandi flutningsleið, sem var þá í gildi, en ekki er vitað hvenær samstarfið hófst:

⁴⁸⁴⁴ Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 19.05.2010.

⁴⁸⁴⁵ Sjá kafla 8.16.7.

⁴⁸⁴⁶ Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 28.05.2010.

⁴⁸⁴⁷ Sjá kafla 17.5.1.



- Reyðarfjörður – Stöðvarfjörður/Breiðdalsvík⁴⁸⁴⁸

Árið 2011

- Mars: (E)starfsm greindi frá því að Eimskip og Samskip flyttu fisk „kar á móti kari“ á Vestfjörðum (líklega til Reykjavíkur) og að fyrirtækin skiptu með sér ferðum á sunnudögum.⁴⁸⁴⁹ Ekki er ljóst hvenær samstarfið hófst.

2012⁴⁸⁵⁰

- Febrúar: Glærुकyning af Akstursfundi hjá Eimskip sýnir að greiðslur til Samskipa fóru hækkandi sem sýnir að umfang samráðsins var að aukast.
- September: (S)frkvstj-innanl sendir (S)forstj tölvupóst og vísaði til þess að „finna flöt á frekari samvinnu við td Flytjanda ef leyfi fengist fyrir því.“

2013⁴⁸⁵¹

- Febrúar: Aukið samstarf í gámahífungum.

Annað

- Ekki liggur fyrir hvenær samstarf Eimskips og Samskipa hófst í fiskflutningum á milli Húsavíkur og Reykjavíkur (Eimskip fluttu fyrir Samskip), Þórshafnar og Reykjavíkur (Samskip fluttu fyrir Eimskip), Dalvíkur og Reykjavíkur (Samskip fluttu fyrir Eimskip) og Austfjarða og Reykjavíkur (fyrirtækin fluttu hvort fyrir annað). Af bréfi Samskipa til Samkeppniseftirlitsins 28. maí 2010 má þó álykta að samstarfið hafi hafist árið 2008 eða fyrr.⁴⁸⁵²

17.4.4. Niðurstaða

9405. Samstarf Samskipa og Eimskips í landflutningum má a.m.k. rekja til ársins 2005. Í kjölfar „Nýtt upphaf“ verkefnis Samskipa og Eimskips var samstarfið aukið og náði til fleiri flutningaleiða. „Nýtt upphaf“ verkefnið markaði einnig upphaf markaðsskiptingar og verðsamráðs í landflutningum sem nánar er fjallað um í kafla 14.
9406. Framkvæmd samráðs Samskipa og Eimskips á samningunum var eftir hentugleika fyrirtækjanna hverju sinni, líkt og sjá má á Excel skjali Eimskips frá árinu 2012. Samstarfið var umfangsmikið og víðfeðmt. Fjárhagslegt umfang þess var mikið, það átti sér stað yfir langt árabíl og fór fram á fjölmörgum leiðum víðsvegar um landið.
9407. Að mati Samkeppniseftirlitsins fólst í framangreindum samningum Eimskips og Samskipa takmörkun eða stýring á framleiðslu í skilningi b-liðar 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga og skipting markaða, sbr. c-lið 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga. Samráðinu fylgdu ítrekuð samskipti sem nánar er fjallað um í kafla 13. Þá verður einnig að meta samráð Eimskips og Samskipa að þessu leyti með hliðsjón af verðsamráði og markaðsskiptingu fyrirtækjanna í landflutningum, sbr. umfjöllun í kafla 14.

⁴⁸⁴⁸ Sjá kafla 8.16.7.

⁴⁸⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.55986.

⁴⁸⁵⁰ Sjá kafla 17.5.3.

⁴⁸⁵¹ Sjá kafla 17.5.3.

⁴⁸⁵² Í bréfinu er útlitað hvaða samstarf á milli Eimskips og Samskipa hófst í lok árs 2008 og byrjun árs 2009. Í kjölfarið segir: „Áður höfðu fyrirtækin átt í viðskiptum með eftirfarandi flutninga á ferskum fiski [...]“.



9408. Í athugasemdum Samskipa við andmælaskjöl Samkeppniseftirlitsins er að mestu leyti byggt á því að þeir flutningar sem fyrirtækin hafi sinnt fyrir hvort annað hafi verið „tilfallandi“, þ.e. litlir að umfangi og ekki reglulegir. Þá er byggt á því að um eðlileg viðskipti á milli tveggja fyrirtækja hafi verið að ræða og að samstarf þeirra hafi frekar aukið samkeppni í stað þess að veikja hana, þ.e. á leiðum þar sem aðeins annað fyrirtækið var með reglubundna flutninga. Samkeppniseftirlitið fellst ekki á þetta, sbr. kafla 28.

17.5. Nánar um framkvæmd samráðs í landflutningum

9409. Líkt og fjallað hefur verið um í framangreindum köflum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip og Eimskip hafi átt í ólögætu samráði á landflutningamarkaði á rannsóknartímabili málsins, þ.e. á tilteknum flutningaleiðum, í vöruafgreiðslu og tengdri starfsemi. Um birtingarmynd markaðsskiptingar og verðsamráðs Samskipa og Eimskips í landflutningum er nánar fjallað í kafla 14.

9410. Gögn málsins sýna m.a. að umfang samráðsins var talsvert með tilliti til heildarveltu viðskipta. Þetta má t.a.m. sjá af upplýsingum sem Eimskip og Samskip hafa afhent Samkeppniseftirlitinu um stærstu viðskiptavinum hvors um sig í landflutningum.⁴⁸⁵³ Samkvæmt þeim upplýsingum voru Samskip á árunum 2006-2012 á meðal 40 stærstu viðskiptavina Eimskips á landflutningamarkaði, þ. á m. sá 8., 13., 15. og 19. stærsti á árunum 2007-2010.

- 25. stærsti viðskiptavinur Eimskips í landflutningum árið 2006,
- 8. stærsti viðskiptavinur Eimskips í landflutningum árið 2007,
- 15. stærsti viðskiptavinur Eimskips í landflutningum árið 2008,
- 13. stærsti viðskiptavinur Eimskips í landflutningum árið 2009,
- 19. stærsti viðskiptavinur Eimskips í landflutningum árið 2010,
- 38. stærsti viðskiptavinur Eimskips í landflutningum árið 2011 og
- 40. stærsti viðskiptavinur Eimskips í landflutningum árið 2012.
- Samskip var ekki á meðal 50 stærstu viðskiptavina Eimskips í landflutningum árið 2013.⁴⁸⁵⁴

9411. Eimskip var á hinn bóginn ekki á meðal 50 stærstu viðskiptavina Samskipa í landflutningum á árunum 2006-2007 en var á meðal 40 stærstu viðskiptavina Samskipa á árunum 2008-2013.

- Eimskip var ekki á meðal 50 stærstu viðskiptavina Samskipa í landflutningum árið 2007.
- 36. stærsti viðskiptavinur Samskipa í landflutningum árið 2008,
- 30. stærsti viðskiptavinur Samskipa í landflutningum árið 2009,
- 28. stærsti viðskiptavinur Samskipa í landflutningum árið 2010,

⁴⁸⁵³ Eimskip afhenti Samkeppniseftirlitinu upplýsingar um 50 stærstu viðskiptavinum sína í landflutningum, dags. 19.05.2010 og 23.03.2015. Samskip afhenti upplýsingar um 50 stærstu viðskiptavinum sína í landflutningum, dags. 28.05.2010 og 10.04.2015. Sjá hér einnig kafla 23 um niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um að Eimskip hafi vísitandi haldið upplýsingum frá Samkeppniseftirlitinu um umsvif samstarfs fyrirtækisins við Samskip í landflutningum.

⁴⁸⁵⁴ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 23.03.2015. Fylgiskjal 5. Fyrir árin 2006-2009 er notast við upplýsingar um tekjur Eimskips vegna viðskipta við Samskip árin 2006-2009 eins og þær voru settar fram í innanhússamskiptum hjá Eimskip í tengslum við gagnaafhendingu Eimskips, dags. 19.05.2010. Sjá afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Tekjur-magn 50 stærstu 2004-2009 sent SE.xlsx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.13702.



- 30. stærsti viðskiptavinur Samskipa í landflutningum árið 2011,
- 18. stærsti viðskiptavinur Samskipa í landflutningum árið 2012 og
- 29. stærsti viðskiptavinur Samskipa í landflutningum árið 2013.⁴⁸⁵⁵

9412. Sýna þessar upplýsingar Eimskips og Samskipa fram á viðvarandi og verulegt samráð í landflutningum á rannsóknartímabilinu.
9413. Fjárhagslegt umfang samstarfsins sést jafnframt skýrlega af yfirliti Eimskips yfir svokallaðar sértekjur en tekjur Eimskips sem til komu vegna hvers kyns samstarfs við Samskip, hvort heldur sem var í formi vöruflutninga, gámaflutninga eða vegna ýmis konar þjónustu s.s. gámahífinga eða leigu á lyftara, voru skráðar sem sértekjur. Í gögnum Eimskips er sértekjum á svæðisskrifstofum lýst sem „*flutningstekjur eða aðrar tekjur s.s. löndunarþjónusta, útseld vinna eða önnur innri eða ytri þjónusta.*“⁴⁸⁵⁶ Gögn frá Eimskip er varða sértekjur frá Samskipum árin 2009 og 2010 sýna að samstarf fyrirtækjanna náði m.a. til flutninga, afgreiðslu, gámahífinga, leigu á lyftara, gámafærslna og annarrar vinnu og þjónustu.⁴⁸⁵⁷
9414. Gögn um framkvæmd samráðs Samskipa og Eimskips á landflutningamarkaði sýna jafnframt töluverð bein samskipti á milli starfsmanna fyrirtækjanna, t.a.m. tölvupósta, símtöl og fundarhöld. Hér á eftir verður varpað ljósi á gögn sem sýna fram á og gefa innsýn í framkvæmd samstarfs Eimskips og Samskipa á einstaka leiðum og í afgreiðslu og þjónustu, og hversu mikil bein samskipti og upplýsingaskipti á milli fyrirtækjanna það leiddi af sér.
9415. Rétt er þó að benda á almenna umfjöllun um samskipti og tengsl starfsmanna og stjórnenda Eimskips og Samskipa á rannsóknartímabilinu í kafla 13. Ber að hafa þessi samskipti í huga þegar gögn málsins eru metin í heild sinni. Er það mikilvægur hluti af sönnunarmati Samkeppniseftirlitsins að horfa til þessara tengsla og reglulegu beinu samskipta milli helstu stjórnenda Eimskips og Samskipa á rannsóknartímabili málsins, þ. á m. varðandi samráð í landflutningum. Eins og er fjallað um í fyrrnefndum kafla þekktust t.a.m. yfirmenn landflutningadeilda fyrirtækjanna, framkvæmdastjórnir [\(E\)frkvstj-innanl](#) og [\(S\)frkvstj-innanl](#), og áttu samskipti sín á milli á rannsóknartímabilinu.
9416. Eins og fram kom í kafla 2.1 átti Samkeppniseftirlitið fundi með viðskiptavinum og keppinautum Eimskips og Samskipa í tengslum við undirbúning markaðsrannsóknar en sá undirbúningur hófst haustið árið 2012. Á þessum fundum var eftirlitið upplýst um að mikil samskipti væru á milli stjórnenda Eimskips og Samskipa. Einn heimildarmaður tilgreindi sérstaklega í því sambandi mikil samskipti milli [\(E\)frkvstj-innanl](#) og [\(S\)frkvstj-innanl](#). Samtímagögn staðfesta þennan framburð. Þá áttu sér stað samskipti á milli [\(S\)forstj](#) og [\(E\)forstö-landfl1](#) á rannsóknartímabilinu. Hér má aukinheldur vísa til þess að [\(E\)frkvstj-innanl](#) og [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) hittust reglulega á rannsóknartímabilinu. Einnig eru fyrirbyggjandi tengsl og samskipti [\(S\)forstj](#) og [\(E\)forstö-landfl2](#), sem var forstöðumaður landflutninga Eimskips frá september 2008 til ársloka 2009, þegar síðarnefndi lét af störfum.⁴⁸⁵⁸
9417. Til viðbótar áttu sér stað tíð og regluleg samskipti á milli tiltekinna undirmanna framangreindra stjórnenda Eimskips og Samskipa vegna samstarfs í landflutningum, þ.e. starfsmanna eða svæðisstjóra fyrirtækjanna á tilteknum svæðum um landið. Í samskiptum þessum var m.a. rætt og samið um þjónustu

⁴⁸⁵⁵ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. „Fskj. 9 – Liður 9.3 Landflutningar.xlsx“.

⁴⁸⁵⁶ Afritað skjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.156321-000002.

⁴⁸⁵⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.96436-000001. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.47035.

⁴⁸⁵⁸ Sjá nánar í kafla 13.



Eimskips fyrir Samskip eða öfugt, verð og skilmála, rætt um reikninga, eftirkröfur, skipulag þjónustunnar og fleira.

9418. Til viðbótar við aðra umfjöllun um samskipti í tengslum við samráð fyrirtækjanna í landflutningum er í eftirfarandi upptalningu að finna dæmi um samskipti Eimskips og Samskipa vegna samráðs fyrirtækjanna í landflutningum á árunum 2008-2013:

- 16. apríl 2008 spurði (S)rekststj-landfl2⁴⁸⁵⁹ hvort hann mætti kíkja á (E)sölustj-innanl3⁴⁸⁶⁰ „á morgun til að klára þetta“ og vísaði líklegast til reiknings í viðhengi frá Eimskip til Samskipa vegna fiskflutninga.⁴⁸⁶¹
- 26. maí 2008 sendi (S)rekststj-landfl2 tölvupóst til (E)sölustj-fiskfl, (E)rekststj-landfl⁴⁸⁶², (E)sölustj-innanl3 og tveggja starfsmanna Samskipa á Norðurlandi ((S)starfsm og (S)starfsm). Í upphafi tölvupóstsins sagði: „Samkv. samtali [(E)sölustj-fiskfl] og [(S)starfsm]⁴⁸⁶³“. Vísaði (S)rekststj-landfl2 til þess að tilteknir reikningar yrðu bakfærðir og/eða lagfærðir „mv. 4,50 pr kg (samningur) ekkert olúgjald“ og einnig „mv. 4,20 pr kg, ekkert olúgjald“.⁴⁸⁶⁴
- Eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst eða þann 2. júlí 2008 sendi (S)rekststj-landfl2 tölvupóst til (E)sölustj-innanl3 og (E)rekststj-landfl sem bar heitið „Vopnafjörður Júní 2008“. Í tölvupóstinum sagði: „Svona er VPN [Vopnafjörður] í Júní. Nú vantar mig bara THO [Þórshöfn]“ Í viðhengi var reikningur vegna samstarfs Eimskips og Samskipa á Vopnafirði en niðurstaða reikningsins var; „EIMU rukkar Samskip **91,641 kr. án vsk.**“ eða 20.364 tonn margfaldað með 4,50, sbr. tilvísun til samnings Eimskips og Samskipa um það verð hér að framan. Reikningurinn var samþykktur af hálfu Eimskips. Meðfylgjandi var einnig yfirlit fylgibréfa frá Samskipum en þar komu fram ítarlegar upplýsingar um hverja sendingu, þ.e. brottfarardagur, sendingarstaður, móttökustaður, nafn viðskiptavinar, samstarfsaðili eða verktaki sem tók að sér aksturinn sem og lýsing á hinu flutta og einingafjöldi. (S)rekststj-landfl2 óskaði síðan eftir yfirliti yfir „Þórshöfnina“ til og frá júlí 2008.⁴⁸⁶⁵
- 3. september 2008 sendi (E)starfsm tölvupóst til (E)starfsm þar sem tilkynnt var að Samskip væru búin að skuldajafna reikningi að upphæð kr. [99.967] vegna Ólafsfjarðar.⁴⁸⁶⁶
- 25. september 2008 sendi Samskip Eimskip reikning vegna hífinga á gámalyftara á Akureyri í júní 2008.⁴⁸⁶⁷
- 20. október 2008 sendi (S)rekststj-landfl2 tölvupóst til (E)starfsm og spurði hvort þeir hafi ekki verið sammála um að vinna á öðrum verðum. Bað hann (E)starfsm um að laga reikning í viðhengi fyrir 35 gámahífungum á Akureyri. (E)starfsm samþykkti.⁴⁸⁶⁸
- 10. nóvember 2008 sendi (S)rekststj-landfl2 tölvupóst til (E)starfsm og kvaðst vera með hugmynd vegna „stöðvargjaldanna á Sigló í REY“. Bað hann (E)starfsm um að láta heyra í sér við tækifæri.⁴⁸⁶⁹

⁴⁸⁵⁹ Rekstrarstjóri Landflutninga á svæðisskrifstofu Norðurlands (2006-2012) og forstöðumaður Landflutninga – Samskip (2012-2013).

⁴⁸⁶⁰ Sölustjóri innanlandsflutninga Eimskips á Akureyri.

⁴⁸⁶¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

⁴⁸⁶² Rekstrarstjóri Eimskips Norðurlands – Akureyri.

⁴⁸⁶³ Líklega [...], starfsmaður Samskipa, sem fékk afrit af umræddum tölvupósti.

⁴⁸⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

⁴⁸⁶⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

⁴⁸⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

⁴⁸⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

⁴⁸⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

⁴⁸⁶⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]



- 19. desember 2008 átti (S)rekststj-landfl2 annars vegar samskipti við (E)starfsm og hins vegar þá (E)sölustj-fiskfl og (E)starfsm vegna bakfærslu á reikningi vegna fiskflutninga. (E)starfsm svaraði og sagði að reikningur vegna flutnings frá Höfn hafi verið vegna flutninga Eimskips fyrir Samskip þar sem Samskip hefðu ekki náð að klára tiltekna flutninga eftir löndun. (E)sölustj-fiskfl staðfesti að flutningur frá Höfn hafi verið fiskur af markaði sem Eimskip hafi tekið fyrir Samskip til Reykjavíkur. (S)rekststj-landfl2 samþykkti þá að greiða hann.⁴⁸⁷⁰
- 2. desember 2008 sendi (S)rekststj-landfl2 tölvupóst til B(E)starfsm og (E)sölustj-innanl3 vegna Vopnafjarðar í nóvember. Í viðhengi var excel-skjal með heitinu: „EIMSKIP-Vopnafjörður Nóvember 2008.xls“. Óskaði hann á móti eftir upplýsingum um Þórshöfn við fyrsta tækifæri. Síðan spurði hann: „Spurning með umbúðarbretti sem hafa farið óskráð frá HUS og THO, verðum við ekki að rukka eitthvað fast pr bretti ? hvað segir þú [(E)sölustj-innanl3] ?“
- 30. janúar 2009 áttu sér stað samskipti milli bókara Eimskips og Samskipa um afreikninga fyrir Eimskip í desember. Bókari Samskipa svaraði því til að það væri enginn afreikningur fyrir Eimskip vegna desember vegna þess að Eimskip keyrði ekki lengur leiðina Akureyri-Reykjavík.⁴⁸⁷¹
- 4. ágúst 2009 hafnaði Eimskip tilteknum reikningi frá Samskipum með þeim formerkjum að umræddir flutningar hefðu ekki verið á vegum Eimskips. (S)rekststj-landfl2 svaraði og sagði: „Þetta fæ ég frá ykkur? Ég var búin að ræða málið við [(E)sölustj-innanl3] amk, jafnvel [(E)starfsm]“⁴⁸⁷² líka. Stendur ekki samkomulagið okkar [(E)sölustj-innanl3] ?“⁴⁸⁷³
- 10. febrúar 2010 sendu Samskip svokallaða eftirkröfureikninga til Eimskips. Um var að ræða eftirkröfur vegna flutninga sem Samskip fluttu hluta úr ferð en Eimskip hluta. Í viðhengi voru langir listar yfir viðkomandi eftirkröfur. Í listanum komu fram upplýsingar um nafn viðskiptavinar og upphæð eftirkröfunnar. (E)starfsm sendi á (E)forstö-landfl1 og sagði það ekki rétt að bóka þetta sem kostnað á Siglufjörð heldur ætti þetta að vera flutningur fyrir Samskip. (E)forstö-landfl1 sagði að þetta ætti að bókast á verktakakostnað.⁴⁸⁷⁴
- 6. júlí 2010 bað (E)starfsm (E)starfsm um að ganga frá og árita reikning frá Samskipum í bókhaldskerfinu. (E)starfsm svaraði því til að hann væri í „viðræðum við [(S)rekststj-landfl2] hjá Samskip.“⁴⁸⁷⁵
- 23. mars 2010 sendi (S)rekststj-landfl2 tölvupóst til (E)starfsm og spurði: „Á hvaða verði voru gámahífin hjá okkur?“ Sagðist einnig loksins vera að ganga frá „þessum Þórshafnarmálum“. (E)starfsm sagði það vera 3500 kr. og (S)rekststj-landfl2 samþykkti.⁴⁸⁷⁶
- 14. mars 2012 sendi (S)starfsm, verkstjóri Samskipa á Egilsstöðum, tölvupóst til (E)svæðisstj1 og kvaðst vilja semja við Eimskip um gámahíf í Mjóeyrarhöfn þann sama dag. Óskaði hann jafnframt eftir því að Samskip yrðu rukkuð „v/Blue Water“. (E)svæðisstj1 sendi í kjölfarið upplýsingar um verð.⁴⁸⁷⁷

⁴⁸⁷⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

⁴⁸⁷¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

⁴⁸⁷² Óþekktur starfsmaður Eimskips.

⁴⁸⁷³ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...]

⁴⁸⁷⁴ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...]

⁴⁸⁷⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] sbr. einnig sambærilegan afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...], þar sem hann kvaðst vera í viðræðum við [...] hjá Samskipum vegna reiknings, sbr. einnig afritaður tölvupóstur á milli starfsmanns í fjárhagsdeild Samskipa við starfsmann í fjárhagsdeild Eimskips. „Fw:KR19031708 / Samskip reikn. 3575560 framhald ;)“, dags. 25.11.2010, kl. 14:36, þar sem vísað er til þess að [...]hafi talað við [...] og þeir fallist á að greiddur yrði ákveðinn reikningur en gefinn afsláttur af þeim næsta. Sjá einnig afrituð tölvupóstsamskipti á milli fyrirtækjanna [...]

⁴⁸⁷⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip.

⁴⁸⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]



- 15. og 16. október 2012 áttu sér stað samskipti á milli Eimskips og Samskipa vegna rangt bókaðra reikninga. Fyrir mistök hafði verið bókaður reikningur fyrir akstur vegna Dalvíkur en að sögn (E)sölustj-innan³ átti Eimskip ekki að rukka Samskip fyrir akstur frá Dalvík til Reykjavíkur. Eftir leiðréttingu stóð hins vegar eftir reikningur vegna aksturs á Siglufjörð.⁴⁸⁷⁸ 20. nóvember 2012, 31. janúar, 1. mars og 5. mars 2013 var (E)starfsm falið af (E)starfsm að skoða reikninga frá Samskipum og ganga frá þeim. Um var að ræða reikninga fyrir afgreiðslugjald á Þórshöfn, þ.e. aðstöðuleigu og afgreiðslugjald á Þórshöfn fyrir október og desember 2012 og janúar 2013.⁴⁸⁷⁹
- 27. mars 2013 hafnaði (E)starfsm í tölvupósti til Samskipa reikningi frá fyrirtækinu vegna athugasemda frá (E)starfsm um að ekki væri um rétta upphæð að ræða. (S)rekststj-landfl² svaraði þann 3. apríl s.á. og sagði „Umboðslaun samræmd öðrum stöðum á landinu, s.s. DJU og FAS“. (E)starfsm var falið að skoða reikninginn aftur með vísan til þessa.⁴⁸⁸⁰

9419. Til viðbótar sýna önnur samtímagögn enn frekar fram á samráðið og umfang þess og framkvæmd. Verða þessi gögn nú rakin nánar.

17.5.1. Árin 2008 og 2009

9420. Í ákvörðun þessari hefur þegar verið fjallað um samskipti í tengslum við framkvæmd samráðs Samskipa og Eimskips í landflutningum frá árinu 2006 og til júní árið 2008, sbr. kafla 5.11. Þá hefur einnig verið fjallað um önnur samskipti sem áttu sér stað um sumarið og haustið 2008 og tengjast landflutningahluta „Nýtt upphaf“ verkefnis Samskipa og Eimskips, t.a.m. fundi (E)frkvstj-innan¹ og (S)frkvstj-innan¹ og atvik í tengslum við þegar „sendinefnd“ Samskipa kom á fund Eimskips í september 2008, sbr. kaflar 8.16.4 og 8.16.7.

9421. Þann 27. ágúst 2008 sendi (E)rekststj-landfl¹ tölvupóst til (S)rekststj-landfl² vegna samstarfs um flutning á gámum, sbr. einnig umfjöllun í kafla 5.11.4. Í póstinum sagðist (E)rekststj-landfl¹ þurfa að koma „slatta af tómum RF gámum norður“ og spurði hvort (S)rekststj-landfl² gæti tekið þá norður fyrir sig „fyrir lítið“, það er ef (S)rekststj-landfl² „hefur ekkert annað á“. Samskipti (E)rekststj-landfl¹ og (S)rekststj-landfl² enduðu með því að (S)starfsm hjá Samskipum sagðist geta tekið fjóra gáma næstu tvo daga. Vísaði (S)rekststj-landfl² til þess að (S)starfsm, annar starfsmaður Samskipa, myndi hringja í (E)rekststj-landfl¹. (E)rekststj-landfl¹ svaraði tölvupósti frá (S)starfsm og lét vita að (E)sölustj-fiskfl¹ leysti hann af daginn eftir og léti netfang hans og símanúmer fylgja með.

9422. Líkt og áður hefur komið fram annaðist Eimskip vöruafgreiðslu fyrir Samskip á Siglufirði í gegnum dótturfélag sitt Norðurfrakt, sbr. einnig umfjöllun í kafla 5.11.2. Af gögnum málsins má ráða að í því samstarfi hafi falist samskipti og fundarhöld á milli starfsmanna keppinautanna. Þann 12. september 2008 tilkynnti (E)starfsm t.a.m. (E)rekstj-aksturst¹ að hann ætti fund með (S)rekststj-landfl² þriðjudaginn 16. september 2008. Kvaðst (E)starfsm hafa sagt við (S)rekststj-landfl² að stöðvargjöld þyrftu að lækka um 50%. Ef ekki yrði gengið að því myndi Eimskip hætta í viðskiptum við Samskip.⁴⁸⁸¹ Gögn málsins benda til þess að ekki hafi komið til þess.

9423. Eimskip og Samskip áttu jafnframt í samstarfi í akstri á flutningaleiðinni á milli Akureyrar og Siglufjarðar. Í september 2008 sendi (E)starfsm tölvupóst til (E)rekstj-aksturst¹ og spurði „Hver, hvað og hvernig“ væri rukkað fyrir flutninga á Siglufjörð fyrir Samskip.⁴⁸⁸² Í svari (E)rekstj-aksturst¹ sagðist hann

⁴⁸⁷⁸ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...]

⁴⁸⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

⁴⁸⁸⁰ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...]

⁴⁸⁸¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.51989.

⁴⁸⁸² Með tölvupósti [...] þann 23. september 2008 er vísað til þess að [...] hafi talað um að Eimskip væri að greiða um 500.000 kr. á mánuði til Samskipa vegna flutninga til Siglufjarðar. [...] spyr af því tilefni hvort það sé „virkilega til samningur við



hafa haldið að Eimskip á Akureyri héldi utan um allan flutning og reikninga til og frá Siglufirði.⁴⁸⁸³ (E)starfsm sagði að hún hafi verið að rukka fyrir fiskinn og sértekjur sem Flytjandi ætti á Siglufirði en hún væri að tala um aðra flutninga, vöruflutninga. Varðandi vöruflutninga á milli Reykjavíkur og Siglufjarðar og Akureyrar og Siglufjarðar, þá hafi starfsmenn hjá Fiskmarkaði Siglufjarðar gert það að beiðni (E)rekstj-aksturst. Nokkrum dögum síðar sagði (E)rekstj-aksturst frá því að fiskmarkaðurinn sendi honum tölfraðilegar upplýsingar um magn og tekjur en það hafi aldrei verið rukkað eftir þeim upplýsingum. Þá sagði (E)rekstj-aksturst: „Samskip sendir bókhaldinu mánaðarlega afreikninga vegna vöruflutninga fyrir Samskip.“⁴⁸⁸⁴

9424. Hjá Eimskip voru útbúnar viðskiptaáætlanir á hverju ári fyrir hvern landsfjórðung. Í október 2008 sendi (E)starfsm viðskiptaáætlun ársins 2009 fyrir Norðurland til (E)frkvstj-innanl. (E)frkvstj-innanl áframsendi áætlunina á (E)forstö-landfl2 þann 14. nóvember 2008.⁴⁸⁸⁵ Í nefndri áætlun, sem ber yfirskriftina „Norðurland 2009“, komu fram almennar upplýsingar um svæðisskrifstofu Flytjanda á Norðurlandi. Kom m.a. fram að Eimskip hafi náð að hagræða í akstri með Samskipum, „þ.e.a.s. við sjáum um Vopnafjörð og þeir Þórshöfn.“ Er hér vísað til samráðs Eimskips og Samskipa um samstarf á flutningaleiðunum á milli annars vegar Húsavíkur og Vopnafjarðar, þar sem Eimskip flytji fyrir Samskip, og hins vegar Húsavíkur og Þórshafnar, þar sem Samskip flytji fyrir Eimskip. Af þessari lýsingu Eimskips á samstarfinu í umræddri viðskiptaáætlun má sjá hvernig fyrirtækin skiptu markaðnum á milli sín. Um Siglufjörð og samstarf fyrirtækjanna í vöruafgreiðslu sagði að „stöðvarkostnaður v/Samskip sé 9,3 mkr. og gámahíf 600 þ. kr.“⁴⁸⁸⁶
9425. Þann 23. september 2008 sendi (E)þjstj-Austur sjálfum sér tölvupóst þar sem í viðhengi voru tveir óundirritaðir samstarfssamningar á milli Eimskips og Samskipa.⁴⁸⁸⁷ Annars vegar var um að ræða samstarfssamning Samskipa og Eimskips um flutning Samskipa á vörum fyrir Eimskip frá Egilsstöðum til Seyðisfjarðar og hins vegar samstarfssamningur fyrirtækjanna um flutning Eimskips á vörum fyrir Samskip frá Reyðarfirði til Eskifjarðar og Norðfjarðar. Áttu báðir samningarnir að gilda í eitt ár frá og með 1. október 2008. Báðir þessir samningar voru settir upp vegna samstarfs Eimskips og Samskipa á flutningaleiðum sem fyrirtækin hafa þegar upplýst um en Samkeppniseftirlitið hefur þó ekki fengið afhenta skriflega samninga vegna þess. Ekki hafa fundist frekari gögn eða samskipti um afdrif þessa skriflega samnings en þykir þetta þó benda til þess að áætlanir hafi verið uppi um að formfesta umrætt samstarf frekar á þessum tíma. Í því sambandi skal hafa í huga að á þessum tíma, haustið 2008, var samráð Eimskips og Samskipa hafið af fullum þunga, sbr. kafla 8-9.
9426. Á grundvelli samstarfs Eimskips og Samskipa á landflutningamarkaði má í gögnum málsins finna dæmi um samskipti yfirmanna fyrirtækjanna sem tóku til mikilvægra samkeppnisþátta, s.s. um væntanlegar breytingar á áætlun. Þann 27. október 2008 spurði (S)rekststj-landfl2 þá (E)starfsm og (E)sölustj-innanl3 hvort áætlun frá Reykjavík til Siglufjarðar væri ekki óbreytt þar sem honum hefðu borist fyrirspegnir frá viðskiptavini vegna tafa. Síðan sagði: „Vinsamlegast leyfið mér að heyra ASAP ef einhverjar breytingar eru á áætlun.“⁴⁸⁸⁸ (S)rekststj-landfl2 og (E)starfsm voru yfirmenn landflutninga fyrirtækjanna á Akureyri. Að mati Samkeppniseftirlitsins sýna samskiptin þá hættu sem fólst í samstarfi

Samskip upp á hálf milljón pr.mánuð í stöðvargjöld vegna flutninga til Siglufjarðar?“. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.230209.

⁴⁸⁸³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.52084.

⁴⁸⁸⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.52086.

⁴⁸⁸⁵ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.270398.

⁴⁸⁸⁶ Þar koma einnig fram upplýsingar af markaðnum, þ. á m. að Samskip hafi hætt löndunarþjónustu (líklega á Akureyri) eftir að tiltekinn frystitogari hafi komið í viðskipti til Eimskips. Um Húsavík segir að hagræðing hafi átt sér stað þegar Allí Geiri hafi komið inn í rekstur Eimskips.

⁴⁸⁸⁷ Afrituð tölvuskjal frá Eimskip. „Samstarfssamningur Eimskips og Samskips“ og „Samstarfssamningur Samskip og Eimskip“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...]

⁴⁸⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]



Samskipa og Eimskips í landflutningum, þ.e. að yfirmenn fyrirtækjanna hafi átt í reglubundnum samskiptum um málefni sem almennt er óeðlilegt að keppinautar eigi samskipti um.

9427. Þann 27. janúar 2009, sendi (E)rekstj-aksturst tölvupóst með heitinu „Gámaflutningar frá Vestfjörðum“ til rekstrarstjóra innanlandssviðs Samskipa, (S)rekststj-landfl1, ásamt afriti til (E)starfsm. Í honum sagði:

„Sæl [(S)rekststj-landfl1]

Við værum tilbúnir að aka gámum fyrir ykkur og öfugt á 190 kr. á km sem er hærra verð en okkar verktaka eru að keyra á í dag.

Láttu okkur vita hvernig þér líst á þetta.

Kv. [(E)rekstj-aksturst]“

9428. (S)rekststj-landfl1 svaraði og sagði: „Ég er að sjálfsgöðu að tala um að þú greiðir aðeins fyrir annan legginn? Og ef þig vantar tóman gám á móti þá gætum við tekið hann vestur.“. (E)rekstj-aksturst spurði þá hvort þau gætu samið um 220 kr/km fyrir þennan akstur og það gildi um báða aðila. (S)rekststj-landfl1 spurði þá hvernig (E)rekstj-aksturst reiknaði út kílómetrana á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur, „eftir mæli?“. (E)rekstj-aksturst svaraði því til að það þyrfti alltaf að vera sami kílómetrafjöldinn. (S)rekststj-landfl1 spurði þá: „hvað segir þú um að við förum millivegin á mínu tilboðin og þínu, 230 kr/km?“ (E)rekstj-aksturst samþykkti það.⁴⁸⁸⁹

9429. Í lok árs 2009 spurði (E)rekstj-aksturst (E)starfsm í tölvupósti hvernig samningurinn væri við Samskip um flutninga á gámum frá Reykjavík til Ísafjarðar. (E)starfsm svaraði og tilkynnti að samningurinn hljóði svo:⁴⁸⁹⁰

„Gámur frá Ísa fullur af afurðum, og tómur gámur til baka sem Samskip getur notað undir vöru frá Rvk
Ég náði að lenda þessu á 140.000 þú + vsk, gámur framm og til baka.“

9430. Af framangreindu er að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að Eimskip og Samskip hafi komist að samkomulagi um samráð í gámaflutningum til og frá Vestfjörðum. Samskip upplýstu Samkeppniseftirlitið ekki um umrætt samstarf, hvorki við rannsókn eftirlitsins á landflutningamarkaði sem hófst árið 2010 né við meðferð þessa máls, þrátt fyrir að Samkeppniseftirlitið hafi ítrekað óskað eftir upplýsingum um hvers kyns samstarf á milli Samskipa og Eimskips í landflutningum, sbr. nánari umfjöllun í kafla 23 um brot Samskipa á 19. gr. samkeppnislaga.

9431. Með vísan til framanritaðs er það mat Samkeppniseftirlitsins að Samskip og Eimskip, hafi, a.m.k. á árinu 2009, átt í ólögmetu samstarfi vegna flutninga á gámum á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur.

9432. Í tölvupósti (E)starfsm til (E)forstö-landfl2 þann 25. febrúar 2009 staðfesti (E)starfsm að Eimskip hafi á þeim tíma ekið vörum fyrir Samskip til Ólafsfjarðar og fyrir það greiddu Samskip 80.000 kr. í stöðvargjöld á mánuði + akstur en í tölvupóstinum fór (E)starfsm nánar yfir fyrirkomulag á akstri Eimskips um Ólafsfjörð.⁴⁸⁹¹

⁴⁸⁸⁹ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip [...] Doc. ID. 0.7.33.56283.

⁴⁸⁹⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip [...] Doc. ID. 0.7.33.10934.

⁴⁸⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]



9433. Þann 3. apríl 2009 var haldinn stjórnendafundur hjá Eimskip.⁴⁸⁹² Svonefnt markmiðsskjal, sem til vinnslu var í janúar og febrúar 2009, var þar til umræðu og frekari vinnslu. Að loknum fundi og fram í lok maí 2009 fór fram frekari vinna við skjalið og útbúið var skjal sem nefnt var markmiða- og hugmyndaskjal. Fulltrúum mismunandi deilda fyrirtækisins var falið að fylla inn í umrætt skjal, annars vegar hugmyndir og hins vegar markmið.⁴⁸⁹³

9434. (E)frkvstj-innanl fékk senda útgáfu af umræddu skjali þann 25. maí 2009. Í því skjali, undir möppunni „hugmyndir“, voru skráð „Stefnumótandi skipulagsverkefni“. Þar var að finna lista af svokölluðum lykilhugmyndum en á þann lista virðast hafa verið settar tilteknar hugmyndir að loknum stjórnendafundi Eimskips þann 3. apríl 2009. Ein þeirra lykilhugmynda var eftirfarandi, skráð í umsjón (E)frkvstj-Eimísl:

Yfirtökur

- Sameina vöruafgreiðslur á landinu. 300 millj.⁴⁸⁹⁴

9435. Af framangreindu er ljóst að sá verkþáttur „Nýtt upphaf“ verkefnis Samskipa og Eimskips sem laut að sameiginlegum afgreiðslustöðvum var enn til umfjöllunar á vormánuðum 2009 og það á stjórnendafundi Eimskips. Var hugmyndin skilgreind sem lykilhugmynd sem af orðanna hljóðan gefur henni ákveðið vægi og bendir til þess að vinna hafi átt frekar í framkvæmd samráðsins með Samskipum og auka það.

9436. Líkt og fram hefur komið áttu Samskip og Eimskip samstarfi um vöruafgreiðslu á Djúpavogi (Eimskip afgreiddi fyrir Samskip). Fjallað var um samstarfið í tölvupóstsamskiptum hjá Eimskip í febrúar 2009. Þann 5. febrúar 2009 sendi (E)forstö-landfl2 tölvupóst til (E)frkvstj-innanl og (E)svæðisstj1. Þar sagði:

„[(E)svæðisstj1] væri ekki rétt að skoða aftur Djúpavog og sjá hvort Siglufjarðar aðferðin gangi þar upp. Sambó⁴⁸⁹⁵ voru í bandi við mig og þína menn um mögulegt samstarf sem ég var ekki til í nema þá í gegn um 3ja aðila eins og fiskmarkaðinn. Ef Snæbjörn er rétti maðurinn þá að sjálfsgöðu sjáum við til þess að hann verði inni í pakkanum.“⁴⁸⁹⁶

9437. (E)svæðisstj1 svaraði með tölvupósti þann 6. febrúar 2009. Þar sagði hann:

„Við [(E)þjstj-Austur] vorum að ræða þetta í gærmorgun, sem eitt að þeim málum, er við verðum að vinna í á næstu vikum.

Samstarf við Sambó, er ekki komið nóg eftir síðustu kæru frá þeim??

Siglufjarðar lausnin? Er sú afgreiðsla ekki dýrasta afgreiðsla landsins, miðað við tekjur og magn??? Hvað segir mælaborðið um það??

Skoðum þetta með opnum hug, hef á tilfinningunni, að Sambó sé í vandræðum með Djúpavog, KASK hefur séð um aksturinn þanngað, og vill hætta, eða fá hærri greiðslu fyrir aksturinn Höfn – DJU?

Samskipamenn voru búnir að ræða við (E)þjstj-Austur um samstarf, og eru greinilega eitthvað í tímaþröng með málið, vegna KASK.

⁴⁸⁹² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.145668, sbr. einnig afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.52672, sbr. einnig „STJÖRNENDAFUNDUR EIMSKIP ÍSLANDS 3.apríl 2009“. [...]. Doc. ID. 0.7.33.792431.

⁴⁸⁹³ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.343740 , sbr. einnig tölvupóst frá [...]. Doc. ID. 0.7.33.154738.

⁴⁸⁹⁴ Afhent tölvuskjal frá Eimskip 23.03.2015. „Markmið EI og hugmyndaskjal 2009Update (2)“. [...]

⁴⁸⁹⁵ Samskip.

⁴⁸⁹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.316759.



Látum þá ekki pressa okkur, byrjum á að ræða við Ægir hjá Fiskmarkaðinum, og þreifa á málinnu."⁴⁸⁹⁷

9438. (E)frkvstj-innanl svaraði sama dag og segist vera sammála „tillögum“ um samstarf við Samskip á Djúpavogi.⁴⁸⁹⁸ Tók hann einnig fram að kostnaður Eimskips hafi lækkað um 12 m. kr. þegar samið hafi verið við Fiskmarkaðinn á Siglufirði.
9439. Í lok apríl 2009 sendi stöðvarstjóri Flytjanda á Djúpavogi tölvupóst til (E)forstö-landfl2 og (E)svæðisstj1 og spurði hvað væri að fréttu af flutningum fyrir Samskip á Djúpavog sem „við ræddum um þegar þið komuð austur?“. (E)forstö-landfl2 framsendi póstinn á (E)forstö-útfli sem svaraði síðar sama dag og sagði „Er í vinnslu og verður væntanlega orðið klárt hvað verður í byrjun júní.“⁴⁸⁹⁹
9440. Þann 4. maí 2009 sendi (S)rekststj-landfl4, rekstrarstjóri innanlandssviðs Samskipa á Egilsstöðum, tölvupóst til (E)þjstj-Austur. Í viðhengi voru tvö skjöl sem í póstinum sagði að væru yfirlit yfir flutninga í febrúar og mars. Í skjölunum komu fram upplýsingar um viðskiptavinum Samskipa og flutt magn vegna flutninga fyrir þá til og frá Eskifirði og Norðfirði. Þakkaði starfsmaður Samskipa (E)þjstj-Austur í leiðinni fyrir samstarfið. Eftirfarandi er sýnishorn af umræddum listum:⁴⁹⁰⁰

Eskifjörður og Norðfjörður í mars						
Nr.	Brottf.d	Sendandi	Mót	Viðtakandi	Teg fl	
114301505	3/2/2009	REY	Bananar	ESK	Fjarðaprif ehf	Alm. f
111340885	3/2/2009	EGS	[REDACTED]	ESK	Strax Eskifirði	Alm. f
114301661	3/2/2009	REY	Myllan	ESK	[REDACTED] Sparkaup Eski	Alm. f
114301703	3/2/2009	REY	Heimilistæki eh	ESK	Eskja ehf	Alm. f
113261510	3/2/2009	AKU	Norðlenska	ESK	Strax Eskifirði	Alm. f
113261524	3/2/2009	AKU	VÍFILFELL Egils	ESK	Strax Eskifirði	Alm. f
113261525	3/2/2009	AKU	VÍFILFELL Egils	ESK	Veitingasala Krí	Alm. f
113261539	3/2/2009	AKU	MATUR OG MÖRK E	ESK	Strax Eskifirði	Alm. f
114301859	3/2/2009	REY	Bananar	ESK	Fjarðaprif ehf	Alm. f
111340941	3/2/2009	REY	Rún Heildv.	ESK	Bókabúðin Eskja	Alm. f
108591306	3/2/2009	REY	Myllan	ESK	Strax Eskifirði	Alm. f
114302218	3/3/2009	REY	Myllan	ESK	Strax Eskifirði	Alm. f
113261724	3/3/2009	AKU	Norðlenska	ESK	Strax Eskifirði	Alm. f
113261884	3/3/2009	AKU	Norðlenska Húsa	ESK	Strax Eskifirði	Alm. f
114302822	3/3/2009	REY	Búr Ávaxta og g	ESK	[REDACTED] Sparkaup Eski	Alm. f
114302988	3/3/2009	REY	Tengi ehf	ESK	KRÍA VEITINGASAL	Alm. f
113262017	3/4/2009	AKU	Brauðgerð [REDACTED]	ESK	Strax Eskifirði	Alm. f

⁴⁸⁹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.317176.

⁴⁸⁹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.317274.

⁴⁸⁹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

⁴⁹⁰⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]



Nr.	Brottf.d	Sendandi	Móttakandi	Teg fl	Kiló	Handskráð
111340025	2/4/2009	ESK Sparkaup Eskifj	AKU Norðlenska Alm. f		10.0	7004307
111608667	2/4/2009	ESK Sparkaup Eskifj	REY Síld og Fisku Alm. f		3.0	7004308
113705320	2/5/2009	ESK Fiskmarkaður Su	REY Fiskmarkað Alm. f		3,253.0	50209
111608688	2/9/2009	ESK Lyfja Eskifirði	REY Efnamóttaka Alm. f		5.0	6966403
111608689	2/9/2009	ESK Sporður hf	REY N1 lager Alm. f		60.0	6966404
111608690	2/9/2009	ESK Sporður hf	RFJ Olis Reyðarfi Alm. f		5.0	6966405
111340189	2/9/2009	ESK Fiskmarkaður Au	REY Ferskur fisku Alm. f		1,139.0	0
108590666	2/9/2009	ESK [REDACTED]	ESK Sparkaup Es Alm. f		96.0	34
111340246	2/10/2009	ESK Fiskmarkaður Au	REY Ferskur fisku Alm. f		1,941.0	0
111340296	2/11/2009	ESK Fiskmarkaður Au	REY Ferskur fisku Alm. f		106.0	0
111842596	2/11/2009	ESK [REDACTED]	REY [REDACTED] Alm. f		13.0	5723751
113705545	2/12/2009	ESK Fiskmarkaður Su	REY Fiskmarkað Alm. f		6,938.0	120209
101011763	2/13/2009	ESK Fiskmarkaður Au	REY Ferskur fisku Alm. f		11,546.0	0
101011769	2/16/2009	ESK Fiskmarkaður Au	REY Ferskur fisku Alm. f		93.0	0
101011771	2/17/2009	ESK Fiskmarkaður Au	REY Ferskur fisku Alm. f		955.0	0
111608768	2/19/2009	ESK Sparkaup Esk	REY Ásútgáfan el Alm. f		25.0	7004311
111608769	2/19/2009	ESK Sparkaup Esk	REY Síld og Fisku Alm. f		2.0	7004309
111608770	2/19/2009	ESK Sparkaup Esk	AKU Norðlenska Alm. f		13.0	7004310
111340596	2/19/2009	ESK Fiskmarkaður Au	REY Ferskur fisku Alm. f		6,468.0	0
113705810	2/19/2009	ESK Fiskmarkaður Su	REY Fiskmarkað Alm. f		9,803.0	190209
111843199	2/19/2009	ESK Sporður hf	REY Söluskáli ó.þ Alm. f		5.0	6966407
111340692	2/23/2009	ESK [REDACTED]	REY Strax Eskifir Alm. f		72.0	42
101011806	2/25/2009	ESK Fiskmarkaður Au	REY Ferskur fisku Alm. f		6,870.0	0
113706243	2/26/2009	ESK Fiskmarkaður Su	REY Fiskmarkað Alm. f		5,312.0	260209
101011817	2/27/2009	ESK Fiskmarkaður Au	REY Ísifiskur ehf Alm. f		8,457.0	0
101011818	2/27/2009	ESK Fiskmarkaður Au	REY Frostfiskur Alm. f		323.0	0
101011819	2/27/2009	ESK Fiskmarkaður Au	REY Hamrafelli hf Alm. f		893.0	0
101011820	2/27/2009	ESK Fiskmarkaður Au	REY HB Grandi h Alm. f		1,198.0	0
101011821	2/27/2009	ESK Fiskmarkaður Au	REY Toppfiskur e Alm. f		14,999.0	0
113254833	2/2/2009	AKU HNÝFILL EHF	ESK Sparkaup Es Alm. f		6.0	1028612
114282099	2/2/2009	REY Síld og Fiskur	ESK Sparkaup Es Alm. f		19.0	449233
111339907	2/2/2009	EGS [REDACTED]	ESK Sparkaup Es Alm. f		96.0	29
114282203	2/2/2009	REY Myllan	ESK Sparkaup Es Alm. f		22.0	5048368
114282478	2/2/2009	REY Wurth á Íslandi	ESK Rafmagnsve Alm. f		20.0	440241
111980917	2/2/2009	AKU Norðlenska	ESK Sparkaup Es Alm. f		20.0	2029
111339949	2/2/2009	REY Leiko ehf	ESK Bókabúðin E Alm. f		27.0	7003035
113164398	2/2/2009	AKU VÍFILFELL Egils	ESK Sparkaup Es Alm. f		320.0	25972
113164399	2/2/2009	AKU VÍFILFELL Egils	ESK Veitingasala Alm. f		601.0	25969
113255095	2/3/2009	AKU Norðlenska	ESK Sparkaup Es Alm. f		7.0	2031
114282826	2/3/2009	REY Myllan	ESK Sparkaup Es Alm. f		61.0	5028142
114282856	2/3/2009	REY Garri	ESK Veitingasala Alm. f		184.0	20011104

9441. Á móti sendi Eimskip eftirfarandi lista til Samskipa vegna uppgjors á akstri til og frá Seyðisfirði fyrir febrúar og mars 2009. Komu þar fram upplýsingar um viðskiptavinum Eimskips, flutt magn og andlag flutninganna.⁴⁹⁰¹

⁴⁹⁰¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]



Fylgibréf	Leið	Viðtakandi	Sendandi	Stk.	Innihald	Magn	athugasemdir
6747568	SEY-RVK			1	pk dýptarmælir	21	MSG afh. laugard. 7/2
6747588	SEY-RVK			1	síðarbjóð	168	E merkt til að leiðrétta sví
6747543	SEY-ESK	Eskja hf	Smyril Blue Water P/F	2	slöngur	1085	
6747567	SEY-AKU	Fóðurverksmiðja Laxá hf	Síðarvinnslan hf	1	mjöl	1200	Samskip flutti sey-Eg
6841476	SEY-RVK	Framfoods Iceland hf	Gullver NS 12	5	hrogn	1630	
6746770	SEY-RVK	Hafrannsóknarstofnun	Mánaberg ehf	1	kassi	12	
6747570	SEY-RVK			1	frystivara	11	Samskip
6088293	SEY-RVK	1 D Fiskur ehf	HAS ehf	4	kör fiskur	823	Samskip flutti Sey-Eg
6773751	SEY-RVK	Ísaga hf	Heilbrigðisstofnun Austurlands	1	tóm hylki (9 stk)	121	
6747574	SEY-AKU-BÖR	Ísfélag Vestmannaeyja hf	Síðarvinnslan hf	1	Þráavarnarefni	250	
6747566	SEY-FÁS	Loðnuvinnslan hf	Síðarvinnslan hf	1	bætiefni	175	Samskip flutti frá Sey
6747587	SEY-RVK	Miklatorg hf		2	vörur	14	Endursent vitlaust afgreitt
6747576	SEY-RVK	R Sigmundsson ehf	Gullberg ehf	1	nemi	18	
6692305	SEY-RVK	Reykjalundur - Leikföng	Samkaup Strax Seyðisfirði	4	leikföng	158	
6747572	SEY-RVK	Samfélagið hf	Húsahótel ehf	1	filma (Yesman)	20	
6747571	SEY-NEs	Síðarvinnslan hf	Síðarvinnslan hf	1	rör + gufuloki	180	Samskip flutti Sey-Eg
6747548	SEY-NEs	Síðarvinnslan hf	Síðarvinnslan hf	1	Br. Slöngur	600	
6747578	SEY-RVK	Sjúkratryggingar Íslands		1	stóll	52	
6747577	SEY-RVK	Skeijungur hf. 023	Shellskálinn	1	gashylki	138	
6692303	SEY-RVK	Sláturfélag Suðurlands - Kæliv	Samkaup Strax Seyðisfirði	1	matv	3	Samskip flutti Sey-Eg
6692306	SEY-RVK	Sláturfélag Suðurlands - Kæliv	Samkaup Strax Seyðisfirði	1	matv	1	
6692304	SEY-RVK	Sláturfélag Suðurlands - Kæliv	Samkaup Strax Seyðisfirði	1	matv	1	
6692307	SEY-RVK	Sláturfélag Suðurlands - Kæliv	Samkaup Strax Seyðisfirði	1	matvara	4	
6692310	SEY-RVK	Sláturfélag Suðurlands - Kæliv	Samkaup Strax Seyðisfirði	1	matvara	2	
6773749	SEY-RVK	Strandmóllen ehf	Heilbrigðisstofnun Austurlands	3	súrhylki	30	
6747575	SEY-RVK		Sjúkratryggingar Íslands	1	vörur	1	var sent á Seyðisfjörð en átti ekki að fara þangað þess vegna borgar Tryggingastofnun undir
26							
Fylgibréf	Leið	Viðtakandi	Sendandi	Stk.	Innihald	Magn	athugasemdir
7028427	RVK-SEY		Hólmar ehf	5	Dýnur bonar kassi	546	
2131373559	RVK-SEY			1	pakki	2	
2131372540	RVK-SEY	AUSTFAR EHF/ P/F SMYRIL LINE	Freyja ehf.	2	Sælgaeti	36	
1621058	RVK-SEY	AUSTFAR HF	1 D Fiskur ehf	3	kör * 460 í fiskur	1200	
14672059	RVK-SEY	AUSTFAR HF	Góa - Linda ehf	1	kassi	17	
6703442	RVK-SEY	AUSTFAR HF	1 D Fiskur ehf	2	fiskur	700	
2131371887	RVK-SEY		Rúmfatalagerinn hf	2	Zidane sófasett 3+2	630	Núllað vegna tjóns HRJ
6905762	RVK-SEY	B-Bjartsýn	Skeijungur hf. 023	2	vörur	25	
6915322	AKU-SEY	Brimberg ehf	Brim hf - almenn vara	1	blokköskjur	472	
2131372884	RVK-SEY		IKEA Miklatorg hf.	8	BILLY BOOKCS 80X202	123	
6937912	RVK-SEY	Dalsbó sp/I	Formaco ehf	1	plástappar	4	
6911227	RVK-SEY	Eimskip v/Norraenu	1 D Fiskur ehf	2	fiskur	600	

9442. Framangreint sýnir framkvæmd á samráði fyrirtækjanna. Sýnir það einnig hversu ítarlegum viðskiptatengdum upplýsingum var miðlað á milli keppinautanna, Eimskips og Samskipa, á grundvelli samráðs á landflutningamarkaði.

9443. Þann 15. maí 2009 sendi (E)sölustj-innan12 tölvupóst til (E)forstö-landfl2 og (E)frkvstj-innan1 sem innihélt minnispunkta um heimsókn hans til starfsstöðvar Eimskips á Ísafirði. Markmið ferðarinnar var að fá betri tilfinningu fyrir starfsemi þar. Það sem m.a. kom fram í máli (E)sölustj-innan12 var að dreifing og söfnun út frá Ísafirði væri kostnaðarsöm, ekki væri „glóra“ að fara með stóran bíl langar leiðir að sækja litlar sendingar. Af því tilefni lagði hann til að það hlyti að vera „háegt að komast að samkomulagi milli félagana að skiptast eitthvað á í þessum ferðum eða minnka þjónustustigið.“⁴⁹⁰² Lagði hann þannig til aukið samráð á milli Eimskips og Samskipa, sbr. einnig samtímagögn sem sýna samkomulag Eimskips og Samskipa um „kar á móti kar“ á Vestfjörðum.

9444. Gögn frá Eimskip sýna að í maí 2009 ákváðu Eimskip og Samskip í sameiningu að segja upp afgreiðslusamningi við fyrirtækið Austfar á Seyðisfirði. Til vitnis um það er tölvupóstur (E)svæðisstj1 frá 26. maí 2009 til m.a. (E)forstö-landfl2, (E)frkvstj-innan1 og (E)þjstj-Austur (afrit til (E)frkvstj-innan1). Tölvupósturinn ber yfirskriftina „Trúnaðarmál/Seyðisfjörður“ og í honum segir:

„Eins og (E)þjstj-Austur sagði þér í síðustu viku, þá kom tillaga frá Samskipsmönnum um að bæði fyrirtækin Eimskip og Samskip segðu upp afgreiðslusamningi við Austfar á SEY, og þjónuðu SEY frá Egilsstöðum, á svipaðan hátt og gert er á Eskifirði.

Eftir nokkra umhugsun höfum við (E)þjstj-Austur ákveðið að fara að þessari tillögu, og hef ég þegar tilkynnt framkvæmdarstjóra Austfar, að samningi milli Eimskips og Austfar verði sagt upp með þriggja

⁴⁹⁰² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.364674.



mánaðar fyrirvara fyrir næstu mánaðarmót, og frá og með 1. sept hætti Austfar að þjóna Eimskip í núverandi mynd á SEY.

Til fróðleiks, gjörningurinn að „spara í rekstri“ var fundin upp á Austurlandi.⁴⁹⁰³

9445. (E)forstö-landfl2 svaraði tölvupósti (E)svæðisstj1 samdægurs. Lýsti (E)forstö-landfl2 yfir ánægju með niðurstöðuna. Í tölvupóstinum sagði: „Gott að heyra [...] [(E)þjstj-Austur] lagdi til þessa hugmynd I sidustu viku raeddi malid vid ss og bok I framhaldi bad eg bok ad stadfesta ykkur ad hann gaeti hjalpad med tolulegar upplýsingar Skil ekki comment med uppruna“.⁴⁹⁰⁴

9446. Framangreindur tölvupóstur (E)svæðisstj1 sem var sendur til helstu stjórnenda landflutninga Eimskips er skýrt samtímagagn. Tölvupósturinn sýnir samkvæmt efni sínu að Eimskip og Samskip höfðu með sér ólögmaett samráð um nefndar aðgerðir á Seyðisfirði. Niðurstöðunni var tekið vel af stjórnanda hjá landflutningum Eimskips.

9447. Eins og fram kemur í tölvupósti (E)svæðisstj1 átti uppsögn Samskipa og Eimskips við Austfar að taka gildi 1. september 2009. Af þessu leiddi verri þjónusta fyrir íbúa og atvinnufyrirtæki á Seyðisfirði. Sökum þessa sendi bæjastjóri Seyðisfjarðar eftirfarandi tölvupóst til (E)frkvstj-innanl þann 2. september 2009:

„Nú í dag hef ég frétt af því að fyrirtæki ykkar sé búið að loka afgreiðslu ykkar hér á Seyðisfirði. Jafnframt hefur samkeppnisaðili ykkar í flutningum, Samskip lokað sinni afgreiðslu en eins og þú veist þá eru hafa báðir aðilar verið með samning við Austfar um aðstöðu og þjónustu fyrir ykkur.

Þykja okkur þetta slæm tíðindi og eins er furðulegt hvernig er staðið að þessu. Engin formleg tilkynning hefur verið gefin út til bæjarbúa sem hafa verið ykkar viðskiptavinir til margra.

Hér með er óskað eftir frekari upplýsingum um málið og ástæður þess að gripið er til þessara aðgerða. Þá er óskað eftir upplýsingum um það hvernig við eigum að bera okkur að við að senda vörur frá staðnum. Málið verður tekið fyrir á fundi bæjarráðs í dag og væri gott að fá umbeðnar upplýsingar fyrir fundinn.“⁴⁹⁰⁵

9448. (E)frkvstj-innanl svaraði tölvupósti bæjastjórans síðar sama dag. Í svari hans segir:

„Í okkar erfiða rekstrarumhverfi höfum við leitað leiða til að draga úr kostnaði og auka skilvirkni í flutningakerfi okkar. Það er ekki okkar markmið að draga úr þjónustu á landsbyggðinni þó við leitumst við að draga úr kostnaði. Nú sem fyrr ætlum við að bjóða upp á daglegar ferðir á Seyðisfjörð. Eins og þjónustan hefur þróast þá erum við að afhenta beint til mótakenda um 95% af sendingum á svæðið, restin hefur síðan verið keyrð til umboðsmanns okkar Austfars sem móttekur það sem útaf stendur og viðskipta vinir okkar sækja vöruna til þeirra. Þjónustugjöld vegna vöruhafgreiðslu stendur engan veginn undir tekjum af þeim hluta sem farið er með í vöruhús. Markmið okkar er að auka enn frekar heimsendingarþjónustu og sú vara sem ekki verður hægt að taka á móti þann daginn fer til baka með bílnum og til afhendingar daginn eftir. Með þessu teljum við okkur vera að halda í gæðarþjónustu en draga úr kostnaði á sama tíma, sem eins og áður sagði var verulegur. Þessa þjónustuleið höfum við valið okkur víða á landinu nú síðast á Eskifirði.

Hvað samkeppnisaðila okkar varðar þá þekkjum við ekki þeirra forsendur. Með ósk um gott samstarf.“⁴⁹⁰⁶

⁴⁹⁰³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.61191 / 0.7.33.61198.

⁴⁹⁰⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.61198.

⁴⁹⁰⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.413174.

⁴⁹⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.413231.



9449. Ljóst er að svar [\(E\)frkvstj-innanl](#) var ekki talið fullnægjandi því daginn eftir sendi bæjastjórinn honum tölvupóst og meðfylgjandi bréf til Eimskips sem þegar hafði verið póstaglagt. Í því var gerð grein fyrir bókun bæjarráðs Seyðisfjarðar. Í henni kemur fram að ráðið harmi „þá ákvörðun Samskipa og Flytjanda að loka farmstöð landflutninga á Seyðisfirði. Jafnframt lýsir bæjarráð yfir furðu sinni á því hvernig staðið hefur verið að ákvörðunartöku þessari, án nokkurrar kynningar á málinu til íbúa staðarins. Jafnframt felur bæjarráð bæjarstjóra að ræða við flutningsaðilana um það hvernig háttað verður þjónustu við einstaklinga.“ Sagði í tölvupósti bæjastjórans að ástæða þess að hann sendi [\(E\)frkvstj-innanl](#) bréfið einnig með tölvupósti væri sú að hann vildi gefa fyrirtækinu tækifæri á að „bjarga andlitinu sem fyrst“.⁴⁹⁰⁷
9450. Við blasir samkvæmt framansögðu að ákvörðun Samskipa og Eimskips hafi verið talin hafa slæm áhrif á Seyðisfirði. [\(E\)svæðisstj1](#) greindi m.a. [\(E\)frkvstj-innanl](#) frá þessu samráði við Samskip og næstráðandi í deild hans ([\(E\)forstö-landfl2](#)) lýsti yfir ánægju vegna þess. [\(E\)frkvstj-innanl](#) fór því vísitandi með rangt mál þegar hann greindi bæjarstjóra Seyðisfjarðar frá því að hann hefði enga vitneskju um „forsendur“ Samskipa vegna umræddrar uppsagnar á samningi við Austfar.
9451. Í rekstraráætlun Eimskips Innanlands fyrir árið 2010 var gert ráð fyrir auknu samstarfi við keppinauta í innanlandsstarfsemi fyrirtækisins. Sagði m.a. að skoða ætti eftirfarandi þætti:⁴⁹⁰⁸
- Aukið samstarf við aðra akstursaðila á Norðurlandi.
 - Aukið samstarf í afgreiðslu og akstri á svæðin á Vestfjörðum og samnýta tæki og búnað með öðrum á svæðinu.
 - Skoða sérstaklega mögulega samlegð með Vörumiðlun varðandi akstur frá Norðurlandi.
 - Meta ávinning af frekara samstarfi við aðra akstursaðila á Austfjörðum.
9452. Þann 21. nóvember 2009 vistaði [\(E\)rekstj-aksturst](#) hjá sér verkefnalista varðandi innanlandsflutninga fyrir árið 2010.⁴⁹⁰⁹ Þess ber að geta að umræddur verkefnalisti var tekinn til umfjöllunar á fundum hjá stjórnendum innanlandssviðs, stjórnendum innanlandsflutninga og á sölufundum Flytjanda út árið 2010 og e.a. bætt við hann verkefnum eða felld út verkefni. Á listanum voru m.a. eftirfarandi verkefni sem sneru að samstarfi Eimskips og Samskipa á innanlandsmarkaði:
- Meta ávinning af frekara samstarfi við aðra akstursaðila á Austfjörðum með það að markmiði að auka nýtingu og lækka kostnað.
 - Auka samstarf með öðrum á Vestfjörðum í afgreiðslu og akstri um samnýtingu tækja og búnaðar með það að markmiði að lækka kostnað eða auka tekjur.
 - Skoða sérstaklega mögulega samlegð með Vörumiðlun varðandi akstur frá Norðurlandi.
9453. Til viðbótar við framangreind gögn, sem lögð eru fram hér í dæmaskyni um framkvæmd samstarfs Samskipa og Eimskips á landflutningamarkaði, skal horft til þess að á árunum 2008 og 2009 voru tíð samskipti á milli stjórnenda og starfsmanna Eimskips og Samskipa. Var um að ræða m.a. samskipti stjórnenda og starfsmanna fyrirtækjanna sem komu beint eða óbeint að starfsemi landflutninga, í dæmaskyni má nefna: [\(E\)frkvstj-innanl](#), [\(E\)frkvstj-EimÍsl](#), [\(E\)sölustj-innanl2](#), [\(E\)rekstj-aksturst](#), [\(S\)frkvstj-innanl](#), [\(S\)frkvstj-millilandasv](#), [\(S\)forstö-landfl](#), [\(S\)forstj](#) og [\(S\)forstö-innfl1](#).

⁴⁹⁰⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.413788.

⁴⁹⁰⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

⁴⁹⁰⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.145979.

9454. Í kafla 14 er fjallað um atvik á árinu 2009 sem taka m.a. til markaðsskiptingar og upplýsingaskipta í sjó- og landflutningum. Vísast hér til þeirrar umfjöllunar.

17.5.2. Árin 2010 og 2011

9455. Í málinu er að finna minnisblað frá **(S)forstö-landfl** sem kallað var „*Samkeppnin - samantekt fyrir (S)frkvstj-innan*“.⁴⁹¹⁰ Í skjalinu er farið yfir samstarf Eimskips og Samskipa víðs vegar um landið og er ástæða til að vísa a.m.k. til eftirfarandi umfjöllunar:

- „*Eiman sér um Siglufjörð og fljót fyrir báða aðila. Verktaki sér um þetta með ca. 4 starfsmenn*“
- „*Norðausturland: [...]*
 - *Daglegar ferðir hjá okkur og Flytjanda – 1 æki frá hvorum*
 - *Við erum þar í samstarfi, við sjáum um Þórshöfn og þeir um Vopnafjörð*“
- „*Austurland: [...]*
 - *Samstarf á fjörðunum, við með Seyðisfjörð og Eiman með Neskaupstað*“

9456. Framanritað sýnir hvernig samstarf Samskipa og Eimskips var háttað á umræddum leiðum.

9457. Á árinu 2010 voru haldnir ýmsir fundir og skýrslur gerðar um starfsemi og áætlanir innanlandsflutninga hjá Eimskip. Útbúnar voru sérstakar mánaðarskýrslur í hverjum mánuði þar sem farið var yfir rekstur mánaðarins hjá Flytjanda og áherslur í sölumálum. Farið var yfir þessar skýrslur á mánaðarlegum stjórnendafundum innanlandsflutninga, ásamt því að þær voru felldar inn í glærुकynningar á rekstrarfundum innanlandssviðs.⁴⁹¹¹ Á þessa fundi voru **(E)forstö-landfl1**, **(E)frkvstj-innanl** og svæðisstjórar alla jafna boðaðir. Þann 5. febrúar 2010 var slíkur fundur haldinn hjá stjórnendum landflutninga Eimskips þar sem farið var yfir helstu atriði ársins 2009 og áherslur ársins 2010.⁴⁹¹²

9458. **(E)forstö-landfl1** sendi sjálfum sér tölvupóst aðfararnótt föstudagsins 5. febrúar 2010, fyrir framangreindan fund. Meðfylgjandi var minnisblað þar sem talin voru upp tiltekin verkefni sem sennilega átti að ræða á fundinum. Meðal þeirra var eftirfarandi verkefni:

„*Verktakar – núverandi staða / samkeppni [...]* Íslandspóstur – *aukið samstarf? [...]* Norðurland – *Austfirðir: samvinna með Landflutningum*“⁴⁹¹³

9459. Á fundinum þann 5. febrúar 2010 var farið yfir glærुकynningu þar sem fjallað var um m.a. árið 2009 og helstu áherslur ársins 2010.⁴⁹¹⁴ Þá var verkefnalisti innanlandsflutninga sem **(E)forstö-landfl1** útbjó undir lok 2009 felldur inn í glærurnar. Má því ætla að á umræddum stjórnendafundi hafi verið farið yfir verkefnalista **(E)forstö-landfl1** en á honum voru verkefni sem kváðu á um aukið samstarf við keppnauta Eimskips, sbr. einnig kafla 13.21.2.

⁴⁹¹⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...].

⁴⁹¹¹ Sjá t.d. afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.11594. Sjá einnig afritaða dagbókarfærslu frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.12748. Sjá einnig afhent skjöl frá Eimskip. Afhent 01.12.2016. Glærुकynningar rekstrarfunda [...] hjá Eimskip. Einnig afhent skjöl frá Eimskip. Afhent 01.11.2016. Fundargerðir sölufunda [...].

⁴⁹¹² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.123665.

⁴⁹¹³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip [...] Doc. ID. 0.7.33.11728.

⁴⁹¹⁴ Á glæru sem fjallaði um áætlun fyrir árið 2010 var m.a. fyrirhugað að hækka gjaldskrá tvisvar (í júní og júlí) um 4%. Á einni glæru var svo framkvæmd s.k. svót greining á starfseminni, en undir ógnanir kom fram „*Nýjir samkeppnisaðilar s.s. Einyrkjar ofl*“. Ekki var minnst á aðra keppnauta.



9460. Í apríl 2010 fór fram undirbúningur innan Eimskips við að svara upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins vegna athugunar á landflutningamarkaði, sbr. bréf eftirlitsins, dags. 29. mars 2010. Í upplýsingabeiðninni var m.a. óskað eftir gögnum og upplýsingum um mögulegt samstarf Eimskips og Samskipa á landflutningamarkaði. Vegna upplýsingabeiðninnar fóru m.a. fram eftirtalin samskipti innan Eimskips:

- Þann 19. apríl 2010 sendi (E)starfsm tölvupóst til (E)verkstj-innanl vegna fyrirspurnar þess síðarnefnda um akstur fyrir Samskip á Norðurlandi.⁴⁹¹⁵ Í svari (E)starfsm sagði eftirfarandi:

„Við höfum selt Samskip flutningsþjónustu til Siglufjarðar, Ólafsfjarðar og Vopnafjarðar. Við höfum keypt flutningsþjónustu hjá Samskip til Þórshafnar.“

- (E)stjformS sendi tölvupóst til (E)starfsm þann 23. apríl 2010 og óskaði eftir ýmsum upplýsingum.⁴⁹¹⁶ Óskaði hann m.a. eftir skriflegum samningum vegna húsaleigu. Síðan sagði:

„Skylst [svo] að engir samnignar [svo] séu til við Samskip vegna Ólafsfjarðar, það á án efa eftir að koma okkur í koll“.

- Í lok apríl spurði (E)forstö-landfl1 um samning á milli Norðurfraktar og Samskipa varðandi Siglufjörð. (E)starfsm svaraði því til að hann hafi aldrei séð þann samning.⁴⁹¹⁷

9461. Þann 6. október 2010 spurði (E)forstö-landfl1 þá (E)starfsm og (E)sölustj-innanl3 hvort þeir hafi eitthvað heyrt af því hvort Samskip ætluðu að keyra sjálf á Siglufjörð. (E)starfsm svaraði tveimur mínútum síðar og sagði „Ekkert þannig í gangi“.⁴⁹¹⁸ Vekur það athygli Samkeppniseftirlitsins hversu fljótt og örugglega (E)starfsm virðist geta svarað umræddri fyrirspurn.

9462. Af gögnum málsins má víða sjá vísað til funda eða samskipta milli starfsstöðva Eimskips og Samskipa í tengslum við framkvæmd samráðs fyrirtækjanna. Sem dæmi um það má nefna að þann 13. október 2010 sendi (S)rekstj-landfl2 tölvupóst til (E)þjstj-Austur þar sem hann kvaðst hafa reynt að ná „í skottið á þér í dag og gær“. Biður hann um að heyra í sér þegar hann hafi tók á. Það sem hann sagðist vera að spá í væri eftirfarandi:⁴⁹¹⁹

„Fáskrúðsfjörð – umboðsmennska?

Breiðdalsvík og Stöddi – Akstur

Seyðisfjörður – klára það endanlega, búin að leggja til við [B] 30þús kr hækkun á umboðspóknun okkar gegn .því að ykkar pakkar færu þar í gegn.

Þið þyrftuð þá að útvega henni gsm posa

Heyrumst“

9463. Í mgr. 635 í athugasemdum Samskipa við AII kemur m.a. fram að sjálfstæður umboðsmaður hafi sinnt afgreiðslu fyrir bæði fyrirtækin á Fáskrúðsfirði fram að þessum tíma. Hann hafi hins vegar gefist upp á rekstri og Samskip ráðið hann til vinnu. Umboðsmaðurinn hafi samt sem áður haldið áfram rekstri afgreiðslunnar fyrir hönd Samskipa og sinnt áfram afgreiðslu fyrir Eimskip.

⁴⁹¹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

⁴⁹¹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.522744.

⁴⁹¹⁷ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.13164.

⁴⁹¹⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.26941.

⁴⁹¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.89284.



9464. Af framangreindu er ljóst að (S)rekststj-landfl2 hafði áhuga á því að hefja samstarf við Eimskip í vöruafgreiðslu á Fáskrúðsfirði og er það í samræmi við upplýsingar sem Eimskip veitti Samkeppniseftirlitinu við rannsókn málsins. Af framangreindu má ráða að (S)rekststj-landfl2 virðist hafa haft áhuga á því að ræða aukið samstarf Samskipa við Eimskip með því að hefja samstarf um vöruafgreiðslu á Fáskrúðsfirði en Eimskip upplýsti um það í svörum við upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins vorið 2010 að á þeim tíma hafi tiltekinn þjónustuaðili sinnt vöruafgreiðslu fyrir Eimskip á Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík út frá Reyðarfirði. Eins og áður segir áttu fyrirtækin einnig í samstarfi vegna flutninga en fyrirbyggjandi eru gögn um samstarf fyrirtækjanna vegna flutninga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar (Samskip flutti fyrir Eimskip) og milli Reyðarfjarðar og Stöðvarfjarðar/Breiðdalsvíkur sem (S)rekststj-landfl2 minntist á í tölvupóstinum. Þá skal einnig rifjað upp að Samskip og Eimskip höfðu með sér samráð í maí 2009 með því að ákveða sameiginlega að segja upp afgreiðslusamningi við fyrirtækið Austfar á Seyðisfirði.
9465. Til frekari skýringar á tilvísun (S)rekststj-landfl2 til Seyðisfjarðar í umræddum tölvupósti segir í athugasemdum Samskipa við AII að umboðsaðili hafi afhent vörur fyrir bæði Samskip og Eimskip á Seyðisfirði. Það verklag hafi komist á hjá umboðsmanni að hann innheimti sendingar Eimskips í gegnum kerfi Samskipa, en (S)rekststj-landfl2 hafi haft frumkvæði um að breyta því fyrirkomulagi. Hafi hann því haft frumkvæði að því að setja upp sérstakan posa frá Eimskip svo að vörur Eimskips yrðu afgreiddar án nokkurrar innkomu í kerfi Samskipa. Til þess að svo yrði hafi þurft að hækka umboðslaun hans um umrædda fjárhæð.
9466. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru skýringar Samskipa varðandi tilvísun (S)rekststj-landfl2 til Seyðisfjarðar trúverðugar upp að vissu marki. Segja Samskip að umboðsaðili hafi afgreitt vörur beggja fyrirtækja en af tölvupóstinum má ráða að svo hafi ekki verið á þessu tímamarki („*gegn. því að ykkar pakkar fari þar í gegn*“). Þó svo að umboðsaðilinn hafi afgreitt fyrir bæði fyrirtæki þá útskýra Samskip ekki sérstaklega hvers vegna Samskip hafi átt í samningaviðræðum við umboðsmann fyrirtækisins á Seyðisfirði um viðskiptamálefni Eimskips né hvers vegna umboðspóknun Samskipa (ekki Eimskips) ætti að hækka við það að pakkar Eimskips yrðu afgreiddir af umboðsmanninum, líkt og fram kemur í tölvupóstinum.
9467. Að mati Samkeppniseftirlitsins endurspeglar framangreind samskipti þá hagnýtu samvinnu og upplýsingaskipti sem fólust í samfelldu samráði Samskipa og Eimskips.
9468. Þá vísaði ÓJ í ummælum sínum til samstarfs fyrirtækjanna í akstri á flutningaleiðinni á milli Reyðarfjarðar og Stöðvarfjarðar/Breiðdalsvíkur þar sem Eimskip flutti fyrir Samskip. Að lokum vísaði hann til Seyðisfjarðar en upplýst hefur verið að Samskip og Eimskip áttu í samstarfi um flutninga til og frá Seyðisfirði, þ.e. um að Samskip flyttu vörur fyrir Eimskip á umræddri leið. Að framan hefur einnig verið sagt frá því að Eimskip og Samskip hafi í maí 2009 ákveðið að segja sameiginlega upp afgreiðslusamningi við fyrirtækið Austfar á Seyðisfirði.
9469. Með hliðsjón af framangreindu ber einnig að líta til þess að Samskip og Eimskip áttu í samstarfi á mörgum flutningaleiðum á Austurlandi, sbr. umfjöllun hér að framan og umfjöllun um atvik sem meðal annarra leiddu til samstarfsins, sbr. kafla 8.16.7. Ber einnig að líta til ummæla (E)svæðisstj1 vegna samstarfs Eimskips og Samskipa á Austurlandi: „*gjörningurinn að „spara í rekstri” var fundin upp á Austurlandi*“, sbr. umfjöllun um tölvupóst hans frá 26. maí 2009.
9470. Áfram héldu samskipti fyrirtækjanna í tengslum við samstarf þeirra á Austurlandi. (E)þjstj-Austur svaraði áður nefndum tölvupósti (S)rekststj-landfl2 frá 13. október 2010 þann 11. febrúar 2011. Í svari (E)þjstj-Austur sagði eftirfarandi: „*Við verðum að fara að klára fiskflutninginn frá Nesk til RFJ. Það er allt árið 2010 og það sem af er þessu ári, og eins flutningarnir á suðurfirði síðan [(S)rekststj-landfl2] hætti. Heyri frá þér.*“ (S)rekststj-landfl2 svaraði strax og afsakaði „*þetta með suðurfirðina*“, það hafi verið



misskilningur innanhúss. (S)rekststj-landfl2 sagði jafnframt að varðandi akstur á markaðsfiski frá Norðfirði yfir á Reyðarfjörð eigi seljandinn að borga það eins og hafi verið alla tíð. Hann spyr þó hvernig þessu hafi verið háttað. (E)þjstj-Austur svaraði því til að um væri að ræða fisk sem viðskiptavinir Samskipa kaupi á markaði á Neskaupsstað sem eigi að flytja í Hafnarfjörð en Eimskip taki á Neskaupstað og flytji á Reyðarfjörð. Samskip væri búið að fá þetta greitt frá markaðnum. (E)þjstj-Austur spurði jafnframt hvort ekki hafi borist uppgjör vegna flutninga á Neskaupstað reglulega. (S)rekststj-landfl2 sagði að ekki væri neinn markaður á Neskaupsstað og ætli að heyra í honum eftir helgi varðandi þetta. Þessi samskipti framsendi (E)þjstj-Austur á (E)forstö-landfl1 þann 10. nóvember 2011.⁴⁹²⁰

9471. (S)rekststj-landfl2 sendi tölvupóst til (E)þjstj-Austur 23. júní 2011 og kvaðst hafa heyrt að Eimskip væri að keyra daglega á Suðurfirði en tæki aðeins frakt frá Samskipum þrjá daga í viku. Spurði hann hvernig stæði á því. Með Suðurfjörðum er talið að vísað sé til flutningaleiðarinnar á milli Reyðarfjarðar og Stöðvarfjarðar/Breiðdalsvíkur en samstarf var með fyrirtækjunum á umræddri leið. (E)þjstj-Austur sagði frá því að farin hefði verið aukaferð vegna pressu frá viðskiptavini en annars væri áætlun eins og hefði verið. (S)rekststj-landfl2 spurði þá hvort það væri ekki hægt að grípa með vörur frá Samskipum ef Eimskip væri að „skjótask“ á litlum bílum. (E)þjstj-Austur kvað það ekkert mál ef pláss leyfði.⁴⁹²¹
9472. Þrátt fyrir framanritað tilkynnti (S)rekststj-landfl2 til (E)þjstj-Austur þann 21. júlí 2011 að Samskip myndu frá og með þeim tíma keyra sjálf á Stöðvarfjörð og Breiðdalsvík þar sem óánægja væri með þjónustuna. (E)þjstj-Austur svaraði nokkrum dögum síðar og sagði það leitt að heyra. Þá sagði: „...ekki gott að við þurfum báðir að fara þarna suðureftir með það sem ekkert er“. Kvað hann Eimskip hafa staðið fyllilega við það samkomulag sem gert var, þ.e. að „fylla upp í lítinn sendibíl á þriðjudag og fimmtudag.“⁴⁹²²
9473. Þann 2. nóvember 2011 sendi (E)starfsm, svæðisstjóri Eimskips á Vestfjörðum, verðtilboð í gámaakstur og gámafærslur fyrir Samskip á Ísafirði í tölvupósti til (S)starfsm, rekstrarstjóra sendibíladeildar Samskipa. Endaði tölvupósturinn á eftirfarandi orðum: „Með von um að þessi verð reynist ykkur hagstæð.“
9474. Viku síðar, þann 9. nóvember 2011, sendi (E)starfsm aftur tölvupóst til sama aðila og þá eingöngu til að spyrja hvað væri að fréttu. (S)starfsm svaraði á eftirfarandi máta: „Allt gott að fréta [svo] hér, er að klára samninga við Glanna svo ég er ekki búin að taka neina ákvörðun um þetta okur tilboð þitt en ert þú ekki hress félagi?“. (E)starfsm svaraði og sagðist vera „bara góður, verum í sambandi“.⁴⁹²³
9475. Samkvæmt framansögðu áttu Eimskip og Samskip ekki aðeins í samstarfi í gámaflutningum og gámafærslum á Vestfjörðum heldur skapaði samstarfið vettvang fyrir starfsmenn fyrirtækjanna til að skiptast á viðskiptatengdum upplýsingum, þ.e. um samskipti þeirra og samningagerð við viðskiptavini. Var þetta hluti af samfelldu samráði fyrirtækjanna.
9476. Til viðbótar við framangreind gögn, sem nefnd eru hér í dæmaskyni um framkvæmd á samstarfi fyrirtækjanna á landflutningamarkaði, skal horft til þess að á árunum 2010 og 2011 áttu sér stað tíð samskipti lykilstjórnenda og starfsmanna Eimskips og Samskipa. Vísast um það til umfjöllunar í kafla 13. Var um að ræða m.a. samskipti stjórnenda og starfsmanna fyrirtækjanna sem komu beint eða óbeint að starfsemi landflutninga, í dæmaskyni má nefna: (E)frkvstj-innanl, (E)sólustj-innanl2, (S)frkvstj-innanl, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstj og (S)forstö-innfl1.

⁴⁹²⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.89279.

⁴⁹²¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

⁴⁹²² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

⁴⁹²³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]



9477. Í kafla 14 er fjallað um atvik á árinu 2011 sem taka m.a. til markaðsskiptingar og upplýsingaskipta í sjó- og landflutningum. Vísast hér til þeirrar umfjöllunar og ber að virða hana í samhengi við framangreind gögn.

17.5.3. Árin 2012 og 2013

9478. Í lok febrúar 2012 var haldinn svokallaður Akstursfundur hjá Eimskip. Samkvæmt dagskrá fundarins átti m.a. að ræða samstarf Eimskips við Samskip í landflutningum.⁴⁹²⁴ (E)verkstj-innanl fór yfir glærुकynningu á fundinum.⁴⁹²⁵ Eftirfarandi kom þar fram:

- „Borguðum Samskip rétt tæpar 14m kr árið 2011 (fer hækkandi)
- Rúmlega 1mkr núna í janúar
- Kar fyrir kar á Ísafjörð
- Eftirlit með öðrum kar fyrir kar samningum?
 - Hallar á okkur?
- Austurland
- Norðausturland
 - Fiskmarkaður Þórshafnar
- Fiskmarkaður Grímseyjar.
- Erum við að rukka allt sem við gerum fyrir þá?
- AKU-EGS-AKU, við fyrir þá?"

9479. Af framangreindu má ráða að í fyrsta lagi virðist umfang samráðs Eimskips og Samskipa hafa verið að aukast á þessum tímapunkti þar sem vísað er til þess að greiðslur til Samskipa fari hækkandi. Þá er þarna í öðru lagi staðfest samstarf fyrirtækjanna á Ísafirði um flutning „kar fyrir kar“ en jafnframt kemur fram að slíkir „kar fyrir kar“ samningar séu í gildi annars staðar á landinu. Hvorki Eimskip né Samskip upplýstu Samkeppniseftirlitið við rannsókn málsins um samstarf um fiskflutning á Vestfjörðum eða „kar fyrir kar“ samninga annars staðar á landinu að undanskildu því samstarfi sem getið er um í kafla 17.4 hér að framan. Í athugasemdum Samskipa við AII eru þó veittar frekari skýringar um eðli „kar á móti kari“ samninga Samskipa og Eimskips, sbr. umfjöllun kafla 28.

9480. Frekari staðfestingu á samstarfi Eimskips og Samskipa á landflutningamarkaði er að finna í Excel-skjali sem var vistað á heimasvæði Flytjanda og nefnist „Eimskip samskip verð“. Um er að ræða yfirlit um verð sem fyrirtækin höfðu samið um sín á milli fyrir samstarf í flutningum og yfirlit yfir greiðslur í samræmi við það.⁴⁹²⁶ Skjalið er síðast vistað 5. október 2012. Eftirfarandi er skjámynd af umræddum gögnum. Varpa þau skýru ljósi á ólögmett samstarf fyrirtækjanna á a.m.k. eftirfarandi áætlunarleiðum:

⁴⁹²⁴ Afhent gögn frá Eimskip. [...].

⁴⁹²⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...].

⁴⁹²⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...].



Eimskip flytur fyrir Samskip						
	September	Ágúst	Júlí	Júní	Verð	Samtals
Húsavík	69,485	53,536	20,454	59,482	9.78	1,984,919
Sígló	78,016	160,227	128,056	65,294	9.78	4,220,980
						6,205,899
Verð sem Eimskip rukkar Samskip						
Sap rukkun	Húsavík & Sígló	9,78 kr			Seyðisfjörður	16,50 kr
VM rukkun			verð í VM			
Húsavík - Rvík	6,93 kr	Sígló - Rvík	8,16 kr			
Neskaupst - Aku	4,46 kr	Aku - Rvík	8,16 kr			
Neskaupst - Reyðarfj	3,38 kr	Dalvík - Rvík	8,16 kr			
Pórshöfn - Húsavík	6,50 kr	Húsavík - Rvík	8,70 kr			
Reyðarfj - Breiðdalsv	4,74 kr	Pórshöfn - Rvík	11,20 kr			
Breiðdalsv - Seyðisfj	3,78 kr	Bakkafjörður - Rvík	14,30 kr			
Höfn - Eskifjörður	14,50 kr	Austfirðir - Rvík	14,30 kr			
Breiðdalsv - Rvík	12,00 kr	Djúpivogur - Rvík	12,50 kr			
		Vey - Rvík	1506 kr			
		Húsavík - Akranes	8,70 kr			
		Sígló - Dalvík	3,77 kr			
		Aku - Dalvík	5,60 kr			
		Aku - Húsavík	4,35 kr			
		Aku - Pórshöfn	5,60 kr			
		Húsavík - Raufarhöfn	5,60 kr			
		Húsavík - Pórshöfn	5,60 kr			



Samskip flytur fyrir Eimskip						
	September	Ágúst	Júlí	Júní	Verð	Samtals
Dalvík - Grímsey	55,203	64,143	68,973	132,078		
Pórshöfn	47,049	79,220	148,606	84,612		
verð sem Samskip rukkar Eimskip						
Egilstaðir - Reykjavík		7,12 kr		6240 kg		
Breiðdalsvík - Reykjavík		12,00 kr		3694 kg		
Pórshöfn - Reykjavík		35,00 kr		48606 kg		
Dalvík - Reykjavík		5,70 kr		33839 kg		
Dalvík - Húsavík		5,10 kr		2593 kg		
Stöðvafjörður - Reykjavík		7,10 kr		7800 kg		
Djúpivogur - Reykjavík		10,10 kr		1119 kg		
Fáskrúðsfjörður - Reykjavík		16,20 kr		326 kg		
Stöðvafjörður - Reykjavík		20,24 kr		5178 kg		
Breiðdalsvík - Reykjavík		36,00 kr		1927 kg		
Djúpivogur - Reykjavík		43,62 kr		180 kg		
Egilstaðir - Seyðisfjörður		3,10 kr				
Pórshöfn - Bakkafjörður		3,10 kr		5255 kg		
Pórshöfn - Reykjavík		11,45 kr		84612 kg		
Dalvík - Reykjavík		16,46 kr		65597 kg		
Dalvík - Reykjavík		6,50 kr		62253 kg		
Pórshöfn - Akureyri		5,70 kr		22859 kg		
Stöðvafjörður - Reykjavík		39,32 kr		850 kg		

9481. Af samtímagögnum má ráða að á seinni hluta árs 2012 hafi verið rætt um að auka enn frekar samstarf Eimskips og Samskipa á landflutningamarkaði. Í tölvupósti (S)frkvstj-innanl til (S)forstj 27. september 2012 vísaði (S)frkvstj-innanl til þess að hann ætti fund með (S)rekststj-landfl2 til að fara yfir tíðni og nýtingu á Austurlandi. Í því fælist að undirbúa skerðingu eða „finna flöt á frekari samvinnu við td Flytjanda ef leyfi fengist fyrir því.“ Var þessi tölvupóstur svar við beiðni (S)forstj um að vinna þyrfti frekar að nokkrum þáttum í landflutningastarfseminni.⁴⁹²⁷ Í þeim tölvupósti (S)forstj kom t.a.m. fram að þegar komin væri mynd á þá vinnu, ættu þeir að eiga „góðan vinnufund með kollegum, kynna vinnuna, sem og komandi áætlanagerð og fá þannig fram aðgerðarlista, bæði inn í áætlanagerð, sem og horft fram á við. Við eigum að skipuleggja ferð á landið, hitta kúnna, samstarfsaðila og kollega.“ Þá er vert að minnast á að í tölvupósti (S)forstj var vísað til þess að greina ætti helstu keppinauta með tilliti

⁴⁹²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1048574.



til flota, afkomu og sérhæfingar og í því samhengi eru talin upp eftirfarandi fyrirtæki: „VM, KASK, RÁ, JM, aðrir [svo] ?“. Ekki var minnst á þörf á greiningu fyrir Eimskip.

9482. Á fundi landflutninga Eimskips 24. apríl 2012 var fjallað um samstarf við Samskip. Í fundargerð fundarins sagði: „Austurland
- Samskip er að reyna að kroppa í okkar kúna. Eru víst að bjóða verð sem eru alveg út í hött. Með þessu er þeir að hrísta aðeins upp í okkar samstarfi. Samskip yrðu í vöndum málum ef við hættum að þjónusta þá á Djúpavogi. Móðir Jörð fór yfir til Samskipa.”⁴⁹²⁸*
9483. Með því að bjóða viðskiptavinum Eimskips samkeppnishæf verð voru Samskip að „hrísta upp“ í samstarfi fyrirtækjanna í landflutningum. Að mati Samkeppniseftirlitsins er bókunin til vitnis um markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips í landflutningum á þessum tíma.
9484. Þann 13. janúar 2012 sendi (S)rekststj-landfl2 tölvupóst til (E)sölustj-innanl3 og (S)starfsm þar sem hann gerði athugasemd við reikning frá Eimskip fyrir „þessu Siglufjarðar-dæmi”.⁴⁹²⁹ Þar segir einnig eftirfarandi:
- „Það er ekki það sem talað var um, samkomulagið var slíkt að við sæjum um Dalvík og þið Siglufjörð. Ég reyndi að tala við þig fyrir jól og þú ætlaðir að tala aftur við mig milli hátíða. Vinsamlegast bakfærðu reikninginn. ps. í ofanálag er Hofsó's inni sem þið takið ekki, tímabilið frá áramótum en þetta hófst snemma seinasta vor (mars-apr).“*
9485. (E)sölustj-innanl3 áframsendi póstinn til (E)forstö-landfl1, (E)starfsm og (E)starfsm og brást (E)forstö-landfl1 við með því að spyrja hvort Eimskip væri ekki örugglega að rukka Samskip fyrir Siglufjörð daglega núna. Eimskip sé ekki að fara að gefa neinn afslátt á þessu. (E)starfsm tók undir það.⁴⁹³⁰
9486. Þann 13. mars 2012 sendi (S)rekststj-landfl2 svar við framangreindu. Sagði hann umræddan reikning ekki vera samkvæmt samkomulagi. Tímabilið sem samkomulagið hafi náð yfir væri frá áramótum 2011-2012. (S)rekststj-landfl2 kvaðst enn vera að bíða eftir samþykki á þeirri tillögu sem hann og (S)starfsm hefðu lagt til, þ.e. að Eimskip og Samskip settu upp samning varðandi „þessa hlut”.⁴⁹³¹
9487. Þann 31. maí 2012 lét (E)starfsm, starfsmaður í viðskiptaþjónustu Eimskips, fjárhagsdeild Eimskips vita af því að Samskip væru að vinna upp í umræddan reikning vegna Siglufjarðar og það væri „samkomulag við [(E)forstö-landfl1], [(E)sölustj-innanl3] og [(E)starfsm].“ Reikningurinn var hár í samanburði við aðra af svipuðu tagi eða 7,6 milljónir kr.⁴⁹³² Um miðjan júlí leitaði (E)starfsm eftir upplýsingum um hvernig Samskipum gengi að vinna upp í umræddan reikning og hver héldi utan um það. (E)starfsm kvað það ganga hægt en hann sjálfur, (E)sölustj-innanl3 og (E)starfsm héldu utan um það. Vísaði (E)starfsm til eftirfarandi: „Niðurstaðan af síðasta fundi okkar á Akureyri við Samskip var að skuldajafna. Hins vegar mun (E)sölustj-innanl3 gera nettan kredit reikning til að ná sáttum.”⁴⁹³³
9488. Í tölvupóstsamskiptum frá því í júlí 2012 sem fjalla um umræddan reikning kom fram að (E)starfsm og Samskip hefðu á fundi á Akureyri komist að þeirri niðurstöðu að skuldin yrði skuldajöfnuð. Samskip

⁴⁹²⁸ Afhent gögn frá Eimskip. Afhent 01.11.2016. „Fundargerð 24 apríl 2012“. Titill: „Fundargerð ELT-Sala - Þriðjudagsfundir“. Einn fundarmanna er [...].

⁴⁹²⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.97020.

⁴⁹³⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.97020.

⁴⁹³¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.103528.

⁴⁹³² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.115987.

⁴⁹³³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.120270.



myndu vinna fyrir Eimskip upp í umrædda skuld.⁴⁹³⁴ Í athugasemdum Samskipa við AII er staðfest að umræddur fundur hafi farið fram, sbr. mgr. 652.

9489. Þann 4. október 2012 neituðu Samskip að greiða umræddan reikning og kröfðust bakfærslu. (S)rekststj-landfl2 sendi sama dag eftirfarandi skýringar til (E)starfsm og fleiri starfsmanna Eimskips:

„Eimskip [svo] sá um fisk frá Siglufirði, Samskip sá um fisk frá Dalvík. Þegar lagt var af stað var gengið út frá svipuðu magni. Þetta var gert með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Í ljós kom að misræmi var á fluttu magni og eðlilegt þótti að menn gerðu með sér samkomulag um verð pr kg. Þessir hlutir hafa verið á hreinu frá áramótum. Það sem tilheyrir sögunni og enginn rífst um að misræmi var á fluttu magni eftir að hafði verið farið aftur yfir magnið. Sjálfsagt er að flytja það á móti sem um munar en. Það sem kom fram á fundi okkar 11. Maí sl. þar sem viðstaddir voru (E)sölustj-innanl3, (E)svæðisstj2, (E)starfsm og [(S)starfsm]⁴⁹³⁵ Dalvík. Það hefur ekki staðið á okkur að framkvæma þessa flutninga en ekki hefur enn komið ósk um það.“

9490. Samstarf Samskipa og Eimskips birtist með skýrum hætti í framangreindum tölvupósti, þ.e. hvernig Eimskip og Samskip skiptu með sér flutningsleiðum um landið. Samkvæmt framanrituðu byggir (S)rekststj-landfl2 á því að samstarf fyrirtækjanna sé til komið með hagsmuni viðskiptavina þeirra að leiðarljósi. Á þetta er ekki unnt að fallast. Með samráði sínu og skiptingu markaðsins komu Eimskip og Samskip þvert á móti í veg fyrir samkeppni á viðkomandi áætlunarleiðum, neytendum til tjóns.

9491. (E)forstö-landfl1 svaraði framangreindum tölvupósti (S)rekststj-landfl2 þann 8. október 2012. Kvað hann ómögulegt að halda utan um þessa reikninga með þeim hætti sem Samskip óskuðu, þ.e. að Samskip myndu flytja vörur fyrir Eimskip upp í skuldina. Sagði (E)forstö-landfl1 að tekjur Samskipa vegna flutninga fyrir Eimskip væru mun hærri en það sem Eimskip rukkaði Samskip almennt fyrir.⁴⁹³⁶ Í framhaldinu spurði (S)rekststj-landfl2 þá (E)forstö-landfl1 og (E)sölustj-innanl3 hvort þeir gætu ekki hist í „næstu viku“. (E)forstö-landfl1 tók vel í þá hugmynd og lagði til fund fimmtudaginn 18. október 2012. (S)rekststj-landfl2 samþykkti það og sagði einnig: „Þú kannski sýnir mér fiskihöllina í leiðinni?“. (E)forstö-landfl1 svaraði: „Flott hittumst þá.“⁴⁹³⁷

9492. Í tengslum við upphaf loðnuvertíðar átti sér stað tiltekin vinna og skipulagning á innanlandssviði Samskipa vegna gámahíinga Eimskips fyrir Samskip. Í tölvupósti sem (S)starfsm sendi (S)forstö-útfll, (S)rekststj-landfl2 o.fl. 19. febrúar 2013 var aukið samstarf við Eimskip einnig liður í þeirri skipulagningu, sbr. eftirfarandi:⁴⁹³⁸

„...hefur einhver gert samkomulag við [(E)svæðisstj1] hjá Eimskip um allar þær aukafærslur sem af hljótast? Ef svarið er „nei“ þarf að ganga í það verk ekki seinna en strax. Í fyrra varð mikið stapp út af því og ég veit fyrir vísit að ef ekki verður gengið frá því Í hvelli þá verður sett stöpp á okkur. Því vil ég biðja ykkur að ganga frá þessu asap.“

9493. (S)forstö-útfll svaraði og bað (S)forstö-millilanda eða (S)starfsm um að ganga frá þessu við (E)svæðisstj1 hjá Eimskip. (S)starfsm svaraði og kvaðst vera búinn að tala við verkstjóra og sagði að þetta yrði vonandi ekkert vandamál. (S)rekststj-landfl2 sendi eftirfarandi tölvupóst síðar sama dag:

„Það þarf einhver af millilandasviðinu að staðfesta við [(E)svæðisstj1] að við borgum hífingar á gámum. Ég hélt nú einhvern vegin að það væri klárt !

⁴⁹³⁴ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.120460.

⁴⁹³⁵ Líklega er um að ræða [...].

⁴⁹³⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.129098.

⁴⁹³⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.129147.

⁴⁹³⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1163953.



[(S)forstö-millilanda] eða [(S)forstö-útfli], getið þið græjað það?"

9494. (S)forstö-millilanda staðfesti sama kvöld að (S)starfsm hefði verið í sambandi við (E)svæðisstj1 þann dag.⁴⁹³⁹
9495. Af gögnum málsins er ljóst að töluvert var um samskipti og fundarhöld vegna framangreindra flutninga og reikninga.
9496. Í upphafi árs 2013 sendi starfsmaður í innheimtudeild Eimskipa fyrirspurn til (E)starfsm vegna framangreindra ógreiddra reikninga frá Samskipum. (E)starfsm kvað málið vera í vinnslu og sagði m.a. í tölvupósti þann 22. febrúar 2013 að hann ætti fund með (S)rekststj-landfl2 „næstkomandi miðvikudag“. Þann 21. mars s.á. upplýsti (E)starfsm að hann hefði átt fund með (S)rekststj-landfl2 í „síðustu viku“ og að það yrði annar í „næstu viku“. Í tölvupósti 8. apríl vísaði (E)starfsm enn á ný til fundar vegna umræddra reikninga sem var haldinn 5. apríl 2013 og að annan fund ætti að halda morguninn eftir, 9. apríl. (E)starfsm upplýsti síðan um þá niðurstöðu, sem væntanlega hefur verið rædd á umræddum fundum, að málið hafi verið klárað þannig að Samskip tækju ákveðinn fiskflutning fyrir Eimskip og Eimskip skuldajafnaði.⁴⁹⁴⁰
9497. Í júní 2013 sendi (E)forstö-landfl1 tölvupóst til (S)rekststj-landfl2 vegna framangreinds reiknings fyrir fiskflutninga. Að sögn (E)forstö-landfl1 gengi ekkert hjá Samskip að greiða reikninga frá Eimskip „vegna fiskflutninga á árinu 2012“ og óskaði hann eftir því að skuldajafna þessum reikningi á móti öllum reikningum sem Samskip myndu gefa út vegna innanlandsflutninga. (S)rekststj-landfl2 svaraði sama dag og sagði að það hefði verið komin lending í þessu. Það eina sem yrði skuldajafnað væri gámaakstur og Grímseyjarkurinn. Allir aðrir reikningar frá Samskipum skyldu greiddir.⁴⁹⁴¹
9498. Í kafla 18 í ákvörðun þessari er fjallað um samráð Eimskipa og Samskipa í tengslum við leigu á gámum og gámastýringu. Af gögnum málsins er jafnframt ljóst að fyrirtækin lánuðu og/eða leigðu fiskikör hvort af öðru. Þann 6. júní 2013 tilkynnti (E)starfsm starfsmanni Samskipa með tölvupósti að hann hafi lánað Samskipum 320 kör og spurði hvort hann ætti von á því að fá þau í næstu viku.⁴⁹⁴²
9499. Gögn málsins gefa til kynna að Eimskip og Samskip hafi átt í samstarfi í fiskflutningi á Vestfjörðum, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir. Þann 13. júní 2013 sendi (E)starfsm tölvupóst til starfsmanns Samskipa þar sem hann spurði eftirfarandi spurningar: „Hvað má ég rukka þig um fyrir flutning á ferskfiski frá Suðureyri til Ísafjarðar?“. ⁴⁹⁴³ Vísaði svo til þess að það hafi verið 37 kör í síðustu viku og 41 kar í dag.
9500. Í byrjun september 2013 var haldinn rekstrarstjórafundur hjá Landflutningum-Samskipum. (S)forstö-landfl1 setti saman glærुकyningu fyrir fundinn sem hann bar undir (S)forstö-innfl1.⁴⁹⁴⁴ Á einni glærunni kemur fram eftirfarandi:

- „Samstarfsaðilar
 - Efla samskipti og samvinnu við samstarfsaðila og verktaka
 - Endurskoða stöðvargjöld samstarfsaðila“

⁴⁹³⁹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1164208.

⁴⁹⁴⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1084916.

⁴⁹⁴¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.159338.

⁴⁹⁴² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁴⁹⁴³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁴⁹⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...].



9501. (S)forstö-innfl1 sendi til baka nokkrar tillögur að atriðum sem ætti að taka fyrir á fundinum. Þar á meðal tók (S)forstö-innfl1 af öll tvímæli um hvort Samskip litu á Eimskip og Flytjanda sem „samstarfsaðila“ í þessum skilningi en í ákvörðun þessari hafa víða verið rakin gögn þar sem fyrirtækin vísa til „samstarfsaðila“ sinna, þ. á m. til samskipta við slíka samstarfsaðila og hvort auka ætti slíkt samstarf.⁴⁹⁴⁵ Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 sagði m.a.:

- „Samstarfsaðilar
 - Suðurland – eigum við að skipta
 - Sunnanverðir vestfirðir – ætlum við að breyta
 - Flytjandi – hvað eru þeir að keyra fyrir okkur og við fyrir þá – hvernig gengur
 - Nesfrakt – eigum við að nota þá meira – hvað eru þeir að gera fyrir okkur og hvernig gengur
 - Fleiri...”

17.5.4. Niðurstaða

9502. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Eimskip og Samskip hafa haft með sér samráð á landflutningamarkaði. Gögnin benda til þess að samstarf fyrirtækjanna í landflutningum hafi hafist a.m.k. á árinu 2005 og að það hafi verið samfellt út rannsóknartímabilið. Samstarfið tók aftur á móti á sig alvarlegri mynd með tilkomu „Nýtt upphaf“ verkefnisins um mitt ár 2008 þegar Eimskip og Samskip lögðu á ráðin um samráð og að auka samstarf sitt í m.a. landflutningum. Ber í þessu samhengi einnig að hafa í huga eftirfarandi umfjöllun um samráð í fiskflutningum.

9503. Sem áður segir hafa Eimskip og Samskip haft mikla yfirburði á landflutningamarkaði hér landi. Við slíkar aðstæður gera samkeppnislög ríka kröfu um sjálfstæði keppinauta og banna þeim að hafa samskipti sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað.

9504. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Eimskip og Samskip hafi í raun ákveðið að sameinast um tiltekna þætti í starfsemi sinni. Í samráði Eimskips og Samskipa felst að fyrirtækin hafa sammælt um að annað fyrirtækið hætti að sinna akstri á tilteknum áætlunarleiðum og að hitt fyrirtækið flytti vörur þess í stað með því fyrirtæki sem æki umrædda leið á grundvelli umsamins verðs þeirra á milli. Eins og gefur að skilja hafði þetta í för með sér umtalsverð bein samskipti þeirra á milli.

9505. Bann 10. gr. samkeppnislaga tekur m.a. til samninga og samstilltra aðgerða sem áhrif hafa á verð eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti, takmarka eða stýra framleiðslu eða skipta mörkuðum, sbr. a-c liði 2. mgr. ákvæðisins. Öll samvinna af þessum toga er til þess fallin að draga úr samkeppni milli keppinauta þar sem hún skapar hættu á því að viðkomandi fyrirtæki fari að taka tillit hvort til annars og þar með dragi úr virkri samkeppni á viðkomandi markaði.

9506. Líkt og rakið hefur verið sýna samtímagögn samskipti og fundahöld fyrirtækjanna sem og framkvæmd samráðsins í einstökum tilvikum. Af þessum gögnum verður ráðið að fyrirtækin áttu í tíðum samskiptum um skiplagningu og framkvæmd samráðsins sem bendir til þess að það hafi tekið til hvers konar þátta starfsemi landflutninganna sem starfsmönnum hafi dottið í hug hverju sinni. Með samráði í

⁴⁹⁴⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]. Doc. ID. 0.7.33.634298.



landflutningum var líkt og í sjóflutningum stefnt að því að fyrirtækin „*hjálpust að*“. Var þetta einkennandi fyrir samráð fyrirtækjanna.

9507. Í athugasemdum Samskipa við AI og AII er því haldið fram að samstarf Samskipa og Eimskips í landflutningum hafi verið lögmætt. Samkeppniseftirlitið fellst ekki á það, sbr. umfjöllun kafla 28.

17.6. Samráð í landflutningum á fiski

9508. Í maí 2010, í tilefni af athugun Samkeppniseftirlitsins á landflutningamarkaði, upplýstu Eimskip og Samskip að þau ættu í samstarfi í m.a. fiskflutningum. Þannig er óumdeilt að Eimskip og Samskip hafi a.m.k. haft með sér eftirfarandi samstarf í fiskflutningum:

- Eimskip flytur fisk fyrir Samskip á milli:
 - Húsavíkur og Reykjavíkur
 - Siglufjarðar og Reykjavíkur
- Samskip flytja fisk fyrir Eimskip á milli:
 - Þórshafnar og Reykjavíkur
 - Dalvíkur og Reykjavíkur
- Eimskip og Samskip flytja fisk fyrir hvort annað á milli Austfjarða og Reykjavíkur.
- Eimskip og Samskip skipta með sér ferðum á sunnudögum og flytja fyrir hvort annað „kar á móti kari“ frá Vestfjörðum.

9509. Líkt og rakið hefur verið var eitt af markmiðum „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins að auka samstarf Eimskips og Samskipa á landflutningamarkaði, m.a. með því að samnýta betur flutningakerfi þeirra. Í gögnum málsins er að finna áætlanir í þessa veru, þ. á m. um að auka samstarf Eimskips og Samskipa í fiskflutningum. Má leiða að því líkum að slíkar áætlanir eigi rót sína að rekja til annars vegar „*verðstríðsins*“ sem fjallað verður um hér á eftir og hins vegar „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins frá júní 2008. Gögn málsins sýna þó að fyrirtækin hafi átt með sér samstarf í fiskflutningum fyrir árið 2008, sbr. kafla 17.4.3.

9510. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að fyrrgreint samstarf Eimskips og Samskipa hafi farið gegn 10. gr. samkeppnislaga, en fyrirtækin óskuðu ekki eftir undanþágu fyrir því samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga. Þrátt fyrir að Eimskip og Samskip hafi upplýst Samkeppniseftirlitið um tiltekið samstarf þeirra í fiskflutningum á árinu 2010 liggur nú fyrir að fyrirtækin áttu jafnframt í samstarfi sem þau upplýstu ekki um. Þannig sýna gögn málsins að Eimskip og Samskip áttu í samstarf í fiskflutningum á Vestfjörðum þar sem Eimskip og Samskip fluttu „*kar á móti kari*“ og skiptu með sér ferðum á sunnudögum. Þá liggur fyrir að fyrirtækin höfðu með sér samráð á öllum þremur „*meginleiðum*“ í fiskflutningum, þ.e. frá Suður- og Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum.

17.6.1. Mikilvægi fiskflutninga

9511. Á rannsóknartímabilinu var flutningur á fiski veigamikill þáttur af tekjum Eimskips og Samskipa af landflutningum. Á árunum 2010-2012 nam hlutfall tekna Flytjanda vegna fiskflutninga u.þ.b. 30% af



heildartekjum⁴⁹⁴⁶ á meðan hlutfall tekna Landflutninga nam u.þ.b. 10%.⁴⁹⁴⁷ Hlutfallið var mishátt eftir mánuðum og hélst í hendur við sjávarafla og hlutdeild fyrirtækjanna í flutningunum. Auk fiskflutninga frá landsbyggðinni til Reykjavíkur sinntu Eimskip og Lífæð, sem var fiskdreifingarfyrirtæki Samskipa, fiskdreifingu frá fiskmörkuðum til kaupenda á SV-horni landsins.

9512. Flutningar með fisk voru einnig mikilvægir báðum félögum til að tryggja jafnvægi á fluttu magni í ferðum til og frá höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Miklu máli skipti fyrir fyrirtækin að fá flutninga í akstri frá landsbyggðinni til Reykjavíkur, á móti hvers konar vöru sem flutt var með bílunum hina leiðina, þ.e. frá Reykjavík til landsbyggðarinnar. Í skjali frá Samskipum er haft eftir **(S)forstö-innfl1** að „[þ]essir flutningar [séu] grunnurinn í öllum flutningum til Reykjavíkur. Ísland er neyslubjóðfélag og við erum að flytja héðan innflutningsvöru út á land. Til baka flytjum við fyrst og fremst ferskan fisk, frosinn fisk, saltfisk eða skreidd.“⁴⁹⁴⁸ Í glærukynningu **(E)rekstj-aksturst** 11. mars 2008 var mikilvægi fiskflutninga áréttað hvað þetta varðar, en þar segir m.a. að fiskflutningar frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins séu forsenda viðunandi nýtingar á áætlunarkerfi Eimskips.⁴⁹⁴⁹ Jafnframt segir að markmið Eimskips sé ekki að ná í sem flesta fiskkaupendur, heldur að jafna flæðið í flutningakerfinu og auka nýtingu á akstursleiðum. Þá segir að „gríðarleg samkeppni“ sé um fiskflutninga þar sem „lítið annað [sé] í boði varðandi flutninga frá landsbyggðinni“.

9513. Þjónustu Eimskips tengdri fiskflutningum er lýst á eftirfarandi hátt af **(E)forstö-landfl1** 15. febrúar 2010:

„Fiskflutningar – landsbyggð


Eimskip Flytjandi býður upp daglegar áætlanaferðir til og frá um 80 áfangastöðum á landinu. Við höfum byggt upp öflugt flutningakerfi og samræmda þjónustu um allt land í flutningum á ferskum fiski. Eimskip/Flytjandi rekur öflugt flutningakerfi og þjónustunet í fiskflutningum ásamt dreifingu á SV landi. Góð þjónusta og áreiðanlegt dreifingakerfi tryggir að ferskur fiskur af fiskmörkuðum eða beinum löndunum komist til skila á réttum tíma í réttu ástandi.

⁴⁹⁴⁶ Í mánaðarskýrslu Eimskips innanlands fyrir mars 2010 segir t.a.m. að 29% tekna Eimskips innanlands sé tilkomið vegna fiskflutninga. Í mánaðarskýrslu Eimskips innanlands fyrir maí 2010 var sama hlutfall 31%. Í mánaðarskýrslu fyrir maí 2011 var hlutfallið 23% og í mánaðarskýrslu fyrir mars 2012 var hlutfallið 36%. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.101831. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.16818. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.107230. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.137577.

⁴⁹⁴⁷ Í markaðsskýrslu Landflutninga-Samskipa frá árinu 2010 segir að vægi fiskflutninga á árinu hafi verið um 10%. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Heimasvæði [...]. „LAND_Markaðsskýrsla 2011A.pdf“, síðast vistað 23.09.2010, kl. 14:48. Doc. ID. 0.7.33.23798.

⁴⁹⁴⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...].

⁴⁹⁴⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.168704.



Í meginatriðum þá rekur Eimskip Flytjandi þrjár „meginleiðir“ í fiskflutningum þ.e. vesturleið, norðurleið og austurleið. Allur fiskur sem er seldur á fiskmörkuðum á tilgreindum leiðum á landinu og er tilbúin til afgreiðslu fyrir kl. 17.00 á daginn er kominn í vinnslu fyrir kl. 08:00 um morgunin á áætlanaleiðum Eimskips Flytjanda á SV horninu.

Vörudreifing og Fiskdreifing á SV landinu

Ferkur fiskur sem er keyptur á landsbyggðinni er ekið á fiskmarkaðinn í Hafnarfirði þar sem honum er dreift til viðskiptavina og er kominn í hús hjá þeim áður en vinnsla hefst morgunin eftir. Eimskip Flytjandi sér einnig um dreifingu á ferskum fiski sem keyptur er af fiskmörkuðum á SV landi og dreifingu innan svæðisins ásamt almennri dreifingu á aðföngum og annari vörudreifingu innan SV lands þ.e. á milli Höfuðborgarsvæðisins og Árborgar, Suðurnesja og Akraness.

Almenn dreifing á fiski sem keyptur er á fiskmörkuðum og beinum löndunum á suðvestursvæðinu hefst kl: 04:00 og almenn vörudreifing er til kl: 17:00 á daginn.⁴⁹⁵⁰

9514. Samkvæmt þessu var flutningskeðja sjávarafla sem landað var á Íslandi almennt í þá veru að afli var fluttur frá fiskmörkuðum á landsbyggðinni til fiskmarkaðarins í Hafnarfirði. Þegar fjallað er um „fiskflutninga“ í neðangreindri umfjöllun er átt við þennan hluta flutningskeðjunnar, sbr. umfjöllun Eimskips að ofan um „þrjár meginleiðir“ í fiskflutningum.
9515. Frá fiskmarkaðnum í Hafnarfirði var fiski dreift til kaupenda á SV-horni landsins til frekari vinnslu, sölu eða beint til útflutnings. Gögn málsins sýna að markaðssvæði fiskdreifingar sé höfuðborgarsvæðið, Suðurnes (þ. á m. Keflavíkurflugvöllur) og Þorlákshöfn.⁴⁹⁵¹ Þegar fjallað er um „fiskdreifingu“ í neðangreindri umfjöllun er átt við þennan hluta flutningskeðjunnar.
9516. Í markaðsskýrslu Samskipa fyrir árið 2011, sem unnin var í september 2010, áætluðu Samskip eftirfarandi skiptingu hlutdeildar í fiskflutningum á milli Samskipa og Eimskips:⁴⁹⁵²

⁴⁹⁵⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.95931.

⁴⁹⁵¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.8801.

⁴⁹⁵² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.23798.



Atvinnugrein	Landflutningar	Flytjandi		Ath.
Ferskur fiskur á markaði	60%	40%		
Bein viðskipti í ferskum	Grandi	Samherji		
		Brim		
Frosinn fiskur	Iceland Seafood	Samherji/Brim		
Matvörumarkaðurinn	Kaupás	Bónus		Samkaup og Kaupás hafa trúlega stærri hlutdeild á landsbyggðinni
	Samkaup			
Heildsölur / Catering	ÍSAM	Ölgerðin		Framleiðsla ÍSAM á Akureyri
	Garri	Natan / Ekran		
	O.J. Kaaber	Innnes		Innnes stærri en Kaaber
Grænmeti	Búr	Bananar		
		Mata		
Gosdrykkir	Vífilfell	Ölgerðin		Framleiðsla Vífilfells á Akureyri
Sælgæti	Nói Sírius	Góa		
Kjötframleiðendur	Norðlenska	Sild og fiskur		Gæti verið 50/50 í aðkeyptum flutningi
		SS		Landfl. að höfuðborgarsv. - Flytjandi frá höfuðb.
		Matfugl		
Byggingavara	Húsasmiðjan	Byko		Húsasmiðjan hefur stærra sölunet út á landi
Olíufélög	N1	Skeljungur		Landflutningar hafa um 70 - 80% af flutningum N1 og Olís. Þeir eru stærstir út landi
	Olís			
Annað	ÁTVR	IKEA		
	Prómens			

9517. Samkvæmt þessu voru Samskip með 60% hlutdeild og Eimskip með 40%. Á árinu 2011 áætluðu Samskip (Lífæð) að fyrirtækið væri með u.þ.b. 50% markaðshlutdeild í fiskdreifingu til móts við u.þ.b. 50% markaðshlutdeild Eimskips.⁴⁹⁵³

17.6.2. Verðstríð og samkeppni í fiskflutningum áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst

9518. Af innanhúsgögnum Eimskips má ráða að samkeppni í fiskflutningum hafi verið virkari á milli Eimskips og Samskipa áður en þau byrjuðu á „Nýtt upphaf“ verkefninu um mitt ár 2008. Í glærुकynningu frá (E)rekstj-aksturst í mars 2008 sagði m.a. að „gríðarleg samkeppni“ væri um fiskflutninga⁴⁹⁵⁴ og að vegna mikillar samkeppni væru verð „alltof lág“ og í sögulegu lágmarki á þessu tímamarki. Var m.a. fjallað um mikla áherslu á sókn í nýja viðskiptavini á þessum markaði, með góðum árangri.

9519. Í umræddri kynningu er jafnframt að finna yfirlit yfir viðskiptavini sem (E)sölustj-fiskfl, þáverandi sölustjóri fiskflutninga hjá Eimskip, hafði aflað frá nóvember 2007 til fundardags. Ljóst er af yfirlitinu að (E)sölustj-fiskfl hafði aflað margra nýrra viðskiptavina á tímabilinu. Þá kemur fram að „ný viðskipti sem þegar hafa náðst frá nóvember skila Eimskip um 70m tekjum með verulega góðri framlegð miðað við núverandi stöðu [...]“.

9520. Að mati Samkeppniseftirlitsins sýnir þessi umfjöllun (E)rekstj-aksturst fram á mikilvægi fiskflutninga fyrir bæði Eimskip og Samskip, með tilliti til aukinna tekna, nýtingar flutningabifreiða og jafnvægis í flutningakerfum fyrirtækjanna. Að mati Samkeppniseftirlitsins sýnir umfjöllun kynningarinnar einnig að á þessu tímamarki hafi samkeppni ríkt um flutninga með fisk.

9521. Innanhúsgögn frá Samskipum benda til hins sama:

- Í umfjöllun í glærुकynningu (S)frkvstj-innanl um áætlun Samskipa árið 2008 í landflutningum, frá nóvember 2007, var gert ráð fyrir „ca 20%“ verðlækkunum „vegna aukinnar samkeppni“. ⁴⁹⁵⁵

⁴⁹⁵³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.8801.

⁴⁹⁵⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.168704.

⁴⁹⁵⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.8666.



- Í glærukynningu **(S)frkvstj-innanl** frá mars 2011 er vísað til þess að árið 2008 hafi Eimskip lækkað verð á fiskdreifingu um 40%, í kjölfar þess að lykilstarfsmaður hjá fiskdreifingu Samskipa hafi hætt störfum og ráðið sig til starfa hjá Eimskip.⁴⁹⁵⁶
- Í minnisblaði **(S)frkvstj-innanl** frá 16. apríl 2008 segir t.a.m. að **(S)frkvstj-innanl** væri „bjartsýnn með framhaldið í almennum landflutningi“ vegna hækkandi verða, „nema þegar kemur að ferska en þar erum við hreinlega í verðstríði við keppinautinn“.⁴⁹⁵⁷
- **(S)frkvstj-innanl** vísaði einnig síðar til þessa tímabils sem „verðstríðs“, sbr. tölvupóst hans til **(S)forstj** 15. maí 2012. Þar sagði að Samskip hafi „fest“ verð sín í „ferska“, en með „ferska“ var átt við ferskan fisk, vegna þess að „samkeppnin byrjadi að bjóða það þegar „stríðid“ í ferska var sem hæst“.⁴⁹⁵⁸ Verður að telja að **(S)frkvstj-innanl** hafi verið að vísa til þess þegar samkeppni ríkti í fiskflutningum á milli fyrirtækjanna mánuðina áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst.

9522. Samkvæmt framansögðu ríkti samkeppni, jafnvel verðstríð, á milli Eimskips og Samskipa í a.m.k. fiskflutningum fram á mitt ár 2008, þegar „Nýtt upphaf“ verkefnið komst á.

17.6.3. Aukið samstarf í fiskflutningum og verðhækkanir

9523. Hér að framan hefur verið varpað ljósi á samkeppni í fiskflutningum fyrir tíma „Nýtt upphaf“ verkefnisins en líkt og þar kemur fram var á tímabilinu „gríðarleg samkeppni“ og „verðstríð“.

9524. Með tilkomu „Nýtt upphaf“ verkefnisins um mitt árið 2008 var lagt á ráðin um aukið samstarf á milli Eimskips og Samskipa í landflutningum. Tók þá við tímabil þar sem fyrirtækin hækkuðu eða lögðu á ný gjöld á viðskiptavinum sína í landflutningum. Birtist það m.a. í hækkun á almennum gjaldskráum fyrirtækjanna auk hækkunar á einstökum samningum. Sama ástand ríkti í flutningum með fisk.

9525. Rétt er að nefna að gjaldskrár vegna fiskflutninga hjá Eimskip og Samskipum voru aðrar en í almennum vöruflutningum innanlands. M.ö.o. giltu almennar verðskrár fyrirtækjanna í landflutningum ekki um flutninga með ferskan fisk. Verðlagning fiskflutninga tók því ekki breytingum á sama hátt og verðlagning á innanlandsflutningum almennt.

9526. Í bréfum Samkeppniseftirlitsins til Eimskips og Samskipa, dags. 19. maí 2010, í tengslum við athugun eftirlitsins á landflutningamarkaði, var m.a. óskað eftir afriti af verðskráum fyrirtækjanna í landflutningum frá árinu 2004 til loka árs 2009, auk lista yfir allar almennar skilmálabreytingar á tímabilinu og upplýsingar um hvenær þær breytingar hefðu verið tilkynntar og hvenær þær hefðu tekið gildi. Hvorugt fyrirtækið upplýsti sérstaklega í svörum sínum um verðlagningu á ferskfiskflutningum og um skilmálabreytingar á tímabilinu.

9527. Frekari rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur nú leitt í ljós miklar verðhækkanir Eimskips og Samskipa í fiskflutningum á rannsóknartímabilinu. Í því sambandi hefur minnisblað **(E)rekstj-aksturst** frá 14. desember 2009 þýðingu. Í minnisblaðinu, sem varðar atvik sem tengjast útboði Norðlenska árið 2009 og gerð eru frekari skil í kafla 14.8., er m.a. fjallað um ókosti þess ef Eimskip ynni útboðið um flutninga fyrir Norðlenska, sem var á þeim tímavarki einn stærsti viðskiptavinur Samskipa í landflutningum. Segir að afleiðingar þess gætu orðið eftirfarandi:

⁴⁹⁵⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.8801.

⁴⁹⁵⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.9033.

⁴⁹⁵⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1006396.



„Verðsamkeppni getur hafist á ný með ófyrirsjáanlegum afleiðingum t.d. eru fyrirhugaðar [svo] hækkningar í fiskflutningum upp á 10% í hættu“.⁴⁹⁵⁹

9528. Verður nú gerð grein fyrir verðhækkunum Eimskips og Samskipa í fiskflutningum á rannsóknartímabilinu.

9529. Á seinni hluta ársins 2008 hækkaði Eimskip verð fyrir fiskflutninga innanlands um 30%. Þetta má sjá á glærakynningum (E)rekstj-aksturst frá 10. og 17. október 2008.⁴⁹⁶⁰ Í seinni kynningunni segir að „ígildi olíuálags“ hafi verið bætt við flutningsverð á ferskum fiski frá því í september 2008. Það hafi hækkað flutningsverð um 30% eins og áður segir.⁴⁹⁶¹ Í skjali sem vistað var á heimasvæði (E)rekstj-aksturst 2. júlí 2008, og ætla má að hafi verið til undirbúnings á þessum verðhækkunum, má sjá verðhækkningar Eimskips á einstökum leiðum eftir að „ígildi olíuálags“ var bætt við verð:⁴⁹⁶²

Áfangastaður	Eimskip					Samskip				Kostnaður			Tekjur	Framlegð	
	Tonnaverð gjaldskrá	Fiskverð	Olíuálag	Fiskverð	Hækkun %	Fiskverð	Mismunur			Km fjöldi	Kostnaður á km	Samtals báðar leiðir	17 tonn í ferð		
	án vsk	mírnih. og þj.	10,68%	með olíuálagi		Raunátal g olíu	Reiknað álag- raun	Með 20% afslætti á olíugjald	Hækkun í %						
Reykjanesbær, Grindavík, Sandgerði, Garður	8,093	2.500	864	3.364	35%	3.000	2.900	16%	3.191	28%	50	220	22.000	57.193	62%
Akranes	8,617	2.500	920	3.420	37%	3.000	2.900	18%	3.236	29%	50	220	22.000	58.145	62%
Grundarfjörður, Snæfellsbær, Stykkishólmur	13,391		1.430			0									
Patreksfjörður, Tálknafjörður, Bildudalur	26,948		2.878			0									
Ísafjarðarbær	31,185	9.750	3.331	13.081	34%	11.700	11.310	16%	12.414	27%	515	220	226.600	166.269	-36%
Bolungavík, Súðavík, Suðureyri, Flateyri, Þingeyri	32,901	9.750	3.514	13.264	36%	11.700	11.310	17%	12.561	29%	530	220	233.200	169.384	-38%
Hólmavík, Drangnes	16,619	8.750	1.775	10.525	20%	10.500	10.150	4%	10.170	16%	274	220	120.560	122.823	2%
Blönduós, Skagaströnd	15,333	7.750	1.638	9.388	21%	9.300	8.990	4%	9.060	17%	267	220	117.480	103.489	-14%
Sauðárkrúkur	17,792	7.750	1.900	9.650	25%	9.300	8.990	7%	9.270	20%	320	220	140.800	107.954	-30%
Siglufjörður, Hofsvós	22,578	10.750	2.411	13.161	22%	12.900	12.470	6%	12.679	18%	420	220	184.800	167.643	-10%
Akureyri, Grenivík, Dalvík, Ólafsfjörður	24,706	7.750	2.639	10.389	34%	9.300	8.990	16%	9.861	27%	420	220	184.800	120.507	-53%
Húsvík	28,722	11.750	3.067	14.817	26%	14.100	13.630	9%	14.204	21%	500	220	220.000	195.797	-12%
Kópasker / Mývatn	33,094	13.750	3.534	17.284	26%	16.500	15.950	8%	16.578	21%	579	220	254.760	237.736	-7%
Þórshöfn	37,670	13.750	4.023	17.773	29%	16.500	15.950	11%	16.969	23%	629	220	276.760	246.043	-12%
Raufarhöfn	33,043	13.750	3.529	17.279	26%	16.500	15.950	8%	16.573	21%	634	220	278.960	237.643	-17%
Bakkafjörður, Vopnafjörður	39,511	13.750	4.220	17.970	31%	16.500	15.950	13%	17.126	25%	622	220	273.680	249.386	-10%
Egilsstaðir, Neskaupstaður, Seyðisfjörður, Reyðarfjörður	34,531	9.750	3.688	13.438	38%	11.700	11.310	19%	12.700	30%	700	220	308.000	172.345	-79%
Eskifjörður, Breiðdalsvík, Stöðvarfjörður, Fáskrúðsfjörður	34,531	9.750	3.688	13.438	38%	11.700	11.310	19%	12.700	30%	700	220	308.000	172.345	-79%
Djúpvogur	27,749	9.750	2.964	12.714	30%	11.700	11.310	12%	12.121	24%	553	220	243.320	160.030	-52%
Höfn, Fagurhólsmýri	25,137	8.750	2.685	11.435	31%	10.500	10.150	13%	10.898	25%	457	220	201.080	138.288	-45%
Árborg, Selfoss, Hveragerði, Þorlákshöfn	8,093	2.500	864	3.364	35%	3.000	2.900	16%	3.191	28%	50	220	22.000	57.193	62%
Vestmannaeyjar	17,393	7.300	1.858	9.158	25%	8.760	8.468	8%	8.786	20%	160	220	70.400	99.579	29%

9530. Samkvæmt yfirlitinu námu verðhækkningar á einstökum leiðum á bilinu 20-38%. Að meðaltali hækkaði verð um 30%. Á svipuðum tíma náði Eimskip fram miklum verðhækkunum í samningum við stærstu einstöku viðskiptavinina sína í fiskflutningum. Í svörum Eimskips við upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins, dags. 19. maí 2010, í tengslum við athugun eftirlitsins á landflutningamarkaði árið 2010, var sýnt yfirlit yfir verðþróun á samningum stærstu viðskiptavina Eimskips í landflutningum.

9531. Um þróun samnings Eimskips og Samherja hf. segir í framangreindum svörum Eimskips að fyrirtækið hafi gert samning við Samherja í febrúar 2005 sem hafi tekið almennum gjaldskrárhækkunum. Sá samningur hafi verið endurskoðaður 2006 á „föstum verðum“ en Samkeppniseftirlitið gerir ráð fyrir að með því sé átt við að verð hafi verið fest, þ.e. þau ekki tekið almennum gjaldskrárhækkunum. Loks hafi

⁴⁹⁵⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.10869.

⁴⁹⁶⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.152402.

⁴⁹⁶¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.148970.

⁴⁹⁶² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.164542.



nýr samningur verið gerður árið 2009 sem hafi falið í sér að meðaltali 37% verðhækkun, sem hafi verið bundin hækkun vísitölu.

9532. Um þróun samnings Eimskips og Brims hf. segir í svörum Eimskips að fyrirtækið hafi gert samning í desember 2004 með föstu verði fyrir fiskflutninga sem hafi verið endurnýjaður árið 2005. Í desember 2008 hafi nýr samningur verið gerður sem hafi falið í sér 50% meðaltals verðhækkun fyrir fiskflutning. Um þróun samnings Eimskips við Vísi hf. segir að verð hafi hækkað 1. janúar 2008 um 25%.
9533. Til viðbótar við þessi þrjú fyrirtæki voru sjö önnur á sama lista yfir 30 stærstu viðskiptavinum Eimskips í landflutningum árin 2005-2008. Í svörum Eimskips er varða flest þeirra kemur fram að samið hafi verið um „föst verð“ fyrir fiskflutninga, en ekki er gerð grein fyrir nákvæmri verðþróun samninganna á tímabilinu.⁴⁹⁶³
9534. Í lok árs 2008 gerðu Samskip ráð fyrir 15-20% verðhækkun á fiskflutningum innanlands. Kemur þetta fram í skýrslu sem (S)forstö-landfl sendi til (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-fjárm og (S)frkvstj-innanl 11. nóvember 2008, en þar segir að „Miðað er við að fiskflutningar verði sambærilegir á milli ára en verð hækki nokkuð, almennt á bilinu 15-20%.“⁴⁹⁶⁴
9535. Að mati Samkeppniseftirlitsins sýnir framangreint breytt samkeppnislegt ástand í fiskflutningum á árinu 2008 eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst. Í stað „verðstríðs“ eða „gríðarlegrar samkeppni“ náðu Eimskip og Samskip fram mikilli verðhækkun. Ber að virða þetta í samhengi við samskipti Eimskips og Samskipa og vinnu við „Nýtt upphaf“ verkefnið frá júní 2008 og út árið 2008, sbr. umfjöllun í köflum 7-9.
9536. Í nóvember 2009 hafði (E)rekstj-aksturst „Reiknað [...] með“ 8% heildarhækkun á fiskflutningum, bæði í landsbyggðarakstri og í fiskdreifingu.⁴⁹⁶⁵ Þessi fyrirhugaða verðhækkun varð að endingu að 11% hækkun í byrjun janúar 2010.⁴⁹⁶⁶ Í fundargerð söludeildar Flytjanda var haft eftir (E)sölustj-fiskfl að hækkunin hefði „runnið merkilega vel í gegn“. Þá segir í fundargerðinni að gengið hefði verið frá hækkunum gagnvart stærstu viðskiptavinum Flytjanda; Samherja, Brimi, Vísi og G.P.G. Hækkunar hafi verið á bilinu 7,8-12%.⁴⁹⁶⁷
9537. Samskip hækkuðu verð á fiskflutningum í ársbyrjun 2010. Tók hækkunin gildi í febrúar 2010 og var að jafnaði um 10%. Því næst hækkaði verð vegna fiskflutninga hjá Samskipum um 4,5% um áramótin 2010/2011.⁴⁹⁶⁸
9538. Eimskip hækkaði ekki verð á fiskflutningum árið 2011. Í markaðsskýrslu Landflutninga fyrir árið 2012, sem unnin var í september 2011, kemur fram að „Helsti samkeppnisaðilinn“ hafi farið á markaðinn í byrjun árs 2011 og boðið föst verð til tólf mánaða. Því megi gera ráð fyrir að „fyrstu mögulegu hækkunar verði í feb/mars 2012“. Hér skal tekið fram að í ársbyrjun 2011 hætti (E)sölustj-fiskfl, sölustjóri fiskflutninga hjá Flytjanda, störfum hjá Eimskip og stofnaði Bratthól flutningsmiðlun.
9539. Ljóst er að innkoma Bratthóls gerði Eimskip og Samskipum erfitt fyrir að hækka verð á árinu 2011, sbr. kafla 17.6.5 hér á eftir.

⁴⁹⁶³ Afhent gögn frá Eimskip. Afhent 19.05.2010. Fylgiskjal nr. 8.

⁴⁹⁶⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.529831.

⁴⁹⁶⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.165999.

⁴⁹⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.11063.

⁴⁹⁶⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.95500.

⁴⁹⁶⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.23798.



9540. Í mánaðarskýrslu Flytjanda fyrir febrúar 2012 segir að unnið hafi verið að því að hækka verð fyrir fiskflutninga um 11% og að verð á ferskfiskflutningum myndi hækka um 11% frá 1. mars s.á.⁴⁹⁶⁹ Í glærुकynningu (E)forstö-landfl1 frá júní 2012 segir að verðhækkunir hafi náðst inn í endurnýjaða samninga um flutning á ferskum fiski og að samningarnir væru verðtryggðir.⁴⁹⁷⁰
9541. Í markaðsskýrslu Landflutninga fyrir árið 2012, sem unnin var í september 2011, kemur fram að á árinu 2012 væri gert fyrir 7% verðhækkun á flutningum á fiski, sem myndi „skila um 6% tekjuaukningu á milli ára“.⁴⁹⁷¹
9542. Í markaðsskýrslu Landflutninga fyrir árið 2013, sem unnin var í september árið 2012, kemur fram að á árinu 2013 væri gert ráð fyrir 5% verðhækkun á flutningum á fiski gagnvart öðrum en fjórum stærstu viðskiptavinum vegna ferskfiskflutninga, sem taki verðbreytingum í samræmi við vísitölu á fjögurra mánaða fresti.⁴⁹⁷²
9543. Í glærुकynningu (E)forstö-landfl1 frá júní 2013 kemur fram að Eimskip hafi hækkað verð á fiskflutningum um 7% gagnvart hluta kaupenda í apríl 2013.⁴⁹⁷³
9544. Til viðbótar við ofangreint lögðu Eimskip og Samskip svokallað karagjald á viðskiptavinum sína á sama tímabili, sbr. umfjöllun um atvik tengd því og samráð í kafla 8.16.4. og 14.54.

17.6.4. Miðlun á viðkvæmum upplýsingum

9545. Víða í gögnum málsins má sjá þess dæmi að samskipti og samstarf Eimskips og Samskipa hafi verið til þess fallið að hafa alvarlega röskun á samkeppni í för með sér, t.a.m. í fiskflutningum. Á grundvelli samstarfsins hafa fyrirtækin t.a.m. haft aðgang að eða getað nálgast viðskiptatengdar upplýsingar sem gátu haft umtalsverða samkeppnislega þýðingu.
9546. Dæmi um þetta má sjá í tölvupósti sem (E)sölustj-fiskfl sendi (E)forstö-útfl þann 4. febrúar 2010.⁴⁹⁷⁴ Meðfylgjandi var viðhengi en í tölvupóstinum sagði: „Er þetta ekki eitthvað sem þið getið notfært ykkur. Þetta er það sem þessir aðilar versluðu á fiskmörkuðum 2009“. Í viðhenginu var listi af viðskiptavinum Samskipa annars vegar og Eimskips hins vegar og upplýsingar um flutt magn hvers viðskiptavinar í kílóum. Eftirfarandi er skjáskot af hluta listans:

⁴⁹⁶⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.137301.

⁴⁹⁷⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.933715.

⁴⁹⁷¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.908857.

⁴⁹⁷² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1048321.

⁴⁹⁷³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.20865.

⁴⁹⁷⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.174168.



			Samskip	
EIMSKIP-KAUPENDUR:			magn 2009	
no.	nafn.	kg	Fylgiskipar	kg
1.	K&G, ehf.	1.415.257	HB GRANDI HF - REYKJAVÍK	3.642.979
2.	Stjómufiskur	108.142	C TRADE EHF	30.317
4.	Ó.S.Fiskverkun, ehf.	89.515	FISKVINNSLAN ÚTVÍK EHF	788.628
5.	Fylgiskipar, ehf.		ÍSFIKUR EHF	2.335.862
6.	Stakkavík, ehf.	1.604.951	HAFGÆÐI SF	3.321.765
9.	Fiskval, ehf.	709.784	SÆSTEINN EHF	37.358
11.	Nordc Sea, ehf.	609.891	HB GRANDI HF - AKRANESI	636.671
12.	Einhamar Seafood, ehf.	1.548.729	SÆBÆR EHF	57.519
14.	Whitelink Seafood Ltd.	3.219.573	FISKAUP	1.087.631
19.	Iceland Fresh Seafood, ehf.		ICEMAR EHF	581
20.	Iceexport, ehf.	305.007	RAMMI HF	72.552
31.	A-Fiskverkun, ehf.		HAFÍÐ-FISKIPRINSINN EHF	205.199
32.	Þróttur, ehf.	1.287.658	FERSKFISKUR EHF	14.260
33.	Fiskbúðin Vík, ehf.	5.342	AFA FISKUR EHF	649.355
34.	Þorsteinn, ehf.	838.846	HAMRAFELL	3.615.532
36.	Nesfiskur, ehf.	3.208.993	HAPPI EHF	133.570
39.	Verslunarfélagið Ábót.		FROSTFISKUR H.F.	8.143.373
41.	Pétursey, ehf.	109.277	HAFNARNES VER HF. - [REDACTED]	292.227
42.	Stokkhyllur, ehf.	1.107.505	GALLERY FISKUR	52.926
50.	Artic-Fiskur, ehf.	202.722	G. AND J. JACK LTD	39.836
59.	I.D. Fiskur, ehf.	364.202	SELHÓFÐI EHF	1.556.093
65.	Ný-Fiskur, ehf.	4.842.912	ADALBJÖRG SF	264.384
66.	Þorbjörn, hf.	12.068	J.B.G. FISKVERKUN EHF	385.930
68.	Von, ehf.		[REDACTED]	2.730
76.	Marland, ehf.	250.579	HRAÐFRYSTIÐHÚSIÐ - GUNNVÖR HF	
80.	Atlastaóðafiskur.	3.392	FISKBÚÐIN LÆKJARGÖTU	9.908
83.	H.Pétursson, ehf.	2.671.903	HRAÐFRYSTIÐHÚSIÐ - GUNNVÖR HF	533.583
94.	Fiskv. Péturs og Óla.		SÆGÆÐI EHF	137.059
98.	Fiskbúðin Sundlaugarvegi, sf.	45.600	FISKVERKUN ANTONS PROPPÉ	29.702
103.	Atlandshumar, ehf.	344.233	KLOFNINGUR EHF	31.861
104.	Auðbjörg, hf.	125.975	ÍSVER EHF.	989.654
108.	Sæfold, ehf.		HAFDAL HF	104.166
109.	Ocean Direct, ehf.		FLUGFISKUR HF	491.687
110.	Vignir G. Jónsson, hf.	319.266	FISKVERKUNIN BJÖRG EHF	495.181

9547. (E)forstö-sölud svaraði daginn eftir og virðist þá hafa unnið við listann. Hann sagði að það þyrfti að flokka þetta betur og að því loknu færi Eimskip í markmiðssetningu.⁴⁹⁷⁵ Samkvæmt þessu hafði sölustjóri fiskflutninga hjá Eimskip yfir að ráða nákvæmri sundurlíðun á magni af fiski sem Samskip fluttu fyrir sína viðskiptavinum. Að sögn Samskipa bárust umræddar upplýsingar frá Fiskmarkaði Suðurnesja, sem hafi haldið utan um flutt magn frá fiskmarkaðnum og innheimt yfir flutninginn, sbr. mgr. 706-707 í athugasemdum Samskipa við AII. Með vísan til þess að um var að ræða upplýsingar um viðskiptavinum keppinautar Eimskips og nákvæmar upplýsingar um flutt magn er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að um viðkvæmar viðskiptatengdar upplýsingar hafi verið að ræða.

9548. Líkt og áður hefur komið fram áttu sér stað umtalsverð samskipti á milli fyrirtækjanna vegna fyrirkomulags samstarfs þeirra í landflutningum, þ. á m. vegna fiskflutninga, s.s. vegna greiðslu reikninga, flutningsmagns o.fl. Í tölvupósti (S)rekststj-landfl2 frá október 2010 til starfsmanna í fjárreiðudeildum Eimskips og Samskipa, (E)sölustj-innan13 o.fl., í tengslum við samskipti um ógreidda reikninga er samstarf fyrirtækjanna í fiskflutningum sett fram á eftirfarandi einfaldan máta:⁴⁹⁷⁶

„Til að setja málið [svo] rétt samhengi.

Eimskip [svo] sá um fisk frá Siglufirði, Samskip sá um fisk frá Dalvík. Þegar lagt var af stað var gengið út frá svipuðu magni. Þetta var gert með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi.

⁴⁹⁷⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.95763.

⁴⁹⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.128856.



Í ljós kom að misræmi var á fluttu magni og eðlilegt þótti að menn gerðu með sér samkomulag um verð pr kg.

Þessir hlutir hafa verið á hreinu frá áramótum. Það sem tilheyrir sögunni og enginn rífst um að misræmi var á fluttu magni eftir að hafði verið farið aftur yfir magnið. Sjálfsagt er að flytja það á móti sem um munar en . Það kom fram á fundi okkar 11. Maí sl. þar sem viðstaddir voru (E)sölustj-innan13, (E)svæðisstj2, [(E)starfsm] og [(S)starfsm]⁴⁹⁷⁷ Dalvík.

Það hefur ekki staðið á okkur að framkvæma þessa flutninga en ekki hefur enn komið ósk um það.“

9549. Í tölvupósti sem (E)sölustj-innan13 sendi (S)rekststj-landfl2 í desember 2011, ásamt afriti til (E)forstö-landfl1 og (E)starfsm, kom fram að hann hefði yfirfarið fiskflutninga frá mörkuðum á Siglufirði og Dalvík og að niðurstaða hans væri sett fram í meðfylgjandi skjali.⁴⁹⁷⁸ Umrætt skjal var nefnt „Flutningslisti“ og innihélt upplýsingar fyrir allt árið 2011. Í tölvupóstinum sagði: „Skoðuðu þetta og vertu í sambandi ef þú hefur athugasemdir.“ Eftirfarandi er skjáskot af hluta listans og gefur mynd af þeim upplýsingum sem þar koma fram en um er að ræða sjö blaðsíður af samsvarandi upplýsingum um viðskiptavinum Samskips og Eimskips:

Samskips Fiskkaupendur frá Siglufirði Flutningslisti frá 01.01.2011 - 14.12.2010				Eimskips Fiskaupendur frá Dalvík			
800007, HB GRANDI HF - REYKJAVÍK				800001, K & G EHF.			
Kaupandi				Kaupandi			
	Einingar	Nettó			Einingar	Nettó	
HOFÓS, ..	40	7,852		AKUREYRI, HÚS FMD	1	269	
SIGLUFJÖRÐUR, HÖFN	67	5,762		DALVÍK, HÖFN	17	3,520	
Siglufjörður, í húsi	154	12,935		GRÍMSEY, HÖFN	2	594	
ÓLFJÖRÐUR, HÖFN	12	0		Einingafjöldi 800001, K & G EHF.	20	4,383	
Einingafjöldi 800007, HB GRANDI HF - REYKJAVÍK	273	26,549		800002, STJÖRNUFISKUR			
800012, EINHAMAR SEAFOOD EHF 01.02				Kaupandi			
Kaupandi				Kaupandi			
	Einingar	Nettó			Einingar	Nettó	
HOFÓS, ..	69	12,588		AKUREYRI, HÚS FMD	6	384	
SIGLUFJÖRÐUR, HÖFN	216	51,097		DALVÍK, HÖFN	3	148	
Siglufjörður, í húsi	112	13,053		Einingafjöldi 800002, STJÖRNUFISKUR	9	532	
Árskógssandur, Höfn	49	0		800004, Ó. S. FISKVERKUN EHF			
ÓLFJÖRÐUR, HÖFN	12	0		Kaupandi			
Einingafjöldi 800012, EINHAMAR SEAFOOD EHF	458	76,738			Einingar	Nettó	
800022, FISKVINNSLAN ÚTVÍK EHF				DALVÍK, HÖFN	1	206	
Kaupandi				Einingafjöldi 800004, Ó. S. FISKVERKUN EHF			
	Einingar	Nettó			Einingar	Nettó	
SIGLUFJÖRÐUR, HÖFN	1	3		AKUREYRI, HÚS FMD	2	14	
Siglufjörður, í húsi	1	273		DALVÍK, HÖFN	24	4,924	
ÓLFJÖRÐUR, HÖFN	1	0		HRÍSEY, HÚS DALVÍK	6	1,282	
Einingafjöldi 800022, FISKVINNSLAN ÚTVÍK EHF	3	276		ÁRSKÓGSANDUR, FMD	4	574	
800023, ÍSFISKUR EHF				Einingafjöldi 800006, STAKKAVÍK EHF	36	6,794	
Kaupandi				800009, FISKVAL EHF			
	Einingar	Nettó		Kaupandi			
HOFÓS, ..	73	19,979			Einingar	Nettó	
SIGLUFJÖRÐUR, FMH	3	892		AKUREYRI, HÚS FMD	1	269	
SIGLUFJÖRÐUR, HÖFN	114	28,717		DALVÍK, HÖFN	38	2,334	
Siglufjörður, í húsi	113	29,215		ÁRSKÓGSANDUR, FMD	8	651	
Árskógssandur, Höfn	40	0		Einingafjöldi 800009, FISKVAL EHF	47	3,254	
ÓLFJÖRÐUR, HÖFN	35	0		800014, WHITELINK SEAFOOD LTD ID#138828			
Einingafjöldi 800023, ÍSFISKUR EHF	378	78,803		Kaupandi			
800026, HAFGÆÐI SF					Einingar	Nettó	
Kaupandi					Einingar	Nettó	
	Einingar	Nettó		AKUREYRI, HÚS FMD	1	19	
				DALVÍK, HÖFN	23	1,519	

9550. Ljóst er að hér er um að ræða viðkvæmar viðskiptatengdar upplýsingar og að fyrirtækjunum var óheimilt að miðla þeim sín á milli. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að miðlun þeirra hafi verið hluti af samfelldu samráði Eimskips og Samskips.

⁴⁹⁷⁷ Líklega er um að ræða [...].

⁴⁹⁷⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.95040.



9551. Þann 18. mars 2011 varð áframhald á umræðu frá því í febrúar sama ár, sbr. hér að framan. (E)þjstj-Austur sendi þá tölvupóst til (S)rekststj-landfl2 og sagði að Eimskip væri enn að flytja fisk frá Neskaupstað til Eskifjarðar eða Reyðarfjarðar sem Samskip flyttu svo suður. Finna yrði lausn á þessu sem fyrst. Ítrekaði (E)þjstj-Austur þessi skilaboð 24. mars 2011. (S)rekststj-landfl2 kvaðst ætla að svara (E)þjstj-Austur í næstu viku.⁴⁹⁷⁹ Starfmaður Eimskips á Reyðarfirði spurði (E)þjstj-Austur 7. apríl hvort hann væri búinn að heyra frá Samskipum vegna akstursins til Neskaupstaðar og Breiðdalsvíkur/Stöðvarfjarðar. (E)þjstj-Austur neitaði því.⁴⁹⁸⁰ (E)þjstj-Austur sendi svo tölvupóst til (S)rekststj-landfl2 8. apríl 2011 og sagði að það vantaði tölur fyrir flutning til Neskaupstaðar og Suðurfjarða vegna marsmánaðar og minnti á að ekki væri búið að gera upp alla fiskflutninga frá árinu 2010.⁴⁹⁸¹
9552. Þann 6. maí 2011 spurði (E)forstö-landfl1 þá (E)þjstj-Austur og (E)starfsm hvort Eimskip ætti ekki eftir að fá greitt frá Samskipum það sem Eimskip flytti fyrir þá frá Neskaupstað. (E)forstö-landfl1 kvaðst hafa heyrt í „[(S)rekststj-landfl2] á Akureyri“⁴⁹⁸² og hann hafi komið með þá hugmynd að:
- „markaðurinn myndi skipta þessu upp þ.e.að við fengum „sjálfkrafa“ Dreifinguna til RFJ.“*
9553. (E)þjstj-Austur svaraði sama dag og sagði að ekki væri búið að ljúka við árið 2010. Það væru „320tonn og ætti að vera X 4,20“ en 4,20 vísar til verðs á tonn. Sagði hann ganga illa að fá (S)rekststj-landfl2 að borðinu til að ræða þetta en (S)rekststj-landfl2 hlyti að semja ef það ætti á annað borð að semja. Sagði hann jafnframt að Samskip hefðu flutt fyrir Eimskip frá Seyðisfirði en það vissi enginn hvað það hefði verið mikið. (E)forstö-landfl1 svaraði stuttu seinna og sagði: „Ok – var búið að semja um þetta verð. Við skulum klára þetta eftir helgi og senda á [(S)rekststj-landfl2] reikning fyrir árið 2010 og annan reikning fyrir jan-apríl 2011.“⁴⁹⁸³
9554. Endurspeglar þessi samskipti samstarf Samskipa og Eimskips á landflutningamarkaði og þau nánu samskipti á milli fyrirtækjanna sem af því leiddi.
9555. Þann 14. mars 2012 sendi (E)sölustj-innanl3 tölvupóst til starfsmanns Fiskmarkaðar Suðurnesja ásamt afriti til (E)starfsm og (E)starfsm. Í titlinum sagði „Skoða“ og í póstinum er vísað til viðhengis og að þetta væri það sem þau hefðu verið að tala um áðan, „svona kemur í hverjum mánuði“.⁴⁹⁸⁴ Í viðhengi voru 12 skýrslur, ein fyrir hvern mánuð, að því er virðist frá Fiskmarkaði Suðurnesja. Eftirfarandi er t.d. skýrsla janúarmánaðar en allar höfðu þær að geyma sams konar upplýsingar:

⁴⁹⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁴⁹⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁴⁹⁸¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁴⁹⁸² [...].

⁴⁹⁸³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.58995.

⁴⁹⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].



FMS Timabil: Janúar, 2011

SAMSKIP - EIMSKIP FLUTNINGAR - HÚSAVIK - GRÍMSEY-ÞÓRSHÖFN.

Grímsey:	Kvóti	Grúppa/Höfn	Samtals:	KG
Samskip flytur fyrir Eimskip	.026*	82		2,748
Kaupendur ekki í rukkun 65,185,o.fl. →				

Þórshöfn:	Kvóti	Grúppa/Höfn	Samtals:	KG
Samskip flytur fyrir Eimskip	.029*	18		14,620
Kaupendur ekki í rukkun 65,185,o.fl. →				

Húsavík:	Kvóti	Grúppa/Höfn	Samtals:	KG
Eimskip flytur fyrir Samskip	.17*	17+18		23,705
+ Kaupendur ekki í rukknu →				

gert,02.febrúar.2011. [REDACTED]

Sendist til [REDACTED]@eimskip.is [REDACTED]@eimskip.is
[REDACTED]@samskip.is

9556. Samskonar upplýsingar fylgdu tölvupósti starfsmanns Fiskmarkaðs Suðurnesja, til [(S)starfsm] og (E)starfsm, en afrit var sent til (E)forstö-landfl1. Var sá háttur hafður á að hluti af gjaldi vegna fiskflutninga var innheimtur beint af fiskmörkuðum. T.a.m. var Fiskmarkaður Suðurnesja einn stærsti einstaki viðskiptavinur Eimskips í landflutningum, en þar að baki var fjöldi fiskkaupenda.⁴⁹⁸⁵ Í kjölfarið sendu fiskmarkaðir samantekt yfir flutt magn til Samskipa og Eimskips og voru viðskiptin þá gerð upp á milli fyrirtækjanna. Á þennan hátt voru fiskmarkaðirnir milliliðir í samstarfi fyrirtækjanna og gerði þetta Eimskip og Samskipum kleift að öðlast mikilvægar upplýsingar um flutt magn beggja aðila á milli staða. Engar vísbendingar er að finna í samtímagögnum málsins um að fyrirtækin hafi reynt að koma í veg fyrir þessa upplýsingamiðlun. Þá ber að hafa það hugfast að almennt eru upplýsingar varðandi verð og magn taldar viðkvæmustu viðskiptaupplýsingarnar.⁴⁹⁸⁶ Miðlun þessara upplýsinga til viðbótar við ítrekuð samskipti Samskipa og Eimskips dró úr óvissu á milli fyrirtækjanna og var til þess fallin að auka enn frekar á gagnsæi á landflutningamarkaðnum.
9557. Þá var samskonar mynd að finna í tölvupósti sem (E)forstö-landfl1 sendi í apríl 2013. Af póstinum er ljóst að fyrirtækin áttu enn í samstarfi í fiskflutningum á Norðurlandi árið 2013.⁴⁹⁸⁷

17.6.5. Áhrif Bratthóls á markaðinn fyrir fiskflutning

9558. Líkt og áður hefur komið fram var (E)sölustj-fiskfl sölustjóri fiskflutninga hjá Eimskip á árunum 2002-2011. Gögn málsins benda til þess að (E)sölustj-fiskfl hafi gegnt lykilhlutverki í samstarfi Eimskips við Samskip í fiskflutningum. Sést það t.a.m. á því að (E)sölustj-fiskfl gegndi því hlutverki að samþykkja reikninga frá Samskipum og vera í sambandi við Samskip vegna ágreinings sem kæmi upp.⁴⁹⁸⁸ Í neðangreindu yfirliti (E)forstö-landfl1 frá árinu 2009 má sjá að í hlutverki (E)sölustj-fiskfl hjá Eimskip

⁴⁹⁸⁵ Sjá t.d. afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.92344.

⁴⁹⁸⁶ Sbr. leiðbeiningar framkvæmdastjórnar ESA um lárétt samstarf, mgr. 86-94.

⁴⁹⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá [...] Doc. ID. 0.7.34.150391.

⁴⁹⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.34962.



Fiskflutningar og dreifing	
mánaðarleg verkefni [redacted] vegna reikninga og framlegðarútreikninga	
1	Tekjur og raunkostnaður vegna fiskdreifingar
	- Heildartekjur fiskdreifingar
	- Heildarkostnaður verktaka og eigin bíla
	- Framlegðarútreikninga fiskflutninga
2	Yfirfara reikninga vegna fiskdreifingar s.s. Vektor-Grundbarð-Vaðvík-Vöruleiðir ofl.
3	Yfirfara reikninga frá Vörumiðlun vegna fiskflutninga
4	Yfirfara reikninga frá Ragnari og Ásgeiri vegna fiskflutninga
5	Yfirfara reikninga frá Samskip
6	Aðra tilfallandi reikninga vegna fiskflutninga

9559. (E)sölustj-fiskfl bjó yfir mikilli vitneskju um samstarf Eimskips og Samskipa á landflutningamarkaði, auk þess að eiga í miklum samskiptum við starfsmenn Samskipa. Þetta má t.a.m. sjá á tölvupóstsamskiptum á milli starfsmanna Eimskips og Samskipa í lok janúar og byrjun febrúar 2011, þ á. m. (E)sölustj-fiskfl og (S)rekststj-landfl2.⁴⁹⁸⁹ Í samskiptunum var rætt um uppgjör reikninga á milli Eimskips og Samskipa vegna landflutninga. Sagðist (E)sölustj-fiskfl m.a. vera búinn að leiðrétta alla reikninga og bætti við að [(S)rekststj-landfl2] á Akureyri „þekkir málið“. Meðfylgjandi samskiptunum var eftirfarandi yfirlitsblað en í því kom m.a. fram að (S)rekststj-landfl2 og (E)sölustj-fiskfl hafi átt í fjölmörgum og reglulegum samskiptum vegna fiskflutninga.⁴⁹⁹⁰

frágengið var greitt 30/12/10					
8/24/2008	130157	hafnað des 19033043	Flytjandi ágúst	[redacted]	282,748
			[redacted] Samskipum biður [redacted] að hafa samband við sig	[redacted]	
5/1/2009	138598	19010968	röng einingaverð AKU-RFJ, ítrekuð beiðni um fá reikninga fyrir hvert landsvæði	[redacted]	131,531
6/24/2009	140508	19016323 Hafnað 1012208	Rangur reikn, fiskverð að austan - skv [redacted]	[redacted]	203,534
			Sig - Aku (Samskip ekki greiðandi) Rey - Nor (Samskip ekki greiðandi)	[redacted]	
6/24/2010	21140	Hafnað 19014261		[redacted]	241,257

⁴⁹⁸⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.851461.

⁴⁹⁹⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.851461.



Óleiðrétt							
6/24/2008	997	19014269	greiðandi, skv. Samkl. og	hafnað	20,112.00	Fenguð kredit Júní 08 nr 3827	
5/1/2006	DEB1021140x	hafnað 23/6	þennan reikn á mótt.gáms	Að greiða 28/8/08	62,250.00	Þessi reikningur er greiddur af ykkur 1/8 08.	
3/24/2009	137699	19007247	Oliu og stykkjavörgj. Ofaukið. Vinsl senda reikn. vhus og aku saman, norðurland. Vinsl endursk gjald á Húsavík		119,600.00	Oliugj og stykkjav.gj voru kreditfærð í reikning 2830	
5/24/2009	139521	19013795	V. Sig-Rey, rukkað mánaðarlega af skoða líka Austjarátaxta		153,772.00	Búið að leiðr það sem var rangt	
12/28/2009	10576	19032790 Hafnað	Ekki stykkjavöru og oliugjald frá Aku til Austurl., vinsamlega sendið aðskilinn reikn. Vegna Norðurlands		425,193.00	Oliugj og stykkjav.gj voru kreditfærð í reikning 2830	

7/24/2010	22954	hafnað 19016614	Rangt verð DJU, Allt skoða verð REY-ESK (Samkaup Strax ??) þekkir fiskverð, láta skoða og vera í við	642,138.00	Samkaup bréfið átti að vera leið 730-735 ekki 100-735. Búið að leiðr það. Einnig búið að leiðr hin bréfin í samráði við
8/24/2010	24697	19018858 hafnað	Reikn. Rangur. veit um málið og er að láta leiðrétta	517,660.00	Búið að leiðr 2 bréf af þessum (DJU-Rvk). Allt annað á þessum reikning er rétt.
10/24/2010	28131	19024729 hafnað	Fiskverð róng á Dju og Sey - veit	918,895.00	2 bréf leiðr sem voru róng gjöld.

9560. Á yfirlitsblaðinu sést að (E)sölustj-fiskfl og (S)rekststj-landfl2 áttu í nánum samskiptum vegna framkvæmdar á samráði Eimskips og Samskipa í landflutningum. Þar koma fram sjö tilvik þar sem (S)rekststj-landfl2 og (E)sölustj-fiskfl áttu í einhvers konar samskiptum, m.a. um verð á fiskflutningum.
9561. Í janúar 2011 hætti (E)sölustj-fiskfl störfum hjá Eimskip og stofnaði flutningsmiðlunina Bratthól. Samkvæmt fyrirtækjaskrá RSK var fyrirtækið stofnað 21. janúar 2011. Í lok janúar 2011 hafði (E)frkvstj-flutnkerf haft spurnir af því að (E)sölustj-fiskfl hefði boðið sjávarútvegsfyrirtæki flutninga með öðrum flutningsaðilum en Eimskip. (E)sölustj-fiskfl hefði kynnt sig sem „sjálfstæðan broker“ og ætlaði „alltaf að bjóða besta verðið“.⁴⁹⁹¹ Tilkyning um starfslok (E)sölustj-fiskfl var send til starfsmanna Eimskips 1. febrúar 2011.⁴⁹⁹²
9562. Stofnun Bratthóls fól þannig í sér aukna samkeppni og áskorun fyrir Eimskip. Næstu daga eftir þetta fór mikil vinna í það hjá (E)forstö-landfl1 og fleirum að halda í viðskiptavini Eimskips í fiskflutningum. Þann 18. febrúar 2011 tilkynnti (E)forstö-landfl1 að þrjú viðskiptavinir væru farnir yfir til keppinauta Eimskips. Af því tilefni spurði starfsmaður Eimskips hvort komið hafi í ljós hvernig dreifingin yrði, þ.e. hvort Eimskip væri að dreifa sjálft eða hvort Eimskip hygðist nota Lífæð, fiskdreifingarfyrirtæki Samskipa. (E)forstö-landfl1 svaraði því til að dreifingin yrði hjá Eimskip, Eimskip ætlaði að hætta að nota Lífæð. Fyrirtækið væri að missa nokkra viðskiptavini en baráttan héldi áfram og Eimskip myndi ná einhverju til baka næstu vikurnar.⁴⁹⁹³
9563. Strax eftir stofnun Bratthóls sótti (E)sölustj-fiskfl á viðskiptavini Eimskips í fiskflutningum. Tölvupóstsamskipti (E)forstö-landfl1, (E)stjform og (E)frkvstj-innanl 8. febrúar 2011 sýna að tvö fyrirtæki höfðu þá samið við Bratthól um fiskflutninga.⁴⁹⁹⁴ Var rætt um að (E)sölustj-fiskfl hefði „verið ofan í“ öllum viðskiptamönnum Eimskips í fiskflutningum í byrjun febrúar og jafnvel fyrr.⁴⁹⁹⁵

⁴⁹⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.660835.

⁴⁹⁹² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.50229.

⁴⁹⁹³ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.52808.

⁴⁹⁹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.50993.

⁴⁹⁹⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.51140.



9564. Markaðssókn Bratthóls „*hrist[i] upp*“ í markaðnum fyrir fiskflutninga. Þetta má t.a.m. sjá af framangreindum tölvupóstum frá starfsmönnum Eimskips, þar sem fjallað er um markaðssókn Bratthóls í viðskiptavinum Eimskips í fiskflutningum. Þetta má einnig sjá á glærुकynningu (E)forstö-landfl1 frá 29. apríl 2011 en þar segir um þáverandi stöðu í innanlandsflutningum að „*[t]ekjur vegna fiskflutninga [hafi] lækkað í kjölfars aukinnar samkeppni og minnkandi fiskveiða – náum til baka frá og með 1. júní*“.⁴⁹⁹⁶ Hið sama má segja um glærुकynningu (E)frkvstj-innanl frá maí 2011, þar sem segir að samkeppni sé að aukast í ferskifiskflutningum.⁴⁹⁹⁷ Á annarri glærुकynningu (E)forstö-landfl1 frá ágúst 2011 segir að fiskflutningar hafi dregist saman á árinu m.a. „*vegna óvæntrar samkeppni*“.⁴⁹⁹⁸
9565. Í þessu sambandi má einnig benda á skilaboð (E)forstö-landfl1 til (E)stjform í nóvember 2011, þar sem (E)forstö-landfl1 sagði að „*ekki [hafi] verið hægt að sækja hækkunar á markaðnum varðandi fiskflutninga*“, eins og staðan væri á markaðnum.⁴⁹⁹⁹ Endurspeglar þessi ummæli (E)forstö-landfl1 þau áhrif sem innkoma Bratthóls hafði á samráð Eimskipa og Samskips, en á þessum tíma gerðu til dæmis áætlanir Eimskips ráð fyrir auknum tekjum og hærri gjöldum á viðskiptavinum.
9566. Í tölvupósti (E)stjform til (E)forstö-landfl1 og (E)frkvstj-innanl 7. febrúar 2011 var fjallað um markaðssókn og áform (E)sölustj-fiskfl frá 1. febrúar er hann sagði starfi sínu lausu hjá Eimskip. Sagði auk þess að (E)sölustj-fiskfl hefði fengið verð hjá [...] og væri að bjóða viðskiptavinum hans verð fyrir þjónustu hans. Þá sagði að (E)sölustj-fiskfl hefði rætt við [...] um samstarf á Austurlandi og að Nesfrakt hefði staðið til boða að keyra fyrir (E)sölustj-fiskfl á Dalvík, Siglufirði og Skagaströnd. Er því ljóst að (E)sölustj-fiskfl sótti á viðskiptavinum Eimskips og landflutningarnir færðust að einhverju leyti yfir til minni flutningsaðila. Það má t.a.m. sjá á fundargerð sölueldar Flytjanda frá 8. mars 2011 en þar er að finna umfjöllun um yfirlit (E)sölustj-innanl3 yfir landflutningamarkaðinn á Norður- og Austurlandi.⁵⁰⁰⁰ Segir að Eimskip finni mikið fyrir samkeppni frá smáum keppinautum (Nesfrakt). Kemur fram að Nesfrakt sé að „*taka mikið af okkar vörum, þ.e. eru að stela úr okkar samningum leiðum og áhugaverðum flutningum á mjög lágum verðum*.“ Taldi Eimskip að þessi smái keppinautur veitti mun meira samkeppnislegt aðhald en langstærsti keppinauturinn, þ.e. Samskip. Áhrif þess má einnig sjá í tölvupóstum (S)rekststj-landfl2 til (S)forstö-útl, (S)forstj og (S)frkvstj-innanl 12. apríl 2011, þar sem hann lýsir því að „*verðin á AKU og DAL hafa hrunið eftir að Nesfrakt reið inná markaðinn hérna*“.⁵⁰⁰¹
9567. Af framangreindu má glögglega sjá hvernig innkoma nýs keppinautar raskaði því skaðlega ástandi sem Eimskip og Samskip höfðu komið á með samráði sínu. Þannig olli innkoma Bratthóls verðlækkunum á markaðnum og kom í veg fyrir áform Eimskips og Samskipa um að hækka gjöld gagnvart viðskiptavinum sínum í skjóli samráðs síns.
9568. Gögn málsins sýna að Bratthóll fór strax að flytja fisk í miklu magni með Samskipum. Má það t.a.m. sjá á glærुकynningu (S)frkvstj-innanl frá 3. mars 2011, þar sem fram kemur að frá upphafi samstarfs Samskipa og Bratthóls, sem er miðað við 7. febrúar 2011, hafi orðið aukning á flutningum á ferskum fiski á áætlunarleiðum Samskipa sem næmi um 6.000 tonnum árlega.⁵⁰⁰²
9569. Í mars 2011 gerðu Samskip og Bratthóll með sér samning um flutninga og dreifingu á fiski. Í markaðsskýrslum fyrir árin 2012 og 2013 má sjá að Bratthóll varð fljótlega einn af stærstu viðskiptavinum Samskipa í landflutningum. Á árinu 2011 fluttu Samskip 5.874 frakttonn fyrir Bratthól

⁴⁹⁹⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.708046.

⁴⁹⁹⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.138660.

⁴⁹⁹⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.154455.

⁴⁹⁹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.805212.

⁵⁰⁰⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.55020.

⁵⁰⁰¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.856868.

⁵⁰⁰² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.8801.



og 7.408 frakttonn árið 2012. Á árinu 2012 var Bratthóll fjórði stærsti viðskiptavinur Samskipa í landflutningum að teknu tilliti til magns.⁵⁰⁰³

9570. Líkt og áður segir hafði innkoma Bratthóls áhrif á þróun verðs á fiskflutningum. Innkoma Bratthóls haggði hins vegar ekki ríkjandi ólögætu samráði Eimskips og Samskipa í fiskflutningum. Í bréfi Bratthóls til Samskipa, dags. 25. febrúar 2013, þar sem borin var fram tillaga um riftun á samningi Samskipa og Bratthóls frá árinu áður, má greina óánægju Bratthóls gagnvart samstarfi Samskipa og Eimskips í landflutningum.⁵⁰⁰⁴
9571. Í bréfinu segir að Bratthóll hafi í september 2012 tilkynnt Samskipum að fyrirtækið væri ekki sátt við að fiskur frá Fiskmarkaði Siglufjarðar, sem flytja ætti fyrir viðskiptavinum Bratthóls, væri fluttur með Eimskip. Bratthóll hefði því ákveðið að Nesfrakt myndi sjá um flutninga fisks frá Siglufirði á meðan Samskip sinntu þeim ekki. Tölvupóstsamskipti á milli starfsmanns Samskipa á Dalvík og (E)starfsm, sölustjóra Eimskips í fiskflutningum, dags. 15. nóvember 2012, staðfesta til að mynda að Eimskip og Samskip hafi á þeim tíma átt með sér samstarf um flutning fyrir Bratthól frá Siglufirði.⁵⁰⁰⁵ Hér ber að líta til þess að Bratthóll var annars vegar keppinautur Eimskips og Samskipa og hins vegar viðskiptavinur Samskipa í fiskflutningum. Bratthóll var þannig keppinautur í sölu á fiskflutningum en viðskiptavinur þegar fyrirtækið keypti landflutninga fyrir fisk af Samskipum. Samkvæmt þessu tók samráð Eimskips og Samskipa til flutninga fyrir þennan nýja keppinaut.
9572. Til stuðnings því að Eimskip hafi, þrátt fyrir allt, flutt fisk fyrir Bratthól, í gegnum Samskip, má t.d. vísa til neðangreindra samskipta starfsmanna Eimskips. Þann 22. mars 2011 spurði (E)forstö-landfl1 þá (E)starfsm, (E)starfsm, (E)þjstj-Austur, (E)starfsm, (E)svæðisstj, (E)svæðisstj3, (E)sölustj-innan13 og (E)starfsm, hvernig haldið væri utan um þá fiskflutninga sem Eimskip flytti fyrir „Samskip/Bratthól“. Eimskip yrði að ná utan um þessa flutninga fyrir Samskip og tryggja að þeir væru skráðir. Óskaði hann eftir því að hann yrði látinn vita sem allra fyrst hvernig þetta væri á hverju svæði fyrir sig.⁵⁰⁰⁶
- (E)þjstj-Austur sagði að Eimskip væri með samning við Samskip „á pr. kar“ en fyrirtækið hefði hins vegar ekki samið við Bratthól „hér fyrir austan“.⁵⁰⁰⁷
 - (E)starfsm sagði að sá fiskur sem Eimskip flytti frá Djúpavogi fyrir Samskip væri skráður í VM-kerfið með upplýsingum um karafjölda og vigt. Hann fengi flutningsnótu frá Fiskmarkaðnum sem hann sendi með og héldi eftir afriti.⁵⁰⁰⁸
 - (E)starfsm sagði að á Ísafirði/Vestfjörðum flyttu Eimskip og Samskip kar á móti kari. Hann héldi utan um skráningu og sagði síðan: „við erum að skipta með okkur ferðum á sunnudögum, allt skráð“.⁵⁰⁰⁹
 - (E)svæðisstj sagði að á Höfn væru flutningar Eimskips fyrir Samskip (KASK⁵⁰¹⁰) skráðir á fylgibréf í VM-kerfinu. KASK (Samskip) staðgreiddi síðan þar sem fyrirtækið væri ekki í reikningsviðskiptum. Tilkynnti hann einnig að ekki hefði verið flutt neitt ennþá fyrir Bratthól.⁵⁰¹¹
9573. Þá gerði (E)sölustj-fiskfl athugasemd við reikning frá Eimskip í tölvupósti til (E)forstö-landfl1, dags. 27. janúar 2012. Sagði (E)sölustj-fiskfl að (E)forstö-landfl1 hefði sagt að reikningurinn ætti að koma frá

⁵⁰⁰³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1048321.

⁵⁰⁰⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1110885.

⁵⁰⁰⁵ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.134265.

⁵⁰⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.55996.

⁵⁰⁰⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.55988.

⁵⁰⁰⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.55983.

⁵⁰⁰⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.55986.

⁵⁰¹⁰ KASK Flutningar ehf.

⁵⁰¹¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.55990.



Samskipum þar sem Eimskip væri að „flytja þetta fyrir þá ,en ekki fyrir Bratthól“. (S)starfsm hjá Samskipum fékk afrit af póstinum.⁵⁰¹²

9574. Auk framangreinds er að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að það var ætlun Eimskips að eiga ekki bein viðskipti við Bratthól. Verður það nú rakið nánar.

9575. Í tölvupósti (E)forstö-landfl1 til (E)frkvstj-innanl 9. febrúar 2011 kvaðst (E)forstö-landfl1 vona að (E)þjstj-Austur hafi ekki gefið (E)sölustj-fiskfl verð í flutninga á Austurlandi. Hann hafi tekið skýrt fram á fundi með (E)þjstj-Austur að Eimskip gæti það alls ekki.⁵⁰¹³ Af samtímagögnum verður þó ráðið að þrátt fyrir þetta hafi Eimskip áfram flutt fisk fyrir Bratthól, en í gegnum Samskip. Það virðist hins vegar hafa verið erfitt fyrir (E)sölustj-fiskfl /Bratthól að fá verð í flutninga beint frá Eimskip. Var Eimskip þannig viljugt að halda áfram samráði við Samskip að þessu leyti en hafði ekki hug á því að taka upp bein viðskipti við hinn nýja keppinaut. Að mati Samkeppniseftirlitsins er meginástæða þess sú að starfsemi Bratthóls hafði í för með sér samkeppni sem leiddi til lægra verðs fyrir fiskflutninga, sbr. umfjöllun hér að framan. Var það ólíkt því ástandi sem hafði verið við líði á grundvelli samstarfs fyrirtækisins við Samskip, þ.e. ástandi þar sem unnt var að halda uppi verði og bæta við nýjum gjöldum án þess að hafa áhyggjur af viðbrögðum keppinutarins.

9576. Til stuðnings framangreindu má einnig líta til atvika frá maí 2012. Þann 8. maí 2012 sendi (E)sölustj-fiskfl tölvupóst til (E)sölustj-innanl3 þar sem hann óskaði eftir tilboði í flutninga til Vestmannaeyja fyrir Bratthól. Í tölvupósti (E)sölustj-fiskfl sagði:

„Sæll Vinur

Fæ ég verð frá ykkur til eyja eða er staðan óbreytt (þið gefið mér ekki verð í neina flutninga“.

9577. (E)sölustj-innanl3 svaraði ekki tilboðsbeiðni Bratthóls fyrr en 22. maí 2012 eða þrettán dögum síðar. Í svari (E)sölustj-innanl3 til (E)sölustj-fiskfl sagðist (E)sölustj-innanl3 hafa farið yfir fyrirspurnina og að hann teldi flutningana ekki henta Eimskip vel. Í kjölfarið lýsti (E)sölustj-fiskfl sig ósammála (E)sölustj-innanl3 og áframsendi samskipti þeirra til (E)forstö-landfl1. Í tölvupósti (E)sölustj-fiskfl til (E)forstö-landfl1 sagði:

„Takk fyrir síðast. Hentar þetta ykkur ekki, eða viltu ekki gefa verð í þetta, væri gott að fá svar af eða á svo ég viti bara hvort flytjandi ætlar að gefa Bratthól tilboð í flutninga almenn“.

9578. Frekari samskipti (E)sölustj-fiskfl við (E)forstö-landfl1 og (E)sölustj-innanl3 leiddu til þess að (E)sölustj-innanl3 sendi tilboð til (E)sölustj-fiskfl 24. maí 2012, eða fimmtán dögum eftir að (E)sölustj-fiskfl óskaði eftir tilboði frá Eimskip. Hér er áréttað að um var að ræða einn stærsta viðskiptavin Samskipa í landflutningum.

9579. Þann 1. nóvember 2012 sendi (E)sölustj-fiskfl tölvupóst til (E)forstö-landfl1 og óskaði eftir fundi með Eimskip til að fá tilboð í flutninga fyrir Bratthól. Bókuðu þeir fund miðvikudaginn 7. nóvember 2012. Daginn eftir fundinn sendi (E)sölustj-fiskfl tölvupóst til (E)forstö-landfl1 og spurði hvenær hann gæti átt von á að fá sent verð í flutningana. (E)forstö-landfl1 svaraði ekki póstinum og sendi (E)sölustj-fiskfl því eftirfarandi póst þann 12. nóvember 2012:

„Ertu nokkuð búinn að gleyma mér .ps fljót að fljúga fiskisagan að ég skildi koma í heimsókn til þín, sama dag vissi samskip að ég var að biðja þig um verð(skrítið)“.⁵⁰¹⁴

⁵⁰¹² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.99056.

⁵⁰¹³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.51573.

⁵⁰¹⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.999572.



9580. Í þessu samhengi skal þess getið að 4. nóvember s.á., þremur dögum eftir að (E)sölustj-fiskfl óskaði eftir verði frá Eimskip og þremur dögum áður en (E)forstö-landfl1 og (E)sölustj-fiskfl hittust á fundi, hittust (E)frkvstj-innanl, (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-millilandasv á fundi fagráðs flutningasviðs SVÞ.⁵⁰¹⁵ Má ætla að þær upplýsingar um að (E)sölustj-fiskfl hafi haft samband við Eimskip hafi borist á milli fyrirtækjanna á fundi SVÞ. Er í þessu sambandi m.a. horft til eðlis þeirra samskipta sem áður höfðu átt sér stað á milli (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl, sbr. t.d. kafla 8.7. og 8.11., sbr. einnig kafla 13. Er þetta til frekari stuðnings því að samráð Eimskips og Samskipa hafi tekið til viðbragða við innkomu Bratthóls á markaðinn.
9581. (E)forstö-landfl1 sendi (E)sölustj-fiskfl tilboð í heildarflutninga 19. nóvember 2012. (E)sölustj-fiskfl svaraði tilboði (E)forstö-landfl1 með tölvupósti daginn eftir. Í svári hans kemur fram að verðið sem Eimskip hafi boðið Bratthóli hafi komið honum „nokkuð á óvart“ í ljósi þess magns sem um var að ræða og upplýsinga um að Eimskip hefði nýlega samið um talsvert lægri verð við aðila með mun minna magn. Kvaðst (E)sölustj-fiskfl hafa staðið í þeirri trú að verðin frá Eimskip yrðu „mun betri“ en þau sem boðin væru. Vegna þessa spurði (E)sölustj-fiskfl (E)forstö-landfl1 hvort hann ætti að líta svo á að Eimskip hefði ekki áhuga á að flytja fyrir Bratthól.⁵⁰¹⁶
9582. (E)forstö-landfl1 svaraði ekki tölvupósti (E)sölustj-fiskfl fyrr en 23. nóvember 2012, eftir að (E)sölustj-fiskfl hafði ítrekað erindi sitt. Í tölvupósti (E)forstö-landfl1 sagði að Eimskip vildi „að sjálfsögðu“ flytja fyrir Bratthól. Eimskip hefði hins vegar ekki verið að reyna að sækja ný viðskipti mjög nýlega varðandi fiskflutninga frá landsbyggðinni til Reykjavíkur „vegna slakrar nýtingar í kerfinu“ en með því átti (E)forstö-landfl1 við að Eimskip hefði lítið magn á móti auknum fiskflutningum.⁵⁰¹⁷
9583. Í framhaldinu hittust (E)forstö-landfl1 og (E)sölustj-fiskfl á fundi 29. nóvember 2012 og ræddu tilboð Eimskips. Daginn áður sendi (E)forstö-landfl1 tölvupóst á (E)sölustj-innanl3 og bað hann um að setja upp „verðtöflu eins og fiskbúðir eru að greiða í dag eftir hækkan samkvæmt flutningavísitölu“. (E)sölustj-innanl3 sendi til baka drög að samningi Eimskips við Bratthól ásamt afriti af samningi Eimskips við Fiskbúðina Sundlaugavegi og skjali sem innihélt samanburð á verðum beggja aðila.⁵⁰¹⁸ Það verð sem Bratthóli, eins stærsta viðskiptavinar Samskipa í landflutningum, stóð til boða var u.þ.b. 10-12% lægra en lítil fiskbúð í Reykjavík greiddi Eimskip fyrir fiskflutninga.
9584. Að mati Samkeppniseftirlitsins staðfestir þetta að Eimskip vildi í raun ekki eiga viðskipti við Bratthól en fyrir liggur að Eimskip flutti á sama tímabili fisk fyrir Bratthól í gegnum Samskip. Með tilboðinu kom Eimskip í veg fyrir að verð fyrir fiskflutninga myndi lækka, til hagsbóta fyrir bæði Eimskip og Samskip, en viðskiptavinum þeirra og neytendum til tjóns. Með tilboðinu komst Eimskip einnig hjá því að sækja viðskipti frá einum stærsta viðskiptavini Samskipa. Með þessu komst Eimskip hjá því að hrófla við samráðinu við Eimskip á landflutningamarkaði.

17.6.6. Um fiskdreifingu

9585. Frá upphafi rannsóknartímabilsins og fram í febrúar 2011 dreifðu verktakar fiski fyrir Samskip og Eimskip á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni. Eftir það sá Lífæð um að dreifa fiski fyrir Samskip en fiskdreifing Eimskips var áfram í höndum fyrirtækisins sjálfs (Flytjanda) og verktaka.
9586. Árið 2010, eða ári áður en (E)sölustj-fiskfl hætti störfum hjá Eimskip, hafði (E)forstö-landfl1 áform um aukið samstarf við önnur fyrirtæki í fiskdreifingu. Þetta má sjá á tölvupósti (E)forstö-landfl1 til (E)sölustj-

⁵⁰¹⁵ Afhent skjal frá Samtökum verslunar og þjónustu. Afhent 21.12.2016. „Fskj. A-12. Fundargerð fagráðs flutningasviðs SVÞ, dags. 4. nóvember 2011“.

⁵⁰¹⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1007641.

⁵⁰¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1008108.

⁵⁰¹⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.135985.



fiskfl dags. 5. janúar 2010 en þar voru talin upp nokkur verkefni sem þeir höfðu „talað um undanfarið“ og sneru að mögulegu samstarfi á innanlandsmarkaði en (E)sölustj-[fiskfl](#) var, líkt og áður hefur komið fram, sölustjóri fiskflutninga hjá Flytjanda.⁵⁰¹⁹ Voru verkefnin m.a. eftirfarandi:

„1. Gámaflutningar og samstarf við Vörumiðlun

2. Fiskflutningar og samstarf um dreifingu tala við P.

3. Aukinn sala í fiskdreifingu“

9587. Af gögnum málsins má ráða að framanritað aukið samstarf í fiskdreifingu hafi borið árangur en í minnisblaði sem (E)[forstö-landfl1](#) útbjó þann 24. janúar 2010 og sendi á (E)[frkvstj-innanl](#) sagði að kostnaður vegna fiskdreifingar hafi verið að lækka í kjölfar breytinga og aukins samstarfs.⁵⁰²⁰ Í upphafi febrúar 2010 bættust jafnframt verkefni á verkefnalista (E)[forstö-landfl1](#) sem sneru að því að auka samstarf í fiskdreifingu.⁵⁰²¹

9588. Í kjölfar brotthvarfs (E)sölustj-[fiskfl](#) frá Eimskip, eða þann 1. febrúar 2011, sendi (S)[forstj](#) tölvupóst til (S)[stjform-S](#), stjórnarformanns Samskipa. Í póstinum segir:⁵⁰²²

„Landflutningar flytja talsvert magn af ferskum fiski frá landsbyggðinni til Reykjavíkur á áætlanaleiðum okkar - ferskum fiski sem keyrt er inn á fiskmarkað í Hafnarfirði, og dreift þaðan til kaupenda á suðvestur horninu, þe svæði sem teygir sig frá Akranesi, stór-reykjavíkursvæðið, suðurnesin og á suðurlandið (þorlákshöfn).

Þessari þjónustu er sinnt af verktaka og aðrir aðilar sinna magni helsta keppinautar okkar Flytjanda.

Nú hefur skapast tækifæri fyrir okkur að fara í samstarf við núverandi samstarfsaðila okkar, sem og þeim aðila sem dreifir fyrir Flytjanda.

Með því myndum við ná stýringu á auknu magni frá landsbyggðinni, sem er ákaflega áhugavert fyrir okkur, þe að ná auknu magni í fastkostnaðar leiðir okkar.

Við erum sannfærðir um að næðum við að líma þessa aðila réttilega inn í langtíma samstarf með okkur þá myndi þetta allt saman halda vel og vera mjög gott skref fyrir okkur.

Ég fæ að bjalla á þig á morgun og útskýra hugmyndir frekar - hér væri ekki um kaup á fyrirtæki að ræða, heldur myndu þessir þrjú aðilar (þmt við) leggja inn aksturstæki sín í sameiginlegt félag, sem væri td í þriðjungs eigu hvers aðila, og með því værum við að tengja okkar og þeirra hagsmuni saman til lengri tíma - líma þá inn í áhugavert samstarf fyrir okkur, og þá.“

9589. Í tölvupósti sínum reifaði (S)[forstj](#) hugmyndir um samstarf í fiskdreifingu. Í kjölfarið var (S)[frkvstj-innanl](#) fenginn til að útbúa kynningu vegna mögulegrar fjárfestingar Samskipa í félagi sem stofna ætti í þeim tilgangi að sinna dreifingu á ferskum fiski.⁵⁰²³ Í kynningu (S)[frkvstj-innanl](#) kemur fram að kveikjan að stofnun nýs félags utan um fiskdreifingu hafi verið sú að „*lykilstarfsmaður*“ Flytjanda hafi hætt störfum, en þar er átt við (E)sölustj-[fiskfl](#) . Þá segir að (E)sölustj-[fiskfl](#) hafi óskað eftir samstarfi við Samskip og

⁵⁰¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.35182.

⁵⁰²⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.94473.

⁵⁰²¹ Rétt er að nefna að á verkefnalistum sem vistaðir voru í mars, maí og september 2010 var verkefnið sagt í vinnslu og hefði skilað árangri. Það er enn sagt í vinnslu á listum á árinu 2011 og 2013. Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.150779. „Helstu verkefni 2010.xlsx“, vistað 30.05.2010, kl. 22:31. Doc. ID. 0.7.33.153562. „Helstu verkefni 2010 [...] .xlsx“, vistað 01.09.2010, kl. 15:06. Doc. ID. 0.7.33.161779. [...] Doc. ID. 0.7.33.146716. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.46882.

⁵⁰²² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.832311.

⁵⁰²³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.841622.



að hann hafi sagt að viðskiptavinir Eimskips væru tilbúnir að „*elta með viðskiptin*“ ef hann gæti tryggt flutninga alls staðar af landinu.

9590. Fyrirtækið Lífæð var í kjölfarið stofnað til að sinna dreifingu á ferskum fiski. Fjórir eigendur voru að fyrirtækinu; Vektor flutningar ehf., sem hafði áður sinnt fiskdreifingu fyrir Eimskip í verktöku, Vörudreifing ehf., sem hafði áður sinnt fiskdreifingu fyrir Samskip í verktöku og Samskip, hver þeirra með 31,66% hlutdeild, auk (E)sölustj-fiskfl með 5% hlutdeild. Markmið Samskipa með stofnun Lífæðar var að „*þetta samstarf L-S við þá tvo verktaka sem hafa mestu reynsluna og mesta traustið á markaðnum*“.⁵⁰²⁴
9591. Samkeppniseftirlitinu var ekki tilkynnt um stofnun fyrirtækisins og undanþágu samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga var ekki leitað.
9592. Á sama tíma veltu stjórnendur Eimskips vöngum yfir nýrri stöðu í fiskflutningum og fiskdreifingu hjá Eimskip, en þeir voru meðvitaðir um stofnun Lífæðar. Af tölvupóstsamskiptum stjórnenda Eimskips að dæma er ljóst að þeir hafi verið ósáttir við þátttöku (E)sölustj-fiskfl í Lífæð. Má ætla að ástæða þess hafi verið sú að með því hafi (E)sölustj-fiskfl, auk þess að ná viðskiptavinum frá Eimskip í fiskflutningum, náð viðskiptavinum frá Flytjanda í fiskdreifingu. Í tölvupósti (E)forstö-landfl1 til (E)frkvstj-innanl sagði t.d. að (E)sölustj-fiskfl hafi reynt að „*draga sig eitthvað út úr þessu dreifingardæmi*“ og að hann hafi greinilega séð að hann hafi verið að skemma fyrir „*félögum sínum*“ með þátttöku sinni í Lífæð.⁵⁰²⁵
9593. Daginn eftir samskipti (E)frkvstj-innanl og (E)forstö-landfl1 áttu (E)frkvstj-innanl, (E)forstö-landfl1 og (E)stjform í tölvupóstsamskiptum um „*næstu skref*“ í fiskdreifingu. Í tölvupósti sínum sagðist (E)forstö-landfl1 hafa heyrt í Vektor flutningum. Kom fram að eigandi Vektor flutninga hafi talið sig hafa gert mistök með að hafa (E)sölustj-fiskfl með í Lífæð og að hann vildi finna leiðir til að láta (E)sölustj-fiskfl „*bakka út úr þessu*“ og með því móti „*ekki skemma fyrirtækið*“.
9594. Í sama tölvupósti lagði (E)forstö-landfl1 til að staðan í fiskdreifingu yrði endurmetin og ekki látin bitna á Vektor flutningum, Vektor flutningar hafi bara viljað „*dreifa fyrir bæði félögin og ná hagræðingu fyrir alla aðila*“. Loks sagði (E)forstö-landfl1 að ef (E)sölustj-fiskfl „*bakkar út úr þessu*“ og eignarhaldið á Lífæð skýrist, jafnvel með þátttöku Eimskips, þá væri besta niðurstaðan fyrir Eimskip að fiskdreifingin væri á „*einni hendi hjá óháðum aðilum sem við berum fullt traust til*“. Vektor flutningar hafi „*þrátt fyrir allt*“ reynt Eimskip „*afar vel*“.⁵⁰²⁶
9595. Næstu daga virðist (E)forstö-landfl1 hafa kannað hvort framangreint gæti gengið eftir. Þremur dögum síðar, 13. febrúar 2011, sendi (E)forstö-landfl1 annan tölvupóst á (E)frkvstj-innanl og (E)stjform. Skýrari mynd virðist þá hafa verið komin á stöðu fiskdreifingar hjá Eimskip. Í tölvupósti (E)forstö-landfl1 sagði:
- „*núna [er] ljóst að Samskip hefur engan áhuga á að skýra aðkomu sína að fiskdreifingunni og (E)sölustj-fiskfl mun ekki gefa eftir sinn hlut. Sem sagt, þeir hafa engan áhuga á að hafa okkur með í þessu. Þessi niðurstaða hentar Samskip og (E)sölustj-fiskfl mjög vel en [Vektor flutninga] og [Vörudreifingu] frekar illa nema að þau plön sem Samskip með (E)sölustj-fiskfl hafa varðandi áframhaldandi sókn í okkar*

⁵⁰²⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.8801. Sjá einnig umfjöllun fundargerðar stjórnarfundar Samskipa hf., dags. 04.03.2011 um stofnun Lífæðar. Þar segir m.a.: „*Jafnframt var farið yfir nýstofnað eignarhaldsfélag L1027 ehf., sem er að fullu í eigu Samskipa og mun fjárfesta 31,66% hlut í nýstofnuðu félagi Lífæð ehf. Nýstofnað félag mun koma að auknum krafti inn á innlenda ferskfiskmarkaðinn og markaðssvæði skilgreint sem suð-vesturhorn Íslands.*“ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 22.11.2016. Fundargerð Samskipa hf., dags. 04.03.2011.

⁵⁰²⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.51573.

⁵⁰²⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.51934.



viðskiptavinum – ljóst að þeir munu sækja stíft aukið magn í fiskdreifinguna og ná af okkur mörgum viðskiptavinum."⁵⁰²⁷

9596. Hér er einnig bent á tölvupóst (E)forstö-landfl1 til (E)starfsm 13. febrúar 2011, þar sem (E)forstö-landfl1 gefur (E)starfsm þau fyrirmæli að semja við viðskiptavinum á þann hátt að Eimskip komi „til með að dreifa fiskinum sjálfir, ekki undir merkjum Samskips“.⁵⁰²⁸ Þá skal einnig bent á að 18. febrúar 2011 tilkynnti (E)forstö-landfl1 að þrjú viðskiptavinir Eimskips væru farnir yfir til keppinauta. Af því tilefni spurði starfsmaður Eimskips hvort komið hafi í ljós hvernig fiskdreifingu yrði háttáð, þ.e. hvort Eimskip sinnti fiskdreifingu sjálft eða hvort Eimskip hygðist nota Lífæð Samskipa. (E)forstö-landfl1 svaraði því til að dreifingin yrði hjá Eimskip og að Eimskip ætlaði að hætta að nota Lífæð.
9597. Með hliðsjón af framanrituðu er það mat Samkeppniseftirlitsins að (E)forstö-landfl1, f.h. Eimskips, hafi gert tilraun til að koma á samstarfi við Samskip með beinni aðkomu Eimskips að Lífæð. Gögn málsins sýna einnig að á sama tíma hafi Samskip einnig lagt til annars konar samráðslausn með Eimskip á markaði fyrir fiskdreifingu, þ.e. með samningi við Eimskip þess efnis að Lífæð Samskipa tæki að sér heildarflutningsþjónustu á allri fiskdreifingu Eimskips á suðvestur horni landsins. Samkvæmt samningnum átti Eimskip að skuldbinda sig til að „*beina öllum sínum ferskum fiski til dreifikerfis Lífæðar*“. Samningur þessi var útbúinn af (S)frkvstj-innanl og síðast vistaður þann 8. febrúar 2011.⁵⁰²⁹
9598. Samkeppniseftirlitinu er ekki kunnugt um afdrif framanritaðra samningsdraga en af áðurnefndum samskiptum stjórnenda Eimskips þykir líklegt að samningsdrögin hafi ekki verið undirrituð. Ljóst er þó að samningsdrögin voru borin undir og afhent Eimskip því sömu samningsdrög voru af hálfu Eimskips afhent Samkeppniseftirlitinu í kjölfar upplýsingabeidni eftirlitsins 23. janúar 2015.⁵⁰³⁰ Hafa Samskip ekki afhent Samkeppniseftirlitinu umrædd samningsdrög þrátt fyrir að óskað hafi verið eftir því í upplýsingabeidni eftirlitsins, dags. 29. janúar 2015, sbr. liður 10.
9599. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að framanritað bendi til þess að Samskip og Eimskip hafi átt í einhvers konar samstarfi í fiskdreifingu fyrir árið 2011, sbr. tölvupóst (E)forstö-landfl1 frá 18. febrúar 2011. Ekki liggur þó fyrir hve umfangsmikið samstarfið var enda hafa hvorki Samskip né Eimskip veitt upplýsingar um samstarfið. Þá bendir framanritað til þess að Eimskip hafi gert tilraun til og óskað eftir að hafa aðkomu að Lífæð Samskipa en ekki fengið jákvæð viðbrögð frá Samskipum. Það leiddi hins vegar ekki til þess að Eimskip og Samskip hættu samstarfi sínu í fiskflutningum eða öðrum landflutningum. Vilji Samskipa virðist hafa staðið til þess að hefja víðtækt samstarf með Eimskip í fiskdreifingu en með öðrum hætti, þ.e. með gerð samnings um að Lífæð myndi sinna allri fiskdreifingu Eimskips á suðvestur horni Íslands undir merkjum Lífæðar.

17.7. Niðurstaða

9600. Á rannsóknartímabilinu áttu Samskip og Eimskip í umfangsmiklu samráði á landflutningamarkaði. Fólst í þessu gagnkvæmt landflutningasamstarf fyrirtækjanna á fjölmörgum flutningaleiðum víðsvegar um landið auk samstarf um tiltekna vöruafgreiðslur á landsbyggðinni.
9601. Rannsókn málsins hefur leitt í ljós að samstarf fyrirtækjanna í landflutningum hafi hafist a.m.k. á árinu 2005 og að það hafi verið samfellt út rannsóknartímabilið. Samstarfið tók aftur á móti á sig alvarlegri mynd með tilkomu „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins um mitt ár 2008 þegar Eimskip og Samskip lögðu á ráðin um samráð og að auka samstarf sitt í m.a. landflutningum. Varð samráð Samskipa og Eimskips á

⁵⁰²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.52178.

⁵⁰²⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.52200.

⁵⁰²⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Fannst á sameiginlegu drifi Landflutningasviðs. „*samningur*“, vistað af [...] 08.02.2011, kl. 17:49.

⁵⁰³⁰ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. [...].



landflutningamarkaði því liður í „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna enda var það tilgreint sem einn verkþáttur í „Nýtt upphaf“ glærुकyningunni.

9602. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Eimskip og Samskip hafi ákveðið að sameinast um tiltekna þætti í starfsemi sinni. Í samráði Samskipa og Eimskips á landflutningamarkaði fólst þannig að fyrirtækin sammæltust um að annað fyrirtækið hætti að sinna akstri á tilteknum áætlunarleiðum og að hitt fyrirtækið flytti vörur þess í stað með því fyrirtæki sem æki umrædda leið á grundvelli umsamins verðs þeirra á milli. Samstarf þetta byggðist á munnlegum samningum en samtímagögn sýna þó að a.m.k. árin 2006 og 2008 hugðust Eimskip og Samskip gera skriflegt samkomulag um samstarf sitt á landflutningamarkaði. Til viðbótar liggja fyrir í málinu óundirrituð eintök af tveimur skriflegum samningum milli Eimskips og Samskipa frá árinu 2008, um samstarf á einstaka landssvæðum. Þá liggur einnig fyrir að Eimskip og Samskip gerðu árið 2010 nýja tilraun til að gera skriflegt samkomulag um víðtæka „gagnkvæma landflutningaþjónustu“ fyrirtækjanna.
9603. Í þessum samningum og samstarfi Samskipa og Eimskips á landflutningamarkaði fólst takmörkun eða stýring á framleiðslu og skipting markaða í skilningi b og c-liðar 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga. Samráðinu fylgdu ítrekuð samskipti og fundahöld á milli fyrirtækjanna um um skiplagningu og framkvæmd samráðsins. Samtímagögn sýna jafnframt að samráð fyrirtækjanna á landflutningamarkaði leiddi af sér hvers kyns annars konar hagnýtt samstarf, hvort heldur sem var í formi vöruflutninga, gámaflutninga eða vegna ýmis konar þjónustu s.s. gámahífinga eða leigu á lyftara. Með samráði í landflutningum var líkt og í sjóflutningum stefnt að því að fyrirtækin „hjálpuðust að“.
9604. Þá verður einnig að meta samráð Eimskips og Samskipa að þessu leyti með hliðsjón af verðsamráði og markaðsskiptingu fyrirtækjanna í landflutningum, sbr. umfjöllun í kafla 14.



18. SAMRÁÐ UM LEIGU OG LÁN Á GÁMUM

9605. Gámar og stýring þeirra innan flutningakerfa er eðli málsins samkvæmt órjúfanlegur og mikilvægur þáttur í starfsemi fyrirtækja sem sinna hvers kyns flutningaþjónustu með gámum á sjó og landi. Þótt mikill samdráttur hafi orðið á innflutningi í kjölfar efnahagshrunsins í október 2008 fór útflutningur vaxandi með aukinni stóriðjuframleiðslu hér á landi. Af þessu leiddi í hnotskurn að færri lestaðir gámar komu til landsins sem þýddi að þá voru ekki til staðar nægir tómir gámar fyrir útflutning frá landinu. Það þýddi að fyrirséð var að ójöfnuður yrði í inn- og útflutningi hér á landi.
9606. Sá þáttur „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem snéri að takmörkun á flutningsgetu og breytingu á siglingakerfum í október/nóvember 2008 miðaði að því að Samskip og Eimskip sniðu siglingakerfi sín að því að halda vaxandi útflutningi innan kerfanna. Við þetta myndaðist ójöfnuður í inn- og útflutningi þeirra og skortur á gámum fyrir útflutning raungerðist. Tengt samráði Samskipa og Eimskips um takmörkun á flutningsgetu og breytingu á siglingakerfi hófu fyrirtækin því aukið samráð til að mæta þessum viðfangsefnum í gámastýringu fyrirtækjanna. Í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins og hagnýta samvinnu fyrirtækjanna var aukið gámasamstarf einnig tengt samnýtingu á flutningakerfum. Þannig gátu fyrirtækin nýtt saman gámaflæði á ólíkum siglingaleiðum og útvegað hvort öðru tóma gáma milli viðkomuhafna.⁵⁰³¹ Samráðinu fylgdu tíð samskipti á milli fyrirtækjanna.
9607. Samtímagögn sýna að samskipti Samskipa og Eimskip og aukið gámasamstarf tók til eftirfarandi:
- Samstarfs um leigu og lán á gámum (umfjöllunarefni þessa kafla) og
 - Samstarfs um gagnkvæma flutninga á gámum fyrir hvort annað þ. á m. um flutning á tómum gámum fyrir hvort annað milli hafna, sbr. kafla 9.12.1 og samning fyrirtækjanna um samstarf vegna flutninga milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar (m.a. flutninga á tómum gámum).
9608. Í ákvörðun þessari er iðulega vísað til þessa samstarfs sem gámasamstarf eða gámasamráð.
9609. Í kafla þessum verður lögð áhersla á að draga saman atvik á rannsóknartímabilinu sem sýna aukið samstarf fyrirtækjanna um leigu/lán á gámum eftir að aukið samráð fyrirtækjanna hófst eftir fund fyrirtækjanna 6. júní 2008 og „Nýtt upphaf“ verkefninu var hrint í framkvæmd. Rakin verða samtímagögn sem sýna að samstarf þetta leiddi hvort tveggja til samskipta lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips sem og samskipta hjá þeim undirmönnum sem önnuðust gámastýringu í flutningsstýringardeildum fyrirtækjanna frá degi til dags. Óhjákvæmilegt er að umfjöllun kaflans skarist að nokkru leyti við aðra kafla ákvörðunar þar sem gámasamvinna fyrirtækjanna var órjúfanlegur þáttur á flestum sviðum flutningastarfsemi þeirra, s.s. sjó- og landflutningum og einskorðaðist eins og áður segir ekki eingöngu við lán og leigu á búnaðnum sem slíkum.

18.1. Yfirlit yfir samráð um leigu og lán á gámum

9610. Áður en aukið samráð Samskipa og Eimskips hófst um mitt ár 2008 með „Nýtt upphaf“ verkefni þeirra áttu fyrirtækin þegar í samstarfi um gagnkvæma leigu eða lán á gámum. Í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins var þetta samstarf aukið og var síðan samfellt út a.m.k. júní 2013.
9611. Eins og rakið er í kafla 11.5 hafði „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips það að markmiði að raska samkeppni og var ólögætt. Af þessu leiðir að öll samskipti fyrirtækjanna sem því tengdust voru ólögætt. Tók þetta m.a. til aukins samstarfs fyrirtækjanna tengdum gámaárum þeirra og samskipta þar að lútandi.

⁵⁰³¹ Sjá t.d. umfjöllun mgr. 27 í bréfi Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 24.03.2023.



9612. Í samræmi við framangreint er í sátt Eimskips frá 16. júní 2021 viðurkennt að á árunum 2009–2013 hafi fyrirtækið átt í ólögmætu samráði við Samskip „*um gagnkvæma leigu eða lán á gámum.*“
9613. Auk þess að vera hluti af víðtækara samráði Samskipa og Eimskips var samkomulag þeirra um leigu og lán á gámum sem slíkt til þess fallið að raska samkeppni með alvarlegum hætti. Með umræddu samstarfi Samskipa og Eimskips fólst að tveir höfuðkeppinautar á sviði sjó- og landflutninga áttu samstarf um þennan þýðingarmikla þátt í starfsemi sinni.
9614. Eimskip og Samskip voru samanlagt með afar mikla markaðshlutdeild og sökum þessa var „*náið samstarf við framkvæmd mikilvægra þátta í flutningastarfseminni [...] mjög varasamt í ljósi þeirrar meginreglu samkeppnislaga að efla beri virka samkeppni í viðskiptum*“, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 13/1997. Hvers kyns hagnýt samvinna á milli keppinauta til að losna við þá óvissu sem felst í samkeppni getur því falið í sér brot gegn samráðsbanni samkeppnislaga.⁵⁰³² Hnykkt var á þeirri reglu í dómi dómstóls ESB frá 25. mars 2021 og tekið fram að slík samvinna keppinauta feli án efa eða skýrlega í sér (e. „clearly“) samráð sem hafi það að markmiði að raska samkeppni.
9615. Gámastýring er einn af meginþáttum í rekstri flutningafyrirtækja. Mikilvægi sjálfstæðis keppinauta og æskilegrar óvissu á markaði er enn meira þar sem fákeppni ríkir, sbr. einnig dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 42/2019. Hagnýt samvinna keppinauta á fákeppnismarkaði er því enn varhugaverðari en ella í samkeppnislegu tilliti. Náið samstarf fyrirtækjanna þessu tengdu kallaði á ítrekuð og regluleg samskipti og upplýsingamiðlun á milli fyrirtækjanna um viðkvæm málefni í rekstri þeirra. Var þetta til þess fallið að draga úr sjálfstæði og virkri samkeppni milli fyrirtækjanna.
9616. Áréttu ber að það felur í sér ólögmætt samráð samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga þegar fyrirtæki hafa með sér samstarf sem raskar samkeppni, jafnvel þótt það sé gert í þeim tilgangi að „*hagræða*“ í rekstri enda er fyrirtækjum óheimilt að koma á samráði um slíkar aðgerðir.
9617. Í kafla 4.6.7 er því lýst að í gildi eru sérreglur á sviði sjóflutninga sem undir vissum kringumstæðum veita samstarfi keppinauta um t.d. leigu og lán á gámum undanþágu frá banni EES/ESB-samkeppnisréttar við samkeppnishamlandi samráði.
9618. Þar er því hins vegar líst að skipafélög sem eru samanlagt með meiri en 30% markaðshlutdeild geta ekki notið þeirrar undanþágu frá banni við ólögmætu samráði. Líkt og rakið hefur verið var markaðshlutdeild Samskipa og Eimskips í sjóflutningi um 100%, sbr. viðauka I með ákvörðuninni. Gátu Samskip og Eimskip því ekki notið undanþágu frá samráðsbanninu vegna samstarfs sem tók m.a. til „*útvegun gáma, undirvagna og annars búnaðar og/eða leigu, kaupleigu eða kaupsamninga um slíkan tækjabúnað*“, sbr. e. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 906/2009 en henni er nánar lýst í kafla 4.6.7.2.2.
9619. Í athugasemdum Samskipa er viðurkennt að það hafi farið gámar á milli fyrirtækisins og Eimskip og viðurkennt að þau hafi átt í tilgreindu samstarfi um gámaleigu og eðlilegum samskiptum því tengdu. Samskip hafna því aftur á móti að þetta hafi verið ólögmætt eða hluti af „*ímynduðu*“ samráði fyrirtækjanna.⁵⁰³³

⁵⁰³² Var þetta orðað svo í dómi dómstóls ESB frá 30.01.2020: „*Further, the Court has also held that agreements whereby competitors deliberately substitute practical cooperation between them for the risks of competition can be characterised as 'restrictions by object' (see, to that effect, judgment of 20 November 2008, Beef Industry Development Society and Barry Brothers, C 209/07, EU:C:2008:643, paragraph 34).*“

⁵⁰³³ Sjá t.d. mgr. 110 í athugasemd Samskipa við AI og mgr. 471 og áfram í athugasemdum Samskipa við AII. Ekki er fallist á athugasemdir Samskipa um gámasamráð þess við Eimskip. Nánar er fjallað um þessi sjónarmið fyrirtækisins í kafla 29.



9620. Fyrirtækin upplýstu ekki Samkeppniseftirlitið um þetta samstarf sitt og leituðu ekki eftir undanþágu á grundvelli 15. gr. þágildandi samkeppnislaga. Bann 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins gat því að öllu leyti tekið til þessa samstarfs Samskipa og Eimskips.
9621. Hvorki við upplýsingagjöf Samskipa og Eimskips til Samkeppniseftirlitsins í september 2013 né síðari upplýsingagjöf fyrirtækjanna samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýstu þau eða afhentu gögn um samstarf sitt í tengslum við leigu/lán á gámum. Fór þetta gegn upplýsingaskyldu fyrirtækjanna og fól í sér brot gegn 19. gr. laganna, sbr. kafla 23.

18.2. Aukið gámasamstarf undirbúið í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið

9622. Samtímagögn sýna að samstarf Samskipa og Eimskips vegna leigu eða láns á gámum var hafið að einhverju marki áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst í júní 2008.⁵⁰³⁴
9623. Seinni part ársins 2008, og samhliða samskiptum og undirbúningi fyrirtækjanna tengdum öðrum þáttum samráðsins, sbr. kafla 8-10, unnu Samskip og Eimskip að því að koma á auknu gámasamstarfi milli fyrirtækjanna í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnis um aukið samstarf fyrirtækjanna. Samtímagögn sýna framgang þessu tengdu í októbermánuði 2008.⁵⁰³⁵
9624. Samtímagögn frá miðjum október 2008 sýna að starfsmenn Samskipa og Eimskips sem sáu um gámastýringu fyrirtækjanna vísuðu til þess að fyrirtækin hefðu gert nýtt samkomulag um leigu og lán á gámum.
9625. Þann 2. október 2008 sendi sérfræðingur í flutningsstýringu Eimskips, (E)starfsm-flutnstýr1, drög að gámaleigusamningi milli Eimskips og Samskipa til (E)frkvstj-flutnkerf. Bar hann heitið „Interchange agreement“ og var dagsettur sama dag (hér nefndur gámaleigusamningur).⁵⁰³⁶ Eins og sjá má af eftirfarandi skjámynd af fyrstu síðu samningsins, var markmið hans: „to establish working procedures and rates for interchange of containers between EI [Eimskip] and Samskip and to support commercial co-operations.“⁵⁰³⁷

⁵⁰³⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskips. [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskips. „Reikn no GAM1026358“, dags. 13.02.2008-14.04.2008. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

⁵⁰³⁵ Sjá um önnur atvik samráðsins eftir mitt ár 2008 og fram á árið 2009 í köflum 7 – 10 í ákvörðun þessari. Hér má einnig benda á afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

⁵⁰³⁶ Þess má geta að sama dag var [...] að hlutast til um að Jónar ([...]) (sem [...] kallar í tölvupóstsamskiptum: „our old friends S-Line“) myndu fá að flytja gáma með Eimskip frá Immingham til Reykjavíkur, sbr. kafla 8.16.11 og 8.17.1.

⁵⁰³⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Form for Cabotage agreement“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...].



INTERCHANGE AGREEMENT

October 2, 2008

Between **Eimskipafélags Íslands ehf, (hereinafter called EI)**
Korngarðar 2
104 Reykjavík
ICELAND

And **Samskip(hereinafter called Samskip)**

1. Objective of the agreement

The objective of this agreement is to establish working procedures and rates for interchange of containers between EI and Samskip and to support commercial co-operations.

2. Definitions

Containers:

Manufactured, tested and maintained in compliance with the following standards:

International standards Organisation (ISO), International Convention for Safe Containers (CSC) of 1972 and any amendments thereof, Customs Convention on Containers of 1956 and any amendments thereof, Australian Quarantine Regulations in respect of Timber Component Treatment. Current IICL standards for repair and cleaning.

Lessee:

Samskip

Lessor:

EI

Unit:

40' Dry vans and 40' HC dry vans

Owner:

The physical owner of the units or the party who is responsible for them if taken on lease from a commercial leasing company.

Transporter:

The party moving the container.

Shipper:

The issuer of the bill of lading

9626. Af áður nefndu markmiði og öðru efni samningsins má sjá að hann tók til gagnkvæms samkomulags milli Samskipa og Eimskips um leigu á gámum ásamt yfirlýsingu um að fyrirtækin myndu styðja við viðskiptasamstarf hvors annars.
9627. Áður nefndur (E)starfsm-flutnstýri var á þessum tíma undirmaður (E)frkvstj-flutnkerf í flutningsstýringardeild Eimskips. Horfa verður einnig til þess að þegar (E)frkvstj-flutnkerf fékk áðurgreind drög að gámaleigusamningi Eimskips og Samskipa send til sín vann hann ásamt lykilstjórnendum Samskipa markvisst að samráði tengdu samstarfi í sjó- og landflutningum, þ. á m. vegna takmörkunar á flutningsgetu og breytingu á siglingakerfum, sbr. kafla 7.7 og kafla 8.8 og



áfram.⁵⁰³⁸ Gegndi (E)frkvstj-flutnkerf mikilvægu hlutverki innan Eimskips vegna samráðsins við Samskip en við upphaf samráðs fyrirtækjanna hafði (E)forstj gefið fyrirmæli um að samskipti við Samskip yrðu m.a. sinnt af (E)frkvstj-flutnkerf, sbr. umfjöllun um fundargerð frá fundi framkvæmdastjórnar Eimskips 2. júní 2008, sbr. kafla 7.2.1.1.

9628. Gögn málsins sýna að (E)frkvstj-flutnkerf hafði beina og mikla aðkomu að samráði fyrirtækjanna á þessum tíma. Hann undirbjó og sat reglulega fundi Eimskips og Samskipa árið 2008, m.a. 6. október 2008, sbr. kafla 8.17. Síðastnefndi fundur Eimskips og Samskipa var þannig haldinn fjórum dögum eftir að (E)frkvstj-flutnkerf fékk send til sín áðurnefnd drög að gámaleigusamningi keppinautanna.
9629. Daginn áður en (E)frkvstj-flutnkerf hafði fengið send drögin til sín ræddu (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-EimÍsl saman, eða þann 1. október 2008. Sama dag boðaði (E)frkvstj-EimÍsl bæði (E)frkvstj-flutnkerf og (E)forstö-innfl til fundar með Samskipum.⁵⁰³⁹ Í fundarboði (E)frkvstj-EimÍsl vísaði hann til samskipta við (S)frkvstj-millilandasv og sagði: „Það þarf að klára *gámamál* við þá [Samskip] þ.e. [út]færslur á gámagerðum að sögn [(S)frkvstj-millilandasv]“, sbr. kafla 8.17.1. Þessi tilvísan (E)frkvstj-EimÍsl er sett í samhengi við að fjallað er um gámagerðir/tegundir í viðauka A í áðurnefndum gámaleigusamningsdrögum Eimskips og Samskipa dags. 2. október 2008. Í tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf til (S)frkvstj-millilandasv 5. október 2008 kom fram að meðal umræðuefna á fundinum væri „*Gámamál í USA*“, sbr. kafla 8.17.3.
9630. Í kafla 8.17.5 er fjallað ítarlega um atvik í tengslum við fund Samskipa og Eimskips 6. október 2008. Þessi samskipti vörðuðu hið ólögsmæta „*Nýtt upphaf*“ verkefni fyrirtækjanna. Af því leiddi að samskiptin voru ólögsmæt, sbr. kafla 11.5. Á þessum fundi var a.m.k. rætt um þann þátt „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins sem sneri að samstarfi í sjóflutningum. Aukið samstarf keppinautanna í gámamálum, bæði vegna Norður-Ameríku flutninga og Evrópuflutninga, var á meðal umræðuefna á umræddum fundi, sbr. kafla 8.17.
9631. Stuttu síðar má sjá starfsmenn flutningsstýringardeilda Samskipa og Eimskips (sem komu að gámastýringu fyrirtækjanna, (E)starfsm-flutnstýr1 og (S)starfsm) vísa til þess að það væri komið á nýtt samkomulag á milli fyrirtækjanna um gámasamstarf. Verður nú vikið að þessum atvikum.

18.3. Nýr gámasamningur Eimskips og Samskipa

9632. Líkt og kom fram hér að framan eru fyrirbyggjandi í máli þessu drög að gámaleigusamningi milli Eimskips og Samskipa en þau fundust í afrituðum gögnum Eimskips frá 2. október 2008. Talið er að þetta gámaleigusamstarf fyrirtækjanna, ásamt öðrum þáttum í samráði fyrirtækjanna í sjóflutningi, hafi verið rætt á fundi (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl fjórum dögum síðar, þ.e. 6. október 2008. Gögn frá fyrirtækjunum sem fylgdu í kjölfarið styðja þetta en rúmri viku eftir fund Eimskips og Samskipa, eða nánar tiltekið 13. október 2008, sendi (S)starfsm, starfsmaður flutningsstjórnardeildar Samskipa, tölvupóst til (E)starfsm-flutnstýr1 (sami starfsmaður Eimskips og sendi drög að samninginum til (E)frkvstj-flutnkerf 2. október 2008) og (E)fulltr.flutnstý, verkefnastjóra í flutningastýringardeild Eimskips, og spurði hvort Eimskip gæti lánað Samskipum tóma frystigáma í Danmörku. (E)starfsm-flutnstýr1 svaraði (S)starfsm og sagði Eimskip eiga þrjá gáma til að leigja Samskipum og sagði síðan eftirfarandi:

⁵⁰³⁸ Sjá sérstaklega kafla 8.15.5 í ákvörðuninni.

⁵⁰³⁹ Upphaflega átti fundurinn að byrja kl. 12 en var frestað til kl. 13:15 þann 6. október 2008, sbr. mgr. 1482 í AI. Sjá einnig nýtt fundarboð í afritaðri dagbókarfærslu frá Eimskip. Dagbók [...]. „*Samskip*“. Fundarmenn [...]. Fundartími 06.10.2008, kl. 13:15-14:30.



„Það sem við höfum áhuga á er 30 dagar fríir frá pup og eftir það 25\$ pr/dag. Það ætti við ef Eimskip tekur frá Samskip og ef Sam[s]kip tæki frá EIMSKIP.“

9633. (S)starfsm svaraði og sagðist ganga að þessu samkomulagi. Viðbrögð (E)starfsm-flutnstýr1 voru þá eftirfarandi: „Þá á þetta við um future pup á frystigámum, hjá báðum fyrirtækjum“. (S)starfsm svarar: „Já flott“.⁵⁰⁴⁰
9634. Strax eftir þessi samskipti keppinautanna eða kl. 11:13 þann 13. október 2008 sendi áður nefndur (E)starfsm-flutnstýr1 aftur tölvupóst til (S)starfsm en núna einnig til annarra starfsmanna hjá Eimskip. Þar gaf (E)starfsm-flutnstýr1 samstarfsmönnum sínum þau fyrirmæli að Eimskip ætti að leigja Samskipum þrjá frystigáma. Síðan sagði hann: „Samskip fá þá í 30 daga fría, frá pup, og eftir það 25\$ pr/dag. þannig verður það.“ Síðan endaði (E)starfsm-flutnstýr1 tölvupóstinn á að láta (S)starfsm vita af tengiliðaupplýsingum um starfsmann Eimskips í Danmörku „vegna gáma“.⁵⁰⁴¹
9635. Þremur mínútum síðar eða kl. 11:16 þennan dag, 13. október 2008, sendi (E)starfsm-flutnstýr1 tölvupóst til fleiri starfsmanna Eimskips. Þar komu fram eftirfarandi fyrirmæli:
- „If there are any Samskip reefers that we can use, than its ok by me to use them (If Samskip agrees ofcourse). We ´ve a new deal in place which could serve us pretty good“.⁵⁰⁴²
9636. Af framangreindu má sjá Eimskip ((E)starfsm-flutnstýr1) vísa til „nýs“ samnings eða samkomulags við Samskip varðandi samstarf um leigu á frystigámum í október 2008. Er þetta ein birtingarmynd aukins samstarfs fyrirtækjanna með hinu ólögmeta „Nýtt upphaf“ verkefni.
9637. Samskip hafa í athugasemdum fyrirtækisins staðfest að hafa átt í viðræðum við Eimskip um „interchange“ samning og staðfest jafnframt tilvist samkomulags um frystigámaflutninga. Samskip á hinn bóginn byggja á því að að slíkir samningur hafi verið nauðsynlegir til að koma á regluverki varðandi meðhöndlun á gámum milli fyrirtækjanna.⁵⁰⁴³
9638. Þrátt fyrir skyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýstu Samskip ekki um framangreind samskipti og samstarf. Fól það í sér brot gegn upplýsingaskyldu fyrirtækisins, sbr. umfjöllun í kafla 23.
9639. Tveimur dögum síðar fékk (S)forstö-innfl1 það verkefni að ræða við Eimskip um „almenn slotverð“ og (S)frkvstj-millilandasv lagði til við (E)frkvstj-flutnkerf að Samskip og Eimskip myndu gera víðtækan samstarfssamning í siglingum til og frá Íslandi („almennur slot sharing samningur“). (E)frkvstj-flutnkerf svaraði með því að lýsa því yfir að Eimskip væri tilbúið „að skoða allt“, sbr. kafla 8.19.
9640. Tveimur dögum síðar, þann 17. október 2008, sendi (S)forstj fundarboð til (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-fjárm til að fara yfir stöðu mála kl. 15 sama dag. Meðal annars átti þar að ræða „Siglingakerfi-(S)frkvstj-millilandasv -skipa og gámapælingar“, „Söllumál/strategíu út á markaðinn“ og „ebitda sept/okt/nóv“. Klukkan 15:28 þennan dag vistaði (S)frkvstj-millilandasv nýja útgáfa af drögum að hinu „útvíkkaða neyðarsamkomulagi“ milli Samskipa og Eimskips sem tók til víðtæks almenns slotsamstarfs vegna sjóflutninga til og frá Íslandi. (S)frkvstj-millilandasv sendi þessi drög til (E)frkvstj-flutnkerf 20. október 2008, sbr. kafla 8.19.5 og 9.3.
9641. Þann 30. október 2008 átti sér stað símtal milli flutningsstýringardeilda Eimskips og Samskipa, þ.e. þeirra starfsmanna sem sinnu gámastýringu, en þann dag vísaði (E)fulltr.flutnstý í tölvupósti til símtals

⁵⁰⁴⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁴¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁴² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁴³ Sjá mgr. mgr. 31 - 33 í bréfi Samskipa, dags. 31.08.2022.



síns við (S)starfsm.⁵⁰⁴⁴ þann 5. nóvember 2008 kemur fram í tölvupósti (E)fulltr.flutnstý til (S)starfsm (afrit til (E)starfsm-flutnstýr1) að fyrirtækin eigi ennþá eftir að undirrita „interchange agreement, will send you a draft tomorrow“.⁵⁰⁴⁵

9642. Þann 30. október 2008 vísaði (E)starfsm-flutnstýr1 til áður nefnds tölvupósts síns frá 13. október 2008 um hinn nýja samning milli Eimskip og Samskipa og tilkynnti að Eimskip hefði náð nýjum samningi við Samskip sem fólst í því að fyrirtækið gæti notað gáma frá Samskipum). Af tölvupóstinum má ráða að upphaflega hafi Eimskip ekki ætlað að leigja gáma frá Samskipum vegna þessara tilgreindu flutninga sem fjallað er um í tölvupóstsamskiptunum. Þetta breyttist með hinum „nýja“ samningi við Samskip. Þannig svaraði (E)starfsm-flutnstýr1 ... og (E)fulltr.flutnstý eftirfarandi í tölvupósti dags. 31. október 2008:

„You´re right; I requested that it would not be used under cargo. However that has changed, we reach a deal with Samskip. So pls use Samskip containers for cargo, as I instructed via email 13okt´08.“⁵⁰⁴⁶

9643. Samkvæmt framangreindu liggur fyrir að í lok október 2008 lá fyrir nýtt samkomulag Samskipa og Eimskip um gámaleigu. Samhliða þessu var áfram unnið að því hjá lykilstjórnendum taka upp gámasamstarf í Norður-Ameríku flutningum. Verður nú vikið að þeim atvikum í næsta kafla.

18.4. Ákvæði um gámasamstarf tekið upp í nýjum samningi um sjóflutninga til og frá Norður-Ameríku

9644. Viðræður Samskipa og Eimskip um „gámamál“, sbr. tölvupóst (S)frkvstj-millilandasv frá 5. október 2008, skiluðu enn frekari árangri í byrjun árs 2009 því í endurnýjuðum samningi fyrirtækjanna um samstarf í Norður-Ameríku flutningum var að finna nýtt ákvæði um gámasamstarf sem kvað á um að Eimskip útvegaði Samskipum tóma gáma fyrir flutningana ef Eimskip hafði slíka gáma til reiðu. Var framangreint í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefni Eimskip og Samskipa, sbr. kafla 9.12.5, 10.6, 11.19.2 og 16.

9645. Þannig segir í 6. gr. samningsins, sem undirritaður var 7. janúar 2009, að Eimskip (Carrier) skyldi útvega gáma í Reykjavík og viðkomuhöfnum í Bandaríkjunum og Nova Scotia í Kanada undir flutning fyrir Samskip (Shipper) á grundvelli samningsins, ef gámar væru lausir hjá Eimskip á þeim tíma. Í öðrum tilvikum ættu Samskip að nota sína eigin gáma. Ýmis frekari ákvæði voru í samningnum um gámasamstarf. Verðlagsákvæði 5. gr. samningsins voru fjölþættari en áður og var sjófrakt hærri ef Eimskip útvegaði Samskipum gáma.

9646. Í hnotskurn fól þetta aukna gámasamstarf í sér að Eimskip útvegaði Samskipum tóma gáma fyrir flutningana ef Eimskip hafði slíka gáma til reiðu. Var þetta því fyrsti skriflegi samningur fyrirtækjanna um gámamál vegna sjóflutninga milli Norður-Ameríku og Íslands og eitt dæmi af mörgum um afsprengi samráðs fyrirtækjanna sem hófst seinni hluta ársins 2008.

9647. Gögn málsins sýna að í kjölfar gámasamstarfs fyrirtækjanna notaðist Samskip ýmist við sína eigin gáma eða gáma frá Eimskip. Sýna gögn málsins frá árinu 2010 t.a.m. að um helmingur af gámum sem Samskip notuðu fyrir innflutning frá Norður-Ameríku voru gámar frá Eimskip og afgangurinn eigin gámar Samskipa, sbr. skjal Samskipa „VT – innflutningur USA“ frá 9. nóvember 2010 sbr. umfjöllun í köflum 14.33.6.2 og 16.

⁵⁰⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁴⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁴⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].



9648. Eins og ítarlega hefur verið rakið í ákvörðun þessari höfðu lykilstjórnendur fyrirtækjanna ((S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl), sem báru ábyrgð á siglingakerfum og sjóflutningum, tíð samskipti sem tengdust verkþáttum „Nýtt upphaf“ verkefnisins eftir fund fyrirtækjanna í júní 2008. Undirmenn þeirra, starfsmenn fyrirtækjanna, sem unnu í gámastýringu fyrirtækjanna virtust fyrst hafa fengið upplýsingar um nýtt gámasamstarf í Norður-Ameríku flutningum nokkru eftir að samkomulagið var undirritað. Þannig sendi (E)fulltr.flutnstý tölvupóst tæpum mánuði eftir undirritun samningsins til (E)frkvstj-skiparekst (framkvæmastjóra flutningastýringar Eimskips) og (E)forstö-flutnstý (afrit til (E)starfsm-flutnstýr1 og (E)starfsm), þar sem (E)fulltr.flutnstý upplýsti að þeir (væntanlega undirmenn í gámastýringardeild Eimskips) hefðu heyrt orðróm („rumour“) um að Eimskip væri að vinna að nýjum samningi með Samskipum vegna innflutnings frá Bandaríkjunum. Spurði hann hvort það væri rétt að Eimskip ætti að útvega gáma til Samskipa vegna þessara flutninga, og ef svo væri hvaða samningur hafi verið eða yrði gerður um gámakostnaðinn sem félli til.⁵⁰⁴⁷
9649. (E)frkvstj-skiparekst sendi daginn eftir afrit af Norður-Ameríku samningi Eimskips og Samskipa frá 7. janúar 2009 til (E)fulltr.flutnstý, (E)starfsm-flutnstýr1 og (E)starfsm. Í kjölfarið sendi (E)fulltr.flutnstý athugasemdir til (E)frkvstj-skiparekst, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-flutnkerf um gámaleiguákvæði samningsins, framkvæmd á gámasamstarfinu og gámaleiguverðið.⁵⁰⁴⁸
9650. Hvað sem þessu líður er a.m.k. ljóst að í samningi Samskipa og Eimskips vegna flutninga á milli Íslands og Norður-Ameríku, sem undirritaður var 7. janúar 2009, fólst aukið samstarf um gáma. Horft til samtímagagna og þau virt heildstætt er ljóst að gámasamstarf Samskipa og Eimskips á grundvelli Norður-Ameríku samningsins hafi verið einn hluti af stærra samkomulagi um að fyrirtækin myndu almennt hafa með sér hagnýta samvinnu og aðstoða hvort annað með leigu eða lán á gámum ótengt flutningsleið. Sýnir þetta að um var að ræða víðtækt samráð að þessu leyti og hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu.
9651. Þann 26. janúar 2009 sendu Samskip og Eimskip erindi til Samkeppniseftirlitsins og óskuðu eftir undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga vegna samningsins frá 7. janúar 2009, sbr. þágildandi 15. gr. laganna. Í þessu erindi til samkeppnisyfirvalda veittu Eimskip og Samskip engar upplýsingar um allt það samstarf og samskipti sem átt hafði sér stað fram til 26. janúar 2009. Nánar er fjallað um þetta í kafla 16.3.4. Þá upplýstu fyrirtækin ekki um það mikilvæga atriði að umræddur samningur hafi verið liður í umfangsmikilli samvinnu fyrirtækjanna á seinni hluta ársins 2008, þ. á m. um gáamál. Ekki var heldur upplýst um samskipti þessu tengdu, um samkomulag tengt gámum frá 13. október 2008 eða um samskipti tengdum alhliða gámaleigusamningi („interchange agreement“). Í erindinu gáfu fyrirtækin jafnframt ranglega til kynna að samkeppni ríkti á milli þeirra og að markmið samningsins væri að auka samkeppni og bæta hag neytenda.
9652. Þá var staðhæft í beiðni fyrirtækjanna að hinn nýi samningur vegna Norður-Ameríku (frá 7. janúar 2009) væri sambærilegur eldri samstarfssamningum þeirra vegna Norður-Ameríku, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2003. Þetta var kunnert þótt fyrirtækjunum hafi verið fullljóst að þetta væri ekki rétt, enda samstarfið aukið með því að koma á samvinnu um gáma á umræddri flutningsleið, þar sem fyrirtækin voru keppinautar og með 100% markaðshlutdeild.
9653. Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2009, dags. 22. desember 2009, var samningi Samskipa og Eimskips frá 7. janúar 2009 veitt undanþága frá samráðsbanni 10. gr. samkeppnislaga, sbr. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga. Sú undanþága gilti til 31. desember 2010. Er það niðurstaða

⁵⁰⁴⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁴⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. [...] áframsendi athugasemdir hans um samningsinn til [...]. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].



Samkeppniseftirlitsins að sú undanþága hafi verið veitt á grundvelli rangrar, villandi og ófullnægjandi upplýsingagjafar Eimskips og Samskipa, nánar er fjallað um framangreint í köflum 10.6.2, 11.19.2, 16.3.4 og 23.

9654. Rétt er að geta þess að í Norður-Ameríku samningi sem Eimskip og Samskip undirrituðu 9. desember 2010 ákváðu fyrirtækin að auka enn frekar gámasamstarfið á þessari flutningsleið og hélt samstarfið áfram allt rannsóknartímabilið. Gámasamstarfið varð til þess að auka enn á tíð samskipti fyrirtækjanna vegna framkvæmdar á samningnum. Vísast um þetta til kafla 14.33. Í þessu samhengi skal því haldið til haga að engin undanþága samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga var um framangreint Norður-Ameríku samstarf eftir 31. desember 2010.
9655. Hið ólögmeta samstarf Samskipa og Eimskips í Norður-Ameríkuflutningum var samfellt fram á árið 2013, sbr. kafla 16. Tók það sem áður til hvort tveggja samstarfs í flutningum sem slíkum en einnig gámasamstarfs.

18.5. Skilgreint „verklag“ um gámasamvinnu í útflutningi á áli til Evrópu

9656. Í kafla 9 er lýst að Samskip og Eimskip hafi í lok október og nóvember 2008 náð að ljúka því markmiði „Nýtt upphaf“ verkefnisins að endurskoða siglingakerfi fyrirtækjanna með því að takmarka flutningsframboð fyrirtækjanna í áætlunarsiglingum til og frá Íslandi. Til að gera þetta mögulegt höfðu fyrirtækin samráð um breytingar á siglingakerfum og áætlunum sínum og áttu samskipti um og leystu úr viðfangsefnum sem upp komu vegna þeirra. Til þess að framangreindar breytingar á siglingakerfum og siglingaáætlun fyrirtækjanna gætu átt sér stað þurfti m.a. að finna lausn á flutningi Samskipa á álframleiðslu Alcoa fyrir Evrópumarkað. Lausnin fólst í því að Eimskip tók að sér hluta flutninganna. Er þessu m.a. lýst þannig í samtímagögnum Samskipa að Eimskip „sjái um“ þá flutninga sem Samskip sinntu ekki eftir að hafa takmarkað flutningsgetu í nóvember 2008, sbr. kafla 9.11.
9657. Samtímagögn sýna að gámasamstarf Samskipa og Eimskips varðaði einnig þann þátt samráðs fyrirtækjanna sem tengdist flutningum fyrir Alcoa á áli frá Reyðarfirði til Rotterdam, sbr. kafla 9.12.1 og 11.13.4.1.
9658. Varðandi útflutning Samskipa og Eimskips á áli Alcoa á rannsóknartímabilinu ber að horfa til þess að Samskip hafa upplýst að fyrirtækin hafi verið með „skilgreint verklag um það hvar gámar Samskipa, sem Eimskip fluttu, enduðu“, sbr. kafla 9.12.1 og athugasemdir Samskipa við AII, mgr. 502. Fyrirkomulagið hafi verið þannig að Eimskip notaði ekki endilega sína eigin gáma við flutning á áli Alcoa frá Reyðarfirði til Rotterdam. Hafi stærstur hluti af framleiðslu Alcoa verið lestaður í gáma Samskipa. Samkvæmt Samskipum fluttu Eimskip þannig álið „oft á tíðum“ í gámum í eigu Samskipa til Rotterdam. Allir fluttir gámar lestaðir af áli Alcoa, hvort sem þeir voru í eigu eða fluttir með Samskipum eða Eimskip, enduðu hjá Steinweg, hafnarþjónustuaðila Alcoa, í Rotterdam.
9659. Þetta „skilgreinda verklag“ er í samræmi við samtímagögn um aukna gámasamvinnu fyrirtækjanna á þessum tíma. Þá er þetta verklag í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins um aukið samstarf og á sér stoð í samtímagögnum sem urðu til í kjölfar fundar (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)stjform og (E)forstj 6. júní 2008, sbr. m.a. skjalið sem (S)forstj fékk sent til sín kvöldið fyrir fund hans og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip 25. júlí 2008. Í því skjali er vísað til ábata bæði Samskipa og Eimskips af því að nota gámasvæði Steinweg í Rotterdam fyrir gáma vegna útflutnings fyrir Alcoa.
9660. Endurspeglar framangreind samvinna Samskipa og Eimskips um gáma vegna útflutnings á áli Alcoa til Evrópu samfellt samráð fyrirtækjanna.



18.6. „Together we make things happen“

9661. Líkt og komið hefur fram sýna samtímagögn að gámasamstarfi Samskipa og Eimskips fylgdi töluverð samvinna og samskipti á milli fyrirtækjanna.

9662. Samskip og Eimskip vísuðu m.a. til hjálpssemi á milli keppinautanna tengslum við gámasamstarfið, sbr. samskipti á milli þeirra frá 16. nóvember 2009, þar sem (S)starfsm athugaði með tölvupósti hvort Eimskip gæti leigt Samskipum fimm gáma. Þá svaraði Eimskip ((E)starfsm-flutnstýr1) eftirfarandi:

*„Vildi að ég gæti hjálpað en ekki að sinni. Við lendum í skorti á morgun“.*⁵⁰⁴⁹

9663. Í febrúar 2011 leitaði (S)starfsm til (E)fulltr.flutnstý og (E)starfsm-flutnstýr1 og spurði hvort Eimskip ætti gáma sem fyrirtækið mættu missa („It will be paid back next week!“). (E)fulltr.flutnstý svaraði og tilgreindi að Eimskip skorti gáma og gæti því ekki misst gáma til Samskipa. (S)starfsm spurði þá í kjölfarið hvort Samskip gætu fengið lánað a.m.k. eitt stykki. (E)fulltr.flutnstý svaraði (S)starfsm og sagði m.a.:


*„If I [Eimskip] would have enough units I would help you [Samskip], you know that don't you!“.*⁵⁰⁵⁰

9664. Þá vekur eftirtekt Samkeppniseftirlitsins að í samskiptum starfsmanna flutningsstýringar Eimskips og Samskipa, sem unnu að gámastýringu fyrirtækjanna, má jafnframt sjá starfsmennina vísa til samstarfs keppinautanna með tilvísun til slagorðs Samskipa á þessum tíma: „together we make things happen“. Má hér nefna í dæmaskyni eftirfarandi tölvupóstsamskipti milli stjórnenda fyrirtækjanna í flutningastjórnun, (S)starfsm og (E)fulltr.flutnstý, frá 18. ágúst 2009:⁵⁰⁵¹

⁵⁰⁴⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Til viðbótar um samskipti, sjá afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. „*TRLU5874109*“, dags. 15.-22.10.2009. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁵⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁵¹ Samskiptin eru hluti af lengri samskiptum en þau komu til vegna gáms sem Samskip höfðu verið með á leigu hjá Eimskip en Samskip ekki áttað sig á því. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Til samanburðar um neikvæð viðbrögð Eimskips um gámaflutninga fyrir aðra en Samskip, þ.e. Thor Shipping (gegnum Maersk), sjá afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].



9665. Þá má í þessum samskiptum sjá staðfestingu **(S)starfsm** á því að Samskip og Eimskip hefðu þarna verið í stöðugu sambandi við framkvæmd á þessu samráði (sbr.: „*I´m in constant touch with you* [(E)fulltr.flutnstý] og [(E)starfsm-flutnstýr1].

9666. Í tölvupósti Eimskips frá 1. júní 2010 var aftur, í tengslum við samvinnu keppinautanna í gámaleigu, vísað til slagorðs Samskipa, þá ásamt upphröpunarmerki og broskarli:⁵⁰⁵²

„*Together we make things happen!* ☺

9667. Þann 16. febrúar 2011 áttu sér stað tölvupóstamskipti milli Samskipa og Eimskips vegna leigu Samskipa á gámi frá Eimskip. Í þessum tölvupóstamskiptum, við framkvæmd samráðsins, vísaði starfsmaður Eimskips enn og aftur til slagorðs Samskipa: „*Together we make things..... hahahaha*“.⁵⁰⁵³

9668. Er framangreint til vitnis um tíðni þessara samskipta Samskipa og Eimskips og umfang þessarar samvinnu þeirra. Skapaðist af þessu ákveðin samvinnustemming milli fyrirtækjanna og vísað var til þess í léttum dúr að Samskip og Eimskip ynnu vel saman í samræmi við framangreint slagorð Samskipa. Hins vegar er ljóst að umræddir starfsmenn Eimskips ((E)fulltr.flutnstý og (E)starfsm-flutnstýr1) töldu þessa

⁵⁰⁵² Afrituð tölvupóstamskipti frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁵³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].



samvinnu við Samskip síður en svo sjálfgefna og undruðu sig á því að hún væri fyrir hendi, sbr. umfjöllun hér á eftir. Eftir sem áður framkvæmdu þeir hana og áttu í tíðum samskiptum við Samskip.

18.7. Óánægja undirmanna hjá Eimskip með stuðninginn við Samskip

9669. Gögn málsins sýna að samráð Samskipa og Eimskipa um gagnkvæma leigu og lán á gámum gekk svo langt að sumum starfsmönnum Eimskips fannst nóg um stuðninginn við Samskip („*it is ridiculous to support the competition as we've done*“).

9670. Við framkvæmd á samráðinu gekk einnig á ýmsu milli þeirra varðandi einstaka þætti í fyrirkomulaginu t.d. þegar gámar sem leigðir voru urðu fyrir tjóni eða einstaka gámaleiguverð var gagnrýnt.

9671. Þrátt fyrir að (E)starfsm-flutnstýr1 hafi haft umsjón með framkvæmd samráðsins við Samskip sýna gögn málsins að hann, ásamt öðrum starfsmönnum Eimskips, settu fram sín á milli neikvæðar athugasemdir um samstarfið við Samskip. Í tölvupóstsamskiptum frá 2. apríl 2009 var t.a.m. vísað til þess að það væri slæm hugmynd að Eimskip lánaði Samskipum búnað. (E)starfsm-flutnstýr1 tók undir þá athugasemd og sagði síðan:

*„I can put it on paper what I'm thinking, best word is it „sucks”“.*⁵⁰⁵⁴

9672. Þrátt fyrir þessi orð vann (E)starfsm-flutnstýr1 beint að samráðinu á sama tíma, var í reglulegum samskiptum við (S)starfsm og áframsendi til (S)starfsm þennan sama dag tiltekið eyðublað til að nota við framkvæmd samráðsins milli fyrirtækjanna.

9673. Hér má líka nefna að í mars 2009 áttu sér stað tölvupóstsamskipti milli (E)fulltr.flutnstý og starfsmanns Eimskips, (E)starfsm, í Bandaríkjunum. Í þeim samskiptum spurði (E)starfsm (E)fulltr.flutnstý m.a. eftirfarandi um flutninga Eimskips fyrir Samskip:

„Can you tell me if Samskip has their own vessel that move between Europe and Iceland or do the[y] ride on our vessels?”

9674. (E)fulltr.flutnstý svaraði þessu: „*As far as I can see they do not have their own vessel but use either ours or DSL via Europe”*.⁵⁰⁵⁵

9675. Viðbrögð (E)starfsm voru: „*If they [Samskip] are riding predominately [svo] on our vesssel th[e]n I guess we are just shotting [svo] ourselves in the foot again.*“

9676. Svar (E)fulltr.flutnstý var eftirfarandi:

*„I (and lot of other people with me) fully agree with you that it is ridiculous to support the competition as we've done. This is however not in my hands...”*⁵⁰⁵⁶

9677. Sönnunargildi þessa gagns felst fyrst og fremst í því að um er að ræða samtímafrásögn millistjórnanda ((E)fulltr.flutnstý) hjá Eimskip um andstöðu hans (og margra annarra) við að Eimskip væri að styðja Samskip með samstarfi í gámaflutningum.

9678. Þá er sömuleiðis horft til þess að (E)fulltr.flutnstý vísaði til þess að ábyrgðin á þessum stuðningi hafi ekki legið hjá honum. Með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er talið að hann hafi þar vísað til þess að

⁵⁰⁵⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁵⁵ Seinna útskýrði [...] í tölvupóstinum að [...] væri Deep sea Lines.

⁵⁰⁵⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].



stuðningurinn við Samskip hafi verið ákveðinn af yfirmönnum hans hjá Eimskip. Framkvæmdin hafi verið að undirlagi þeirra.

9679. Þrátt fyrir framangreint viðhorf fylgdi (E)fulltr.flutnstýr fyrir mælum yfirmanna sinna og átti sem fyrr segir í tíðum og jafnvel gamansömum samskiptum við Samskip.
9680. Þann 2. apríl 2009 setti (E)starfsm aftur fram ummæli í tölvupósti til (E)starfsm-flutnstýr1, afrit til (E)fulltr.flutnstýr, um að hann „still think it is a bad idea to lend Samskip our equipment“.⁵⁰⁵⁷
9681. (E)fulltr.flutnstýr lét áfram óánægju sína í ljós um samninga Eimskips við Samskip, sbr. eftirfarandi ummæli í tölvupósti frá honum 8. apríl 2009 til m.a. (E)forstö-N-Am, (E)frkvstj-N-Am o.fl.:
- „We used to be very competitive (both imp/ex) prior to recent agreements with the competition!*
- So please don't try to tell me this "deal" is bouncing on container issues [(E)forstö-N-Am]!!*
- It is precisely as [(E)frkvstj-N-Am] already mentioned here below, and all of these contracts are/were based on import to Iceland prior to the crisis.*
- I know that Samskip is also not able to return equipment in Minneapolis, [...] Since Samskip is using our equipment! [...].“⁵⁰⁵⁸*
9682. Athygli vekur að í ummælum (E)fulltr.flutnstýr er vísað til samninga við Samskip í fleirtölu.
9683. Samkvæmt fyrrgreindum tölvupósti var það mat (E)fulltr.flutnstýr að gámasamráðið við Samskip hefði dregið úr samkeppni og samkeppnishæfni Eimskips.
9684. Þann 21. apríl 2009 setti (E)starfsm-flutnstýr1 fram athugasemdir um reikning frá Samskipum vegna viðgerða á gámum sem Eimskip tók á leigu hjá Samskipum. Af því tilefni sagði (E)starfsm-flutnstýr1 m.a. eftirfarandi í tölvupósti til (S)starfsm, afrit til (S)starfsm: „Ég hef vilja til að koma til móts við ykkur, til að halda góðu samstarfi, en ég get ekki beygt vinnuferlana þetta mikið [þ.e. verkferla Eimskips vegna viðgerða á leigðum gámum]“.⁵⁰⁵⁹
9685. Í kjölfar ágreinings Eimskips um viðgerð á gámi leigðum frá Samskipum sendi (E)starfsm-flutnstýr1 í maí 2009 í tölvupósti til (E)svæðisstj1 og (E)skrifstj.Mjóeyrarh, afrit til (E)fulltr.flutnstýr, tilkynningu um að Eimskip myndi aldrei aftur taka gáma á leigu hjá Samskipum.⁵⁰⁶⁰
9686. (E)starfsm-flutnstýr1 áframsendi samskipti sín við Samskip (vegna gámaleigu) til (E)fulltr.flutnstýr og (E)starfsm þann 26. maí 2009 og sagði: „FYI, I feel like we're getting screwed by any means possible by Samskip.“⁵⁰⁶¹
9687. (E)starfsm-flutnstýr1 sendi 29. maí 2009 tölvupóst til bókuarðeildar Eimskips og gaf þau fyrir mæli að Samskip mættu ekki fá fleiri gáma „á USA“, „loka alveg á þá í a.m.k. 2. vikur“. Engin frekari útskýring fylgdi tölvupóstinum.⁵⁰⁶²

⁵⁰⁵⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁵⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁵⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁶¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁶² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].



9688. Þann 10. ágúst 2010 lýsti (E)fulltr.flutnstý þeirri skoðun sinni í innanhússamskiptum að Eimskip ætti a.m.k. að hætta að flytja frakt fyrir Samskip frá Bandaríkjunum.⁵⁰⁶³
9689. Þrátt fyrir framangreind ummæli, óánægju starfsmanna og ágreining milli Eimskips og Samskipa um einstaka þætti í fyrirkomulagi gámasamráðsins, sýna gögn málsins að gámasamráð keppinautanna hélt áfram allt til a.m.k. júní 2013.

18.8. Samningsdrög ganga á milli fyrirtækjanna á tímabilinu

9690. Samtímagögn sýna að á rannsóknartímabilinu gerðu Samskip og Eimskip nokkrar tilraunir til að koma munnlegu samkomulagi sínu um leigu og lán á gámum yfir á skriflegt form. Áttu samskipti sér stað milli starfsmanna fyrirtækjanna vegna þessa og gengu skrifleg samningsdrög á milli þeirra. Rétt er að gera grein fyrir þessum samtímagögnum en áréttu að sama skapi að bannregla 10. gr. samkeppnislaga tekur hvort heldur til munnlegra eða skriflegra samninga fyrirtækja. Kjarnaatriðið hér er að samskiptin sýna, virt með öðrum gögnum, fram á tilvist samkomulagsins.
9691. Þann 3. september 2009 vísaði (E)starfsm-flutnstýr1 í innanhússamskiptum til gámasamstarfsins á milli Samskipa og Eimskips. Ummæli hans sýna að gámasamráðið hafi byggst á munnlegu samkomulagi og samningsverðið hafi verið í formi afsláttar af almennu gámaleiguverði.⁵⁰⁶⁴ Í tölvupóstinum sagði hann nánar tiltekið að það hafi verið „afsláttur í gangi, en enginn samningur.“ og að „enginn virðist hafa samning í höndunum“. Stuttu síðar, í nóvember og desember 2009, áttu sér stað samskipti (S)forstö-innfl1 við annars vegar (E)forstö-innfl og hins vegar (E)deildstj-TVG. Í þeim var vísað til samkomulags „í gangi á milli Eimskips og Samskipa um standard 50% afslátt af uppskipuninni“ og að það verði að vera „einhver lína milli fyrirtækjanna“ varðandi verð fyrir leigu á gámum, sbr. kafla 14.12.
9692. Þann 24. nóvember 2009 áframsendi (E)starfsm-flutnstýr1 tölvupóst frá Samskipum vegna gámaleigu til samstarfsmanns síns, (E)skrifstj.Norðurl, þar sem (E)starfsm-flutnstýr1 upplýsti að Eimskip hafi leigt fleti⁵⁰⁶⁵ til Samskipa og leiguverðið væri 7\$ pr/dag „og á það að verða rate 'ið í samningi við þá [Samskip] (sem við eigum eftir að gera).“⁵⁰⁶⁶
9693. Þann 3. desember 2009 var ráðgert að gera skriflegan samning milli Eimskips og Samskipa um yfirstandandi gámasamstarf keppinautanna. Þannig sendi (E)starfsm-flutnstýr1 tölvupóst með heitinu „Samskip – Interchange agreement“ til (E)fulltr.flutnstý í gámastýringardeild Eimskips.⁵⁰⁶⁷
9694. Í áðurnefndum tölvupósti (E)starfsm-flutnstýr1 frá 3. desember 2009 kemur eftirfarandi fram um að koma gagnkvæmum skilningi og samstarfi fyrirtækjanna í formlegri fasa:


⁵⁰⁶³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁶⁴ Ólíkt því sem átti við um gámasamstarf fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁶⁵ Sýnir þetta að samráð Samskipa og Eimskips tók ekki einvörðungu til gáma heldur einnig til leigu og láns á fletum.

⁵⁰⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁶⁷ Fyrrgreindur [...] er sami starfsmaður Eimskips og sendi drög að slíkum samningi milli Eimskips og Samskipa til [...] 13.10.2008 og sem tilkynnti um „nýjan“ gámaleigusamning við Samskip stuttu síðar, sbr. umfjöllun í mgr. 932-934 hér áður í andmælaskjali þessu.



9695. Í samræmi við framangreind fyrirmæli (E)starfsm-flutnstýr1 kunngerði (E)fulltr.flutnstý í tölvupósti til (E)starfsm-flutnstýr1 (og (E)skrifstj.Norður) þann 15. desember 2009 að hann myndi vera í sambandi við Samskip fljótlega í þeim tilgangi að leggja til „a new interchange agreement set-up. Lets charge them for this one USD 7 per day“.⁵⁰⁶⁸ Var um að ræða svar við tölvupósti frá (E)starfsm-flutnstýr1 þar sem hann sagði m.a. eftirfarandi um Samskip og gámaleiguna: „We should use this opportunity and finalize the Interchange agreement and play fair.“
9696. Um miðjan janúar 2010 ákváðu Samskip og Eimskip að hittast til að ganga frá skriflegum gámaleigusamningi, n.t.t. þann 13. janúar 2010 sendi (E)fulltr.flutnstý tölvupóst til (S)starfsm. Heiti hans var „Interchange agreement“ og í honum sagði:
- „As far as we can see there is no real Equipment Interchange in place between Samskip and Eimskip.
- [(E)starfsm-flutnstýr1] tells me that there is a lot uncertainty on reasonable charges to each other.
- We are of the opinion, in order to avoid further misunderstandings and frustration, that it is time to meet and jointly prepare such an agreement.
- What do you say?“⁵⁰⁶⁹
9697. (S)starfsm svaraði um hæl: „I totally agree with you. Please suggest time and place.“⁵⁰⁷⁰
9698. (E)fulltr.flutnstý svaraði daginn eftir og lýsti yfir ánægju með jákvæða afstöðu Samskípa. Lagði hann til að Eimskip myndi senda drög að samningi til Samskípa og að fyrirtækin myndu síðan funda í kjölfarið. (S)starfsm svaraði og samþykkti þessa tillögu.⁵⁰⁷¹
9699. (E)fulltr.flutnstý sendi umrædd drög til (S)starfsm þann 1. febrúar 2010. Í þeim er fjallað um skilmála og verð fyrir leigu á gámum.⁵⁰⁷² (S)starfsm svaraði daginn eftir: „Gefðu okkur nokkra daga að skoða þetta.“ (E)fulltr.flutnstý samþykkti það.⁵⁰⁷³
9700. Stuttu áður en (E)fulltr.flutnstý sendi áðurnefnd samningsdrög til (S)starfsm áttu sér stað tölvupóstsamskipti innan Eimskíps í kjölfar samskipta vegna reiknings sem Samskip sendu Eimskip um

⁵⁰⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁶⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...].

⁵⁰⁷⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] DOC. ID. 0.7.33.796720.

⁵⁰⁷¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁷² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.799252.

⁵⁰⁷³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.799346.



gámaleigu. Þannig sendi (E)starfsm-flutnstýr1 tölvupóst til (E)forstö-innfl (afrit til (E)frkvstj-skiparekst, (E)fulltr.flutnstý og (E)forstö-flutnstý) 22. janúar 2010 þar sem fram kom eftirfarandi:

„Sæll [(E)forstö-innfl],

Við þurfum að vita eftirfarandi:

- Þegar við notum Samskip sem flutningsaðila, við erum cnee [móttakandi], hvað erum við að borga þeim í gámaleigu, erum við ábyrgir fyrir að skila gám aftur til Samskipa eða er búið að greiða flutninginn?
- Þegar gámar koma í tæmingu í vöruhótel, cnee [móttakandi] er viðskiptamaður en við geymum vöruna, hver borgar gámaleigu og hver er á að trukka gám til baka til Samskipa (sjá þeir um það eða fellur það á reikning Eimskips?).

Við erum búnir að borga allt of mikla gámaleigu til Samskipa, þ.e.a.s. óþarfa leigu. Við hefðum í mörgum tilvikum verið búnir að skila gámum fyrr ef við vissum að því að við ættum að skila þeim. Í den borguðum við litla leigu, þetta var gert að sveitamanna sið og Samskip pikkaðu gámana þegar þeir áttu leið framhjá, breyttir tímar og þeir eru mun graðari á gámaleiguna. Við erum komnir með í ferli a.m.k nú mun WHO tilkynna okkur þegar gámar eru tæmdir en við þurfum að vita hver borgar hvað.⁵⁰⁷⁴

9701. (E)forstö-innfl svaraði fyrirspurnum (E)starfsm-flutnstýr1 samdægurs með eftirgreindum tölvupósti:

„Við erum ekki með neinn samning við Samskip um flutningi og eða gámaleigu. Það hefur verið gegnum tíðina ákveðið tilfelli þar sem gámar eins skipafélags hafa farið með hinu en þá er jú ekkert issue með gámaleigu. Þess vegna erum [við] rukkaðir samkvæmt gjaldskrá þeirra sem er með 7 frídaga frá komu til landsins.

Eins og í þessu tilfelli hér að ofan er um hefðbundinn feril að ræða. Það þýðir að ákveðnir sendendur erlendis sem greiða flutning til landsins ákveða að flytja með Samskipum en með Eimskip sem móttakanda. Við erum þá hefðbundnir viðskiptamenn Samskipa. Við pöntum akstur og greiðum þeim eða sækjum sjálf á okkar kostnað. Það er á okkar ábyrgð að tilkynna gáminn tóman til þeirra og láta þá sækja eða að skila gámnum til þeirra.

Ef við erum ekki viðskiptavinur Samskipa í flutningnum sjálfum þ.e. einhver annar aðili sem er með samning við okkur um hýsingu á vörunni (gámalosun og geymslugjöld etc) þá á ferillinn að vera allt annar. Þá ber viðkomandi viðskiptavinur Samskipa sem skráður móttakandi alla ábyrgð á aksturs- og gámakostnaði og við höfnum alfarið allri gámaleigu sem frá Samskipum kann að koma.

Sama lögmál og hér að ofan gildir báðu megin að mínu mati og því ekki augljóst að það sé okkar hagar að sveitamannasiðurinn sé virkjaður aftur.

Sem sagt bottom line:

Við þurfum að skila þeirra gámum til þeirra eða tilkynna tóman til að komast hjá gámaleigu í þeim tilfellum sem við erum móttakendur (consignee) á sendingum.

Láttu mig vita ef eitthvað er óljóst.⁵⁰⁷⁵

⁵⁰⁷⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁷⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].



9702. Af þessu má sjá að samskipti fyrirtækjanna vegna gámamála gátu auk hefðbundnar gámaleigu á milli fyrirtækjanna, einnig varðað svokallaðar „pre-paid“ sendingar eða þegar gámar fóru á milli félaganna þar sem annað þeirra sá um flutning en hitt um hýsingu skv. samningi viðskiptavinar. Sjá má (E)frkvstj-skiparekst vísa til að „í den“ hafi þetta verið gert af sveitamannasið en það væri ekki hagur Eimskips að það yrði virkjað „aftur“.
9703. Áfram héldu fyrirtækin umræðu um að koma samkomulagi um leigu á gámum milli þeirra á skriflegt form. Í júní 2010 áttu sér stað samskipti milli fyrirtækjanna vegna þessa og samningsdrög gengu á milli þeirra. Þannig sendi (E)starfsm-flutnstýr1 eftirfarandi tölvupóst til (S)starfsm 1. júní 2010 kl. 13:56 (afrit til (E)fulltr.flutnstý og (S)starfsm). Upphaf samskiptanna tengist gámi sem (S)starfsm hugðist fá á leigu hjá Eimskip sem yrði skilað til Eimskips í Rotterdam.
- „Við [Eimskip] höfum nákvæmlega ekkert að gera með gáminn í RTM. Það er algjört surplus svæði hjá okkur og þá verður þetta bara auka THC kostnaður fyrir okkur.*
- Við [Eimskip] erum til í að "vinna með ykkur" [Samskip] en við getum auðvitað ekki samþykkt það sem veldur okkur auka kostnað.*
- Ef þú ert með aðrar tillögur, þá erum við til í að hlusta á þær. Einnig er óhætt að nefna að við erum ekki með neinn interchange samning unírritaðann“.⁵⁰⁷⁶*
9704. (S)starfsm svaraði (E)starfsm-flutnstýr1 strax þremur mínútum síðar og sagði að gáminum yrði skilað í Hamborg (ekki Rotterdam).
9705. Kl. 14:07 þennan dag sendi (E)starfsm-flutnstýr1 þetta svar til (S)starfsm og (S)starfsm og staðfesti að Samskip mættu skila gáminum í Hamborg og sagði svo:
- „[(S)starfsm], þá þurfum við að klára Interchange samning.“⁵⁰⁷⁷*
9706. Kl. 14:15 svaraði (S)starfsm og sagðist skila gáminum í Hamborg til Eimskips og sagði eftirfarandi vegna gámaleigusamningsins:
- „Samninga pakkinn er eiginlega bara leti af minni eða okkar hálfu. Skulum klára þetta sem fyrst.*
- Svo að það stoppi ekkert þennan gám - þá væri ágætt að fá frá þér tilboðið.“⁵⁰⁷⁸*
9707. Nokkrum mínútum síðar þann 1. júní 2010 sendi (E)starfsm-flutnstýr1 til (S)starfsm drög að samningi um gámaleigu á milli fyrirtækjanna (afrit til (E)fulltr.flutnstý og (S)starfsm). Samkvæmt 1. gr. var markmiðið með samningnum „to establish working procedures and rates for cabotage and/or one-way use of containers“.⁵⁰⁷⁹
9708. Strax í kjölfarið áttu sér stað samskipti þar sem Eimskip vísaði, um samvinnu keppinautanna, til slagorðs Samskipa, „Toghether we make things happen“, ásamt upphrópunarmerki og broskarli, sbr. umfjöllun hér að framan.⁵⁰⁸⁰
9709. Rétt er að nefna að árið 2010 unnu Samskip og Eimskip að því að koma öðrum þáttum „Nýtt upphaf“ verkefnisins í skriflegt form, auk áður nefnds skriflegs samnings um gámaleigu. Má hér nefna samningsdrög um landflutningasamstarfið, sbr. kafla 17, samning um hafnarsamstarfið á Reyðarfirði,

⁵⁰⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁸⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].



sbr. kafla 19 og samninga um samstarf í sjóflutningum (Norður-Ameríka og Evrópa, þ.e. „neyðarsamkomulagið“), sbr. kafla 16.⁵⁰⁸¹

9710. Gengið var frá endurnýjun á áður nefndum skriflegum Norður-Ameríku samningi Eimskips og Samskipa í desember 2010. Um þau atvik er nánar fjallað í kafla 14.33 og 16.7. Þar er nánar fjallað um að í endurnýjuðum samningi var ekki aðeins áfram kveðið á um gámaleigusamstarf milli fyrirtækjanna, þ.e. að Eimskip myndi leigja Samskipum gáma í Bandaríkjunum, heldur fólst í endurnýjuðum samningi aukið gámasamstarf.
9711. Með endurnýjuðum samningi fólst að Samskip skyldu nota gáma Eimskips í meira mæli en áður. Samtímagögn sýna um þetta var „*gagnkvæmur skilningur*“ á meðal fyrirtækjanna, þ.e. að leitast við að Samskip myndu alfarið nota gáma Eimskips í kjölfar endurnýjunar á samningi þeirra í desember 2010. Á þessum tíma átti Eimskip í erfiðleikum með að útvega Samskipum gáma til leigu í Bandaríkjunum. Vegna þessa gerðu fyrirtækin leynilegan „*hliðarsamning*“ við hinn nýja samning í desember 2010 ef upp kæmi tilvik þar sem Eimskip gæti ekki útvegað Samskipum gám/gáma (e. „*Occasionally the Carrier can be faced with a general shortage of containers in the ports of loading in U.S. and Nova Scotia, Canada. In case the Carrier can not supply the number of dry containers needed to fulfil the minimum volume obligation in such events, the undersigned parties agree that the Carrier shall compensate Samskip hf with USD 200 per container.*“). Var um að ræða viðauka við gámaleiguákvæði 6 a) í samningnum þar sem Eimskip var gert skylt að greiða gjald til Samskipa hefði það ekki gáma til leigu fyrir Samskip í höfnum í Bandaríkjunum og Kanada, sbr. kafla 16.7.4.
9712. Við undirbúning að gerð þessa samnings í lok nóvember 2010 sendi (E)forstj eftirfarandi tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj með heitinu: „Fundur með [(S)frkvstj-N-Am] S line í gær.“ Í honum greindi (E)forstj frá fundi sínum með (S)frkvstj-N-Am þar sem sá síðarnefndi sagði að Eimskip hefði „*reddað*“ Samskipum um gáma í Bandaríkjunum og Samskip væru að „*stóla*“ á Eimskip um gáma:
- „*Hann er að kvarta yfir því að við værum ekki að standa okkur í því að útvega gáma í Halifax en á endanum hefði hann hringt í [(E)forstö-innfl] sem hefði reddað máluum. [...] Ástandið er þannig í Halifax að það eru engir gámar til leigu og því stóla þeir á okkur. Hin leiðin þeirra væri að fara út úr Montreal en þessi pappír er að koma frá Halifax svo það yrði dýrara þar sem verðin eru 1500-2000 á box út úr Montreal með tilheyrandi kostnaði við tengingu í Bremerhaven. Skoðum þetta mál.*
- Einnig þarf að skoða að við séum ekki að flytja þeirra gáma milli Boston og Norfolk og öfugt þar sem það er ólöglegt og við gætum fengið sektir vegna John Acts.*“⁵⁰⁸²
9713. Varðandi aðra gámaleigu en þá sem tengdist flutningum milli Norður-Ameríku og Íslands héldu sömuleiðis áfram tíð samskipti milli starfsmanna Samskipa og Eimskips um skrifleg drög að gámaleigusamningi.
9714. Gögn frá febrúar 2011 bera með sér að fyrirtækin höfðu þá, þrátt fyrir tíð samskipti, ekki ennþá undirritað skriflegan gámaleigusamning fyrir samkomulag þeirra tengt leigu eða láni á gámu.⁵⁰⁸³ Áréttu ber að það breytir þó engu um sönnunarfærslu og mat á ólögmati samráðsins. Gögn málsins sýna að gámasamráðið milli fyrirtækjanna var samfellt og viðvarandi út rannsóknartímabilið (a.m.k. til júní 2013).

⁵⁰⁸¹ Aðeins var sótt um undanþágu til Samkeppniseftirlitsins skv. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga vegna samstarfs í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Þá upplýstu Eimskip og Samskip ekki um aðra þætti í samráði fyrirtækjanna.

⁵⁰⁸² Væntanlega er hér verið að vísa til „*The Jones Act*“ (alríkislög nr. 46 USC s. 883) sem banna erlendum flutningafyrirtækjum svonefnda „*coastwise*“ flutninga. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]. Doc.ID. 0.7.33.702196.

⁵⁰⁸³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].



9715. Við rannsókn málsins óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því, með vísan til 19. gr. samkeppnislaga, að Samskip og Eimskip afhentu afrit af öllum samningum sína á milli. Meðal annars áttu fyrirtækin að afhenda afrit af öllum samningsdrögum, tillögum eða hugmyndum um samstarf fyrirtækjanna (munnlegt eða skriflegt).⁵⁰⁸⁴ Hvorki Samskip né Eimskip afhentu Samkeppniseftirlitinu uppkast að gámaleigusamningi milli keppinautanna eða önnur gögn tengd samstarfi þeirra um gámamál. Þá var Samkeppniseftirlitið heldur ekki upplýst um tilvist munnlegs gámasamkomulags milli fyrirtækjanna. Hefur þetta verið til þess fallið að torvela rannsókn málsins, sbr. nánar umfjöllun í kafla 23 um brot Samskippa á 19. gr. samkeppnislaga.

18.9. Um framkvæmdina - samskiptagögn

9716. Samstarf Samskippa og Eimskips gat bæði komið til vegna leigu/láns á tómunum gámum milli fyrirtækjanna en einnig gat gámaleigan tengst samráði milli fyrirtækjanna í gámaflutningum hvors fyrir hitt og kom þá gámaleiga til viðbótar við flutninginn sem slíkan.

9717. Þá ber að áréttu sömuleiðis að gámasamráð Samskippa og Eimskips var ekki bara bundið við sjóflutningsmarkaðinn heldur sýna gögn málsins að fyrirtækin höfðu uppi sömu ólögmetu háttsemina á landflutningamarkaði. Umfjöllun í kafla þessum getur eins og áður segir skarast á við efni annarra kafla í ákvörðun þessari, sbr. einkum kafla 16 og 17.

9718. Gögn bæði frá Samskipum og Eimskip, m.a. frá flutningsstýringardeildum þeirra (fyrirnefndum (E)starfsm-flutnstýr1/(E)fulltr.flutnstý og (S)starfsm), sýna að samráð fyrirtækjanna var viðvarandi út rannsóknartímabilið (a.m.k. til júní 2013). Ljóst er að gámasamstarf fyrirtækjanna kallaði á tíð samskipti á milli þeirra, hvort sem það var með símtali eða gegnum tölvupóst. Athuga ber að ekki er um tæmandi talningu að ræða um samskipti sem leiddu af gámasamstarfinu.⁵⁰⁸⁵ Þessi gögn eru margskonar og varða t.a.m. beiðni um leigu, afhendingu á leigðum gámum, innheimtu á gámaleigu og e.a. geta þar líka verið rakin gögn um samstarf á flutningi á leigðum gámum.

9719. Verður eftirfarandi umfjöllun að meginstefnu til í tímaröð.

9720. Þann 31. október 2008 áframsendi (E)skrifstj.Mjóeyrarh tölvupóst frá Samskipum til (E)starfsm-flutnstýr1 og sagðist hafa tekið á leigu „8 fleti hjá Samskip“ sem Eimskip ætti að skila í Rotterdam. (E)starfsm-flutnstýr1 samþykkti leiguna en bætti við að það væri „dýrt að taka þetta frá Sambó“. Seinna í samskiptunum spurði (S)starfsm, starfsmaður Samskippa, út í skilmála í gámaleigusamstarfi Eimskips og Samskippa. (S)starfsm svaraði (afrit m.a. til (E)starfsm-flutnstýr1) og sagði: „30 frídaga á þessu og síðan \$10 per dag eftir það [...]“. (E)starfsm-flutnstýr1 svaraði (S)starfsm: „Samþykkt“.⁵⁰⁸⁶

9721. Þann 4. desember 2008 áttu sér stað innanhússamskipti hjá Eimskip vegna gámaleigu og -flutninga hjá Samskipum. Starfsmaður Eimskips velti fyrir sér verðlagningu Samskippa á leigunni. (E)starfsm-flutnstýr1 svaraði og vísaði m.a. til þess að Eimskip yrði að bjóða starfsmanni Samskippa í gámastýringu, (S)starfsm, „í glas og komast að niðurstöðu“, sbr.:

„Ég skil alveg að þeir [Samskip] standi á sínu, því ef við tökum gám frá þeim [Samskip] þýðir töpuð frakt hjá þeim [Samskipum], sem við endum með að taka, stundum.“

⁵⁰⁸⁴ Bréf frá Samkeppniseftirlitinu til Eimskips 23.01.2015, 11. tölul. Bréf Samkeppniseftirlitsins til Samskippa, dags. 29.01.2015, 10. tölul.

⁵⁰⁸⁵ Sjá einnig hér yfirlit yfir samskipti í kafla 13.3.2. Sbr. einnig afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁸⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].



Við verðum að bjóða [(S)starfsm] í glas og komast að niðurstöðu, [(E)fulltr.flutnstýr] þú ert góður í því".⁵⁰⁸⁷

9722. Í samskiptum Samskipa og Eimskips frá 13. janúar 2009 má sjá fjallað um ólögmetta gámasamvinnu fyrirtækjanna og „samkomulag“ milli þeirra. Nánar tiltekið sendi (S)viðskstj3 eftirfarandi tölvupóst til (E)forstö-útfl með heitinu „Gámar í flutningi fyrir Samskip“ (afrit sent til (S)forstö-útfl):

„Það hefur borið við í nokkur skipti uppá síðkastið að þegar EÍ [Eimskip] hefur tekið gáma fyrir Samskip þá hefur farmeigandi vörunnar verið rukkaður af EÍ [Eimskip] í stað þess að EÍ [Eimskip] rukki Samskip fyrir flutning samkvæmt samkomulagi félaganna sín á milli. Þessi skipti koma upp öðru hverju að teknir eru gámar fyrir hvorn annan td vegna ófærðar inn til Eyja og svo framvegis. Okkar sjónarmið hefur alltaf verið að gera þetta ef einhver kostur er gagnvart EÍ [Eimskip] þegar beiðni hefur komið um það þá er ávallt sendur reikningur fyrir því beint á EÍ [Eimskip] en ekki þá sem eiga vöruna í gámunum.

Nú er ég með dæmi síðan um jólin þegar EÍ [Eimskip] tók fyrir okkur FF gám í Eyjum til UK. EÍ [Eimskip] rukkar fraktina á shipperinn í gámnum og því fæst ekki breytt samkvæmt e-maili sem ég fékk í dag frá Eyjum.

Viltu taka málið upp við þitt fólk því okkur vitandi hefur ekki verið tilkynnt um neinar breytingar hvað þetta varðar til okkar og samkomulag það sem verið hefur því enn í góðu gildi.“⁵⁰⁸⁸

9723. Hið samfellda samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma endurspeglar m.a. í innanhússamskiptum hjá Eimskip frá 23. febrúar 2009. Upphaf samskiptanna á rætur að rekja til þess að Eimskip tilkynnti Samskipum með tölvupósti að það síðarnefnda mætti sækja sex tóma gáma inn á svæði hjá Eimskip. Í innanhússamskiptum í framhaldinu vísaði starfsmaður Eimskips, (E)starfsm, m.a. til þess verklags að Eimskip taki „reglulega“ saman gámalista yfir Samskipa-gáma sem séu á Eimskips-svæðinu og Samskip væru síðan upplýst um. Samskip væru líka upplýst um það þegar Eimskip tæmdi Samskipa-gáma af vörum fyrir viðskiptavini vöruhótelsins.⁵⁰⁸⁹

9724. Gögn um samskipti Samskipa og Eimskips sýna að keppinautarnir leigðu ekki alltaf hvor öðrum gáma þegar eftir því var leitað, enda gámaskortur viðvarandi á Íslandi á þessum tíma. Þann 16. febrúar 2009 sendi (S)starfsm tölvupóst til (E)starfsm-flutnstýr1 og spurði hvort Eimskip mætti missa frystigáma og sagði: „Bara svona 3-5 gáma, just in case“. (E)starfsm-flutnstýr1 svaraði að hann ætti þá ekki „eins og er. Við, eins og þið, vitum ekkert með loðnuna ...“.⁵⁰⁹⁰

9725. Þann 24. febrúar 2009 sendi (E)frkvstj-N-Am, framkvæmdastjóri sjóflutninga og gámadeildar hjá Eimskip í Norður Ameríku, tölvupóst til (E)starfsm-flutnstýr1 og (E)fulltr.flutnstýr með heitinu „Samskip using Eimskip RFs EVT“. Þar tilkynnti (E)frkvstj-N-Am að hann hafi tekið eftir því að Samskip væru að nota Eimskips gáma (units). Spurði (E)frkvstj-N-Am hvort þetta fyrirkomulag væri komið til að vera. Rífað skal upp að í endurnýjuðum samningi Samskipa og Eimskips um Norður-Ameríku flutninga frá 7. janúar 2009 var gámasamstarf fyrirtækjanna aukið sem fólst í því að Eimskip skyldi útvega Samskipum gáma í Reykjavík og viðkomuhöfnum í Bandaríkjunum og Kanada. Vísast nánar um þetta til kafla 10.6.2 og 16.3.2, sbr. einnig umfjöllun hér að framan. Í samræmi við þetta svaraði (E)starfsm-flutnstýr1 og sagði að líklega hefði gleymst að láta (E)frkvstj-N-Am vita. (E)starfsm-flutnstýr1 sagði síðan:

„Yes, Samskip is moving their cargo in Eimskip containers, it's a ongoing biz.”

⁵⁰⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskip. [...]. Doc. ID. 0.7.33.841158.

⁵⁰⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁹⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].



We´ll give the HC reefers, I´ll instuct only to release HC reefers for Samskip (from REY). [...].⁵⁰⁹¹

9726. Þann 3. mars 2009 sendi (E)starfsm-flutnstýr1 tölvupóst til bókuardeildar Eimskips með heitinu „RF [Frystigámar] fyrir Samskip til US“ og sagði að það yrði „víst lítið um RF gáma fyrir Samskip í þessari viku en vildi hafa það á hreinu það verða að vera RF45 gámar sem þeir [Samskip] eiga að fá [frá Eimskip]“.⁵⁰⁹²
9727. Þann 5. mars 2009 vildi (E)starfsm-flutnstýr1 tryggja að verkferillinn innan Eimskips, vegna gámasamráðsins með Samskipum, myndi ganga hnökralaust fyrir sig. Vegna þessa sendi hann tölvupóst til samstarfsmanna hjá Eimskip og sagði að það yrði að klára að koma upp verklagi vegna þess að „[f]lutningar fyrir Samskip eru að aukast“. Þá sýna gögn málsins ágreining hjá starfsmönnum Eimskips um hvort heimilt væri að flytja og færa gáma (ótollafgreiddar vörur) á milli tollasvæða fyrirtækjanna án afhendingarheimildar. Niðurstaða um verklag vegna gámasamráðs lá fyrir 31. mars 2009, sbr. eyðublað sem (E)starfsm-flutnstýr1 sendi til (S)starfsm 2. apríl 2009.⁵⁰⁹³
9728. Þann 19. mars 2009 lýsti (E)starfsm-flutnstýr1 því yfir við (S)starfsm að Eimskip hafi verið að reyna að vinna „með ykkur [Samskip] til að hafa stjórn á þessu flæði [...]“.⁵⁰⁹⁴
9729. Þann 24. mars 2009 sendi (E)starfsm-flutnstýr1 tölvupóst til samstarfsmanns síns hjá Eimskip, og sagði „Löng fæðing, en þetta kemur“. Meðfylgjandi var kort eða yfirlitsmynd af hafnarsvæði Eimskips í Sundahöfn. Vekur eftirtekt að á yfirlitinu frá (E)starfsm-flutnstýr1 var gert ráð fyrir sérstöku svæði fyrir „Tómir Samskipa – gámar“ inn á hafnarsvæði Eimskips.⁵⁰⁹⁵ Var þannig samstarf fyrirtækjanna með þeim hætti að það kallaði á sérstakt svæði eða verklag innan hafnarsvæði keppinautarins.
9730. Í tölvupósti (E)svæðisstj3, rekstrarstjóra Eimskips í Vestmannaeyjum, til (E)frkvstj-skiparekst og (E)forstö-útfli, 14. maí 2009 kvartaði hann yfir því að Eimskip hefði „allt of lítið“ af 20 feta IN (einangruðum) gámum fyrir ferskan fisk. Vísaði hann einnig til þess að Eimskip hefði „stundum fengið lánaða gáma frá Sambó til að geyma í, en samkvæmt lögum er það bannað“.⁵⁰⁹⁶
9731. Þann 20. október 2009 voru (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl í tölvupóstsamskiptum vegna flutninga frá Halifax í Kanada (26 gámar). Af samskiptunum má ráða að gámar Samskipa hafi ekki verið bókaðir með skipi Eimskips. Bað (S)forstö-innfl1 (E)forstö-innfl um að hafa samband við sína samstarfsmenn í Kanada „og togaðu í einhverja spotta“.
9732. (E)forstö-innfl svaraði daginn eftir: „Ég gaf í gær fyrirskipun til Kanada með copy til Sly um að samþykka þessa bókun og staðfesta við ykkur. Ég fylgi því eftir er nær dregur.“ (S)forstö-innfl1 svaraði: „Takk kærlega fyrir þetta“.⁵⁰⁹⁷

⁵⁰⁹¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Hér ber að nefna að nokkrum dögum áður eða 18. febrúar 2009 hafði [...] í tölvupósti til [...] og [...], afrit til [...], [...], [...]og [...], vísað til samtals við [...] „v/Samskipsflutninga til Ameríku“, að nýr samningur við Samskip myndi kveð á á um að Eimskip útvegaði gáma fyrri þessa flutninga Eimskips fyrir Samskip. Ef hins vegar Eimskip ætti ekki gáma þá bæri Samskip að útvega gámana sjálfir til að flytja með Eimskip til N-Ameríku. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁹² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁹³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]. Sjá einnig afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]. Sjá einnig niðurstöður um verklag, afrituð áframhaldandi samskipti milli [...] og [...], dags. 31.03.2009, kl. 12:29 og 12:50. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „1145948.doc“. Viðhengi við afritaðan tölvupóstur frá Eimskip. [...]. Viðhengið er með „auto“ dagsetningu við útprentun. Sjá einnig afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Sjá einnig afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁹⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁹⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Svaedid.doc“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵⁰⁹⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.600098.



9733. Í lok árs 2009 spurði (E)rekstj-aksturst (E)starfsm í tölvupósti hvernig samningurinn væri við Samskip um flutninga á gámum frá Reykjavík til Ísafjarðar. (E)starfsm svaraði og tilkynnti að samningurinn hljóði svo:⁵⁰⁹⁸

„Gámur frá Ísa fullur af afurðum, og tómur gámur til baka sem Samskip getur notað undir vöru frá Rvk Ég náði að lenda þessu á 140.000 þú + vsk, gámur framm [svo] og til baka.“

9734. Samráð um leigu og lán á gámum er einnig talið hafa náð til dótturfélaga fyrirtækjanna, þ.e. Jóna og TVG.⁵⁰⁹⁹ Má þar í dæmaskyni nefna tilvik þegar (S)frkvstj-Jóna sendi tölvupóst þann 8. janúar 2010 til (E)frkvstj-sala/þj með heitinu „Gámaleiga CPSU 181484-8“. Þar spurðist (S)frkvstj-Jóna fyrir um skoðun á staðsetningu á gámi sem Jónar höfðu leigt frá Eimskip.⁵¹⁰⁰ Þegar gámurinn fannst stuttu síðar sendi (E)frkvstj-sala/þj strax tölvupóst til (S)frkvstj-Jóna. Varðandi leigugjaldið sagði (E)frkvstj-sala/þj að það væri ekki hugur hjá honum „að leggja neitt á þetta“. (S)frkvstj-Jóna svaraði (E)frkvstj-sala/þj og sagði m.a.: „Ég þakka fyrir að þú leggir ekkert frekar á þetta og það kemur sér vel að við erum að reyna að sleppa á núllinu líka með þetta“.⁵¹⁰¹

9735. Af samskiptum milli Samskipa og Eimskips frá 5. júlí 2010 má ráða að fyrirtækin hafi einnig haft með sér samstarf um eða vegna notkunar á frystigámum í Vogabakka í Sundahöfn og Hafnarfirði.⁵¹⁰²

9736. (E)forstö-innfl sendi tölvupóst þann 11. október 2010 til (E)frkvstj-skiparekst og (E)forstö-flutnstý (afrit til (E)frkvstj-sala/þj) um gámanotkun Samskipa frá Norður-Ameríku. Af honum er ljóst að við upphaf samningaviðræðna fyrirtækjanna voru allir möguleikar opnir varðandi samstarf þeirra um gámaleigu. Í tölvupóstinum sagði:

„Samningur okkar við Samskip rennur út um áramót og við erum að skoða endurnýjun.

Getið þið tekið saman hvort og hversu mikið þeir hafa verið að nota okkar gáma frá NA.

Áætlað hag þeirra/kostnað við að nota okkar gáma vs að leigja inn eða taka cabotage gáma og þá einnig í Halifax.

Í dag greiða þeir usd 200 aukalega per þurrgám ef við sköffum gámana. Viljum við auka eða minka þetta gjald?

Þeir eru nýlega (síðustu 2 ferðir) farnir að bóka hjá okkur 40 ft HC út úr Halifax (væntanlega pappír). 11 í fyrri ferð og 14 í síðustu.

Viljum við bjóða þeim að nota okkar gáma (staðsetja frá RIC) og á hvaða verði þ.e. hvaða þóknun þyrftum við að fá eða hvað er það að kosta þá í dag að taka inn gáma þarna. Eru okkar tómgámar HC í nægu magni? Hafa ber í huga að staðsetja þyrfti gáma þar sem færur þá í næstu ferð á eftir og einnig að viðskiptavinur þeirra hér heima þyrfti væntanlega að hafa þá amk fram að næstu ferð þ.e. síðasta gámnum yrði ekki skilað fyrr en næsta sending kæmi.

⁵⁰⁹⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.10934.

⁵⁰⁹⁹ Sjá t.d. afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵¹⁰⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

⁵¹⁰¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]. Doc. ID. 0.7.33.367386. Sjá einnig afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

⁵¹⁰² Í samskiptunum er verið að ræða um rafmagnskostnað vegna þessara gáma. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.556890. Sjá einnig Doc. ID. 0.7.33.558458.



*Er frekara samstarf í gámum fýsilegt t.d. gæti verið fýsilegt fyrir okkur að bjóða þeim að nota gáma frá okkur í TA flutninga þeirra (t.d. N&O (Veit ekki hvort það er raunhæft þ.e. að taka tómgámana í RIC)).*⁵¹⁰³

9737. Þann 31. janúar 2011 sendi (S)forstö-útl til undirmanns ((S)starfsm) með heitinu „Eimskips fundur“. Bað hann (S)starfsm um að hafa samband við starfsmann Eimskips til þess að skipuleggja fund. Vísaði hann til gælunafns starfsmanns Eimskips. Í tölvupóstinum segir: „Hafðu samband við [(E)svæðisstj1] hjá Eimskip á Reyðarfirði á morgun og bókaðu fund með honum kl: 9:00 á miðvikudaginn.“⁵¹⁰⁴ Í dagbók (S)forstö-útl var í samræmi við þetta skráður fundur á Reyðarfirði á milli kl. 9 og 12 miðvikudaginn 2. febrúar 2011. Í dagbókinni var heiti fundarins eftirfarandi: „Gámar og gámaniðgerðir, Alcoa Reyðarfirði.“⁵¹⁰⁵ Daginn eftir fundinn átti (S)forstö-útl fund með (S)frkvstj-millilandasv. Heiti hans í dagbók (S)forstö-útl var „Alcoa – næstu skref.“⁵¹⁰⁶
9738. Í byrjun mars 2011 komu upp atvik tengd gámasamstarfi Samskipa og Eimskips vegna flutninga til og frá N-Ameríku og leiddi það til þess að stjórnendur félaganna hittust á fundi 9. mars 2011 til að ræða vanda sem upp var kominn vegna þessa samstarfs félaganna. Samskipti áttu sér stað milli stjórnenda Samskipa og Eimskip 1.– 4. mars 2011 sem vörðuðu ólögmætt samráð félaganna vegna notkunar á gámum. Var þetta vegna kvörtunar Samskipa um skort á tómunum gámum í Norfolk.
9739. Þann 1. mars 2011 sendi (S)forstö-innfl1 eftirfarandi tölvupóst til (E)forstö-innfl: „Ég var að heyra það frá skrifstofu okkar í Norfolk að við myndum ekki fá neina gáma fyrir næsta skip sem verður þar eftir mánuð. Þetta hlýtur að vera eitthvað rugl. Getur þú heyrt í þínu fólki í Norfolk varðandi þetta. Þið hljótið að vera með einhverja tóma gáma í USA.“
9740. (E)forstö-innfl svaraði samdægurs: „Fer í málið og læt þig vita.“⁵¹⁰⁷
9741. Þann 3. mars 2011 sendi (S)forstö-innfl1 aftur tölvupóst til (E)forstö-innfl (afrit til (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/þj): „Getur þú vinsamlega tékkað á þessu sem fyrst og staðfest við mig að þið munuð skaffa okkur gáma fyrir þessa 32 TEU sem samningurinn kveður á um. Ég þarf að láta skrifstofu okkar í Norfolk vita niðurstöðuna sem fyrst.“
9742. (E)forstö-innfl svaraði næsta dag: „Ég staðfesti að við munum gera það sem við getum til að skaffa þessa gáma sem samningurinn kveður á um. [(E)frkvstj-N-Am] í Norfolk fær þau fyrirmæli nú á eftir. Ég á ekki von á öðru en það gangi eftir en staðan er þannig að þeir eru ekki tilbúnir allir til afhendingar í dag. Það eru ákveðnir hnökrar er tengjast færslu á höfn og síðan á eftir að sjá hversu hratt innflutningsgámar verða losaðir í ORF. Ég læt þig vita ef einhvað nýtt kemur upp og þú sömuleiðis.“
9743. (S)forstö-innfl1 svaraði sama dag: „Saell. Takk fyrir thetta. Vonum að thetta gangi allt upp. Verdum I sambandi ef thad koma upp einhverjir hnokrar a thessu.“⁵¹⁰⁸
9744. Um svipað leyti áttu sér einnig stað frekari samskipti milli stjórnenda Samskipa og Eimskips vegna samráðsins í Norður-Ameríku siglingum, að þessu sinni vegna kvörtunar Samskipa um skort á gámum til útflutnings frá Reykjavík til Bandaríkjanna. (S)forstö-útl sendi tölvupóst þann 3. mars 2011 til (E)forstö-sölud og afrit til (E)frkvstj-sala/þj: „Við erum að fá einhver misvísandi skilaboð þessa dagana um að vara okkar (31 teu´s) sem bókuð er í Reykjafoss frá REY í næstu viku komist ekki með. Viltu

⁵¹⁰³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.570443.

⁵¹⁰⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...].

⁵¹⁰⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1030177.

⁵¹⁰⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1031639.

⁵¹⁰⁷ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.101767.

⁵¹⁰⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.102193.



vinsamlega upplýsa þitt góða starfsfólk um það að ykkar góð[i] kúnni Samskip sé með samning upp á að lágmarki 32 teu´s per ferð.“

9745. (E)forstö-sölud svaraði daginn eftir og kvaðst ætla skoða málið og hafa samband við (S)forstö-útfl.⁵¹⁰⁹

9746. (S)forstö-útfl sendi á ný þann 7. mars 2011 orðsendingu til (E)forstö-sölud (afrit til (E)frkvstj-sala/þj): „Ertu til í að upplýsa [(E)starfsm] hjá þér um þau ákvæði sem eru í okkar samningi varðandi lágmarks gámafjölda sem við eigum rétt á per ferð frá Reykjavík. Þetta er eitthvað að vefjast fyrir honum og hann segist ekki þekkja þennan samning og þessa skuldbindingu sem við erum að vitna í.“⁵¹¹⁰

9747. (E)frkvstj-sala/þj hafði fengið sent afrit af bæði tölvupóstum (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfl til Eimskips. Brást hann við með því að senda tölvupóst til (S)forstö-útfl (afrit til (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstö-innfl og (E)forstö-sölud) og vildi að fyrirtækin myndu ræða gámamál í siglingum bæði til og frá Norður-Ameríku:

„Sæll, var að reyna að ná í [(S)frkvstj-millilandasv] og svo þig til að fara yfir þetta og gámamál á hinum endanum líka. Þið sláið bara á þráðinn þegar þið megið vera að en helst hefði ég viljað setjast aðeins niður með ykkur til að fara yfir.“⁵¹¹¹

9748. (S)frkvstj-millilandasv svaraði 8. mars 2011 og stakk upp á fundi daginn eftir.⁵¹¹² (E)frkvstj-sala/þj samþykkti það og var fundurinn haldinn kl. 10:30 þann 9. mars 2011.⁵¹¹³ Auk (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-millilandasv sátu (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfl fundinn.

9749. Framangreint sýnir hversu umfangsmikið gámasamráð Samskipa og Eimskips var að þessu leyti. Að tillögu (E)frkvstj-sala/þj var haldinn fundur þar sem ræða átti a.m.k. vanda sem upp var kominn í samstarfinu. Átti í einu lagi að ræða a.m.k. um gámsamstarf í bæði inn- og útflutningi.

9750. Samtímagögn frá þessum tíma sýna innanhússamskipti hjá Samskipum um samstarf við Eimskip vegna gáma og flutninga. Þann 12. apríl 2011 áframsendi (S)starfsm tölvupóst frá Jónum til (S)forstö-innfl1 þar sem fram kemur eftirfarandi:

„Þetta pirrar mig smá. Jónar eru að nota okkar gáma og senda með Eimskip. Þeir eru ekkert rukkað fyrir notkunina, frekar en á öðrum gámum“ (S)forstö-innfl1 svaraði (S)starfsm samdægurs og sagðist skoða þetta með Jónum en segir svo „en það getur samt verið ok að senda RF gáma með Eimskip í stað þess að taka þá tóma heim sjálfir“. Daginn eftir var (S)forstö-innfl1 búinn að skoða málið og sendi til (S)viðskstj5 eftirfarandi tölvupóst: „Kíktu aðeins á þetta. Við [Samskip/Jónar] erum að nota okkar gáma og senda með Eimskip. Þeir [Eimskip] eiga auðvitað að útvega okkur gáma fyrir þetta ef við biðjum um þá, þar sem Jónar eru bara kúnni hjá þeim eins og hver annar.

Það er hins vega ok að reefer gáma í þetta ef við eigum þá til, því annars færu þeir bara tómir heim með okkar skipum. Vertu samt á verði varðandi þetta, þ.e. ef okkur vantar sjálfum gáma þá ættum við að kalla eftir Eimskipa gámum í þessa flutninga.“⁵¹¹⁴

9751. Samtímagögn sýna einnig að gámasamráðið var rúmt að gildissviði og var til staðar óháð því fyrir hvaða viðskiptavin var verið að flytja hverju sinni og á hvaða flutningsleið í heiminum, á landi eða sjó. Má þar

⁵¹⁰⁹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1038376.

⁵¹¹⁰ Afritaður tölvupóstur frá [...]. Doc. ID. 0.7.33.1038827.

⁵¹¹¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.520111.

⁵¹¹² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1039012.

⁵¹¹³ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.860301. Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.979955.

⁵¹¹⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.869018.



til dæmis nefna gámaleigu vegna flutninga fyrir aðra stóriðju en Alcoa, t.a.m. Elkem á Grundartanga.⁵¹¹⁵ Þann 27. apríl 2011 var gámaskortur hjá Eimskip vegna flutninga fyrir Norðurál á Grundartanga, og leitaði Eimskip til Samskipa eftir því að fá gáma frá þeim. Af því tilefni sagði (E)starfsm-flutnstýr1 í tölvupósti til (E)deildstj-útfl1: „Er að ath hjá Samskip, var í bandi við þá í gær en hafa ekki gefið mér svar af eða á“. Stuttu síðar ítrekaði (E)starfsm-flutnstýr1 þetta við (E)deildstj-útfl1 og sagði m.a.: „Ég er að vinna í því að fá gáma hjá Samskip, verður okkur dýrt. Hann ætlar að svara innan klst. Ég hef verið í ágætu samstarfi við Samskip og vona að það skili sér núna“. Síðar sagði (E)starfsm-flutnstýr1 m.a. eftirfarandi: „[...] ef við getum fengið lánaða gáma hjá Samskip í vikunni getur það bjargað þessari viku.“⁵¹¹⁶

9752. Af samtímagögnum má ráða að 5. júlí 2011 hafi átt sér stað samskipti milli Eimskips og Samskipa, n.t.t. milli (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1. Forsaga þessa er að (E)frkvstj-sala/þj sendi tölvupóst til (E)forstö-innfl (afrit til (E)forstö-sölud) þennan dag og sagði: „vegna gámaskorts hjá okkur langar mig að biðja þig að bjóða Samskip að positionera [staðsetja] tóma gáma fyrir þá til ORF með skipinu 15/7. Getum tekið eins marga og þeir þurfa“.⁵¹¹⁷ (E)forstö-innfl svaraði samdægurs og sagðist hafa talað við (S)forstö-innfl1 sem hafi ætlað að skoða málið af hálfu Samskipa og yrði í sambandi aftur við (E)forstö-innfl. Síðar þennan dag átti (E)forstö-innfl aftur í samskiptum við Samskip. Hann sendi tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj og (E)fulltr.flutnstý, þar sem hann sagði að Samskip gætu útvegað Eimskip sex stykki af 40 ft gámum og samskipti ættu að fara í gegnum (S)forstö-flutnstj hjá Samskipum.⁵¹¹⁸
9753. Í september 2011 unnu æðstu stjórnendur Eimskips að þáttum sem féllu undir samráðið við Samskip. Fyrirliggjandi í gögnum (E)forstj er skjal sem hann sendi til framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Eimskips, (E)frkvstj-skiparekst. Póstinn sendi (E)forstj í kjölfar fundar þeirra og (E)frkvstj-fjárm þann 9. september 2011. Skjalið ber með sér að á þeim fundi hafi framkvæmd samráðs Samskipa og Eimskips verið rædd. Í skjalinu er þannig fjallað um helstu verkefni Eimskips. Þar kemur m.a. fram eftirfarandi verkefni:⁵¹¹⁹

Samskip á USA	
Er möguleiki á að þeir noti okkur meira en DSL frá USA	
Noti okkar gáma ef þarf	

9754. Af þessu gagni forstjóra Eimskips má sjá að kanna átti möguleika á því að Samskip myndi auka við samráðið með því að flytja meira með beinu skipi Eimskips frá Norður-Ameríku til Íslands (í stað þess að velja TA flutninga). Einnig átti að setja fram gagnvart Samskip að nota gáma Eimskips eftir þörfum. Var þetta í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna, sbr. einnig tölvupóst (E)forstj til (E)frkvstj-flutnkerf frá 27. júní 2008 og kafla 8.4. Hér má einnig halda til haga að fjórum dögum fyrir þennan tölvupóst höfðu (E)forstj og (S)forstj farið í helgarferð til Danmerkur með golfhópi sem þeir voru í. Þá sýna gögn málsins tengsl og regluleg samskipti milli (E)forstj, (S)forstö-útfl og (S)frkvstj-N-Am, sbr. kafla 13.
9755. Þann 28. ágúst 2012 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)forstö-sölud þar sem sagði:

„Sökum rólegs útflutnings á reefer vöru til USA erum við að lenda í ójafnvægi varðandi reefer gáma í USA. Við höfum hingað til verið með nóg af gámum í Boston og Norfolk til að anna innflutningnum, en það lítur út fyrir að okkar gámar dugi ekki fyrir þá vöru sem bókuð verður í næstu skip. Hvernig er

⁵¹¹⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

⁵¹¹⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

⁵¹¹⁷ ORF væntanlega stytting fyrir höfnina í Norfolk í Bandaríkjunum.

⁵¹¹⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

⁵¹¹⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Operation-Fundur.xlsx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...].



gámastaðan hjá ykkur þarna úti? Verður eitthvað mál að fá 3-5 reefer gáma hjá ykkur per skip næstu 3-4 mánuðina?"

9756. (E)forstö-sölud svarar nokkrum mínútum síðar: „Skoða og kem til baka ...“⁵¹²⁰
9757. (S)forstö-innfl1 ítrekaði fyrirspurnina með tölvupósti til (E)forstö-sölud þann 30. ágúst 2012.⁵¹²¹ Daginn eftir beindi ((S)forstö-innfl1 fyrirspurninni til (E)frkvstj-sala/þj.; „Getur thu nokkud kikt a thetta fyrir mig thar sem [(E)forstö-sölud] er OOO⁵¹²²“.⁵¹²³ (E)frkvstj-sala/þj svaraði samdægurs; „veit sem er að ástæða þess að [(E)forstö-sölud] náði ekki að svara þér er að við erum sjálfir nokkuð pressaðir með RF gáma um þessar mundir – við skoðum þetta og náum vonandi að svara þér af eða á, á mánudaginn.“⁵¹²⁴
9758. (E)forstö-sölud svaraði 3. september 2012: „Afsakaðu að við höfum ekki svar[að] þér fyrr en nú. Gagnvart RF-gámum þá er staðan þannig núna að við erum í mikilli eftirspurn og höfum því ekki tök á því að verða við ósk þinni gagnvart slíkum einingum. Verðum að skoða þetta skip fyrir skip enda kveður samningurinn okkur á milli ekki á um að við eigum að útvega aðra en þurrgáma.“⁵¹²⁵ (S)forstö-innfl1 svaraði: „Takk fyrir ad skoda thetta. Lattu mig endilega vita ef thad opnast a thetta. vid munum taka thetta i gegnum Rotterdam thangad til.“⁵¹²⁶ (E)forstö-sölud svaraði og kvaðst myndi láta Samskip vita.⁵¹²⁷
9759. (S)forstö-innfl1 sendi á ný fyrirspurn til (E)forstö-sölud þann 12. september 2012: „Eigið þið einn reefer gám fyrir okkur í Boston fyrir lestun 20. sept?“⁵¹²⁸ (E)forstö-sölud svarar daginn eftir: „Kanna og kem til baka en hræðist neikvætt svar ... læt þig vita.“⁵¹²⁹
9760. Þann 14. september 2012 sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (S)viðskstj1 (afrit til (S)forstö-innfl1) og tilkynnti um góðar fréttir. Hann hefði verið í sambandi við Eimskip og að þeir muni útvega Samskipum gám.⁵¹³⁰
9761. (S)forstö-innfl1 sendi aftur fyrirspurn til (E)forstö-sölud þann 25. september 2012: „Nú kemur sama vælið í mér varðandi reefer gámana. Skrifstofa okkar í Norfolk var í sambandi við ykkar fólk varðandi það að fá einn gám í Boston fyrir næsta skip. Ykkar fólk segist eiga gáma en geti ekki látið okkur fá gám nema að það komi fyrimæli frá Reykjavík. Hvað segir þú um þetta?“⁵¹³¹
9762. Í byrjun október 2012 var innan Samskipa rætt um að „skiptast“ á gámum við Eimskip:

Tölvupóstur (S)frkvstj-N-Am til (S)starfsm (afrit (S)forstö-innfl1): „Hafa vrið [svo] gerðar einhverar ráðstafanir um að koma á okkur reefergámaum [svo]?“

Svar (S)starfsm:

„Ég sé þetta mál svona:

- Nota frystigámana sem fara í útflutningi til USA og CA.

⁵¹²⁰ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1002471.
⁵¹²¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003096.
⁵¹²² Líklega er átt við „Out of Office“.
⁵¹²³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003342.
⁵¹²⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003370.
⁵¹²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003554.
⁵¹²⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003573.
⁵¹²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003615.
⁵¹²⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1007717.
⁵¹²⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1008172.
⁵¹³⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1008614.
⁵¹³¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1011851.



- Ef þeir duga ekki þá er bara tvennt í stöðunni:
 - Fá gáma frá Eimskip.
 - Hafna flutningunum.

Varðandi þá hugmynd að repo gámum frá ÍSL til ORF, þá erum við að tala um a.m.k. \$1500 per unit – þetta verð er áætlað með öllu. Það er alla vegana einingarverðið sem við vorum með við Eimskip – [(S)forstö-innfl1] veit þetta kannski betur.

Nú eru 4x gámar í Halifax, sem ég er búin að spyrja Eimskip hvort þeir vilji skipta á þeim og gámum í Norfolk. Á von á svári frá þeim seinna í dag. Ef þeir hafna þessu, þá legg ég til að þessum gámum verði repo-að niður til Norfolk."

9763. Svar (S)frkvstj-N-Am: „Við höfum frá því í síðustu viku verið að leita eftir leiðum til að koma Halifax gámunum hingað suðureftir og eru okkar menn í Montreal að skoða það með okkur. Best væri ef Eiman [Eimskip] væri til í að skipta eins og þú segir og þú lætur þá vita síðar í dag.“⁵¹³²
9764. Í samræmi við framangreint sendi (S)starfsm þann 3. október 2012 tölvupóst til (E)starfsm-flutnstýr1 með heitinu „Frystigámar í Halifax“ og bauð upp á framangreind skipti: „Við erum með nokkra frystigáma núna í Halifax – vantar ykkur frystigáma þar?“ (E)starfsm-flutnstýr1 svaraði um hæl: „Ekki að sinni, takk“.⁵¹³³
9765. (S)starfsm upplýsti (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-N-Am um svar Eimskips:
„Ég fékk nei að sinni frá Eimskip – ég ætla að reyna að þrýsta á þá áfram. Spurning hvort þið getið ýtt á ykkar enda. Þá er ekkert annað í stöðunni en að reyna halda áfram finna repo á þessa gáma frá Halifax – annað með Eimskip eða einhverjum öðrum aðilum. Hvað þarf marga gáma fyrir næsta skip?“⁵¹³⁴
9766. Sýnir framangreint eðli samráðsins og hversu umfangsmikil samskiptin voru milli Eimskips og Samskipa. (S)starfsm kom að framkvæmd hins gámasamráðsins og átti í ítrekuðum samskiptum við starfsbræður sína hjá Eimskip. (S)starfsm var augljóslega ljóst að þegar var til staðar samstarf og samskipti við Eimskip á öðrum sviðum og sökum þess bað hann (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-N-Am að ýta á framangreint á þeirra „enda“. Þegar horft er til þessa og samráðsins í heild sinni, t.d. landflutningum og skipafgreiðslu, sbr. kafla 17 og 19, er ljóst að boðleiðir samráðsins voru fjölbreytilegar.
9767. (S)forstö-innfl1 greip til aðgerða á sínum „enda“. Þann 9. október 2012 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)forstö-sölud: „Hver er staðan á ykkur í USA. Okkur vantar reefer gáma. Getið þið látið okkur fá nokkra í Norfolk eða Boston. Við erum með 4 í Halifax og getum látið ykkur fá þá í staðin ef ykkur vantar gáma þar eða í St. John. Láttu mig endilega vita sem fyrst ef þetta gengur.“⁵¹³⁵
9768. (E)forstö-sölud svaraði daginn eftir:

„Þetta er staðan núna:

USA: Mjög þröngt í búi þar og lítið sem ég get gert fyrir þig þar

CA Halifax: þar á ég nóg og þarf ekki á meiru að halda

⁵¹³² Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1014285.

⁵¹³³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1014573.

⁵¹³⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1014573.

⁵¹³⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1017332.



rannsóknartímabilinu. Þar helst að nefna aukið gámasamstarf við endurnýjun Norður Ameríku samning fyrirtækjanna í janúar 2009 og aftur í desember 2010. Miðuðu þeir samningar m.a. að því að Samskip myndu nota gáma Eimskips í meira mæli í umræddum flutningum.

9777. Af samráði þessu leiddi eins og áður segir mikil samskipti og samvinna milli Eimskips og Samskipa, annars vegar á milli lykilstjórnenda fyrirtækjanna og hins vegar á milli þeirra starfsmanna sem héldu utan um framkvæmd samstarfsins frá degi til dags. Sýna samtímagögn að þau samskipti leiddu af sér aukin tengsl og ýttu undir hagnýta samvinna og vilja til að veita hvort öðru hjálparhönd. Af hálfu Eimskips var í þessum samskiptum fyrirtækjanna jafnvel vísað til slagorðs Samskipa: „*Toghether we make things happen*“.
9778. Gögn málsins sýna að samráðið vakti jafnframt undrun starfsmanna hjá fyrirtækjunum. Í gögnunum kemur meðal annars fram að lægra settum starfsmönnum Eimskips fannst nóg um stuðning fyrirtækisins við helsta keppinautinn og fannst þetta fáránlegt, sbr. tölvupóst (E)fulltr.flutnstý 19. mars 2009: „[...] *it is ridiculous to support the competition as we've done*“.
9779. Til viðbótar við gagnkvæma leigu/lán á gámum áttu Samskip og Eimskip í samstarfi við gámastýringu sem laut að því að flytja tóma gáma fyrir hvort annað milli viðkomustaða. Var það samstarf liður í því að leysa úr viðfangsefnum tengdum takmörkunum á flutningsgetu Samskipa í lok árs 2008 og var því í samræmi við markmið „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins, sbr. kafla 9.12.1. Þannig voru fyrir hendi ólögmatir samningar Samskipa og Eimskips um gagnkvæma flutninga á tómunum gámum í sjóflutningum til og frá Íslandi og milli hafna hér á landi.
9780. Þá ber að áréttta sömuleiðis að samráð Samskipa og Eimskips um gámasamvinnu var ekki bundið við sjóflutningsmarkaðinn heldur sýna gögn málsins að fyrirtækin höfðu uppi sömu ólögmetu háttseminu á landflutningamarkaði.⁵¹⁴⁰ Með sama hætti og gildir um aðra kafla í þessari ákvörðun ber að virða þau atvik, sem lýst er í þessum kafla, í samhengi við önnur atvik málsins sem áttu sér stað á sama eða svipuðum tíma og fjallað er um í öðrum köflum í ákvörðun þessari.
9781. Í athugasemdum Samskipa við AI og AII er fjallað um samstarf við Eimskip vegna gáma. Þar kemur fram að gámar hafi farið á milli Samskipa og Eimskips en því mótmælt að um hafi verið að ræða ólögmett samráð eða það tengst „*ímynduðu*“ viðtæku samráði fyrirtækjanna. Samskip eins og áður greinir viðurkenna í athugasemdunum að það hafi farið gámar á milli fyrirtækjanna en um hafi verið að ræða fá tilvik og þau samskipti nauðsynleg og eðlileg. Athugasemdir Samskipa eru ekki í samræmi við samtímagögn og þeim hafnað, sbr. kafla 29.

⁵¹⁴⁰ Nánar er fjallað um samráð Samskipa við Eimskip í landflutningum í kafla 17 í ákvörðun þessari.



19. SAMRÁÐ Í SKIPAAFGREIÐSLU

9782. Samráð Samskipa og Eimskips hófst eftir fund fyrirtækjanna 6. júní 2008 og tók m.a. til samráðs í skipaafgreiðslu, sbr. glærur (E)forstj um „Verkefnið Nýtt upphaf“. Þá var þegar fyrir hendi ólöglegt samstarf að þessu leyti milli Samskipa og Eimskips og verður fyrst vikið að því.

19.1. Atvik fram til júní 2008

9783. Í kafla 5.12 er gerð grein fyrir viðræðum Samskipa og Eimskips á árunum 2003 – 2004 um víðtækt samstarf á sviði skipaafgreiðslu (e. stevedoring) og var rætt um að sameina gámahafnir Samskipa og Eimskips í Sundahöfn. Á árinu 2006 komu upp hugmyndir um samstarf Samskipa og Eimskips um skipaafgreiðslu í Vestmannaeyjum.

9784. Í lok árs 2006 var undirritaður samningur um að Eimskip sæi um alla skipaafgreiðslu fyrir Alcoa í Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði, þ.e. lestun og losun á gámaeingum. Á árinu 2007 samdi Alcoa við Samskip um að annast flutninga á framleiðslu fyrirtækisins til Rotterdam.

9785. Í kafla 5.12 er því einnig lýst að Samskip og Eimskip hefðu frá árinu 2007 haft samstarf í Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði þar sem Eimskip sinnti hafnarþjónustu fyrir Samskip (lestun og losun á vörum). Sá Eimskip þannig m.a. um að lesta það ál sem Samskip flyttu fyrir Alcoa til Rotterdam en Eimskip hóf jafnframt að afgreiða skip Samskipa með annan vöruflutning (þ.e. fyrir aðra viðskiptavinum Samskipa en Alcoa). Það var fyrst í júlí 2010 sem Eimskip og Samskip sendu Samkeppniseftirlitinu beiðni um undanþágu frá samráðsbanni 10. gr. samkeppnislaga, sbr. 15. gr. þágildandi samkeppnislaga, vegna þessa samstarfs í Reyðarfirði. Fram kom í undanþágubeiðninni að fyrirtækin hefðu komist að „samkomulagi um lestun og losun á vörum við Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði“ sem fælist í því að Samskip keyptu þjónustu við skipaafgreiðslu af Eimskip. Í undanþágubeiðninni kemur fram að fyrirtækin hafi stefnt að því að klára samkomulagið um Reyðarfjörð í „nokkurn tíma“. Var og staðhæft að það hefði verið nauðsynlegt fyrir Eimskip að veita Samskipum þessa þjónustu.

9786. Samkeppniseftirlitið veitti ekki umbeðna undanþágu. Hefur þannig bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga tekið til samstarfs Samskipa og Eimskips í Mjóeyrarhöfn á árunum 2007 – 2013.

9787. Sem fyrr segir hófst samstarf Eimskips og Samskipa í Mjóeyrahöfn á árinu 2007. Fyrir liggur að í framhaldi af útboði hafi verið gerður samningur til fimm ára þess efnis að Eimskip sæi um alla skipaafgreiðslu fyrir Alcoa í Mjóeyrahöfn. Tekið var viðtal við þáverandi forstjóra Eimskips vegna þessa og var það birt í frétt í Morgunblaðinu 6. febrúar 2007. Fréttin bar heitið „Mjóeyrahöfn á Reyðarfirði mun veita Sundahöfn harða samkeppni.“ Þar kom þetta m.a. fram:

„Við erum að tífalda umsvif okkar á Austurlandi í skipaafgreiðslu og -þjónustu,“ sagði [...], forstjóri Eimskips, í gær þegar hann og [...], forstjóri Alcoa Fjarðaáls, staðfestu einn stærsta skipaafgreiðslusamning sem gerður hefur verið hér á landi. Eimskip tekur að sér að sjá um alla flutningastarfsemi, þjónustu og uppbyggingu henni tengda í stóriðjuhöfn Alcoa Fjarðaáls, Mjóeyrarhöfn, og á athafnasvæði álversins í Reyðarfirði.

„Við förum úr 150 þúsund tonnum í eina og hálf milljón tonna, fjárfestum í aðstöðu og tengjum saman flutningaþjónustu innan Austurlands og við aðra landshluta“ segir [...]. „Nú verður til öflug höfn sem mun keppa við Sundahöfn í Reykjavík um flutninga. Aðstaðan í Mjóeyrarhöfn mun draga til sín auknar skipakomur og flutningastarfsemi á landi, sem aftur gerir að verkum að hún getur keppt um þjónustu inn- og útflytjenda og viðskiptavinir okkar geta nú valið um að taka vörur í gegnum Reyðarfjörð eða Reykjavík.“ [...]



Valkostur við Reykjavíkurbarnir

Eimskip horfir nú til þess að skipa upp vörum á Reyðarfirði og dreifa þeim þaðan á Austurland og Norðurland og ásamt því að auka landflutninga á þeim svæðum hefur það áhrif á flutninga landleiðis milli Reykjavíkur og Akureyrar.

Baldur segir að útflutningur allt frá Sauðárkróki til Reyðarfjarðar muni í framtíðinni geta farið í gegnum Mjóeyrarhöfn, en nú fari stór hluti af þeim flutningum út í gegnum Reykjavík. Hið sama gildi um innflutning sem, hann geti allt eins farið í gegnum Mjóeyrarhöfn eins og Reykjavík. „barna myndast ákveðið tækifæri fyrir okkur og viðskiptavinina til að nýta aukna þjónustu til að dreifa vörum og fá vörur hraðar á markaði eða úr innflutningi utan úr heimi," segir Baldur og reiknar ekki með að þetta kalli á endurskipulagningu á flutningum á landi, heldur sé fremur um að ræða stóraukna þjónustu landleiðina, aukna valkosti og tækifæri. Eimskip þurfi að stilla saman siglingakerfi sín og flutningakerfi innanlands til að gera þessa nýju möguleika áhugaverða fyrir viðskiptavinum í inn- og útflutningi.

[...] Fimm voru valin til að gera tilboð og Eimskip var valið hæfast. Um er að ræða útboð á allri starfsemi í Mjóeyrarhöfn, flutningum innan athafnasvæðis Alcoa Fjarðaáls. Samningurinn felur í sér lestun og losun á um 17.000–20.000 gámaeingum á ári og verður gámahöfnin í Reyðarfirði önnur stærsta höfn landsins, en um hana munu fara um 1,3 milljónir tonna af vörum á ári. Samkvæmt samningnum mun Eimskip sjá um skipaafgreiðslu fyrir Alcoa Fjarðaál í Reyðarfirði. Um 3.500 tonn verða flutt daglega um höfnina eða um 1,3 milljónir tonna á ári. Til samanburðar má geta þess að um tvær milljónir tonna fara árlega um Reykjavíkurbarnir og 900 þúsund tonn um Grundartangahöfn.⁵¹⁴¹

9788. Framangreint gefur til kynna að hið ólögmeta samstarf Samskipa og Eimskips hafi að þessu leyti tekið til mikilvægrar starfsemi á sviði skipaafgreiðslu og flutninga hér á landi.
9789. Gögn málsins sýna að á árinu 2007 hafi átt sér stað ýmis samskipti til undirbúnings og framkvæmdar á umræddri ólögmetri samvinnu Samskipa og Eimskips.
9790. (E)deildstj-útf1 boðaði t.d. fund 14. júní 2007. Heiti fundarboðsins var „Updated: Samskip" og í fundarboðinu kom fram að fundurinn væri „vegna losunar á Reyðarfirði".⁵¹⁴² (E)frkvstj-innanl boðaði fund 31. júlí 2007. Heiti á fundarboðinu var „Samskip stevedoring".⁵¹⁴³ Þá vistaði (E)frkvstj-innanl tilboð og drög að samningi við Samskip vegna skipaafgreiðslu á Reyðarfirði haustið 2007. Heiti á einu skjalanna („Samskip – tilboð 25 júní 2007.xls") ber með sér að Eimskip hafi sent Samskipum tilboð 25. júní 2007.⁵¹⁴⁴ (E)deildstj-útf1 boðaði fund 1. ágúst 2007. Heiti í fundarboðinu var „Stevedoring – Samskip".⁵¹⁴⁵ Skjal frá (E)frkvstj-innanl („Samskip tilboð RFJ 1 08 2007.xls") ber með sér að Eimskip hafi afhent Samskipum nýtt tilboð þennan sama dag, þ.e. 1. ágúst 2007.⁵¹⁴⁶
9791. Fyrir liggur að (E)frkvstj-innanl vistaði aftur tilboð og drög að samningi milli Eimskips og Samskipa. Voru þau drög dags. 16. október 2007.⁵¹⁴⁷ Samkvæmt samningsdrögum átti samningurinn að taka gildi 1. október 2007 og gilda til 31. mars 2012. Þá hittust (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-millilandasv á fundi 19. október 2007.⁵¹⁴⁸

⁵¹⁴¹ Aðgengilegt á eftirfarandi slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1128095/>.

⁵¹⁴² Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.191333.

⁵¹⁴³ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.191512.

⁵¹⁴⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.118892.

⁵¹⁴⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.191537.

⁵¹⁴⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.104264.

⁵¹⁴⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.110812. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.110204.

⁵¹⁴⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.192022.



9792. Þann 1. nóvember 2007 sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til nokkurra starfsmanna Samskipa. Í tölvupóstinum gaf (S)frkvstj-millilandasv starfsmönnum fyrirmæli í tengslum við lestunar- og losunarlista sem Samskip afhentu Eimskip á Reyðarfirði. Af tölvupóstinum er ljóst að ólöglegt samstarf Samskipa og Eimskips um hafnarvinnu á Reyðarfirði hafði þá hafist.⁵¹⁴⁹

19.2. „Nýtt upphaf“ verkefnið hefst

9793. Eftir fund Samskipa og Eimskips 6. júní 2008 hófu fyrirtækin hið ólöglega „Nýtt upphaf“ verkefni þar sem markmiðið var að auka samstarf fyrirtækjanna, sbr. kafla 7 - 10.

9794. Líkt og rakið er í kafla 11.5 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Af því leiddi að öll samskipti fyrirtækjanna á rannsóknartímabilinu, þar sem unnið var eða rætt um einstaka þætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu, fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga.


9795. Eins og lýst er í kafla 7 fólst í „Nýtt upphaf“ verkefninu að kanna átti möguleika á því að „auka“ samstarf Eimskips og Samskipa. Eins og fram kemur í kafla 7.5.4 tók þetta m.a. til skipaafgreiðslu, þ. á m. skipaafgreiðslu á Reyðarfirði (Mjóeyrarhöfn). Rétt er að rifja upp glærur (E)forstj um „Nýtt upphaf“ verkefnið frá júní 2008 sem fjölluðu um skipaafgreiðslu:

1. Samstarf um skipaafgreiðslu

- Markmið
 - Kanna hagkvæmni þess að reka eitt skipaafgreiðslufyrirtæki sem myndi þjónusta bæði félögin og bera saman við
 - Núverandi kostnaðaruppbyggingu
 - Þjónustustig
- Skilgreining verkefnis
 - Ákvarða hversu langt skal ganga í samstarfinu
 - Greina núverandi kostnaðaruppbyggingu
 - Greina núverandi framleiðslu og álagsdreifingu
 - Stilla upp sameinlegu kerfi ásamt kostnaðaruppbyggingu
 - Gerð viðskiptaáætlunar fyrir Gámavöll ehf


EIMSKIP

⁵¹⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.698759.



1. Samstarf um skipaafgreiðslu

- Kranalaust kerfi í Evrópu
 - 250 m sparnaður á ársgrundvelli í skipakerfinu
- Skipaafgreiðsla ehf
 - Reykjavík
 - Grundartangi
 - Vestmannaeyjar
 - (Reyðarfjörður, Helguvík)
- Umfang
 - Fyrsta og önnur “handling”
- Skipulagsmál
 - Lóðarmál
 - Faxaflóahafnir



9796. Í þeim kafla er lýst framkvæmd á þessum hluta samráðsins og vísast til þess. Jafnframt ber hér að horfa til allra þeirra atvika sem áttu sér stað frá júní 2008 og lýst er í köflum 8 og 9, m.a. umfjöllun um þann þátt í samráðinu sem tengdist flutningum fyrir Alcoa og takmörkun á flutningsframboði. Til viðbótar ber að horfa til eftirfarandi umfjöllunar sem gefur fyllri mynd af þessum atvikum.
9797. Samskip og Eimskip áttu allt rannsóknartímabilið í reglubundnum og tíðum samskiptum vegna samstarfs þeirra. Þau samskipti tóku hvort tveggja til daglegrar framkvæmdar á samstarfinu sem og samskipta æðstu stjórnenda þeirra. Þá notuðu fyrirtækin þennan vettvang til þess að eiga umræður um hvers konar atriði sem gátu viðhaldið eða styrkt samráðið. Í kjölfar þess að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst í júní 2008 vann (E)frkvstj-innanl að nýju að drögum að skriflegum samningi við Samskip vegna þjónustu í Mjóeyrarhöfn.⁵¹⁵⁰ Samskipti voru milli (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl 4. júlí 2008 og í sama mánuði vísaði (S)frkvstj-innanl til samskipta milli hans og (E)frkvstj-innanl. Aftur voru samskipti milli þeirra í september 2008.⁵¹⁵¹ Þann 22. október 2008 var fundur (E)frkvstj-innanl, (E)svæðisstj1, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfll og (S)forstö-flutnstj á Reyðarfirði. Á fundinum greindu Samskip Eimskip frá viðkvæmum upplýsingum um fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins, sbr. og umfjöllun í kafla 9. Hér ber líka að nefna að gögn málsins gefa til kynna tíð samskipti (E)frkvstj-innanl við (S)frkvstj-innanl og aðra stjórnendur Samskipa á rannsóknartímabilinu.⁵¹⁵²
9798. Áréttta ber að samvinna Samskipa og Eimskips varðandi skipaafgreiðslu, féll undir „Nýtt upphaf“ verkefnið og er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að öll samskipti því tengd hafi verið liður í framkvæmd á því verkefni og því ólögmat. Samskipti Eimskips og Samskipa drógu úr óvissu og sjálfstæði þeirra sem keppinauta

⁵¹⁵⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.218706.

⁵¹⁵¹ Sjá kafla 8.7, 8.11 og 8.16.7.

⁵¹⁵² Sjá yfirlit yfir samskipti í kafla 7.7.1 og 13.3.2.



9799. Vegna samstarfsins varðandi skipaafgreiðslu bjó Eimskip yfir upplýsingum um flutninga Samskipa gegnum Mjóeyrahöfn. Ljóst er að Eimskip nýtti þessar upplýsingar. Þannig má t.d. sjá (E)svæðisstj1 senda (E)frkvstj-skiparekst nákvæmar upplýsingar um flutninga Samskipa fyrir Alcoa, sbr. umfjöllun í kafla 9.11.1. Hafði (E)frkvstj-skiparekst óskað eftir upplýsingunum frá (E)svæðisstj1 í tengslum við undirbúning Eimskips á tilboði til Alcoa. Tengdist tilboðsgerðin samráði Samskipa og Eimskips varðandi takmörkun flutningsframboðs í október/nóvember 2008 og yfirfærslu á hluta viðskipta Alcoa frá Samskipum til Eimskips. Þannig er ljóst að samstarf Eimskips og Samskipa í Mjóeyrarhöfn leiddi til upplýsingamiðlunar milli fyrirtækjanna sem dró úr óvissu milli keppinautanna og auðveldaði þeim að viðhalda samráðinu.

19.3. Sameiginleg skipaafgreiðsla áfram til skoðunar á árinu 2009

9800. Fjallað er um samskipti Samskipa og Eimskips við hafnarstjóra Faxaflóahafna varðandi mögulega sameiginlega skipaafgreiðslu fyrirtækjanna í kjölfar „Nýtt upphaf“ verkefnisins í kafla 10.7.1, sbr. einnig kafla 11.19.1. Eins og þar kemur fram sendi (E)forstj sjálfum sér verkefnalista á aðfangadegi jóla árið 2008. Á þeim lista voru verkefni sem tengdust samráðinu við Samskip, sbr.

„65. Hugmynd ad terminal fyrirtæk“

9801. Þessi liður í verkefnalistanum varðaði þannig „Nýtt upphaf“ verkefnið „Samstarf um skipaafgreiðslu“. Sendi (E)forstj þennan verkefnalista til (E)frkvstj-albjsv.⁵¹⁵³

9802. Samskipti varðandi skipaafgreiðsluverkefnið héldu áfram á árinu 2009.

9803. Haldinn var framkvæmdastjórnarfundur hjá Samskipum 7. janúar 2009, sbr. kafla 10.6.1. Samkvæmt afhentri fundargerð voru mættir (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl ásamt (S)frkvstj-fjárm. Undir dagskrárliðnum „Áherslur á fyrsta ársfjórðungi 2009/Verk í vinnslu“ var vísað til „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem varðaði skipaafgreiðslu. Nánar tiltekið sagði þetta í fundagerðinni:

„landkranar, samstarf við EI [Eimskip]“.

9804. Þetta verkefni kemur einnig fram á glærुकyningu (S)forstj á stjórnarfundum Samskipa Holding í París nokkrum dögum síðar eða 12. janúar 2009.

9805. Þann 13. janúar 2009 áttu (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv fund með hafnarstjóra Faxaflóahafna.⁵¹⁵⁴ Af tölvupósti (S)forstj þann 26. janúar 2009 má ráða að (S)forstj hafi rætt um skipaafgreiðsluverkefnið á fundinum og/eða í samtali í kjölfar fundarins en þann dag sendi (S)forstj tölvupóst til hafnarstjórans og ýtti við verkefninu: „Sælir – þakka fundinn um daginn, vísa í samtali okkar jafnframt, varstu búinn að hugsa frekar um lestunar/losunarpælingar frekar...“.

9806. Hafnarstjórinn svaraði (S)forstj sama dag: „Átti prýðis spjall við [(E)frkvstj-EimÍsl]. Í dag. Hann er til í að hitta okkur ef þú ert klár. Hann væri á lausu einhvern tíma í næstu viku og því spurning hvort þið tveir væruð til í hafnarkaffi í Hafnarhúsinu. Þá gætum við spjallað saman um málið. Heyri frá þér.“

9807. Í kjölfarið skipulögðu hafnarstjóri Faxaflóahafna, ásamt (E)frkvstj-EimÍsl og (S)forstj, sameiginlegan fund til að ræða sameiginlega skipaafgreiðslu fyrirtækjanna. Var fundurinn nefndur „hafnarkaffi í Hafnarhúsinu“ og átti að halda hann 3. febrúar 2009 kl. 14, sbr. tölvupóst aðstoðarmanns (E)frkvstj-

⁵¹⁵³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.400816. Síðar sama dag sendi [...] vinnulistann til [...] og sagði: „Thu baetir a ef eitthvad – fint ad byrja a nyjum lista a nyju ar“. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.113717.

⁵¹⁵⁴ Afhent skjal frá Faxaflóahöfnum 29.12.2016. „Fskj. A. Fundir með hafnarstjóra Faxaflóahafna sf með fulltrúum Eimskips og Samskipa árin 2008-2013“, bls. 2.



Eimísl til (S)forstj og hafnarstjórans frá 27. janúar 2009,⁵¹⁵⁵ sbr. einnig afhent yfirlit frá Faxaflóahöfnum um fundi með Eimskip og Samskipum.⁵¹⁵⁶

3.2.2009	Losun og lestun - "stevedoring". Almenn umræða um möguleika sjálfstæðs fyrirtækis í losun og lestun á vörum.	[REDACTED] hafnarstjóri
		[REDACTED] Eimskip
		[REDACTED] Samskip

9808. Fyrrgreindan fundardag, 3. febrúar 2009, sendi hafnarstjórinn tölvupóst til (E)frkvstj-Eimísl og (S)forstj sem bar yfirskriftina „Steeve Doring“. Þar segir:

„Við [(S)forstj] áttum gott samtal um lífsins gagn og nauðsynjar - en söknuðum vinar í stað! Hvað um það: Meðhangandi eru eilítlar hugleiðingar um verkefnið sem ég sendi ykkur til skoðunar. Það sem fram fór á milli okkar [(S)forstj] var eftirfarandi:

a) Nauðsynlegt er að skoða sérstaklega hvort eitthvað í samkeppnislögum standi í vegi fyrir hugmyndinni. Í því sambandi væri e.t.v. best ef lögfræðingar EÍ og Samskipa töluðu saman og settu upp A4 minnisblað um það sem þarf að skoða og hvernig málið horfir við þeim. Ef [(E)frkvstj-Eimísl] er sammála þessu þá væri gott ef unnt væri að koma þeim þætti á koppinn.

b) Fram kom að Grundartangi og Vestmannaeyjar gætu legið vel fyrir sem vettvangur "steeve doring" fyrirtækis - en að þróun í Sundahöfn myndi skoðast í ljósi fleiri þátta - enda ljóst að þar er talsvert verkefni framundan áður en unnt verður að skipuleggja sannfærandi aðstöðu sem henti báðum félögum.

Kjarninn er sem sagt spurning til [(E)frkvstj-Eimísl] hvort hann sé til í að skoða þennan samkeppnisþátt og með þeirri aðferðafræði sem ég nefni."⁵¹⁵⁷

9809. Meðfylgjandi tölvupóstinum var skjal um hugleiðingar varðandi sameiginlegt skipaafgreiðslufyrirtæki.⁵¹⁵⁸

9810. Eftir að tölvupósturinn var sendur mætti (E)frkvstj-Eimísl hins vegar til fundar við hafnarstjórann en ruglingur hafði orðið hjá honum með fundartímann, þ.e. var fundurinn skráður í dagbók (E)frkvstj-Eimísl kl. 15 en ekki 14. Fóru (E)frkvstj-Eimísl og hafnarstjórinn yfir málin á þeim fundi, sbr. tölvupóstur hafnarstjórans til (E)frkvstj-Eimísl og (S)forstj sem hann sendi eftir fundinn.

9811. (E)frkvstj-Eimísl svaraði tölvupóstinum síðar sama dag og þakkaði fyrir fundinn og minnisblaðið og sagði svo: „Við verðum [í] sambandi á næstunni varðandi framhaldið.“⁵¹⁵⁹

9812. Í samtímagögnum má einnig sjá að ráðgjafarfyrirtækið Capacent hafi 10. og 11. október 2008 nálgast Eimskip og Samskip með tillögur að fyrirtækin myndu hefja viðræður um sameiginlegt þjónustufyrirtæki um skipaafgreiðslur í Reykjavík. Átti (E)forstj fund með Capacent 14. október 2008 en (S)forstj 18. október sama ár.⁵¹⁶⁰ Undir lok árs 2008 lýsti (S)forstj yfir áhuga á samstarfinu við Eimskip við starfsmann Capacent en lagði til að viðræður yrðu teknar um málið dagana 6. eða 7. janúar 2009.⁵¹⁶¹

⁵¹⁵⁵ Afrituð tölvupóstssamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.559252 / 0.7.33.559264 / 0.7.33.559435.

⁵¹⁵⁶ Afhent skjal frá Faxaflóahöfnum. Afhent 29.12.2016. „Fskj. A. Fundir með hafnarstjóra Faxaflóahafna sf með fulltrúum Eimskips og Samskipa árin 2008-2013“, bls. 2.

⁵¹⁵⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.562879 / 0.7.33.563186.

⁵¹⁵⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.562879.

⁵¹⁵⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.563186.

⁵¹⁶⁰ Afrituð tölvupóstssamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.356565. Afrituð tölvupóstssamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.513106. Um fund [...] og Capacent sjá afrituð tölvupóstssamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.541050.

⁵¹⁶¹ Afrituð tölvupóstssamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.545621.



9813. Einnig hélt Capacent áfram að hafa samskipti við forstjóra skipafélaganna í upphafi árs 2009 vegna samstarfs í skipaafgreiðslu í Sundahöfn. Gögn málsins sýna n.t.t. að halda hafi átt viðræðum áfram í febrúar/mars 2009 og að fyrirhugað hafi verið að boða forstjórana tvo, (S)forstj og (E)forstj, á sameiginlegan fund með Capacent. Í tölvupósti starfsmanns Capacent 16. febrúar 2009 til (S)forstj segir m.a.: „Þetta yrðu bara þú [(S)forstj] og [(E)forstj] og við tveir. Færum í gegnum verkefnið, þátttakendur, hvernig við tækjum hindranir í veginum og hvernig og hvenær við kynnum málin innanhúss hjá báðum.“ Athygli vekur að starfsmaður Capacent leggur til að fundurinn yrði haldinn hjá Capacent „bara eftir lokun til dæmis 17:30?“. Ekki hafa fundist svör við þessari fundartillögu en (S)forstj sendi sjálfum sér þennan póst daginn eftir. Samtímagögn sýna að hann geri það gjarnan til að minna sig á.⁵¹⁶²
9814. Þann 13. mars 2009 sendi hafnarstjóri Faxaflóahafna tölvupóst á (S)forstj og (E)frkvstj-EimÍsl. Gefur hann til kynna að verkefnið hafi enn verið í vinnslu Í tölvupóstinum segir m.a. eftirfarandi:
- „2. Varðandi þann fund sem ég átti með ykkur í sitt hvoru lagi um daginn - en átti að vera sameiginlegur - þá var það spurning hvort þið mynduð láta setja á blað hugleiðingar um samkeppnisþáttinn ef stofnað yrði löndunarfyrirtæki. Þætti vænt um ef þið mynduð huga að línu í því þannig að ræða mætti næsta skref við hentugt tækifæri.“⁵¹⁶³
9815. Nokkrum dögum síðar, 18. mars 2009, má af tölvupósti starfsmanns Capacent ráða að bakslag hafi komið í þær viðræður um verkefnið sem hefja átti með milligöngu Capacent. Vitnar starfsmaður Capacent í tölvupósti sínum til (S)forstj til þess að (E)forstj hafi fundist Samskip vera að „hjóla mjög aggressíft í þeirra [Eimskips] viðskiptavini með undirboð – sparkandi í liggjandi hest – og því geti menn illa sest niður til að ræða svona mögulegt samstarfsverkefni.“ Í tölvupósti sínum vitnaði starfsmaður Capacent jafnframt til orða (S)forstj þess efnis að „svona verkefni [þurfi] að vinnast þegar báðir aðilar upplifa sig í ákveðnu jafnvægi en um leið og menn finna að hallar á sig þá vilja menn ekkert af svona málum vita.“ Í svarpósti (S)forstj til starfsmanns Capacent segir m.a.: „jæja, við sjáum hvort myndist rými til að skoða frekar síðar.“⁵¹⁶⁴ Samtímagögn sýna að samfelld samráð fyrirtækjanna hélt áfram þrátt fyrir yfirlýsingar forstjóra Eimskips um undirboð Samskipa.
9816. Innan Eimskips virðist þó áfram hafa verið unnið að hugmyndum um aukið samráð í skipaafgreiðslu. Í skjali sem (E)frkvstj-innanl fékk sent þann 25. maí 2009 í tengslum við stjórnendafund hjá Eimskip var verkefnið „Taka yfir skipaafgreiðslu fyrir Samskip. 200 millj.“ á lista yfir „Stefnumótandi skipulagsverkefni“ í möppunni „hugmyndir“. Hugmyndin var á meðal lykilhugmynda í skjalinu og skráð í umsýjun (E)frkvstj-EimÍsl. Af þessu má ráða að áætlanir „Nýtt upphaf“ verkefnisins um skipaafgreiðslu voru enn til umfjöllunar á vormánuðum 2009 og það á stjórnendafundi Eimskips. Var hugmyndin skilgreind sem lykilhugmynd sem af orðanna hljóðan gefur henni ákveðið vægi og bendir til þess að vinna hafi átt frekar í framkvæmd aukins samráðs með Samskipum að þessu leyti.⁵¹⁶⁵
9817. Í júní 2009 sendi starfsmaður Capacent tölvupóst til (S)forstj varðandi skipaafgreiðsluverkefnið og spyr hvort það sé ekki tímabært að „dusta af þessu rykið“ og skoða málið áfram. (S)forstj svaraði: „Sælir - baráttan er að ganga við erfiðar aðstæður.. Ég teldi ekki rétt enn að hittast og fara yfir málin, gæti þó komið rétt stund á slíkt innan 2-3ja mánaða...“⁵¹⁶⁶

⁵¹⁶² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.567606.

⁵¹⁶³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.577948. [...] áframsendir þennan póst innan Samskipa m.a. til [...]. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.578863.

⁵¹⁶⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.580588.

⁵¹⁶⁵ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 23.03.2015. „Markmið EI og hugmyndaskjal 2009Update (2)“. Fannst vistað á afhentu heimasvæði [...], vistað 15.09.2009, kl. 15:57.

⁵¹⁶⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.611837.



9818. Samkeppniseftirlitið hefur ekki rekist á neitt í samtímagögnum fyrirtækjanna sem bendir til þess að unnið hafi verið meira í verkefninu sameiginleg skipaafgreiðsla á árinu 2009. Á árinu 2011 má hins vegar sjá, á vettvangi Faxaflóahafna, umræðu um eitt skipaafgreiðslufyrirtæki í Sundahöfn með aðkomu Eimskips og Samskipa.⁵¹⁶⁷
9819. Á árinu 2009 voru einnig áframhaldandi viðræður milli Samskipa og Eimskips varðandi skipaafgreiðsluna í Mjóeyrarhöfn. Þann 8. júlí 2009 spurði (E)frkvstj-innanl (E)svæðisstj1 hvort hann ætti afrit af drögum að hafnarvinnusamningi við Samskip. Sagði (E)frkvstj-innanl að Eimskip og Samskip þyrftu að „ganga frá með formlegum hætti“ og spurði (E)svæðisstj1 hvort hann hafi „hækkað eitthvað verðin á þá“.⁵¹⁶⁸ Daginn eftir sendi (E)frkvstj-innanl annan tölvupóst til (E)svæðisstj1. Meðfylgjandi tölvupóstinum var samanburður á verðum í samningi Eimskips og Samskipa vegna hafnarþjónustunnar frá september 2007 og þeim verðum sem átti að leggja til grundvallar í júlí 2009.⁵¹⁶⁹
9820. Tölvupóstur sem (E)frkvstj-innanl sendi til (S)forstö-flutnstj 14. ágúst 2009 er einnig til marks um að umrætt ólögmaett samstarf hafi hafist á árinu 2007 og að áframhaldandi framkvæmd samráðs í Mjóeyrarhöfn hafi byggt á munnlegu samkomulagi Eimskips og Samskipa. Meðfylgjandi áður nefndum tölvupósti (E)frkvstj-innanl til (S)forstö-flutnstj var skjal sem innihélt tilboð Eimskips dags. 1. ágúst 2007. Í tölvupóstinum segir:
- „Það hefur víst farist fyrir hjá okkur að láta stevedoring verðin á Reyðarfirði fylgja verðlagsþróun og þau verið órbeytt [svo] allan tímann eða frá 2007.*
- Á þessu tímabili hafa allar forsendur varðandi verðlag breyst umtalsvert eins og þú þekkir og þarf því að endurskoða verðin. Miðað við verðlagsbreytingar frá okt 2007 til ágúst 2009 hefur Index skv okkar útreikningum hækkað um rúmlega 50%. Við förum því fram á að leiðrétta einingarverð sem þessu nemur og hækka þau um 50% frá og með 1. ágúst s.l.*
- Meðfylgjandi er ný verðskrá sem gildir frá 1. ágúst 2009.*
- Ps. Áttaði mig líka á því að við eigum eftir að ganga frá skriflegum þjónustusamningi.“⁵¹⁷⁰*
9821. Í kjölfar þessara samskipta (E)frkvstj-innanl og (S)forstö-flutnstj var unnið að gerð skriflegs samnings milli fyrirtækjanna um samstarf í Mjóeyrarhöfn. Unnið var að gerð samningsins 1. september 2009 en sama dag hittust (E)frkvstj-innanl og (S)forstö-flutnstj á fundi.⁵¹⁷¹ Einnig voru samskipti milli (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-millilandasv dagana á undan, þ.e. 27. og 28. ágúst 2009. Sömu fyrrnefndu stjórnendur Eimskips og Samskipa hittust aftur þann 11. september 2009.⁵¹⁷²

⁵¹⁶⁷ Afhent minnisblað frá Faxaflóahöfnum. Afhent 29.12.2016, efst bls. 2. Er þar vísað til fylgiskjals A-26 „Skýrslu Sundahöfn: Skipulag og starfsemi“, dags. 28.02.2011, sjá kafla VI. í skýrslunni, bls. 11-14, þar sem fjallað er um sjálfstætt fyrirtæki í losun og lestun flutningaskipa í Sundahöfn (Stevedoring). Í upphafi kaflans er vísað til samþykktar af fundi stjórnar Faxaflóahafnar frá 11.2.2011, sbr. einnig afhenta stjórnarfundargerð sama dag, fskj. nr. A25. Af þessum gögnum er ráðið og vekur athygli á að stjórn Faxaflóahafna var ekki upplýst um milligöngu Faxaflóahafna (...) vegna samskipta Eimskips og Samskipa umrædds þáttar NR-samráðsverkefnisins. Um afgreiðslu stjórnar Faxaflóahafnar er fullyrt í áður nefndu afhentu minnisblaði frá hafnarstjóranum að framangreint efni skýrslunnar (Stevedoring) hefði verið tekið upp á fundi stjórnar Faxaflóahafnar árið 2011. Hugmyndin hafi ekki þótt „álitleg og var ekki rædd frekar“. Engin fundargerð frá þeim stjórnarfundum var aftur á móti afhent Samkeppniseftirlitinu til að staðreyna þá fullyrðingu Faxaflóahafnar, sbr. fylgiskjöl merkt A-25 (fundargerðir stjórnar Faxaflóahafnar frá 12.12.2008-24.08.2012).

⁵¹⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.388923.

⁵¹⁶⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.389776.

⁵¹⁷⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.402538.

⁵¹⁷¹ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.196224. Sjá einnig afritaða dagbókarfærslu frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.196296. Í undirrituðum samningi Eimskips og Samskipa um hafnarþjónustuna, sem var afhent Samkeppniseftirlitinu í tengslum við undanþágubeiðni fyrirtækjanna, segir í upphafi: „This Stevedore Agreement [...] is entered into on 1 September 2009“.

⁵¹⁷² Sjá yfirlit yfir samskipti í kafla 13.3.2.



9822. Þann 2. september 2009 sendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst til m.a. (E)svæðisstj1. Kvaðst hann hafa frétt það „*hjá Samskip*“ að krani á Mjóeyrahöfn á Reyðarfirði hefði verið bilaður daginn áður.⁵¹⁷³
9823. Enn var unnið að gerð samningsins 17. og 18. september 2009 en þá áttu sér stað samskipti á milli (E)frkvstj-innanl og (S)forstö-flutnstj. Sagðist (S)forstö-flutnstj m.a. þurfa að sjá hve mikið verð Eimskips vegna hafnarvinnunnar hefði hækkað frá október 2007.⁵¹⁷⁴ (E)frkvstj-innanl og (S)forstö-flutnstj hittust á fundi þann 18. september sama ár og voru í tölvupóstsamskiptum 21. september 2009.⁵¹⁷⁵
9824. Ekki fór þó svo að fyrirtækin gengju frá skriflegum samningi sín á milli á þessum tíma. Það varð hins vegar að veruleika á árinu 2010.

19.4. El Bravo – Engin vandamál hjá Eimskip

9825. Fram á árið 2010 sinntu Samskip álútflutningi fyrir Alcoa til Rotterdam (á Leið 2) með skipi sem var með krana. Þýddi það að Samskip voru ekki háð Eimskip um lestun á skipinu á Reyðarfirði. Ef Eimskip hefði kosið að hætta að lesta/losa skip Samskipa s.s. vegna flutninga fyrir aðra aðila en Alcoa hefðu Samskip getað lestað/losað það sjálf með krana skipsins. Samskip höfðu hins vegar frá árinu 2007 átt í samstarfi við Eimskip um skipaafgreiðslu á Reyðarfirði eins og að framan greinir.
9826. Gögn málsins sýna að leigusamningur Samskipa á skipinu sem sigldi á Leið 2 rann út í apríl 2010 og Samskip hafi vegna þess hafið leit að öðru skipi. Í glærum (S)forstj frá febrúar 2010 var lagt til grundvallar að skip fyrirtækisins í áætlunarsiglingum til og frá Íslandi yrðu áfram með krana.⁵¹⁷⁶ Breyting varð á þessu í apríl 2010 þegar Samskip hófu notkun á kranalausum skipi. Bauðst fyrirtækinu tiltekið skip (El Bravo) á hagstæðu verði en það var hins vegar kranalaust. Þetta þýddi að Samskip yrðu með El Bravo algjörlega háð Eimskip um lestun og losun á Reyðarfirði.
9827. Í apríl 2010 unnu Samskip þannig að því að taka í notkun nýtt skip. Að beiðni (S)forstj sendi (S)forstö-flutnstj honum þann 6. apríl 2010 minnisblað um hið nýja skip, El Bravo.⁵¹⁷⁷ Í því kemur fram:

„*El Bravo*“⁵¹⁷⁸

Skipið er nú í leigu hjá fyrirtækinu Delphis, NV, í Belgíu sem tók skipið á leigu árið 2006 til 5 ára. [...]

Samkomulag hefur náðst milli Samskipa og Delphis um leigu á skipinu (með samþykki stjórnar) frá 17/18 apríl til þriggja mánaða og mögulega framlengingu að vali Samskipa til loka febrúar 2011. Leiguverð fyrstu þrjú mánuði er USD 6000,- og ef framlenging er nýtt að þá yrði leigu verð USD 5250,- allt leigutímabilið.

Skipinu er ætlað að þjóna áætlunar siglingum milli Reyðarfjarðar – Kollafjarðar – Rotterdam og Immingham. Það er að þjónusta Alcoa, útfutning [svo] á álafurðum, með viðkomu í Kollafirði í Færeyjum. Á Reyðarfirði er skipið lestað og losað með landkrana sem er í eigu Eimskips, en fram að þessu hafa skip á þessari áætlunarleið verið með krana og þeir notaðir svo til eingöngu í Kollafirði. Með tilkomu El

⁵¹⁷³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.413168.

⁵¹⁷⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.422107.

⁵¹⁷⁵ Fundur fyrirtækjanna fór fram þann 18.09.2009, sbr. afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.422716.

⁵¹⁷⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.710469.

⁵¹⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.732545.

⁵¹⁷⁸ Á eftirfarandi slóð: <http://fragtskip.123.is/blog/yearmonth/2010/09/>, er að finna færslu frá 16. september 2010 þar sem kemur fram að El Bravo sé nýjasta skipið í „*islenska ? leiguskipaflotanum*“. Samskip hafi tekið það á leigu: „*El Bravo siglir á áætlunni Reyðarfjörður; Kollafjörður; Rotterdam og Immingham (annarri hverri ferð) ferðin tekur 10 daga og fer skipið 3 ferðir í mánuði aðal flutningurinn er ál frá Reyðaráli, útflutningur á fiski frá Kollafirði og tilfallandi innflutningur til austfjarðar.*“



Bravo sem er kranalaust er ætlunin sú að lesta/losa skipið með „reach stacker“ lyftara og þar sem gámamagn er ekki meira en það að það komist á yrstu raðir skipsins á þilfari.

Hugsanlegt er að þörf verði á að fjárfesta í öflugri lyftara, en er nú í Kollafirði til að annast þessa lestun og losun. Ætlunin er að fá reynslu á það á næstu vikum.“

9828. Síðar sama dag sendi (S)forstj tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH, (S)starfsm og (S)stjórnarm-fjármstj og gerði grein fyrir El Bravo: „Við erum komnir með áhugaverðan valkost fyrir Akrafell/Hvassafell, en þau skip hafa nú verið seld til Tyrklands, og ekki áhugi hjá nýjum eigendum að leigja okkur nema á verðum sem eru að okkar mati talsvert yfir markaði. Við skiluðum Hvassafellinu í febrúar - og munum nú skila Akrafellinu seinnipartinn í apríl. [...] Verð er lægra en upphafleg áætlun hafði gert ráð fyrir - og teljum við að um farsæla lausn sé að ræða.“⁵¹⁷⁹

9829. Dagana 11. og 12. apríl 2010 sendi (S)forstj tölvupósta sem vörðuðu m.a. Eimskip, skip/siglingakerfi og El Bravo:

- (S)forstj sendi tölvupóst til sjálfs síns þann 11. apríl 2010 sem bar heitið „skipamál“ og í honum sagði:

„ath

[...]

-verður færeyjar vandamál?

-samningur við Eimskip? aðrar hindranir?⁵¹⁸⁰

- Daginn eftir sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og í honum sagði:

„finnum okkur tíma til að ræða almennt El Bravo, næstu skref og neðangreinda punkta..

Pilotage:

-útfæra hvernig við munum vinna að hverri höfn, og stilla upp markmiðum og fara yfir með samstarfsaðila

Markaðsverð skipa:

-hvað ætti að vera eðlilegt verð fyrir skip í þessa „trade“ mv heimsmarkaðinn

Vandamál:

-færeyjar? takmarkar magn? fjárfesting í reach stacker?

-samningur við Eimskip á RFJ?

-aðrar hindranir?

[...]“⁵¹⁸¹

⁵¹⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.732658.

⁵¹⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.734674.

⁵¹⁸¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.734867.



9830. (S)frkvstj-millilandasv framsendi framangreindan tölvupóst til (S)forstö-flutnstj og (S)forstö-skiparek og bað þá um að „vinna í þessum málum“. Lagði hann fyrir (S)forstö-flutnstj að annast verkefnið „Færeyjar og samning við EÍ v/RFJ.“⁵¹⁸² Líta ber til þess að í ágúst og september 2009 hafði (S)forstö-flutnstj átt í samskiptum við (E)frkvstj-innanl og (E)svæðisstj1 vegna samráðs fyrirtækjanna varðandi skipaafgreiðslu á Reyðarfirði, sbr. kafla 19.⁵¹⁸³
9831. Hér er nauðsynlegt að rifja upp eftirfarandi:
- Á árinu 2007 hófu Samskip og Eimskip umrætt samráð í Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði þar sem Eimskip sinnti skipaafgreiðslu/hafnarþjónustu fyrir Samskip.
 - Eins og fram kemur í glærukynningu (E)forstj um „Nýtt upphaf“ verkefnið frá júní 2008 átti m.a. að skoða aukið samstarf í skipaafgreiðslu. Átti m.a. að kanna „kranalaust kerfi í Evrópu“, þ.e. að hætta að nota skip með krönum í Evrópusiglingum og átti þessu að fylgja umtalsverður fjárhagslegur ábati. Vísað var einnig m.a. til hafnanna á Grundartanga og á Reyðafirði, sbr. kafla 19.2.
 - Í fundargerð vegna fundar framkvæmdastjórnar Samskipa þann 7. janúar 2009 var undir liðnum „Verk í vinnslu“ eftirfarandi tilgreint; „landkranar, samstarf við EI [Eimskip]“, sbr. kafla 19.3.
 - Í maí 2009 vann Eimskip áfram að hugmyndum um aukið samráð í skipaafgreiðslu, sbr. skjal sem (E)frkvstj-innanl fékk sent í tengslum við stjórnendafund hjá Eimskip, sbr. hér að framan. Þar var verkefnið „Taka yfir skipaafgreiðslu fyrir Samskip. 200 millj.“ á lista yfir „Stefnumótandi skipulagsverkefni“ í möppunni „hugmyndir“. Af þessu má ráða að áætlanir „Nýtt upphaf“ verkefnisins um skipaafgreiðslu voru enn til umfjöllunar á vormánuðum 2009 á stjórnendafundi Eimskips. Var hugmyndin skilgreind sem lykilhugmynd sem af orðanna hljóðan gefur henni ákveðið vægi og bendir til þess að vinna hafi átt frekar í framkvæmd aukins samráðs með Samskipum að þessu leyti.
9832. Framangreint sýnir að Samskip könnuðu það að taka í notkun nýtt kranalaust skip í siglingum á Leið 2 og var sú ráðstöfun metin hagstæð fyrir fyrirtækið. Þetta þýddi hins vegar að Samskip voru algjörlega háð Eimskip um lestun og losun á Reyðarfirði. Því var rökrétt að (S)forstj hafi velt því fyrir sér hvort einhver „vandamál“ eða „hindranir“ gætu komið upp í tengslum við samstarfið við Eimskip á Reyðarfirði.
9833. Samskip hafna framangreindu í athugasemdum við AII. Heldur fyrirtækið því fram að Samskip hafi verið háð Eimskip um lestun og losun jafnvel þótt skip fyrirtækisins hefði verið með krana. Alcoa hafi verið með samning við Eimskip um þjónustu á gámum sem tilheyrðu þeim, og hvað varðar eigin flutninga Samskipa hefði það haft veruleg áhrif á siglingaáætlun Samskipa og þjónustuna við Alcoa, auk þess sem ekki væri talið fýsilegt að Samskip myndi sjá um lestun á þeim gámum með skipskrana á sama tíma og landkrani væri að störfum vegna öryggissjónarmiða.
9834. Líkt og nánar greinir í kafla 30 breytir framangreint ekki mati Samkeppniseftirlitsins á atvikum málsins.
9835. Hafa ber í huga að samstarf Samskipa og Eimskips í Mjóeyrarhöfn fór gegn 10. gr. samkeppnislaga, sbr. umfjöllun í kafla 5.12 óháð því hvort Samskipum hafi verið nauðsynlegt að semja við Eimskip eður ei. Væri samstarfið nauðsynlegt gátu fyrirtækin óskað eftir undanþágu fyrir samstarfinu skv. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga. Þangað til slík undanþága væri fengin var samstarfið því ólögðmætt.
9836. Þá hafa Samskip ekki útskýrt af hverju fyrirtækið hafi ekki talið nauðsynlegt að ganga frá skriflegum samningi við Eimskip um hafnarþjónustu fyrr en ákveðið var að taka kranalaust skip í notkun. Jafnframt

⁵¹⁸² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...].

⁵¹⁸³ [...] átti einnig önnur samskipti við stjórnendur hjá Eimskip. Þann 31. október 2008 greindi hann samstarfsmanni sínum frá að hann væri í matarboði með einum af yfirmönnum Eimskips: Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...].



hafa Samskip ekki lagt fram nein gögn sem styðja það að ekki hafi verið hægt að nýta skipskranana til losunar/lestunar á Reyðarfirði. Þrátt fyrir að fyrirtækið hafi talið upp atriði sem það telur mæla gegn því breytir það sem fyrr segir engu um lögmæti samstarfs Samskipa og Eimskips í Mjóeyrarhöfn.

19.5. Samningur um skipaafgreiðslu endurnýjaður í júní 2010

9837. Sem fyrr segir óskaði (S)frkvstj-millilandasv eftir því að (S)forstö-flutnstj myndi snúa sér til Eimskips.
9838. Þann 20. apríl 2010 sendi (S)forstö-flutnstj drög að skriflegum samningi um skipaafgreiðslu í Reyðarfirði í tölvupósti til (E)frkvstj-innanl.⁵¹⁸⁴ (S)forstö-flutnstj spurði fregna frá (E)frkvstj-innanl í öðrum tölvupósti 10. maí 2010.⁵¹⁸⁵ (E)frkvstj-innanl og (S)forstö-flutnstj áttu í frekari tölvupóstsamskiptum vegna samningsins dagana 21.-25. maí 2010.⁵¹⁸⁶ (E)frkvstj-innanl og (S)forstö-flutnstj hittust á fundi 31. maí 2010 til þess að skrifa undir samning.⁵¹⁸⁷ Nýr samningur fyrirtækjanna um hafnarvinnu tók gildi 1. júní 2010 og átti að gilda til 31. mars 2012.⁵¹⁸⁸
9839. Engin „vandamál“ eða „hindranir“ komu upp hjá Eimskip vegna El Bravo enda var þessi breyting hjá Samskipum í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið. Þetta má sjá af tölvupósti sem (S)frkvstj-millilandasv sendi (S)forstj 3. júní 2010. Þar segir:
9840. „**El Bravo** Búið að skrifa undir samning við EÍ vegna lestunar og losunar El Bravo á Reyðarfirði út samningstíma EÍ sem er til 03.2012 - Erindi til Samkeppnisstofunar vegna þessa samnings fer út í dag en samningurinn gildir nema Samkeppnistofnun felli hann úr gildi sem við reiknum nú alls ekki með.“⁵¹⁸⁹
9841. Undanþágubeiðnin barst Samkeppniseftirlitinu í júlí 2010. Hér ber að áréttta að Eimskip og Samskipum var ekki veitt undanþága frá banni 10. gr. samkeppnislaga. Þrátt fyrir það héldu Eimskip og Samskip þessu ólögmæta samstarfi áfram. Í kafla 5.12 er fjallað um framangreinda undanþágubeiðni og vísast til þess.
9842. Í framangreindum glærum (E)forstj um „Nýtt upphaf“ verkefnið var m.a. vísað til þess að Eimskip og Samskip ætluðu að skoða „kranalaust kerfi“ og að ábati gæti leitt af því. Áframhaldandi samstarf í Reyðarfirði sem leyfði Samskipum notkun á kranalausum skipi var þannig í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið. Til viðbótar ríkti samráð Samskipa og Eimskips varðandi útflutning á áli fyrir Alcoa sem fólst m.a. í því að Eimskip fluttu út hluta af því áli sem Samskip töldu falla undir samning Samskipa og Alcoa en var umfram flutningsgetu Samskipa eftir að Samskip og Eimskip höfðu takmarkað flutningsframboð á árinu 2008 með samráði sínu á milli. Sýna samtímagögn mikla ánægju stjórnenda Eimskips af ábata af þeim flutningum. Eimskip höfðu því umtalsverða hagsmuni af áframhaldandi samráði í Reyðarfirði og flutningum þaðan, sbr. kafla 8, 9 og 14.36. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að framangreindur samningur Eimskips og Samskipa frá 1. júní 2010 hafi verið liður í samráði fyrirtækjanna. Vísast einnig um þessi atvik til umfjöllunar hér á eftir.
9843. Líkt og nánar greinir í kafla 30 mótmæla Samskip því að samstarfið hafi kallað á undanþágu skv. 15. gr. samkeppnislaga.
9844. Ekki er unnt að fallast á það. Líkt og rakið er nánar í kafla 5.12 er umfjöllun Samskipa í athugasemdum við AI og AII um undanþágubeiðnina í ósamræmi við efni hennar. Undanþágubeiðnin og viðkomandi

⁵¹⁸⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.519991.

⁵¹⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.530099.

⁵¹⁸⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.539926.

⁵¹⁸⁷ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.540166.

⁵¹⁸⁸ Bréf Samskipa og Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 04.06.2010, sbr. fskj. 1, „Samningur milli Eimskips Íslands ehf. og Samskipa hf. um hafnarþjónustu, dags. 31.05.2010“.

⁵¹⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.752257.



samningur bera með sér að Eimskip og Samskip hafi réttilega talið að þetta samstarf þeirra hafi farið gegn 10. gr. samkeppnislaga.

9845. Ekki er unnt að lögum að bera fyrir sig mögulegar skyldur samkvæmt 11. gr. samkeppnislaga til stuðnings því að samstarf markaðsráðandi fyrirtækis við keppinaut fari ekki gegn 10. gr. samkeppnislaga. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 13/1997 var ekki fallist á það sjónarmið Eimskips að samstarf við Samskip í Norður-Ameríku siglingum hefði ekki farið gegn 10. gr. samkeppnislaga sökum þess að höfnum á slíku samstarfi hefði falið í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu Eimskips.
9846. Vegna samstarfsins hafði Eimskip ítarlegar upplýsingar um alla flutninga Samskipa sem tengdust þessari höfn. Auk þess leiddi samstarfið til tíðra samskipta stjórnenda og starfsmanna Samskipa og Eimskips. Þessi ólögmeta samvinna gerði skipafyrirtækjunum enn auðveldara fyrir að stilla saman aðgerðir fyrirtækjanna sem m.a. vörðuðu þessa höfn og mikilvæga viðskiptavinum á Reyðarfirði. Með þessu var óvissu eytt. Dró þannig úr sjálfstæði keppinautanna varðandi Mjóeyrarhöfn og Alcoa, mikilvægan kaupanda á flutningsþjónustu.

19.6. Samráðið í framkvæmd á árunum 2011 - 2013

9847. Samráðið varðandi skipaafgreiðslu á Reyðarfirði hélt áfram á árunum 2011 - 2013.
9848. Í febrúar 2011 sendi [\(E\)frkvstj-innanl](#) tölvupóst til Alcoa þar sem hann útskýrði fyrirkomulag hafnarvinnu Eimskips í Mjóeyrarhöfn. Í tölvupóstinum segir:

„1. Allur kostnaður við THC á Mjóeyrarhöfn vegna vinnu okkar varðandi Alcoa gáma í flutningaskipum Samskipa er innifalin [svo] í hafnarvinnusamningi milli Alcoa og Eimskips og Alcoa greiðir Eimskip fyrir þá þjónustu skv. hafnarvinnusamningi.

2. Í þeim tilvikum sem Eimskip flytur vöru út fyrir Alcoa í sínum áætlanaskipum þá er vinna við losun og lestun einnig innifalin í hafnarvinnusamningi og þess vegna rukkar Eimskip ekki Alcoa um THC sérstaklega.

3. Eimskip vinnur lestun og losun fyrir Samskip á þeim gámum sem þeir eru með varðandi inn- og útflutning og tengjast ekki flutningum þeirra fyrir Alcoa. Eimskip rukkar þannig Samskip eingöngu um THC fyrir þá gáma sem er ekki verið að flytja á vegum Alcoa. Samningur er um þessa þjónustu á milli Eimskips og Samskipa.

4. Frá upphafi hefur það verið alveg skýrt hvað við erum að vinna fyrir Alcoa undir hafnarvinnusamningi og hvað við erum að vinna fyrir Samskip sbr. lið 2-3 hér að framan. Tel einnig rétt að fram komi að Samskip komu til okkar á sínum tíma og báðu okkur um að veita þeim þjónustu varðandi þá gáma sem þeir eru með og tengjast ekki flutningum fyrir Alcoa. Vinna okkar fyrir þá hefur allan tíman verið mjög skýrt afmörkuð við þetta.”⁵¹⁹⁰

9849. Í glærukynningu [\(E\)frkvstj-innanl](#) frá 16. september 2011 kemur fram að Eimskip sæi um skipaafgreiðslu fyrir Samskip.⁵¹⁹¹
9850. Þann 14. desember 2011 framsendi [\(E\)svæðisstj1](#) til [\(E\)frkvstj-innanl](#) yfirlit yfir þjónustu sem Eimskip hafði veitt Samskipum í Mjóeyrarhöfn um helgar árið 2011.⁵¹⁹²

⁵¹⁹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.664908.

⁵¹⁹¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.131654.

⁵¹⁹² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.819534.



9851. Á fyrsta ársfjórðungi 2012 áttu sér stað tíð samskipti milli Samskipa og Eimskips m.a. varðandi ólögmætt samstarf þeirra vegna skipaafgreiðslu í Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði.⁵¹⁹³ Samkomulag þeirra um skipaafgreiðslu rann út eins og áður segir 31. mars sama ár.
9852. Strax í janúar 2012 hófu Eimskip undirbúning að hækkun verðs gagnvart Samskipum vegna samstarfsins en þann 13. janúar 2012 sendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst til (E)svæðisstj1 og meðfylgjandi var excel-skjal sem innihélt þróun verðlagsvísitölu vegna samnings Eimskips og Samskipa um hafnarvinnu.⁵¹⁹⁴ Síðar þennan dag sendi (E)svæðisstj1 tölvupóst til (S)forstö-flutnstj þar sem sama skjal var meðfylgjandi. Með tölvupóstinum fylgdi einnig annað excel-skjal sem sýndi hvaða áhrif hækkun samningsvísitölnunnar hefði á þáverandi umsamið verð á milli Eimskips og Samskipa um hafnarvinnu.⁵¹⁹⁵ Tveimur dögum áður, þann 11. janúar 2012, sendi (S)forstö-millilanda fundarboð til (S)forstö-flutnstj sem bar heitið „Samningur við EÍ á RFJ“.⁵¹⁹⁶
9853. Dagana 18. og 19. janúar 2012 áttu (E)frkvstj-innanl, (S)forstö-flutnstj, (E)deildstj-útf1 og (S)forstö-útf1 tölvupóstsamskipti sín á milli vegna fundar þeirra sem var haldinn hjá Eimskip 20. janúar 2012.⁵¹⁹⁷ Samtímagögn sýna einnig samskipti milli stjórnenda Eimskips og Samskipa í febrúar 2012. Þann 1. febrúar 2012 sendi (S)forstö-útf1 tölvupóst til Alcoa í kjölfar fundar Samskipa og Alcoa daginn áður. Á þessum tíma átti Alcoa fundi með bæði Samskipum og Eimskip vegna ofgreiddra hafnargjalda.⁵¹⁹⁸ Í tölvupóstinum vísaði (S)forstö-útf1 til gildandi samnings á milli Eimskips og Samskipa vegna hafnarvinnu. Í tölvupóstinum sagði þetta:
- „Jafnframt mun Alcoa tjá Eimskip að þessi innflutnings THC híf kostnaður eigi að greiðast af Samskipum og að þeir skuli senda reikning á Samskip fyrir þessari þjónustu skv. gildandi samningi á milli félagana.“⁵¹⁹⁹*
9854. Þá liggur fyrir að framkvæmdastjórar innanlandssviða Eimskips og Samskipa, (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl, hittust á fundi þann 10. febrúar 2012.⁵²⁰⁰
9855. Viku síðar, þann 17. febrúar 2012, hittust (E)frkvstj-innanl og (S)forstö-útf1. Verður að telja að á þeim fundi hafi a.m.k. verið fjallað um ólögmætt samstarf Eimskips og Samskipa vegna hafnarþjónustu á Reyðarfirði og vegna viðskiptanna við Alcoa.⁵²⁰¹ Sama dag sendi (S)forstö-útf1 tölvupóst til (E)frkvstj-innanl og (S)forstö-flutnstj og þakkaði fyrir fundinn. Í tölvupóstinum sendi (S)forstö-útf1 yfirlit yfir fjölda gáma sem Samskip höfðu flutt inn fyrir Alcoa á tímabilinu 1. júní 2011 til 31. janúar 2012.⁵²⁰² Þá sendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst til (E)forstj sama dag. Í tölvupóstinum sagði (E)frkvstj-innanl frá þessum fundi Eimskips með Samskipum:
- „Við (E)deildstj-útf1 áttum fund með Samskip í dag vegna THC tvírúkkunar að beiðni Alcoa, þokkalegur fundur og í framhaldi þarf ég að fara yfir ákveðna hluti með Alcoa, hef trú á að þau mál leysist. Ekkert*

⁵¹⁹³ Sjá yfirlit yfir samskipti í kafla 13.3.2.

⁵¹⁹⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.833847.

⁵¹⁹⁵ Afrituð tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1109703.

⁵¹⁹⁶ Afritað fundarboð frá Samskipum. [...].

⁵¹⁹⁷ Afhent tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.836664. Sjá einnig afritaða dagbókarfærslu frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.209324.

⁵¹⁹⁸ Í minnisblaði [...] frá 20.01.2012 segir að „Vegna mistaka hefur ALCOA samið bæði við Eimskip og Samskip um THC vinnu vegna gáma í útflutningi frá Mjóeyrarhöfn (fullir og tómir) með „non-metal export“ aukaafurðum til Immingham og Rotterdam. Í minnisblaðinu leggur [...] til þá lausn að Samskip muni greiða Eimskip THC vegna þessa og að Eimskip muni kreditfæra Alcoa fyrir THC vegna sömu gáma. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.837343.

⁵¹⁹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1113088.

⁵²⁰⁰ Sjá yfirlit yfir samskipti í kafla 13.3.2.

⁵²⁰¹ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.852549. [...] og [...] samþykktu. Doc. ID. 0.7.33.852748 / 0.7.33.854670.

⁵²⁰² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.855360.



kom fram hjá Samskip um að þeir væru að fara að skipta um skip, en þeir eru með samning út 2012 um útflutninginn og vilja framlengja hafnarvinnusamningnum við okkur út árið."⁵²⁰³

9856. Fyrirnefndir stjórnendur Eimskips og Samskipa, (E)frkvstj-innanl, (E)deildstj-útf1, (S)forstö-útf1 og (S)forstö-flutnstj hittust síðan á nýjan leik þann 24. febrúar 2012.⁵²⁰⁴ Sama dag og fundur (E)frkvstj-innanl, (E)deildstj-útf1, (S)forstö-útf1 og (S)forstö-flutnstj átti sér stað sendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst til (E)svæðisstj1 með minnisblaði „sem farið var yfir með S [Samskipum] í morgun.“ Minnisblaðið fjallaði um viðauka við samning um hafnarvinnu milli Eimskips og Samskipa og var þar m.a. gert ráð fyrir framlengingu samningsins til 31. desember sama ár.⁵²⁰⁵ Þá kvaðst (S)forstö-útf1 hafa verið að ræða við Eimskip „upp á síðkastið“ í tölvupósti til Alcoa, dags. 27. febrúar 2012.⁵²⁰⁶
9857. Minnisblað (E)frkvstj-innanl um viðauka við og framlengingu á hafnarvinnusamningnum breyttist í meðförum (E)frkvstj-innanl og (S)forstö-flutnstj í mars 2012. (E)frkvstj-innanl sendi tölvupóst til (E)svæðisstj1 og (E)deildstj-útf1 28. mars 2012 en meðfylgjandi voru drög að viðauka við samning fyrirtækjanna.⁵²⁰⁷ Fulltrúar Samskipa og Eimskips hittust næst á tveimur fundur dagana 29. og 30. mars 2012 þar sem vænta má að efni minnisblaðsins hafi verið til umræðu.⁵²⁰⁸
9858. (E)frkvstj-innanl vistaði aftur skjal hjá sér 30. mars 2012 vegna endurskoðunar á þessum hluta samráðsins með Samskipum.⁵²⁰⁹ Sama dag sendi (E)frkvstj-innanl tillögu um breytingar til (S)forstö-flutnstj hjá Samskipum og vísaði til þess sem hefði verið „rætt í gær“ (29. mars 2012).⁵²¹⁰ (S)forstö-flutnstj svaraði (E)frkvstj-innanl sama dag og bað í svari sínu um breytingu á orðalagi í 2. grein samningsdraganna. Samkvæmt drögunum var greinin svohljóðandi eftir breytingar (S)forstö-flutnstj:
- „Í samræmi við það sem fram kemur í undanþágubeiðni sem LOGOS sendi til Samkeppniseftirlitsins 4. júní 2010 er ítrekað að sá samningur sem hér er verið að framlengja mun eftirleiðis ekki gilda fyrir losun/lestun á neinum gámum fyrir ALCOA, enda fellur öll sú vinna undir hafnarvinnusamning sem í gildi er á milli Eimskips og ALCOA.“⁵²¹¹*
9859. Staðfestir þetta að unnið hafi verið, án undanþágu skv. 15. gr. samkeppnislaga, eftir ólögmetum skriflegum hafnarvinnusamningi fyrirtækjanna frá 4. júní 2010, bæði hvað varðar hafnarvinnu Eimskips vegna einhverra flutninga Samskipa fyrir Alcoa og vegna annarra flutninga Samskipa.
9860. Gengið var frá framlengingu á samningi fyrirtækjanna á fundi (S)forstö-flutnstj og (E)frkvstj-innanl 30. mars 2012. Samningurinn var framlengdur til 31. desember 2012.⁵²¹² Í viðaukanum kom fram að hann væri gerður með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins á bæði undanþágubeiðninni sem send var eftirlitinu 2010 og undanþágubeiðni sem til stóð að senda eftirlitinu vegna viðaukans. Sýnir framangreint að Samskip og Eimskip voru meðvituð um að þau áttu í samstarfi sem fór gegn 10. gr. samkeppnislaga án þess að vera búin að fá undanþágu skv. þágildandi 15. gr. laganna.

⁵²⁰³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.855554.

⁵²⁰⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1117758. [...] samþykkti fundarboðið. Doc. ID. 0.7.33.858368. [...] sendi einnig tölvupóst um að honum myndi seinka. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1118047.

⁵²⁰⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.859008.

⁵²⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1118217.

⁵²⁰⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.885788 / 0.7.33.889695 / 0.7.33.890274.

⁵²⁰⁸ Í tölvupósti [...] til [...] dags. 29. mars sagði [...] að hann og [...] væru að fara að hitta Samskip sama dag kl. 13:00. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.887713. Sama dag var færsla í dagbók [...] með heitinu „[...]“. Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.211427. Þá sagðist [...] ætla að „kíkja“ á [...] kl. 15:30 þann 30. mars 2012. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.889807.

⁵²⁰⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.130492.

⁵²¹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.889651.

⁵²¹¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.889956. Í svari [...] til [...] sagði [...] breytingu [...] vera óþarfa „þar sem Eimskip er með samning við ALCOA um hafnarvinnuna og öll híf úr/í skip vegna hennar.“

⁵²¹² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.890575.



9861. Samtímagögn sýna að Eimskip sendi Samskipum reikninga (nefndir „viðkomureikningar“ í samskiptum fyrirtækjanna) vegna hafnarvinnu í Mjóeyrarhöfn, a.m.k. frá desember 2008 til 3. júní 2013. Reikningarnir voru sendir með reglulegu millibili. Þetta má sjá á reikningum sem (E)svæðisstj1 sendi reglulega til (S)starfsm, starfsmanns Samskipa í Reyðarfirði, til samþykktar.⁵²¹³

19.7. Samantekt

9862. Samkvæmt framangreindu er ljóst að Samskip og Eimskip áttu í ólögmetu samstarfi um skipaafgreiðslu/hafnarvinnu í Reyðarfirði frá árinu 2007 óslitið til a.m.k. júní 2013, bæði í tengslum við flutninga Samskipa fyrir Alcoa og aðra viðskiptavini fyrirtækisins.

9863. Áttu Samskip og Eimskip því þegar í ólögmetu samstarfi varðandi skipaafgreiðslu á Reyðarfirði er hið ólögmeta „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst eftir fund fyrirtækjanna 6. júní 2008. Markmiðið „Nýtt upphaf“ verkefnisins var að auka samstarf fyrirtækjanna og tók það m.a. til skipaafgreiðslu, þ. á m. skipaafgreiðslu á Reyðarfirði (Mjóeyrarhöfn). Líkt og rakið er í kafla 11.5 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Af því leiddi að öll samskipti fyrirtækjanna á rannsóknartímabilinu, þar sem unnið var eða rætt um einstaka þætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu þ. á m. samskipti tengd skipaafgreiðslu á Reyðarfirði, fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga.

9864. Samkeppniseftirlitið veitti aldrei undanþágu frá bannreglu 10. gr. samkeppnislaga fyrir samstarfinu. Af framangreindri samantekt er einnig ljóst að samstarfinu fylgdu viðamikil samskipti á milli æðstu stjórnenda fyrirtækjanna í formi funda og tölvupóstsamskipta. Mikilvægt að hafa hugfast að á sama tíma og framangreindir fundir og tölvupóstsamskipti áttu sér stað höfðu fyrirtækin með sér mun víðtækara samráð að öðru leyti.

9865. Þetta ólögmeta samstarf dró úr sjálfstæði Samskipa og Eimskips sem keppinauta um flutninga til og frá Mjóeyrarhöfn. Vegna samstarfsins bjó Eimskip yfir nákvæmum upplýsingum um alla flutninga Samskipa um höfnina, en keppinautum er almennt óheimilt að miðla slíkum upplýsingum sín á milli. Er slík upplýsingamiðlun enn varhugaverðari þegar um er að ræða fákeppnismarkað. Upplýsingarnar auðvelduðu síðan fyrirtækjunum að stilla saman strengi sína þegar þau ákváðu að gera breytingar á siglingakerfum sínum á árinu 2008. Þetta samstarf keppinautanna í Mjóeyrarhöfn fór gegn 10. gr. samkeppnislaga.

9866. Hér skiptir einnig máli að í apríl 2010 gátu Samskip fengið nýtt skip til afnota til að sinna flutningum á Leið 2 (El Bravo). Þetta skip var kranalaust og töldu Samskip leiguverð á því mjög hagstætt. Notkun þess í þessa flutninga myndi því auka hagnað Samskipa. Þar sem skipið var kranalaust yrðu Samskip háð Eimskip við lestun á Reyðarfirði. Sökum þessa velti (S)forstj því upp hvort það yrðu „vandamál“ eða „hindrun“ tengd Eimskip við að taka El Bravo í notkun. Í ólögmetu samráði geta fyrirtæki ekki gengið að því sem gefnu að keppinauturinn virði það sem ákveðið hefur verið eða haldi áfram samvinnu í „góðri trú“. Undir eðlilegum kringumstæðum bar Eimskip engin skylda til þess að aðstoða Samskip og auðvelda þessum keppinaut að tryggja sér hagkvæmara skip. Þvert á móti hefði Eimskip getað séð samkeppnisleg tækifæri í þessum breytingum hjá Samskipum. Það gerði Eimskip hins vegar ekki og í maí 2010 var gerður skriflegur samningur um skipaafgreiðslu á Reyðarfirði. Þannig beitti Eimskip engum „hindrunum“ enda höfðu bæði fyrirtækin hag af áframhaldandi samráði vegna m.a. flutninga fyrir Alcoa.

⁵²¹³ Sjá t.d. afritað tölvuskjal frá Eimskip. „HVA 846.xls“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...]. Sjá einnig afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Reikningur 1322BAY.xls“. Viðhengi við afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip.[...] „M/V BAY 1322“, dags. 03.06.2013, kl. 11:43.



9867. Samkeppniseftirlitið bendir á að fleiri þættir samráðs Samskipa og Eimskips en hafnarþjónusta sem slík tengdust flutningaþjónustu fyrirtækjanna gegnum Reyðarfjörð á rannsóknartímabilinu. Rétt er að áréttu þá niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að á seinni hluta árs 2008 hafi Samskip og Eimskip með ólögmatu samráði náð því markmiði sínu að takmarka flutningaframboð fyrirtækjanna í áætlunarsiglingum. Til að gera þetta mögulegt höfðu fyrirtækin samráð í tengslum við breytingar á siglingakerfum og -áætlunum sínum og leystu sameiginlega úr viðfangsefnum sem upp komu. Sem fyrr sagði fólst m.a. í þessu að Eimskip hóf að flytja til Rotterdam hluta af því áli sem að mati Samskipa féll undir flutningasamning Samskipa og Alcoa en var umfram flutningsgetu Samskipa eftir að Samskip og Eimskip höfðu takmarkað flutningsframboð á árinu 2008 með samráði sín á milli. Þetta samráð stóð yfir samfelld fram á árið 2013. Þættir í þessu samráði tengdust sjóflutningum og gámastýringu gegnum Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði, m.a. fyrir Alcoa.⁵²¹⁴
9868. Í því sambandi skal sömuleiðis bent á niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins vegna samráðs í landflutningum en það samráð er talið hafa átt sér stað m.a. á Austurlandi (þ. á m. á Reyðarfirði og nærsveitum). Varðaði það samráð ekki eingöngu landflutninga sem slíka heldur jafnframt samstarf Samskipa og Eimskips á afgreiðslustöðvum, hvers konar samráð þeirra á milli vegna búnaðar og tækja o.s.frv.
9869. Atvik tengd Reyðarfirði og Mjóeyrarhöfn eru því oft andlag í umfjöllun um samráð fyrirtækjanna, enda voru það sömu starfsmenn og stjórnendur Samskipa og Eimskips sem höfðu aðkomu og sáu um framkvæmd þessara brota (t.d. (E)frkvstj-innanl, (E)svæðisstj1, (S)frkvstj-innanl, (S)forstö-flutnstj og (S)forstö-útf). Horft er til framangreinds við heildarmat á gögnum málsins.
9870. Með bréfum, dags. annars vegar 23. janúar 2015 til Eimskips, og hins vegar þann 29. janúar 2015 til Samskipa, óskaði Samkeppniseftirlitið eftir gögnum og upplýsingum frá fyrirtækjunum vegna rannsóknar málsins, sbr. 19. gr. samkeppnislaga. Undir þá upplýsingaskyldu féll m.a. afhending samninga milli þeirra fyrir tímabilið frá 2006 til janúar 2015. Þá var einnig óskað eftir afhendingu afrita af öllum samningsdrögum. Athygli vekur að hvorki Samskip né Eimskip afhentu Samkeppniseftirlitinu upplýsingar um samvinnuna, fyrrgreind skrifleg samningsdrög eða tilboð frá árinu 2007 eða síðar né þær verðskrár og samningsvísitölur sem fyrirtækin unnu eftir. Var þetta til þess fallið að hamla framgangi rannsóknar Samkeppniseftirlitsins, sbr. nánari umfjöllun í kafla 23 um brot Samskipa á 19. gr. samkeppnislaga.
9871. Í áðurgreindri beiðni Eimskips og Samskipa til Samkeppniseftirlitsins um undanþágu frá 10. og 12. gr. samkeppnislaga vegna samstarfs í Mjóeyrarhöfn, dags. 4. júní 2010, er tekið fram að vegna skorts á aðstöðu hafi Samskip „þurft að kaupa þjónustu frá Eimskip vegna lestunar og losunar þjónustu á Reyðarfirði“. Segir jafnframt að Eimskip hafi gert Samskipum verðtilboð í þjónustuna en að fyrirtækin hafi ekki lokið gerð samkomulags fyrr en 31. maí 2010. Því hafi ekki verið forsendur til að sækja um undanþágu vegna samstarfsins fyrr.⁵²¹⁵
9872. Í undanþágubeiðninni voru ekki veittar upplýsingar um að fyrirtækin hefðu haft samstarf í Mjóeyrarhöfn frá árinu 2007. Þá voru ekki veittar upplýsingar um samstarf fyrirtækjanna að öðru leyti og þar með voru ekki veittar upplýsingar um „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna sem hófst í júní 2008 en einn þáttur þess samráðs tók til samstarfs í skipaafgreiðslu m.a. á Reyðarfirði. Að mati Samkeppniseftirlitsins var því undanþágubeiðnin bæði röng að efni til og gaf villandi upplýsingar um samstarf Samskipa og Eimskips á þessum tíma.

⁵²¹⁴ Sjá m.a. kafla 11.

⁵²¹⁵ Afrit af undanþágubeiðni frá Eimskip og Samskipum til Samkeppniseftirlitsins, dags. 04.06.2010. Mál nr. 1006007. Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.540166.



9873. Með sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið þann 16. júní 2021 viðurkenndi fyrirtækið að hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með samfelldu samráði við Samskip á rannsóknartímabilinu. Viðurkenndi Eimskip m.a. að hafa átt í samráði við Samskip um sjóflutninga milli Íslands og annarra Evrópulanda, um gagnkvæma leigu eða lán á gámum og með öðrum aðgerðum sem miðuðu að því að raska samkeppni í flutningsþjónustu, sbr. tl. 1.4 1. gr. sáttarinnar.
9874. Í mgr. 102-107, 603-604, 608-609 og 612-616 í athugasemdum Samskipa við AI og mgr. 1494-1517 og 1550-1551 í athugasemdum við AII. er að finna athugasemdir Samskipa við umfjöllun Samkeppniseftirlitsins. Sjá einnig mgr. 78-85 í bréfi Samskipa, dags. 31. ágúst 2022. Breyta þær athugasemdir ekki framangreindri niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins, sbr. nánari umfjöllun í kafla 30.

